

26

Álraflöðuframleiðsla í fyrsta sinn á Íslandi

30–31

Úrbætur aðkallandi í blóðmerabúskap

36

-37

Fann mína ástríðu í þessu starfi

Bændablaðið

23. tölublað 2021 • Fimmtudagur 2. desember • Blað nr. 600 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Stökkendur og álftrir þurfa að aðlagast breyttum aðstæðum við ætisleit þegar snjór þekur jörð og tjarnir verða ísлагðar.

Mynd / Hörður Krisjánsson

Sauðfjárbændum hefur fækkað um ríflega þriðjung á 40 árum

– Árið 1981 voru þeir 3.258, 3.853 árið 1994 en 2.078 á síðasta ári – Um 10,2% bænda í dag eru með 500 fjár eða meira

Á síðasta ári voru sauðfjárbændur í landinu 2.078 samkvæmt haustskýrslum og höfðu ekki verið færri í að minnsta kosti þau 40 ár sem tölur mælaborðs landbúnaðarins ná yfir.


Árið 1981 voru 3.258 sauðfjárbændur í landinu og þeim hafði fjölgað í 3.380 árið 1991. Flestir voru þeir í síðustu fjórum áratugum árið 1994, eða 3.853. Eftir það er stöðug fækkun í þessari atvinnugrein og árið 2001 voru sauðfjárbændur 2.293. Árið 2011 voru þeir orðnir 2.663 og eins og fyrr sagði 2.078 á síðasta ári. Miðað við slátturtölur í haust eru sauðfjárbændur enn að draga saman seglin og einhverjir að hætta.

Mælaborð landbúnaðarins segir sauðfjárbændur reyndar hafa verið 2.156 á árinu 2020, eða fleiri en fram kemur á haustskýrslum fyrir hvert bú. Skýringin kann að vera að í einhverjum tilvikum séu fleiri en einn skráðir á bú sem njóta stuðningsgreiðslna þótt þeir skili sameiginlegri skýrslu.

Meðalbúið í dag er með 186 fjár á vetrarfóðrum

Vetrarfóðruðu sauðfé hefur fækkað hlutfallslega mun meira en bændum frá 1981, eða úr 794.097 fjár í 401.601 árið 2020. Árið 1981 var meðalfjöldi sauðfjár á hvern bónda 244 gripir.

Árið 1991 var meðal sauðfjárið




með 144 gripi. Árið 2001 var meðalbúið með 207 fjár. Á árinu 2011 var fjöldi fjár á hvern bónda orðinn 161 og 186 fjár á árinu 2020. Þróunin í sauðfjárrækt virðist því ekki hafa verið á sama veg og í kúabúskapnum, þar sem búum hefur fækkað mjög en þau sem eftir eru verða mun stærri. Eigi að síður er oft um að ræða gríðarlegan mun á stærð sauðfjárið, sem sum hver telja um eða yfir 1.000 fjár. Það þýðir væntanlega að fleiri bændur stunda sauðfjárið

hliðarbugrein við kúabúskap, eða meðfram verktöku, eða hreinlega sem tómstundabændur.

Rúmlega 66% fjárstofnsins á búum með 400 fjár eða minna

Ef tölur um fjárfjölda eru settar í samhengi við fjölda bænda, þá hefur meðal sauðfjárið minnkað talsvert. Hins vegar segir meðaltal af þessum toga harla lítið þar sem stærstu sauðfjárið



vega hlutfallslega þungt í slíkum útreikningum. Þegar skoðaður er fjöldi fjár á hverju bú kemur í ljós að 66,2% fjárstofnsins er á búum sem eru með 400 fjár eða færri. Því voru 33,8% fjárins á búum með 500 fjár eða meira.

Samkvæmt haustskýrslum voru 709 sauðfjárbændur á árinu 2020, eða um 34%, með 50 fjár eða minna. Þetta eru þá bændur sem yfirleitt eru kallaðir „hobbi“ eða tómstundabændur. Þá voru og

268 bændur, eða um 13%, með litlu stærri bú og gætu fallið undir þessa skilgreiningu, eða á bilinu 50 til 100 fjár. Síðan voru 890 bændur (um 43%) með á bilinu 100 til 400 fjár.

Það eru því einungis 211 bændur sem eru með 500 fjár eða meira. Þar af voru 10 sem eru með 1.000 fjár eða meira á fóðrum. Síðan voru 6 bændur með um 900 fjár, 12 voru með 800, 26 bændur voru með 700 og 50 bændur voru með um 500 fjár samkvæmt haustskýrslum. /HKr:

FRÉTTIR

Ísland er enn í sérflokkki þegar kemur að lítilli notkun sýklalyfja í landbúnaði

Samkvæmt skýrslu European Medicine Agency, sem kom út í síðustu viku, er sýklalyfjanotkun í íslenskum landbúnaði ein sú minnsta meðal allra Evrópulanda. Aðeins Noregur gerir betur en Ísland í þessum efnum.

Þessi skýrsla staðfestir enn og aftur þá einstöku stöðu sem íslensk matvælaframleiðsla býr við. Svíþjóð er það land innan Evrópusambandsins sem er með minnstu notkun sýklalyfja, eða 11,1 mg/CPU, sem þó er þrisvar sinnum meiri notkun en á Íslandi.

Baráttan við sýklalyfjaónæmar bakteríur

Mikil sýklalyfjanotkun í landbúnaði,




Dreifing heildarsölu á sýklalyfjum fyrir dýr í matvælaframleiðslu í 31 Evrópulandi. Mynd / European Medicine Agency

ekki síður en ofnotkun sýklalyfja hjá fólki, skiptir miklu máli varðandi myndun sýklalyfjaónæmra baktería sem er talin mesta heilsufarsógn mannkyns. Þegar sýklalyf duga ekki lengur til að fást við sýkingar í fólki, þá er í raun verið að færa heilbrigðiskerfið meira en öld aftur í tímann í baráttunni við sjúkdóma. Það hefur í för með sér gríðarlegan kostnað fyrir þjóðfélögin, svo ekki sé talað um ómælt manntjón. Í dag látast tugir þúsunda á hverju ári í Evrópu vegna sýklalyfjaónæmra baktería.

Einstök heilbrigðisstaða íslensks búfjár

Meginástæðan fyrir þessum frábæra árangri sem náðst hefur í íslenskum

Sýklalyfjanotkun árið 2020



landbúnaði er einstök heilbrigðisstaða íslensks búfjár. Að sama skapi eru líka reglur um notkun sýklalyfja strangar og markvisst unnið að því að gera enn betur. Þessi árangur er eftirsóknarverður í ljósi þess að sýklalyfjaónæmi er ein mesta ógn við lýðheilsu í heiminum í dag.

Yfir 5.000 tonn selt af sýklalyfjum fyrir dýraeldi í 31 Evrópulandi

Í skýrslunni er skoðuð þróun á

sölu sýklalyfja í 31 Evrópulandi á árunum 2010 til 2020. Þar kemur fram að á árinu 2019 nam heildarsala á sýklalyfjum til framleiðslu á matvællum í 31 Evrópulandi, þ.e. til landbúnaðar og fiskeldis, samtals 5.214,9 tonn. Þar af var Spánn langefst með 1.007,2 tonn af sýklalyfjum. Í öðru sæti var Pólland með 840,6 tonn, þá Ítalía með 731,3 tonn, síðan Þýskaland með 654,5 tonn og Frakkland með 407,4 tonn. Frá öllum þessum löndum er töluvert

flutt inn af landbúnaðarafurðum til Íslands, ekki hvað síst frá Spáni og Þýskalandi, sem þekkt eru fyrir sína nauta- og svínakjötsframleiðslu.

Langminnst selt af sýklalyfjum fyrir dýraeldi á Íslandi

Í magni sýklalyfja er langminnst selt á Íslandi, eða 0,5 tonn. Þá voru 4,7 tonn seld til dýraeldis í Noregi, 8,6 tonn í Svíþjóð, 9,4 tonn í Finnlandi og 87,7 tonn í Danmörku. /HKr

Grænar áherslur hjá nýjum landbúnaðarráðherra, sem kynntist hefðbundnum búskap að fornum sið á Litla-Fjarðarhorni í Kollafirði: Sóknarmöguleikar sem verðskulda athygli og uppbyggingu

„Mér finnst ég standa inni í málaflökki sem er bæði tengdur sterkt inn í fortíð en er alveg nauðsynlegur inn í framtíð,“ segir Svandís Svavarsdóttir, nýr matvæla-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hún er að vonum spennt fyrir nýju hlutverki.

„Þetta eru málaflökkar sem kallast mjög á við söguna og ræturnar en eru um leið málaflökkar sem er algjör nauðsyn inn í loftslagsverkefni og framtíðarhugsun okkar um hágæðamatvælaframleiðslu, fæðuöryggi og matvælaöryggi.“

Svandís ól manninn að einhverju leyti í dreifbýlinu, var oft í

sveit á sumrin og á minningar um bústörf bæði af Ströndum og við Breiðafjörð.

„Ég kynntist hefðbundnum búskap að fornum sið á Litla-Fjarðarhorni í Kollafirði, þar var handmjólkað og skilvinda í búrinu. Svo kynntist ég eyjabúskap bæði á Staðarfelli á Fellsströnd og Dröngum á Skógarströnd. Þar snerist búskapurinn ekki bara um hefðbundnar greinar, heldur líka um að lifa af landsins gæðum, tína egg og dún, veiða gæs, lunda og sel,“ segir Svandís sem er ættuð úr Borgarfirði, Breiðafirði, Dalasýslu og af Ströndum.

Finnur fyrir ofsalega miklum sóknarmöguleikum

Landbúnaðarkafli Stjórnarsáttmálans er í tíu liðum og leggur áherslu á að tryggja fæðuöryggi í landinu með öflugri innlendri matvælaframleiðslu, þ.m.t. tækifæri í grænmetisræktun og lífrænum landbúnaði.

„Það sem mér finnst skipta mestu máli er að finna fyrir þessum miklu sóknarmöguleikum sem eru til í landbúnaði. Þar eru heilmargir sprotar sem hafa verið að láta á sér kræla og verðskulda athygli og uppbyggingu í matvælaframleiðslu og framleiðslu henni tengdri. Fæðuöryggi og matvælaöryggi skiptir sífellt meira máli, við höfum ekki síst verið minnt á það í faraldrinum. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir miklu máli að búa við sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Það spilar líka saman við orkunotkun, loftslagsmál og að draga úr kolefnisspori.“

Þá séu áherslur nýs landbúnaðarráðherra óhjákvæmilega afar grænar.

Loftslagsmál og náttúruvernd haldist í hendur við landbúnað

„Það liggja tækifæri í auknu samstarfi með greininni varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Það tengist minni sýn á málaflökkin, áherslum ríkisstjórnarinnar og þeirri staðreynd að ég kem úr grænu baklandi. Mér finnst mikilvægt að áherslan á loftslagsmál og náttúruvernd haldist í hendur við landbúnað.“

Málefni skógræktar og landgræðslu færast undir ráðuneyti Svandísar.

„Bæði er um að ræða mjög



Svandís Svavarsdóttir, nýr matvæla-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Mynd / ghp

mikilvæga þætti sem lúta að tækifærum til að binda kolefni og okkar áætlanir í loftslagsmálum eru með áherslu á skógrækt og landgræðslu. Það skiptir máli að þau verkefni séu unnin í sátt og

samráði við þau sjónarmið sem lúta að náttúruvernd og vistheimt annars vegar og hins vegar þau sjónarmið sem snúast um byggð í landinu. Þetta er vandratáð einstigi sem þarf að passa vel upp á.“ /ghp

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður
Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701
www.vhe.is • sala@vhe.is



VÉLFANG - VERKIN TALA



Áramótatilboð

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum til 08. janúar 2022



Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

Sláttuvélar		Fjöldi	Vinnslu	Þyngd	Afl	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	diska	breidd m	kg	þörf hö	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reindrifi	8	3,10	711	56	1.740.000	2.157.600	1.479.000	1.833.960
GMD 3511	Bein driftenging með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.325.000	2.883.000	1.976.000	2.450.240
GMD 4011	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	2.750.000	3.410.000	2.338.000	2.899.120
GMD 4411	Bein driftenging með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	2.856.000	3.541.440	2.428.000	3.010.720
GMD 310 F	Framsáttuvél	8	3,1	1010	43	2.665.000	3.304.600	2.265.000	2.808.600
GMD 3525 F	Framsáttuvél	8	3,5	1180	49	3.380.000	4.191.200	2.873.000	3.562.520
A-rammi	A rammi/hraðtengi f. framsáttuvélar					116.000	143.840	99.000	122.760
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	21	8,2-8,8	2648	122	7.055.000	8.748.200	5.997.000	7.436.280
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	23	9,1-9,5	3405	135	9.223.000	11.436.520	7.840.000	9.721.600
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	24	9,5-9,9	3530	141	9.630.000	11.941.200	8.186.000	10.150.640
FC 3515D	Með knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.058.000	5.031.920	3.449.000	4.276.760
FC 3125 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	3.520.000	4.364.800	2.992.000	3.650.000
FC 3525 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	3.855.000	4.780.200	3.277.000	4.063.480
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,73	4420	191	11.332.000	14.051.680	9.632.000	11.943.680
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	12.677.000	15.719.480	10.775.000	13.361.000
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hliðartengd	8	3,5	2280	90	5.014.000	6.217.360	4.262.000	5.284.880
FC3561TCD	Dragtengd með knosara, miðjutengd	8	3,5	2480	84	5.688.000	7.053.120	4.835.000	5.995.950
BKE 250	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	2,5	7,10	54	1,405.000	1.742.200	1.194.000	1.480.560	
BP30	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	3,03	9,20	78	1.690.000	2.095.600	1.437.000	1.781.880	
BPR 305PRO	Hagasláttuvél fram- og afturvél	3,03	11,00	100	2.580.000	3.199.200	2.193.000	2.719.320	



ATH, allar sláttuvélar eru með hraðskiptibúnaði á hnifum

Heytætlur		Fjöldi	Vinnslu	Þyngd	Afl	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	arma	breidd m	kg	þörf hö	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.170.000	1.450.800	995.000	1.233.800
GF 5202	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	7	5,4	660	23	1.447.000	1.794.280	1.230.000	1.525.200
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	1.810.000	2.244.400	1.539.000	1.908.360
GF 6502	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	920	30	2.070.000	2.566.800	1.760.000	2.182.400
GF 7902	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	2.704.000	3.352.960	2.298.000	2.849.520
GF 7902T	8 stjörnu dragtengd á vagni	5	7,8	1515	40	3.455.000	4.284.200	2.937.000	3.641.880
GF 8712	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1380	55	3.045.000	3.775.800	2.588.000	3.209.120
GF 8712 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1760	50	3.634.000	4.506.160	3.089.000	3.830.360
GF 10812	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1620	55	4.068.000	5.044.320	3.458.000	4.287.920
GF 10812T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1800	55	4.550.000	5.642.000	3.868.000	4.796.320
GF 13012	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2650	80	6.820.000	8.456.800	5.797.000	7.188.280

Múgavélar		Fjöldi	Fjöldi	Vinnslu	Þyngd	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	arma á stj	hinda á arm	breidd m	kg	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GA300GM	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	286	751.000	931.240	638.000	791.120	
GA3901GM	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	10	4	3,9	520	1.135.000	1.407.400	965.000	1.196.600
GA 4201GM	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	11	4	4,2	560	1.276.000	1.582.240	1.085.000	1.345.400
GA5031T	Einnar stjörnu dragtengd m/ veltiöxli	15	4	5,0	860	1.998.000	2.477.520	1.698.000	2.105.520
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	3.692.000	4.578.080	3.138.000	3.891.120
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	4.527.000	5.613.480	3.848.000	4.771.520
GA8731	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	5.495.000	6.813.800	4.671.000	5.792.040
GA9531	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	5.738.000	7.115.120	4.877.000	6.047.480
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	10.275.000	12.741.000	8.734.000	10.830.160
GA 6002	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	2.820.000	3.496.800	2.397.000	2.972.280

Herfi, tætarar og sáðvélar		Vinnslu	Þyngd	Aflþörf	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	breidd m	kg	lágmark	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.184.000	2.708.160	1.856.000	2.301.440
HR 304D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1295	80-190	2.466.000	3.057.840	2.096.000	2.599.040
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1390	80-250	2.571.000	3.188.040	2.185.000	2.709.400
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,5	1635	90-250	2.936.000	3.640.640	2.496.000	3.095.040
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.268.000	4.052.320	2.778.000	3.444.720
HR5004DRC	Samantvígjanlegt rótherfi með öllu	5,0	2625	130-250	5.875.000	7.285.000	4.994.000	6.192.560
HR6004DRC	Samantvígjanlegt rótherfi með öllu	6,0	3350	180-350	6.664.000	8.263.360	5.664.000	7.023.360
EL92/180	Jardtætarari	1,8	525	51-100	1.290.000	1.599.600	1.097.000	1.360.280
EL92/230	Jardtætarari	2,3	605	58-100	1.393.000	1.727.320	1.184.000	1.468.160
EL122/250	Jardtætarari, gaddakefli kr. 328.000 án vsk	2,5	955	65-125	1.798.000	2.229.520	1.528.000	1.894.720
EL122/300	Jardtætarari, gaddakefli kr. 390.000 án vsk	3,0	1105	75-125	1.950.000	2.418.000	1.658.000	2.055.920
EL162/300	Jardtætarari með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	2.585.000	3.205.400	2.197.000	2.724.280
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780	l frábox, herfi	2.791.000	3.460.840	2.372.000	2.941.280
	Grasfræboxinnifalið	3,0						



Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 5 % afslátt af öllum rúllu- og pökkunarvélum til 05. janúar 2022

Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar		Verðlistaverð		Tilboðsverð			
Tegund	Útbúnaður	Sépinda	Dekkjustærð	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
i-BIO	Rúllar og pakkar í sama hólf, netb. búnaður, 14 hnifar, stíffilosunar búnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	10.690.000	13.255.600	10.156.000	12.593.440
i-BIO OC23	23 hnifar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	11.100.000	13.764.000	10.545.000	13.075.800
FBP3135-23	23 hnifar, sjálfv. smurkerfi, netb. búnaður, tandem vökvastíffilosun, IntelliWrap og CCI 800 stjörnb. Plast- og netbindibúnaður, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum 3D (þrívíddar) pökkunar búnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%	2,3 m	500/45-22,5	14.516.000	17.999.840	13.790.000	17.099.600

ATH. Þetta er aðeins lítið brot af vörurvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200

Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 150 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.

FRÉTTIR

Innflutningur á dönskum jólatrjám dregst saman en sala íslenskra eykst

– Skógræktarfolk segir tímabært að stefnt sé að því að eingöngu verði íslensk tré á markaði hérlendis

Fyrsta helgin í sölu íslenskra jólatrjáa er nú fram undan í íslenskum jólaskógum skógræktarfélaganna og einnig bjóða skógarbændur upp á íslensk tré úr sínum skógum.

Danskur Nordmannspínur hefur löngum verið ráðandi á íslenskum heimilum í jólahaldinu, enda að mörgu leyti ákjósanlegt jólatré. Svo virðist sem áhugi Íslendinga á að sækja sér tré í skógin sé vaxandi – og þjóðfélagsmæðan sé talsvert hliðholl innlendri framleiðslu – og þegar tölur um innflutning eru skoðaðar virðist hafa orðið talsverður samdráttur á síðasta ári, sem er viðsnúningur frá fyrri árum.

Þórveig Jóhannsdóttir, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, segir að í grófum dráttum sé hægt að segja að innflutningur hafi á undanföllum árum verið að aukast á dönskum Nordmannspín en sala íslenskra jólatrjáa sé frekar svipuð. Hins vegar hafi orðið breyting á þessari þróun á síðasta ári þegar innfluttum trjám fækkaði en sala á innlendum jókst. „Þess ber þó að geta að tölur sem ég hef undir höndum sýna fjölda trjáa sem er innfluttur en ekki sölu á þeim. Einnig þarf að hafa í huga að erfitt getur verið að fá upplýsingar um raunverulega sölu íslenskra jólatrjáa, svo líklega er um eitthvert vanmat sé um að ræða,“ segir Þórveig.

Stuðningur við íslenska skógrækt og umhverfisáhrifin

Raunar sýna tölur Þórveigar að fjöldi innfluttra danskra Nordmannspíntrjáa jókst mjög á árunum frá 2017 til 2019, eða úr 23.706 trjám í 37.147. Á sama tíma var fjöldi seldra íslenskra trjáa á bilinu sjö til átta þúsund. Á síðasta ári fækkaði þeim innfluttu niður í 24.441 tré, en



Mynd / Ragnhildur Freysteinsdóttir

salan á íslenskum trjám fór úr 7.225 í 8.134 á síðasta ári.

Íslensku skógræktarfolki ber saman um að ávinningurinn af því að kaupa innlent tré sé margvíslegur; með því að kaupa íslensk jólatré gerir það viðkomandi skógræktanda kleift að gróðursetja tugi annarra – með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á kolefnisbókhalðið. Þá keppi innlenda framleiðslan í mörgum tilfellum við tré sem hafa verið ræktað á akri, þar sem beita þarf eitruðum gegn illgresi og skordýrum. Þá er ónefnt kolefnisspor innflutningsins og sú áhætta sem felst í því að flytja inn lifandi efni, að með því geti borist óværa sem mögulega leggst á innlenda gróður.

Stafafuran enn langvinsælust

Að sögn Þórveigar er stafafuran enn langvinsælasta jólatréð. Samkvæmt tölum Skógræktarfélags Íslands var hún valin í 62 prósentu tilvika af innlendum trjám. Sitkagreni (16 prósent) og rauðgreni (13 prósent) koma

Seld íslensk jólatré 2020

Tegund	Fjöldi	Hlutfall
Stafafura	5.080	62,4%
Sitkagreni	1.164	14,3%
Rauðgreni	924	11,4%
Blágreni	585	7,2%
Fjallapínur	126	1,5%
Lindifura	66	0,8%
Tegund óskilgreind	189	2,4%
Samtals:	8.134	100,0%

Heimild: Skógræktarfélag Íslands

þar næst á eftir. „Árið 1993 þá var rauðgrenið vinsælasta íslenska jólatréð okkar en þá var það 64 prósent af sölu íslenskra jólatrjáa. Stafafuran hefur síðan aukið vinsældir sínar jafnt og þétt og er nú vinsælasta íslenska jólatréð,“ segir Þórveig.

Framtíðin í fjallapín?

Nordmannspínurinn er vinsæl og falleg tegund, en það er ekki á allra vitorði að ein þinstegund telst til íslenskra jólatrjáa. Það er fjallapínur sem á undanföllum árum hefur verið



Tvær gerðir eru til af fjallapín; grænleit og bláleit. Meðfylgjandi myndir sýna vel þennan mun.

Myndir / Brynjar Skúlason

gróðursett nokkuð af. Hún seldist þó ekki nema í tveimur prósentu tilvika á síðasta ári og segir Brynjar Skúlason hjá Skógræktinni að ástæðan sé sú að frekar lítið framboð hafi verið af honum hingað til.

„Það var lítillaga gróðursett af honum upp úr 2000 og því hefur lítið komið á markað síðustu ár, enda tekur framleiðsluferillinn um 15 ár. Við vitum í dag að til dæmis fjallakvæmi frá Colorado hafa reynst vel sem jólatré og því er ekkert til fyrirstöðu að hefja jólatrjáaræktun þins þar sem ræktunarskilyrði eru góð. Enginn hefur þó lagt í umfangsmikla ræktun að því ég best veit,“ segir Brynjar og bætir við að fjallapínur sé barriheldinn, mjúkur viðkomu og ilmi vel – og sé því frábær sem jólatré.

Hann segir að vilji fólk kaupa fjallapín sem jólatré verður það að hafa samband við aðila sem selja íslensk jólatré; Skógræktin, skógræktarfélag og einstaka skógarbændur sem gætu átt fjallapín í sínum skógum.



„Undanfarin þrjú ár hefur verið gróðursett nokkuð af fjallapín sem mun skila sér á markað í framtíðinni. Það magn er þó hvergi nærri nóg til að koma í staðinn fyrir innfluttan Nordmannspín. Best væri að auka hlutdeild íslenskra trjáa sem mest því öllum innflutningi á lifandi efni fylgir hættu á að til landsins berist óværa sem getur lagst á innlenda gróður. Búið er að stofna til frægarða af fjallapín sem munu bera fræ með tíð og tíma.

Sá efniviður mun gefa herra hlutfall af jólatrjám en þau kvæmi sem notuð hafa verið til þessa enda sérveldir klónar úr bestu kvæmum og með fallett jólatrjáaútlit. Jólatrjáarækt hefur ekki verið sérstakur hluti af bændaskógafræðni. Ég held að það sé löngu tímabært að skoða þann möguleika og stefna að því að eingöngu verði íslensk tré á markaði hérlendis,“ segir Brynjar enn fremur um möguleika fjallapínsins. /smh

Greining KPMG á fyrirkomulagi á opinberu eftirliti á grundvelli laga um hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli: Ósamræmi í verklagi og skráningu heilbrigðisnefnda

KPMG hefur gefið út skýrslu um greiningu á fyrirkomulagi opinbers eftirlits á grundvelli laga um hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli. Í niðurstöðum kemur fram að þrátt fyrir fyrirmæli í löggjöf virðist ekki hafa tekist að samræma að öllu leyti eftirlit á milli heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna, sem hafa umsjón með eftirlitinu.

Úttektin er unnin á grundvelli samnings við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Ósamræmi í verklagi og skráningu

Í greiningunni koma fram ýmsir gallar á fyrirkomulaginu, meðal annars að skortur sé á samræmi verklags og skráningu meðal heilbrigðisnefndanna.



Tilfni skýrslugerðarinnar eru ábendingar sem ráðuneytinu höfðu borist um áskoranir við núverandi eftirlitskerfi. Óskaði ráðuneytið eftir greiningu á því auk tillagna um hugsanlega endurskoðun. Greiningin KPMG fólst í því að útbúinn var spurningalisti með 11 opnum spurningum ásamt

spurningum um framkvæmd eftirlits á árinu 2019. Spurningalistiinn var lagður fyrir fulltrúa allra heilbrigðisnefnda, auk fulltrúa frá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

Tryggja ber samræmt eftirlit

Opinbert eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum var á ábyrgð tólf stjórnvalda þegar greining KPMG var gefin út; tíu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga höfðu umsjón með framkvæmd staðbundins eftirlits á tíu samsvarandi heilbrigðiseftirlitsvæðum. Umhverfisstofnun gegnir samræmingarhlutverki hvað varðar hollustuhætti og mengunarvarnir, en Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti.

Skiptast greining KPMG í tvo hluta; annars vegar á stöðu eftirlits með mengunarvörnum og hollustuháttum

og hins vegar matvælaeftirlits. Í kaflunum um matvælaeftirlit er þess getið að bæði í matvælaeign og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sé tekið fram að tryggja beri að framkvæmd eftirlits sé með sama hætti á landinu öllu.

Greining KPMG leiðir í ljós að eftirlitsaðilar virðast í stórum dráttum fara eftir sömu grunnviðmiðum, bæði hvað varðar matvælaeftirlit en einnig í eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum. „Utanumhald og skráning er hins vegar mismunandi milli eftirlitsaðila sem kann að hafa áhrif á nálgun og verklag í einstökum atriðum, t.d. varðandi mat á nauðsynlegri tíðni eftirlitsheimsóknna. Mismunandi verklag við skráningu torveldar einnig samanburð á umfangi eftirlits og á skilvirkni eftirfylgni. Birting eftirlitsskýrslna er ekki orðin almenn enn sem komið er,“ segir í samantekt um framkvæmd eftirlits.

Munur á beitingu þvingunarúrreða

Þá virðist nokkur munur á beitingu þvingunarúrreða milli eftirlitsaðila – og beiting formlagra áminninga er víða takmörkuð. Eftirfylgni með frávikum virðist í talsverðum mæli fara eftir óformlegum leiðum fremur en formlegum þvingunarúrreðum.

Greining KPMG leiðir einnig í ljós að heilbrigðisnefndir nýta mismunandi

kerfi eða gagnagrunna til utanumhalds um sitt eftirlitsstarf sem getur valdið ósamræmi í skráningu. Er mælt til þess að eitt kerfi sé notað við framkvæmd eftirlits, eða að lágmarki að tryggja skil upplýsinga á samræmdu formi til Matvælastofnunar eða Umhverfisstofnunar.

Lagt er til að fram fari ítarleg valkostagreining á mögulegum leiðum, nýtingu fjármagns og mat á hagkvæmni og skilvirkni – ásamt kostum þeirra og göllum.

Unnið að því að efla samræmingu

Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri Matvælastofnunar, segir skýrsluna vera nú í úrvinnslu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, þar sem ákvarðanir verða teknar um hvort eða hvenær farið verður í breytingar á kerfinu. „Okkar samantekt birtist í skýrslunni, en við hjá Matvælastofnun förum með samræmingar- og yfirsnarhlutverk en höfum í sjálfu sér ekkert boðvald yfir heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna (HES).

Eftir að ég tók við þá hef ég hafið virkara samstarf við framkvæmdastjóra HES þar sem við fundum mánaðarlega og ræðum meðal annars þessi mál til að efla samræmingu og samhæfingu svo að þessir eftirlitsaðilar vinni sem best innan þess kerfis sem er í dag,“ segir Hrönn. /smh



FUGLADAGBÓKIN 2022

Glæsileg dagbók, þrýdd einni fuglamynd fyrir hverja viku og fróðleik um viðkomandi fugl.

Algjör gersemi!

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is




NJÓTUM AÐVENTUNNAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötíð er að sjálfsögðu ómissandi þáttur í jólahaldinu – en það er líka fyrirtaks hversdagsmatur og á alltaf við, allan ársins hring. Njótum aðventunnar yfir góðum mat með okkar nánustu.

Skoðaðu uppskriftirnar á islenksklambakjot.is



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Blaðamenn: Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 563 0303

Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Sími smáauglýsinga: 563 0300 – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandsþóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvönu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

SKOÐUN

Miklir möguleikar

Heimsfaraldur vegna Covid-19 er smám saman að koma jarðarþúum í skilning um að sýn þeirra á lífi á jörðinni til þessa hefur verið verulega brengluð. Þar eru margir hlutir sem fólk hefur gengið að sem sjálfgefnu til þessa, allt annað en sjálfsagðir.

Með stöðugt auknum fólksfjölda á jörðinni og kröfur um aukin lífsgæði handa hverjum og einum þarf heimsbyggðin að horfast í augu við að sjálfbærni í nýtingu jarðargæða er úrslitaatriði varðandi afkomuna til framtíðar. Það eyðist sem af er tekið og við munum ekki endalaust geta gengið á auðlindir jarðar án þess að það komi í hausinn á okkur á endanum.

Þeim, sem vilja ráða ferðinni á pólitíska sviðinu og vilja stjórna því hvernig við höfum okkur, er gjarnt á að leiða fólk inn á sínar skoðanir með því að skrúfa upp ákveðin mál til að fela oft vafasaman tilgang. Þekkt er í gegnum söguna að þegar pólitískar stórpjóa hafa átt erfitt með að tryggja sín völd heima fyrir, þá hefur verið fundinn óvinur í útlöndum sem þjóðin á að sameinast um að berjast við. Þetta „trikk“ hefur oftast gengið upp og venjulega fattar fólk ekki að það hefur verið dregið á asnaeyrunum fyrr en viðkomandi pólitíkus er löngu hættur störfum. Það eru þó ekki bara hefðbundin stríð sem slíkir tækifærissinnar reyna að nýta sér, því ófgafull umræða um loftslagsmál hljómar nú örugglega eins og englasöngur í þeirra eyrum.

Nú hnykla menn vöðvana í Austur-Evrópu þar sem átök um orkumál munu skipta höfuðmáli. Það snýst ekki síst um vandræði Evrópuríkja í orkumálum og þá skrifnu stöðu að lífæðarnar, gasleiðslurnar, liggja frá Rússlandi og í gegnum lönd sem nú eru suðupottur pólitískra átaka.

Án orku geta tannhjóli atvinnulífsins ekki snúist og krafan um stöðugt aukinn hagvöxt hættir að ganga upp. Í Evrópu er krafan um að hætta notkun kola og annars jarðefnaeldsneytis í orkuframleiðslu samfara kröfu um að loka kjarnorkuverum að breytast í martröð hjá evrópskum pólitíkum. Það eru fáir kostir í stöðunni. Vatnsaflíð er nær alveg uppuríð til raforkuframleiðslu og þá er fátt annað eftir en vind- og sólarorka. Stöðug uppbygging vindorkuvera með risastórum vindmyllum er mjög farin að fara í taugarnar á umhverfisverndarfólki. Þar hefur þó aðeins fengist slaki á umhverfiskröfum með því að beina fólki meðvitað í baráttu fyrir bættum loftslagsmálum. Sú baráttu hefur hins vegar ýtt undir gríðarleg náttúruspjöll í öðrum heimshlutum.

Í öllu þessu umróti á Ísland einstaka möguleika. Hér er hægt að framleiða næga hreina og vistvæna orku með sjálfbærum hætti. Þannig geta Íslendingar á næstu árum og áratugum orðið algjörlega sjálfbærir í orkumálum ef rétt er á spöðum haldið. Hér er líka enn nægt land til að stórauka framleiðslu matvæla og stórauka matvælaöryggi þjóðarinnar. Það lofar því góðu að nýr matvæla-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hafi áttað sig á þessu. Það rammar hún ágætlega inn í viðtali hér í Bændablaðinu þar sem hún segir:

„Það sem mér finnst skipta mestu máli er að finna fyrir þessum miklu sóknarmöguleikum sem eru til í landbúnaði. Þar eru heilmargir sprotar sem hafa verið að láta á sér kræla og verðskulda athygli og uppbyggingu í matvælaframleiðslu og framleiðslu henni tengdri. Fæðuöryggi og matvælaöryggi skiptir sífellt meira máli, við höfum ekki síst verið minnt á það í faraldrinum. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir miklu máli að búa við sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Það spilar líka saman við orkunotkun, loftslagsmál og að draga úr kolefnisspori.“

– Vonandi veit þetta á gott. /HKr.

Mörg málefni sem þarf að taka á

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Ég vil óska Svandísi Svavarsdóttur til hamingju með nýtt embætti matvæla-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Við í landbúnaðargeiranum vonumst eftir góðu samstarfi við nýskipaðan ráðherra í þeim málefnum er snúa að starfsemi landbúnaðar og matvælaframleiðslu til framtíðar. Þar er af ýmsu að taka og mörg málefni sem þarf að taka á.

Fram kemur í nýjum stjórnarsáttmála að fjölmörg atriði snúa að landbúnaði sem ný ríkisstjórn leggur áherslu á. Eins og fram kemur í sáttmálanum um landbúnað eru eftirfarandi atriði sérstaklega tiltekin:

1. Tillaga að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland verður lögð fram á Alþingi á fyrri hluta kjörtímabilsins. Verður þar byggt á grunni vinnu verkefnisstjórnar um landbúnaðarstefnu, „Ræktum Ísland!“, sem nú liggur fyrir.»
2. Sett verða metnaðarfull markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi. Með öflugri, innlendra matvælaframleiðslu er stuðlað að heilnæmi matvara og auknu matvælaöryggi, til að mynda til að viðhalda góðri stöðu Íslands varðandi sýklalyfjaþæmi. Tryggja þarf framhald aðgerðaáætlunar um matvælaöryggi og vernd búfjárfstofna.»
3. Við endurskoðun búvörusamninga verður lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda

landbúnaðarframleiðslu. Stuðningur hins opinbera verður samhæfur með það að markmiði að styrkja og fjölga stöðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun.»

4. Aukinni framleiðslu á grænmeti verður náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga. Mótud verður heildstæð, tímasett aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu og akuryrkju.»
5. Efla þarf landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis til að mæta skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum. Útfærður verður ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun.»
6. Lokið verður við endurskoðun viðskiptasamningsins við Evrópu-sambandið um landbúnaðarafurðir.»
7. Skilvirkni og afköst við tollestirlit verða eflað með innleiðingu stafrænna lausna á því sviði.»
8. Ráðist verður í heildstæða endurskoðun á fyrirkomulagi matvæla- og heilbrigðiseftirlits á Íslandi. Markmið þeirrar vinnu verður að tryggja samræmt einfalt og skilvirkt eftirlit í þágu atvinnulífs og almennings.»
9. Huga þarf sérstaklega að regluverki svo það hamli ekki nýsköpun og framþróun, svo sem sölu afurða beint frá býli á neytendamarkað.»

10. Mikilvægt er að starfsmennta- og háskólar í landbúnaði séu öflugir og í fararbroddi í rannsóknum á sviði landbúnaðar og umhverfismála, svo sem í þágu loftslagsmála, náttúruverndar, landgæða og nýsköpunar í framleiðslu. Ýta þarf undir framtak og frumkvæði bænda með fræðslu, ráðgjöf, þróun og nýsköpun.

Ég vil þakka starfsmönnum Bændasamtakanna fyrir frábæra vinnu við hugmyndir inn í stjórnarsáttmálanum og samstöðu um þau málefni sem landbúnaðurinn leggur mestu áherslu á. Eins og áður segir hlakka ég til að takast á við þau verkefni sem áður eru talin ásamt fjölmörgum öðrum atriðum sem við þurfum að sinna.

Ýmis önnur atriði eru í stjórnarsáttmálanum sem snýr að landbúnaði, eins og loftslagsmál, byggðamál og jarðarmál, því allt eru þetta atriði sem skipta landbúnaði miklu máli. Einnig eru atriði í kafla um menntamál sem eru okkur hugleikin þar sem enn hefur ekki verið skilgreind staða Garðyrkjuháskólans á Reykjum. Ég vil hvetja nýjan ráðherra menntamála að gera það að sínum fyrstu verkum að koma þeim málum á hreint og það helst fyrir áramót.

Eins og áður hefur komið fram þá horfa menn fram á gríðarlegar hækkunir á áburðarverði á heimsmarkaði, nágrannalönd okkar hafa brugðist við þeim áhrifum á sinn landbúnað með fyrirhuguðum beinum stuðningi til bænda vegna þessara hækkana. Ég hvet til þess að þetta samtal verði tekið við forystu Bændasamtakanna um og þá hvernig ríkisvaldið geti hugsanlega komið að þessum tímabundnu hækkunum þar sem þetta er verulegur útgjaldaliður í íslenski matvælaframleiðslu.

Ég vil óska nýrri ríkisstjórn til hamingju og treysti á gott samstarf á komandi kjörtímabili.



ÍSLAND ER LAND ÞITT



Strandarkirkja er kirkja við Engilvík á Suðrstrandarvegi. Núverandi kirkja var reist 1888 og endurvígð eftir endurbætur 14. júlí 1968 og endurbætt frekar og endurvígð aftur 13. október 1996. Ein af nokkrum helgisögnum um kirkjuna og tilurð hennar er um ungan bónda frá uppsveitum Árnessýslu sem fer til Noregs að sækja smíðavið í hús sín en lendir í sjávarhásku og hafvillum og dimmviðri og veit ekki hvar skipið er. Hann ákveður í örvæntingu sinni að gefa allan smíðaviðinn til kirkjubýggingar á þeim stað þar sem hann nærði landi heilu og höldnu. Þá sá hann ljósengil fram undan stefni skipsins og verður sá engill stefnumið sem hann styrir eftir. Hann lendir í sandvík milli sjávarklappa og þá hvarf engillinn. Skipsmenn sáu í birtingu morguninn eftir að þeir höfðu verið leiddir eftir bugdóttu lendingarsundi milli boðaskerja á úthafsbrimströnd. Var hin fyrsta Strandarkirkja reist úr viðnum sem kom úr skipinu. Vorið 1950 var reistur minnisvarði um kraftaverkið í Engilvík norðvestan við kirkjuna. Minnisvarðinn, sem er standmynd á stalli sem sýnir hvítklædda konu sem heldur á skínandi krossmarki, er eftir Gunnfríði Jónsdóttur myndhöggvara og nefnist Landsýn.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Vegamót heitir nýi gangnamannaskálinn á Grímstunguheiði.

Mynd / Bjarni Kristinsson

Grímstunguheiði:

Nýi gangnamannaskálinn fékk nafnið Vegamót

– Er í samræmi við nafnaval fjallaskiladeildar en kosið var á milli fimm nafna

Alls bárust 26 nöfn í nafnasamkeppni á nýjan gangnamannaskála sem tekin var í notkun á Grímstunguheiði í haust. Kosið var um fimm þeirra: Brík, Gedduskáli, Heiðahöllin, Skjól og Vegamót.

Fjallaskiladeildin hafði áður samþykkt að gefa skálanum nafnið Vegamót og vísaði nafngiftinni til samþykkis í sveitarstjórn. Hún frestaði ákvörðun um nafn og vildi að kosið yði á milli nafnanna sem áður er getið.

Vegamót skal hann heita

Nýr gangnamannaskáli á Grímstunguheiði



Þessi mynd er frá uppsetningu skálans í haust.

fékk nafnið Vegamót. Það var samþykkt á fundi stjórnar fjallaskiladeildar Grímstungu- og Haukagilshéiða nýverið, en deildin ásamt Húnavatnshreppi lét reisa skálan í sumar og haust. Hann kemur í stað tveggja skála, Öldumóðuskála og Álkuskála.

Nýi gangnamannaskálinn er hinn glæsilegasti, er rétt um 500 fermetrar að stærð, samansettur úr tíu skálaeiningum með 29 gistiherbergjum, salernum, sturtum, matsal og eldhúsaðstöðu. Einnig var reist nýtt hesthús sem er um 120 fermetrar að stærð. Gistipláss í skálanum er fyrir 60 manns og hesthúsið er fyrir um 70 hross. /MPÞ

Bókasafns Húnaþings vestra:

Rausnarleg gjöf frá Elinborgu tónlistarkennara

Elinborg Sigurgeirsdóttir frá Bjargi í Miðfirði færði Bókasafni Húnaþings vestra á dögnum veglega gjöf, allar sínar nótur og kennslubækur sem spanna starfsævina.

Tónlistarlíf í Húnaþingi vestra hefur um langa hríð staðið í miklum blóma eins og víða á landsbyggðinni og hefur birst í öflugu kórastarfi, tónlistarhátíðum og metnaðarfullum söngleikjasýningum Leikflokks Húnaþings vestra svo dæmi séu tekin.

Undirstaðan er fjölbætt tónlistarkennsla þar sem Elinborg stóð í stafni í 43 ár og þar af verið leiðandi í tónlistarlífi sveitarfélagsins undanfarin 35 ár. Það var því mikill fengur fyrir bókasafn Húnaþings vestra þegar hún á dögnum færði safninu að gjöf allar sínar nótur og kennslubækur sem spanna starfsævina.

Nótur til útláns

Af tilefninu var móttaka á bókasafninu þar



Elinborg Sigurgeirsdóttir ásamt fyrrverandi nemendum sínum. Frá vinstri eru Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, framan við hana Margrét Ragna Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Elinborg og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Mynd / Gunnar Rögnvaldsson



Elinborg við vandlega flokkaðar nótur og kennslubækur.

sem Elinborg fylgdi gjöfni úr hlaði með fáeinum orðum þar sem hún gat um að á löngum tíma hefði safnast að fjölbreyttar nótur þar sem kenna þurfti á mörg hljóðfæri auk margvíslegra tónlistarverkefna. Það

væri einnig hennar vilji að nótarnar yrðu til útlána frá safninu ef einhver vildi nýta sér það.

Þorleifur Karl Eggertsson oddviti tók fyrir hönd sveitarstjórnar á móti þessari höfðinglegu gjöf og þakkaði Elinborgu fyrir einstaklega mikið og gott tónlistarstarf og tónlistaruppeldi sem sannarlega væri tekið eftir á landsvísu.

Viðstaddir auk sveitarstjórnar og sveitarstjóra voru fulltrúar fræðslunefndar, tónlistarskólans og nokkrir fyrrverandi nemendur. /MPÞ

MÆLT AF MUNNI FRAM

287

Nú hefur þjóðin loksins fengið nýja ríkisstjórn. Án þess að hnýta á nokkurn máta í þá einstaklinga sem nú skipa þingheim, þá rifjast upp gömul staka sem ég veit ekki höfund að, en ögn í stíl við kveðskap sem vinsæll var og er, þá ort er um pólitíkina:

*Girnast allir gull í kló,
glaptur er þessi staður.
Höfðatalan, hún er nóg,
en hér er enginn maður.*

Vitnað var til þess að **Helgi Sæm.**, blaðamaður og ritstjóri, hefði í samræðum við **Hannes Pétursson** skáld farið niðrandi orðum um Skagfirðinga og Skagafjörð. Kom það illa við **Hannes** sem orti:

*Ef þú nýðir oftast fjörðinn minn,
ætla ég að skora á þig í sjómann.
En gerist sami glæpur í 3. sinn,
mun Guðrún frá Lundi rekja feril þinn
og nefndarstörf í 9 binda róman.*

Ónafngreindur hafði orð á því við **Hallgrím Pétursson**, prest og sálmaskáld, hve ljótur hann væri. **Hallgrímur** orti þeim álitsgjafa:

*Herrann skapaði hold og skinn,
hver mun gera það betur?
Ef ljótur þykir þér líkami minn
þá lagðu 'ann ef að þú getur.*

Á búnaðarnámskeiði í Þjórsártúni notaði einn ræðumaður orðið „sauðslegur“ um annan fundarmann. Þá orti **Árni Pálsson**:

*Þótt margur sé á móti 'onum hér,
má honum sannmáls unna,
en eignarfall af sjálfum sér
samt hann ætti að kunna.*

Halldór Kristjánsson á Kirkjubóli var á ferð með mönnum í bíl. Kom þar ferð, að samferðamennirnir voru orðnir tóbakslausir. Um það orti **Halldór**:

*Nú er þjóð í þröngri klípu,
þetta er blóðug hörmung enn.
Totta hljóðir tóma pípu
tregamóðir ferðamenn.*

*Illa þjál er öflug lundin,
eins er málið stirt og illt.
Þankinn brjálást, þankinn bundinn
þegar sálarfriði er spilt.*

Gilsbakka-Jón var fæddur á Strjúgsá í Eyjafirði. Síðar er hann búsettur á Gilsbakka. Hér birtast á **Jóns** um ýmis atvik og einnig samferðafólk. Um stúlku er var hjá honum vísuð og **Jón** nefndi jafnan „fóstru sína“. Nokkuð þekkt er vísa **Jóns**, sem af tillitssemi verður ekki birt hér utan upphafið sem segir: „Feginn vildi ég fara uppá hana ...“ En aðra vísu orti hann um fóstru sína:

*Fóstru mín er fögur öðru megin.
Þaðan fæ ég hýrleg hót.
Hinum megin er ún ljót.*

Um **Jósef Skaftason** á Hnausum orti **Gilsbakka-Jón**:

*Það er efni ófögnuðs,
-um það mynda ég braginn-
að þú lýgur allan guðs-
endilangan daginn.*

Svo bar til, að hross **Jóns** fóru í tún að Stekkjarflötum, og voru sett þar inn í hús. **Jón** orti:

*Kviknaði bræði búandans
bæði í holdi og sálu,
því hófanaðir náungans
nöguðu gras og stálu.*

*Bónði varð í sinni súr,
sveltir hross um nætur.
Kapalsþörmum kreisti úr
kúk í skadabætur.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR



Kolbrá Edda Haraldsdóttir og pabbinn, Haraldur Gísli Kristjánsson frá Hólum.

Leiðrétting í umfjöllun um dag sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu

Þau leiðu mistök urðu þegar sagt var frá degi sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu í síðasta Bændablaði að litfegursta lamb sýningarinnar hefði komið frá Kaldbak. Hið rétta er að það kom frá Hólum og er eigandinn Kolbrá Edda Haraldsdóttir.

/smh

Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar:

Tryggja á fæðuöryggi á Íslandi með endurskoðun búvörusamninga

Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs var kynntur í gær. Í kaflanum um landbúnað er kveðið á um að við endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi. Efla á stuðning við innlenda grænmetisframleiðslu með niðurgreiðslu á raforku til ylraektar og sérstakan stuðning við útiræktun í gegnum búvörusamninga.

Leggja á tillögu um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland fram á Alþingi á fyrri hluta kjörtímabilsins, þar verður byggt á grunni vinnu verkefnastjórnar um landbúnaðarstefnu sem þegar hefur verið kynnt undir heitinu „Ræktum Ísland“.

Tryggja fæðuöryggi og auka matvælaöryggi

Auka á hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla með metnaðarfullum markmiðum, til að treysta fæðuöryggi, en einnig á að stuðla að auknu matvælaöryggi og heilnæmi matvara með öflugri innlendra matvælaframleiðslu. Það muni viðhalda góðri stöðu Íslands varðandi sýklalyfjaþónæmi. Í sáttmálanum kemur fram að tryggja þurfi framhald aðgerðaáætlunar um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna.

Þá er þar skýrt ákvæði um að við endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi, með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu. Endurskoðun búvörusamninga er næst fyrirhuguð á árinu 2023. Stefnt er að því að stuðningur hins opinbera verði samhæfður með það að markmiði að styrkja og fjölga stofnum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun.

Aukin grænmetisframleiðsla

Með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á



Með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylraektar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga á að auka framleiðslu á íslensku grænmeti.

Mynd / Odd Stefán

raforkuverði til ylraektar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga á að auka framleiðslu á íslensku grænmeti.

Móta á heildstæða, tímasetta aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu og akuryrkju.

Í sáttmálanum er lögð áhersla á að efla þurfi landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis til að mæta skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum. Útfæra á ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun.

Endurskoða á viðskiptasamning við Evrópusambandið

Ljúka á við endurskoðun viðskiptasamnings við Evrópusambandið um landbúnaðarafurðir á kjörtímabilinu og efla á skilvirkni og afköst við tollaefirlit, með innleiðingu

stafrænna lausna. Fyrirhuguð er endurskipulagning á fyrirkomulagi matvæla- og heilbrigðisefirlits á Íslandi, en markmið þeirrar vinnu verður að tryggja samræmt einfalt og skilvirkt eftirlit í þágu atvinnulífs og almennings. Fram kemur að huga þurfi einnig sérstaklega að regluverki í kringum matvælaframleiðslu svo það hamli ekki nýsköpun og framþróun, svo sem sölu afurða beint frá býli á neytendamarkað.

Mikilvægi öflugra skóla

Loks er lögð áhersla á að mikilvægt sé að starfsmennta- og háskólar í landbúnaði séu öflugir og í fararbroddi í rannsóknum á sviði landbúnaðar og umhverfismála, svo sem í þágu loftslagsmála, náttúruverndar, landgæða og nýsköpunar í framleiðslu. Ýta þurfi undir framtak og frumkvæði bænda með fræðslu, ráðgjöf, þróun og nýsköpun.

/smh


Skógræktin og landgræðslan undir landbúnaðarráðuneytið

Málefni skógræktar og landgræðslu færast til landbúnaðarráðuneytis frá umhverfisráðuneytinu, samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmála milli ráðuneyta. Eitt af áherslumálum Bændasamtaka Íslands (BÍ) fyrir síðustu alþingiskosningar var einmitt slíkur tilflutningur, nema BÍ lögðu áherslu á að málaflökkarnir færðust yfir í nýtt ráðuneyti landbúnaðarmála.

Svandís Svavarsdóttir tók á mánudaginn við stjórnartaumunum í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu af Kristjáni Þór Júlíussyni – og tekur þar með við málefnum skógræktar og landgræðslu.

Skógræktin sátt við tilfærsluna

Þróstur Eysteinnsson skógræktarstjóri segir að flutningur Skógræktarinnar til ráðuneytis landbúnaðarmála hafi ekki verið ákveðinn í samráði við Skógræktina. „Það var ekki haft samráð, ekki frekar en þegar hún var flutt frá landbúnaðarráðuneytinu í umhverfisráðuneytið á sínum tíma, enda þarf ekkert slíkt samráð. Við hjá Skógræktinni erum sátt við að skógrækt teljist til landbúnaðarmála



Árni Bragason.

rétt eins og við vorum sátt við að hún taldist til umhverfismála. Skógrækt er hvort tveggja og líka loftslagsmál og efnahagsmál og félagsmál og nýsköpunarmál og margt fleira,“ segir Þróstur.

Breytir ekki miklu fyrir Landgræðsluna

„Ég fékk fréttirnar á sama tíma og aðrir landsmenn. Flutningur stofnunarinnar í nýtt ráðuneyti var hvorki ræddur við mig né annað starfsfólk Landgræðslunnar,“ segir Árni Bragason landgræðslustjóri.

„Ég sé ekki að það breyti miklu fyrir Landgræðsluna hvar hún er vistuð í Stjórnarráðinu. Lög um landgræðslu eru frá 2018 og grunn- tónn laganna er sjálfbær landnýting.



Þróstur Eysteinnsson.

Landgræðslan vinnur samkvæmt gildandi lögum burt séð frá því hvar stofnunin er vistuð. Auðvitað munu áherslur ráðherra endurspeglast í fjárveitingum á næstu árum. Svandís Svavarsdóttir þekkir til Landgræðslunnar frá tíma sínum í umhverfisráðuneytinu og ég á ekki von á öðru en að hún nýti styrk Landgræðslunnar til góðra verka,“ segir Árni.

„Við höfum átt frábært samstarf við starfsfólk umhverfisráðuneytisins og stofnuninni hefur verið trúað fyrir stóru hlutverki í loftslagsmálum og öðrum brýnum verkefnum sem lúta að sjálfbærri þróun samfélagsins. Ég vona að okkur takist að byggja upp traust og samstarf við starfsfólk í nýju ráðuneyti,“ bætir Árni við.

/smh

Við aðstoðum fólk sem býr við kröpp kjör

Þú getur hjálpað með því að greiða valgreiðslu í heimabanka fyrir jólin.

Hjálparstarf kirkjunnar

Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum og Nettó Ókeypis heimsending af www.eylif.is



Ólafía Ingólfssdóttir

Ólafía er 69 ára og starfaði sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. „Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnénu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja. Ég var á leiðinni í hnélskipti þegar ég byrjaði að taka Active JOINTS síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með Active JOINTS frá Eylíf og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa vöruna.

Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.

Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður“.

Svo er gaman að segja frá því að það eru tíu manns í kringum mig sem eru einnig að taka inn Active JOINTS og finna líka mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.

Þetta er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég mæli 100% með Active JOINTS frá Eylíf.

Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn Smoother SKIN & HAIR frá Eylíf og finn strax mun á hárinu því ég var búin að glíma við hárlos, finn einnig mun á húðinni og nöglum.

Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf.



Guðrún Sigríður Jakobsdóttir

Ég byrjaði fyrir nokkrum mánuðum að taka inn Active JOINTS en ég var búin að prófa ýmis fæðubótaefni fyrir liði vegna eymsla í hnjám. Eftir aðeins einn mánuð, fann ég góðan mun á mér, bæði fann ég meiri orku og miklu meiri liðleika.

Eftir 2ja mánaða inntöku varð óvart hlé á inntöku í 2 vikur og fann ég þá hversu gott Active JOINTS hafði gert mér, því ég fór að finna aftur fyrir miklum óþægindum í hnjám og vöðvaþreytan í hálsi og herðum var fljót að gera vart við sig.

Eftir að ég byrjaði aftur að taka inn Active JOINTS þá tók það rúmlega viku þar til ég fór að finna aftur stóran mun á mér. Ég mun alveg pottþétt halda mér við Active JOINTS í framtíðinni.

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR** og nýjasta varan er **Happier GUTS**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaeftum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**“ segir Ólöf Rún.


Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bíldudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótaefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Þórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf því það hefur reynst mér mjög vel.

Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera“.

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum.

Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður.

Óþægindin sem ég áður hafði voru ekki lengur svo fann ég að öll almenn líðan var mjög góð bæði andleg sem líkamleg, mér líður betur.

Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra efni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á landi.

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.

Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- **Kítósan** er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- **Kalkþörungur** sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- **GeoSilica kísillinn** sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- **Fjallagrös** sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensýmum, C vítamíni, krómi, jöði og sink.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.



FRÉTTIR



Bændahöllin, Hótel Saga, við Hagatorg í Reykjavík.

Mynd / HKr.

Fjárlagafrumvarpið 2020: Fjármálaráðherra vill skoða kaup á Hótel Sögu

Í frumvarpi fjármálaráðherra til fjárlaga fyrir árið 2020 er lagt til að skoða möguleikann á að ganga til sammings um kaup á Hótel Sögu. Húsnæðið er sagt geta hentað til að koma starfsemi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands fyrir á háskóla-svæðinu en sú deild er nú staðsett í Stakkahlíð og Skipholtí.

Þar segir einnig að forsenda fyrir því að til álita kæmi að ganga til kaupa á Hótel Sögu er að eignin bjóðist á hagstæðum kjörum. Kostnaður við kaupin er talinn vera um fimm milljarðar króna.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að Bændasamtök Íslands og ríkisvaldið hafi átt í viðræðum um hugsanleg kaup ríkisins á Hótel Sögu undir starfsemi Háskóla Íslands undanfarnar vikur.

„Eins og kemur fram í frumvarpinu er gerður fyrirvari um að kaupin verði á ásættanlegu verði fyrir ríkið og viðræður í gangi um það og hvað sé verið að kaupa. Við eru að skilgreina hvaða lausamunir muni fylgja húsinu og það hefur tekið tíma fyrir Háskólann að gera það upp við sig hvað þeir vilja fá.

Að öllum líkindum mun Félagsstofnun stúdenta fá hluta hússins til umræða og Háskólinn restina og ekki enn ljóst hvað þessir aðilar vilja hafa í húsinu við afhendingu.

Ég ítreka að kaupin eru enn á umræðustigi og ekki komin á blað enn.“ Gunnar segir að Bændasamtökin hafi leitast eftir að vera í húsinu í að minnsta kosti ár gangi kaupin eftir og hefur Háskólinn tekið vel í það. *NH*

Góð þátttaka í Matsjóni

Góð þátttaka verður í Matsjóni, verkefni á vegum Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og landshlutasamtaka sveitarfélaga um allt land. Alls hafa 84 smáframleiðendur matvæla skráð sig til þátttöku í verkefninu, sem telst tæplega helmingur allra skráðra félaga í SSFM, en markmið þess er að efla hæfni þeirra á ýmsum sviðum.

Verkefnið hlaut rúmlega fimm milljóna króna styrk í síðustu úthlutun Matvælasjóðs. Það hefst formlega í byrjun næsta árs og stendur í 14 vikur.

Margvísleg ráðgjöf og fræðsla með fjárfundum

Fá þátttakendur ráðgjöf og fræðslu



í gegnum fjárfundarfyrirkomulag í þeim tilgangi að efla leiðtoga-færni sína, öðlast aukna getu til að þróa vörur og þjónustu og efla tengslanetið sitt í greininni.

Matsjóni er byggð upp að fyrirmynd Ratsjárinnar, sem er verkefni fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu og er þróað og stjórnað af Íslenska ferðaklasanum. */smh*



Þetta er í annað sinn sem Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir hljóta verðlaunin ræktunarbú ársins. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir.

Garðshorn á Pelamörk er ræktunarbú ársins:

Dass af skemmtilegri tilviljun og heppni

Ræktunarbú Birnu Tryggvadóttur og Agnars Þórs Magnússonar, Garðshorn á Pelamörk, var valið ræktunarbú ársins 2021 á ráðstefnunni Hrossarækt 2021 sem fór fram á sunnudag.

Ræktun þeirra Birnu og Agnars hefur verið tilnefnt til verðlaunanna nær árlega síðan 2014, þegar þau hlutu þennan sama titil.

Þau eru sammála um að góðar ræktunaryrissur væri grunnurinn að vel heppnaðri hrossarækt. En margt fleira spilar þó inn í. „Viljinn til að gera vel, gott atlæti hrossanna, sjálfs-gagnrýni, reynsla, þekking og vinnu-semi þeirra sem eiga í hlut, þ.e.a.s. okkar og þeirra sem hafa starfað með okkur,“ segja þau.

„Auk þess spilar ákveðin tilviljun og heppni inn í því við veljum ekki kaupendur af okkar hrossum heldur velja kaupendur hrossin. Það er því algjör tilviljun og heppni sem felst í því að hitta inn á góða kaupendur sem ná góðum árangri á hrossunum. Ekkert útpælt excel skjal heldur samspil margra liða, dass af skemmtilegri tilviljun og heppni sem leiðir til þessarar góðu niðurstöðu,“ bætir Birna við.

Sjö hross úr ræktun þeirra voru sýnd í kynbótadómum á árinu. Meðalaldur þeirra er fimm ár.

Þrjú fjögurra vetra hross voru sýnd frá búinu og hlutu þau öll fyrstu einkunn, þau Ómar, Aðalheiður og Afródíta. Sú síðastnefnda hlaut þar hæstu einkunn fjögurra vetra hryssna á landsvísi, 8,33 en endurreiknuð aðaleinkunn án skeiðs er 8,36. Afródíta er undan tveimur hrossum frá búinu, en móðir hennar er stofnræktunaryrissan Elding frá Lambanesi og faðirinn Grímur frá Garðshorni á Pelamörk.

Stóðhesturinn Glundroði var hæst dæmdur hestur búnsins á árinu, hlaut 8,50 í aðaleinkunn. Hann er undan



Birna sýnir hér Afródítu frá Garðshorni á Pelamörk. Mynd / Kolbrún Grétarsdóttir.

Nafn	Aldur	Sköpulag	Kostir	Aðaleinkunn
Kastor	7	8,22	8,62	8,48
Glundroði	6	8,49	8,50	8,50
Ómar	4	8,21	8,24	8,23
Afródíta	4	8,43	8,27	8,33
Aðalheiður	4	8,3	8,21	8,24
Meðaltal	5	8,33	8,37	8,36

Ágústu frá Garðshorni á Pelamörk og Konsert frá Hofi.

Stóðhesturinn Kastor hlaut hæstu einkunn fyrir kosti, 8,62 þar af hlaut hann einkunnina 10 fyrir skeið í báðum kynbótasýningunum sem hann tók þátt í.

„Við höfum verið heppin að seld hross lenda í góðum höndum. Í ár voru tveir stóðhestar sem við höfðum selt sýndir og hlutu báðir um 8,50 í aðaleinkunn hjá nýjum eigendum,“ segir Birna.

Meðaltal aðaleinkunnna fimm efstu hrossa úr búinu er 8,36

en uppreiknuð aldursleiðrétt aðaleinkunn mun vera 8,51.

Fjórtán bú tilnefnd

Fagræð í hrossarækt tilnefndi eftirfarandi bú til þessarar heiðursviðurkenningar Bændasamtaka Íslands, auk sigurvegaranna: Austurás, Efri-Fitjar, Efsta-Sel, Fákshólar, Flugumýri, Hemlu II, Hjarðartún, Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishóla, Prestsbæ, Ragnheiðarstaði, Sauðanes, Skipaskaga og Stuðla. */ghp*

Afkvæmahross verðlaunuð

Á ráðstefnunni voru eigendur afkvæmahesta verðlaunaðir.

Sjóður frá Kirkjubæ hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Sjóður er 14 vetra gamall, undan Sæ frá Bakkakoti og Þyrnirós frá Kirkjubæ. Kynbótamat Sjóðs er 122 stig í aðaleinkunn kynbótamats og á hann 50 sýnd afkvæmi, hæst dæmdur er Kveikur frá Stangarlæk.

Hringur frá Gunnarsstöðum og Hreyfill frá Vorsabæ hlutu fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi. Hringur er með 115 stig í kynbótamati og á 19 sýnd afkvæmi. Aðaleinkunn



Hringur frá Gunnarsstöðum.

kynbótamats Hreyfills er 114 og hafa 21 afkvæmi hans verið sýnd. Átta hryssur hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár, en til að hljóta verðlaunin þarf hryssa að eiga

að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig eða herra í kynbótamati fyrir aðaleinkunn.

Hæsta kynbótamatið og handhafi Glettubikarsins í ár er Ösp frá Hólum. Hún er fædd árið 2000 undan Markúsi frá Langholtsparti og Þokkabót frá Hólum. Hún á sex dæmd afkvæmi. Auk Aspar hlutu Nótt frá Oddsstöðum I, Sefja frá Úlfjótavatni, Sunna-Rós frá Úlfjótavatni, Hrísla frá Sauðárkróki, Rán frá Þorkelshóli 2, Framtíð frá Ketilsstöðum og Sædis frá Stóra-Sandfelli 2 heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

Búvís 15 ÁR

Okkar verð!

RÚLLUPLAST

POWERSTRETCH svart kr. 13.990 án vsk.
POWERSTRETCH hvítt kr. 14.990 *

RANI WRAP hvítt kr. 15.390 *
RANI WRAP grænt kr. 15.390 *
RANI WRAP 500mm kr. 12.980 *

SUPERGRASS hvítt kr. 15.890 *
SUPERGRASS grænt kr. 15.890 *

BAL'ENSIL hvítt kr. 15.990 *
BAL'ENSIL grænt kr. 15.990 *

Verð miðast við afhendingu í heimasveit eða beint á bæ í heilum brettum.

BRETTA-AFSLÁTTUR

Gefum sértílið ef verslað er bretti (40l) eða meira!

NÁÐUM SAMNINGUM VIÐ OKKAR BIRGJA UM NOKKRA GÁMA AF PLASTI Á ÞESSUM VERÐUM.

TIL AFHENDINGAR Í JANÚAR.

Forpöntun 2022 kynningarverð

TIL 15. DESEMBER

GRJÓTHARÐIR GARÐBEKKIR



VIÐHALDSFRÍIR BEKKIR ÚR GRANÍT



Tilboð:

130 cm breiðir ca 140 kg.

Grár, svartur eða paradiso

Hægt að grafa letur eða logo í bak
eða sessu gegn aukagjaldi.

Forsöluverð 230.000 (~~295.000~~)

Afhending í byrjun maí.

Frír flutningur um allt land.

Staðfestingargjald 100.000



**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**

s: 466 2800 / 899 9370

sala@minnismerki.is

steinsmidjaakureyrar.is

FRÉTTIR



Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sviðsstjóri skógarauðlindasviðs Skógræktarinnar, og Elías Jónatansson orkubússtjóri handsala verksamning um ræktun kolefnisskógar í Arnarfirði. Samkvæmt honum veitir Skógræktin Orkubú Vestfjarða ráðgjöf vegna þróunar á kolefnisverkefni með skógrækt á þremur jörðum í Arnarfirði sem allar eru í eigu Orkubúsins. Samtals er ráðgert að rækta skóg á um 235 hekturum. Þar með er hafinn undirbúningur að fyrsta vottaða kolefnisbindingarverkefninu á Vestfjörðum. Mynd / Orkubú Vestfjarða.

Orkubúið ræktar vottaðan kolefnisskóg í Arnarfirði

Orkubú Vestfjarða hefur gert verksamning við Skógræktina um ráðgjöf vegna þróunar á kolefnisverkefni með skógrækt á þremur jörðum í Arnarfirði sem allar eru í eigu Orkubúsins. Samtals er ráðgert að rækta skóg á um 235 hekturum. Þar með er hafinn undirbúningur að fyrsta vottaða kolefnisbindingarverkefninu á Vestfjörðum.

Jarðirnar þrjár eru Hjallkarseyri, Rauðstaðir og Borg í Arnarfirði. Í fyrsta áfanga verður unnið með 70 hektara svæði. Markmiðið er að til verði kolefnisbinding í skógrækt og náttúrulegu skóglendi og miðað er við að kolefnisverkefnið fullnægi kröfum Skógarkolefnis þannig að það sé tækt til vottunar óháðs vottunaraðila til skráningar í Loftslagskrá Íslands.

Að sögn Elíasar Jónatanssonar orkubússtjóra fellur samningurinn vel að loftslagsstefnu Orkubús Vestfjarða þar sem markmiðið sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi og minnka kolefnissporið með markvissum aðgerðum í rekstri og með því að binda kolefni með skógrækt og endurheimt votlendis. Orkubú Vestfjarða stefni að því að vera kolefnishlutlaust fyrirtæki árið 2030.

Byrjað á 70 hekturum

Hlutverk Skógræktarinnar er að veita Orkubúinu ráðgjöf um

þróun verkefnisins og annað sem Orkubúið kann að óska ráðgjafar um. Byrjað verður á því að gera úttekt á möguleikum og hagkvæmni þeirra. Í kjölfarið verður gerð ítarleg ræktunaráætlun þar sem skógræktarsvæði verður afmarkað á hnitsettum uppdrætti. Undirbúningsvinna Skógræktarinnar hefst í þessum mánuði og er gert ráð fyrir að henni ljúki haustið 2023.

Til að byrja með verður ráðist í skógrækt á um 70 hekturum lands en stefnt er að því að í fyllingu tímans nái skóglendið til um 235 hektara. Samhliða verkefnalýsingu fyrir kolefnisverkefnið verður gerð kolefnisspá fyrir svæðið og kostnaðaráætlun til 50 ára.

Mikilvægt að taka þátt í að draga úr losun

Þetta verkefni verður fyrsta vottaða kolefnisverkefnið sem ráðist er í á Vestfjörðum. Elías segir að það verði mikilvægt með hverjum deginum fyrir orkufyrirtækin að geta sýnt fram á að þau séu að taka fullan þátt í því með heimsbyggðinni allri að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

„Fyrirtækið er í almannaeigu og hefur þannig ríkar skyldur til að taka fullan þátt í stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Það er mikilvægt fyrir viðskiptavinum Orkubúsins að þeir geti treyst því að stefnunni sé fylgt eftir og að kolefnisbindingin sé vottuð,“ segir Elías. /MPP

Erlendir ferðamenn hafa greitt um 30 milljónir fyrir ferðir um Vaðlaheiðargöng:

Nægir fyrir kostnaði við rekstur ganganna

Erlendir ferðamenn sem farið hafa um Vaðlaheiðargöng á þessu ári hafa greitt fyrir ferðir sínar um 30 milljónir króna. Þessi upphæð dugar fyrir rekstrarkostnaði ganganna. Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir þetta jákvætt fyrir reksturinn og sýni hversu mikilvægt það sé að fá erlenda ferðamenn til að ferðast um Ísland.

Tekjur frá erlendum ferðamönnum hafa numið tæplega 6% að undanförunu og segir Valgeir að uppsafnað frá áramótum hafi Bandaríkjamenn notað göngin mest þegar horft er til erlendra ferðamanna. Fyrir hafi komið ein og ein vika þar sem Bretar og Þjóðverjar hafi skotið sér á toppinn í þeim efnun.

Bandaríkjamenn hafa greitt um 16,3 milljónir króna fyrir ferðir sínar um Vaðlaheiðargöng, Þjóðverjar koma næst í röðinni og hafa greitt rúmlega 6,8 milljónir, þá koma Bretar með 3,2 milljónir. Ítalir hafa greitt um 2 milljónir og Frakkar tæplega 1,8 milljónir.

Valgeir segir að líkur séu á að mun fleiri erlendir ferðamenn nýti sér að aka um Vaðlaheiðargöng heldur en þeir sem muna sjálfir eftir að greiða veggjaldið. Sé ekki greitt fyrir ferðina er rúkkun send



Tekjur af ferðum erlendra ferðamanna um Vaðlaheiðargöng nægja nú til að greiða kostnað við rekstur ganganna, en þær eru komnar upp í um 30 milljónir króna á árinu.

til bílaleigunnar sem síðan rúkka leigjandann og bæta við þá rúkkun innheimtuþökun.



Ódýrara er að greiða beint í gegnum vefsíðuna www.tunnel.is, heldur en að láta myndavél um að lesa bílnúmerið þegar ekið er í gegn og fá reikninginn sendan sjálfvirkir í banka bíleigandans.

Ódýrast að borga beint

„Því er ódýrast fyrir erlenda ferðamenn að borga sjálfir og því höfum við einfaldað greiðslusíðu sérstaklega fyrir þann hóp, hún heitir tunnel.is,“ segir Valgeir. Nokkuð er síðan greiðsluferfi var breytti í þá veru að greiðslutímabil er 24 klukkustundir áður eða eftir að ekið er í gegnum göngin, en ekki 3 klukkustundir eins og var í byrjun. /MPP



Þessi mynd var tekin þegar fyrsta skóflustungan af nýja hverfinu var tekin, talið frá vinstri, Elliði Vignisson bæjarstjóri, Grétar Erlendsson, formaður bæjarráðs Ölfuss, Gísli Steinar Gíslason, framkvæmdastjóri Hamrakórs, Jón Helgi Sen Erlendsson hjá Hamrakór og Jóhann Pétur Reyndal, fjármálastjóri Hamrakórs. Myndir / Sveitarfélagið Ölfus

Nýtt 450 íbúða hverfi byggt í Þorlákshöfn

Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu fyrsta áfanga Móabyggðar, nýs 450 íbúða hverfis í Þorlákshöfn. Íbúðirnar í hverfinu verða tveggja til fjögurra herbergja á bilinu frá 60 til 95 fm.

Húsin verða staðsteypt, einangruð að utan og klædd állklæðningu. Gluggar verða ál eða trégluggar. Þróunarfélagið Hamrakór ehf. stendur að uppbyggingunni í Móabyggð og hefur félagið þegar samið við byggingafélagið Verkeiningu ehf. um byggingu fyrstu húsanna. Alls verða 78 íbúðir í 11 lágrestum fjölbýlishúsum í fyrsta áfanga Móabyggðar, þar sem mikil áhersla verður lögð á hlýja og aðlagandi umgjörð með lágstemmdri byggð sem skiptast mun í nokkra kjarna sem tengjast saman með vistgötum. Elliði Vignisson bæjarstjóri segir að Ölfus sé það sveitar-

félag á landinu sem vaxi hvað hraðast um þessar mundir.

„Eftirspurn eftir húsnæði í Þorlákshöfn hefur verið svo hröð að nú nýlega kom su staða upp að ekki var eina einustu lóð að fá og engar fasteignir voru til sölu. Hér mælast íbúar þeir ánægðustu á landinu og því eðlilegt að ásóknin sé mikil. Við gleðjumst því mjög yfir samstarfinu við Hamrakór og vonumst til að í því felist enn frekari sóknarfæri. Það er að okkar mati ein af frumskyldum



Móabyggð í Þorlákshöfn verður nýtt 450 íbúða hverfi en mikill uppbygging á sér nú stað í Þorlákshöfn.

bæjar- og sveitarstjórna að bregðast við húsnæðisskortri enda húsnæði ein af frumpörfum almennings. Við þurfum að bregðast skjótt við og samstarfið við Hamrakór er eitt af þeim þúslum sem við þurfum til að geta fullgert myndina,“ segir Elliði. /MHH

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:

Vill sérhæfða sjúkrabyrly staðsetta á Suðurlandi

Ein af fjölmörgum ályktunum, sem samþykkt var á þingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í lok október var um nauðsyn þess að fá sérhæfða sjúkrabyrly á Suðurland og var skorað á heilbrigðisráðherra að beita sér í málinu.

Í ályktuninni segir m.a.: Brýnt er að slík þyrfa verði staðsett á Suðurlandi og sé hluti starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, enda hefur mikil aukning ferðamanna átt sér stað á undanförunum árum og samhliða því hefur sjúkraflutningum fjölgað verulega. Þá hafa breytingar

á þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sömuleiðis leitt til þess að í fleiri tilfellum en áður þarf að flytja íbúa dreifbýlisins til Reykjavíkur ef alvarlega sjúkdóma eða slys ber að garði.

Skorað er á ráðherra að draga til baka hugmyndir um að staðsetja þyrlyna á suðvesturhorni landsins þar sem slíkt leysir ekki vanda sjúkraflutninga á Suðurlandi þar sem mest þörf er fyrir snögg viðbragð sjúkrabyrly, m.a. vegna langra vegalengda í umdæminu og fjarlægðar frá Landspítalanum háskólasjúkrahúsi í Reykjavík. /MHH



Bræðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir stofnuðu Kjarnafæði árið 1985 og samanlagður starfsaldur þeirra í greininni er um 100 ár. Þeir eru hluthafar í hinu nýja, sameinaða fyrirtæki, KN.

Sjáumst í eldhúsinu

Fyrirtækin Kjarnafæði, Norðlenska og SAH afurðir hafa sameinast undir nafninu Kjarnafæði Norðlenska hf. Okkar markmið er að tryggja það að neytendur geti ávallt stólað á gæði þegar þeir velja vörur undir okkar vörumerkjum.

Við óskum viðskiptavinum okkar góðs gengis í eldhúsinu yfir hátíðarnar.



NORÐLENSKA

FRÉTTIR



Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti að hefja hópfjármögnun vegna framkvæmda við Vatnsnesveg, númer 711 og er stefnt að því að safna 100 milljónum króna, nægilegu fjármagni til að unnt sé að hefja hönnun á veginum sem er um 70 kílómetra langur.

Mynd / Húnaþing Vestra

Þjóðvegurinn um Vatnsnes í slæmu ástandi: Íbúar hópfjármagna byrjun framkvæmda

– Stefnt að því að safna 100 milljónum króna

„Undanfarin ár hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra lagt áherslu á að framkvæmdum við Vatnsnesveg verði flýtt vegna mjög slæms ástands vegarins, sem hefur veruleg áhrif á lífsgæði þeirra sem búa á Vatnsnesi. Verulega aukin umferð ferðamanna hefur einnig haft áhrif á fyrrneft ástand og slys á veginum of tíð,“ segir í bókun sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra. Á þeim fundi var einnig samþykkt að hefja hópfjármögnun vegna framkvæmda við Vatnsnesveg, númer 711.

Fram kemur í bókun sveitarstjórnar að Vatnsnesvegur sé kominn inn á samgönguáætlun, en ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir við hann hefjist fyrr en á þriðja tímabili áætlunarinnar, þ.e. á árunum 2030-2034, og það sé óviðunandi fyrir íbúa Húnaþings vestra.

Leggja ríkisvaldinu lið

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur mikla áherslu á að Vatnsnesvegur komist fram á samgönguáætlun, hönnun vegarins

fari strax af stað og framkvæmdum við hann verði flýtt. Til að það sé hægt þurfi aukid fjármagn í mála-flokkinn.

„Því hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra ákveðið að leggja ríkisvaldinu lið og hefja hópfjármögnun til að hægt sé að flýta framkvæmdum við Vatnsnesveginn og að þær hefjist fyrr en gert er ráð fyrir í samgönguáætlun,“ segir í bókun sveitarstjórnar.

Kostnaður um 3,5 milljarðar

Á samgönguáætlun er áætlaður kostnaður við veginn 3,5 milljarðar króna en heildarlengd hans er um 70 kílómetrar. Til að hægt sé að flýta framkvæmdum við veginn og koma hönnun strax af stað er lagt upp með að safna 100 milljónum króna sem er einungis brot af kostnaði vegarins en hins vegar nægjanlegt til að hefja hönnun strax.

Þegar markmiði söfnunar er náð mun upphæðinni verða komið til samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins með þeim formerkjum að hún verði nýtt til uppbyggingar Vatnsnesvegur númer 711. /MPB

Tæknivæðing bænda er engum takmörkunum háð: Pantar fóður gegnum smáforrit

Fóður er eitt af stærstu útgjalda-liðum búfjárbænda en það getur talið um 10-15% af veltu bú. Smáforrit Bústólpa er tækninýjung sem býður bændum að panta helstu fóðurtegundir og vörur verslunarinnar úr símanum.

„Við erum að auka þjónustuna við bændur þannig að það sé fljótlegt að panta fóðrið og þegar þeim hentar, en ekki endilega á opnunartíma Bústólpa. Við sáum fyrir okkur þegar bóndinn fer í fjósið og sér að það vantar fóður þá geti hann tekið upp símann og pantað fóður á örfáum mínútum,“ segir Hanna Dögg Maronsdóttir, markaðsstjóri Bústólpa. Smáforritið fór í loftið í byrjun mánaðarinnar og hafa bændur tekið vel í þessa nýjung. „Bændur eru orðnir mun tæknivæðari en marga kann að gruna.“

Undir það tekur Guðrún Harðardóttir, kúabóndi á Hvassafelli í Eyjafjarðarsveit. Mýtan um ótæknivædda bóndann eigi ekki við lengur.

„Við nýtum okkur alls kyns tækni við okkar búskap og við tileinkum okkur nýjungar eftir bestu getu.



Guðrún Harðardóttir, kúabóndi á Hvassafelli í Eyjafjarðarsveit.

Mynd / GH

Við erum með mjaltþjón í fjósinu, mykjuþjark og gjafakerfi og getum tengst öllu fjósinu gegnum símann. Smáforritið eykur þægindin við pöntun á fóðri þar sem ég get pantað þegar hentar óháð opnunartíma.“

/ghp

Markaðsstofa Norðurlands:

Óviðunandi vetrarþjónusta við vinsæla ferðamannastaði

Það er til mikils að vinna að koma á bættri vetrarferðaþjónustu á Norðurlandi. Eins og staðan er nú er hún óviðunandi á nokkrum vinsælum ferðamannastöðum á svæðinu. Þar má nefna nýopnaðan Demantshring þar sem nýr og uppbyggður vegur var opnaður frá Dettifossi og að Ásbyrgi í fyrra og einnig Vatnsnesveg að Hvítserk.

Stjórn Markaðsstofu Norðurlands hefur sent frá sér ályktun þar sem vakin er athygli á því hve slæm vetrarþjónusta er hér og hvar um norðanvert landið. „Ástandið er í hróplegu ósamræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um jafna árstíðasveiflu í ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan hefur upplifað mikil áföll undanfarin misseri og riður á vaðið að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir viðspyrnu í greininni, enda eykur góð vetrarþjónusta líkurnar á verðmætasköpun í ferðaþjónustu. Skortur á vetrarþjónustu stofnar öryggi vegfarenda í óþarfa hættu og ætti að vera forgangsmál að bæta þar úr til að tryggja öryggi og upplifun gesta og íbúa,“ segir í ályktuninni.

Í markaðssetningu á áfangastaðnum Norðurlandi skipta samgöngur



Það er til mikils að vinna að bæta vetrarþjónustu á Norðurlandi. Áfangastaðir eins og Hvítserkur, Dettifoss og Ásbyrgi eru eftirsóttir meðal erlendra ferðamanna en vetrarsamgöngur að þeim eru óviðunandi.

Mynd / Markaðsstofa Norðurlands

gríðarlega miklu máli og þá sérstaklega með tilliti til vetrarferðaþjónustu. Áfangastaðir á borð við Hvítserk, Dettifoss og Ásbyrgi eru eftirsóttir hjá erlendum ferðaskrifstofum og ferðamönnum allan ársins hring. MN hefur fundið fyrir þessum mikla áhuga á ferðakaupstefnum erlendis og því er til mikils að vinna

að koma á bættri vetrarþjónustu á Norðurlandi.

Stjórn Markaðsstofu Norðurlands skorar á ríkisvaldið að bæta til muna vetrarþjónustu á vinsælum ferðamannastöðum á svæðinu og horfa þar sérstaklega til nýopnaðs Demantshrings og Vatnsnesvegur að Hvítserk. /MPB

Um 90% Íslendinga borða laufabrauð um jólin:

Konur borða meira af laufabrauði en karlar

Um 90% þjóðarinnar borða laufabrauð um jólin samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir Gæðabakstur. Stærsti aldurs-hópurinn sem borðar laufabrauð er 18-24 ára og 35-44 ára, eða 91%.

Þá eru ívið fleiri konur en karlar sem borða laufabrauð. Hlutfall kvenna er 92% en karla 88%. 35% þeirra sem borða laufabrauð borða það alltaf eintómt, en 65% nota álegg/smur og/eda ídyfur. Yngra fólk



Laufabrauðssteiking. Mynd / HKR.

borðar laufabrauð frekar eintómt.

„Í upphafi var laufabrauðið einkum vinsælt á Norðurlandi en þokaðist síðan hægt suður yfir heiðar. Á síðustu áratugum hefur laufabrauðið áunnið sér fastan sess í jólahaldi þúsunda Íslendinga um allt land.

„Ætla má að þessi ágæti jólasíður hafi borist með fjölskyldum sem fluttu af Norðurlandi í aðra landshluta,“ segir Gísli Þorsteinsson, sölu- og markaðsstjóri Gæðabaksturs.

/MHH

Prentaða útgáfa Hrútaskrárinnar komin út

Hrútaskrá sauðfjársæðinga-stöðvanna veturinn 2021-2022 hefur verið prentuð og er komin í dreifingu. Í komandi sæðingarverti standa 48 úrválskrútar til boða á sæðingastöðvunum, en útsending sæðis hófst í gær, 1. desember og stendur til 21. desember.

Í tilkynningu vegna útgáfunnar kemur fram að þrjátíu hrútar séu hyrmdir af þessum 48 sem eru í boði – þar af einn ferhyndur – en fjórtán kollóttir. Þá eru í skránni tveir feldfjárhútar og loks tveir forystuhútar. „Í hópi þessara hrúta er að finna nítján hrúta sem eru að hefja sinn fyrsta vetur á stöð. Hér ættu því allir sauðfjárræktendur að geta fundið hrút til notkunar sem fellur að þeirra áhuga og kröfum,“ segir í tilkynningunni.

Í Hrútaskránni eru nokkrar greinar, auk þess efnis sem venjulega er í útgáfunni, meðal annars nýlegar greinar um riðuarfgerðir og svo gula skrokkfitu.

Ritstjóri er Guðmundur Jóhannes-

son, ráðunatur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), en lýsingar og umsagnar hrúta skrifuðu þeir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Eyþór Einarsson, Lárus G. Birgisson og Árni Brynjar Bragason.

Dreifingin með ýmsu móti

Guðmundur segir að Hrútaskráin sé prentuð í 2.600 eintökum og dreifing sé með ýmsu móti. „Frá prentsmiðju fer hún um leið og þökkum er lokið með Flytjanda norður, fulltrúar frá Selfossi og Borgarnesi sækja hana í prentsmiðju og svo er henni komið í flug á Egilsstaði.

Þá taka búnaðarsamböndin við keflinu og ýmist senda hana með pósti eða koma henni til manna



með öðrum hætti. Sem dæmi liggur hún frammi í Kaupfélaginu í Borgarnesi.“

Skráin er einnig aðgengileg í gegnum vef RML

Margir aðrir koma að útgáfunni; vinnsla gagna hefur að langmestu leyti verið

í höndum Eyjólf Ingva, Sigurður Kristjánsson sá um prófarkalestur ásamt höfundum lýsinga og Rósa Björk Jónsdóttir um umbrot.

Myndir í skránni eru eftir Höllu Eygló Sveinsdóttur og Anton Torfa Bergsson. Greinar í skránni eru eftir Eyþór Einarsson, Karólínu Elísabetardóttur og Stefaníu Þorgeirsdóttur. Þorsteinn Ólafsson samdi texta um sauðfjársæðingar og beiðli. /smh

Íslensk ullarsæng

Tilvalin til
jólagjafa



Sængurnar fást á lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands



STEEKUR

Vinna jólasveinar heima um jólin?

Eins og margir vita búa jólasveinarnir á ótilgreindum stað á hálandinu. Þeir eru tröll og synir Grýlu og Leppalúði er að öllum líkindum faðir þeirra, en Grýla var ekki við eina fjölinna felld, því áður en hún kynntist Lúða átti hún vingott við Bola og Gust og átti með þeim fjölda tröllabarna.

Í dag eru flestir sammála um að jólasveinarnir séu þrettán og heiti Stekkjastaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottasleikir, Askasleikir, Hurðaskellir, Skyr-gámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttaþefur, Ketkrókur og Kertasníkir.

Frá því að elstu menn muna hafa jólasveinarnir komið til byggða með hávaða og látum í desember og horfið aftur til síns heima að jólahátíðinni lokinni.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins gæti orðið hlé á þessu bróti jólasveinanna á þessu ári og er ástæðan einföld. Grýla og jólasveinarnir eru farin að eldast og hræðast að sjúkast af Covid-19. Þeirra á milli hefur því komið til tals að vinna heima um þessi jól.

Vert er þó að rifja upp fyrir þá sem eru búnir að gleyma því eða hafa aldrei vitað það þá koma jólasveinarnir hingað til byggða í þessari röð.

Stekkjastaur 12. desember,
Giljagaur 13. desember,
Stúfur 14. desember,
Þvörusleikir 15. desember,
Pottaskefill 16. desember,
Askasleikir 17. desember,
Hurðaskellir 18. desember,
Skyrgámur 19. desember,
Bjúgnakrækir 20. desember,
Gluggagægir 21. desember,
Gáttaþefur 22. desember,
Ketkrókur á Þorláksmessu, 23. desember og að lokum **Kertasníkir sem kemur þeirra síðastur á aðfangadag**, 24. desember.

Aður gengu jólasveinarnir undir ýmsum nöfnum sem oft og tíðum voru staðbundin, eins og til dæmis í Fljótnum þar sem nöfnin Pönnuskuggi, Guttormur, Bandaleysir, Lampa-skuggi og Klettaskora koma fyrir, og í Mývatnssveit þekktust nöfn eins og Flórsleikir og Móamangi. Á Ströndum voru þeir þrettán eða fjórtán og báru önnur nöfn en annars staðar á landinu.

Útlit jólasveina er breytilegt í gegnum aldirnar og í eina tíð var sagt að þeir væru í mannsmynd en klofnir upp í háls, með klær fyrir fingrum, kringlóttu fætur og engar tær. Þeir voru sagðir illir að eðlisfari og líkastir þúkum og lifa mest á blótsyrðum manna og óvönduðum munnsöfnuði. Þeir voru sagðir rógsamir og rángjarnir, einkum á börn.

Í dag líkjast þeir fremur fíflalegum og hallærislegum trúðum eða búðarfíflum en ógnvekjandi tröllum.

Upp úr miðri síðustu öld fara jólasveinarnir að mildast og taka á sig alþjóðlega mynd rauðhvíta jólasveinsins. Þeir verða vinir barnanna og færa þeim gjafir í skóinn síðustu dagana fyrir jól og eru ómissandi á jólasemmtunum.

Íslensku jólasveinarnir halda þó þeim síð að vera hávaðasamir og hrekkjóttrir og ekki er laust við að börnin séu enn hrædd við þá. Hræðsla barnanna er fullkomlega eðlileg. Fullorðið fólk hikar ekki við að segja börnunum að þessir ókunnugu ríflega miðaldra offitusjúklingar, sem ganga um í skrytnum rauðum fötum, komi í herbergið til þeirra á nóttinni og taki óþekk börn og þau sem ekki vilja fara snemma í rúmið. Einn þeirra er meira að segja þekktur gluggagægir. *VH*

NYTJAR HAFSINS

Útflutningur sjávarafurða á árinu 2020:

Þorskurinn gaf 132 milljarða

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Sjávarafurðir vega sem fyrr þungt í vöruútflutningi landsmanna. Þorskurinn ber höfuð og herðar yfir aðrar fisktegundir. Miklar sveiflur eru jafnan í útflutningi afurða uppsjávartegunda. Bretland er stærsti kaupandi íslenskra sjávarafurða. Laxinn er í sókn og miklar vonir bundnar við loðnu á næsta ári.

Á árinu 2020 voru fluttar út vörur frá Íslandi fyrir 620,3 milljarða króna, að því er fram kom í frétt á vef Hagstofunnar fyrir nokkru. Þar af skiluðu iðnaðarvörur 298,5 milljörðum, eða um 48% af heild. Á og álafurðir áttu stærstan hlut í útflutningi á iðnaðarvörum.

Verðmæti útfluttra sjávarafurða var rétt tæpir 270 milljarðar, um 43,5% af heild. Er það tæplega 4% hækkun í verðmætum talið frá árinu 2019. Landbúnaðarvörur námu um 35,3 milljörðum en þar var aðallega um eldisfisk að ræða. Aðrar vörur gáfu 16,5 milljarða.

Hér á eftir verður gluggað nánar í útflutningstölur sjávarafurða í talnaefni Hagstofunnar. Einnig verður stuðst við Radarinn, fréttavef Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, en þar er að finna hafsþjó fróðleiks um íslenskan sjávarútveg.

Þorskur með rétt um helming

Um 98% af íslenskum sjávarafurðum eru flutt út og seld á erlendum markaði. Hátt í 50 fisktegundir og annað sjávarfang eru tilgreind í talnagrunni Hagstofunnar um útflutning en vægi þeirra er afar misjafnt. Þær tíu tegundir sem skila mestum verðmætum eru með um 89% af heildarverðmætum sjávarafurða. Sjá meðfylgjandi töflu.

Þorskur ber höfuð og herðar yfir aðrar tegundir. Hann skilaði um 132 milljörðum króna í útflutningstekjur á síðasta ári, sem eru um 49% af útflutningsverðmætum sjávarafurða. Það hlutfall hefur ekki verið svo hátt síðan árið 1987, segir Radarinn. Ýsan er í öðru sæti með 19,7 milljarða og makrill í því þriðja með 18,2 milljarða.

Loðnan, sem lengst af hefur skapað mikil verðmæti, nær ekki inn á topp tíu listann 2020 vegna loðnubrests. Aðeins var flutt út loðna fyrir 2,7 milljarða króna. Í ár réttir loðnan aðeins úr kútnum. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 var útflutningsverðmæti loðnaufurða komið í tæplega 21 milljarð króna.

Á næsta ári stefnir í mjög góða loðnuvertíð. Útflutningsverðmæti loðnu gæti orðið 50 til 70 milljarðar eða meir árið 2022 ef fram fer sem horfir, samkvæmt greiningu Íslandsbanka.

Frysting hefur vinninginn

Sjávarafurðir skiptast í nokkra afurðaflokka sem endurspeglar gamlar og nýjar aðferðir við geymslu matvæla, svo sem herðingu (þurrkun), söltun, frystingu og kælingu.

Hraðfrystingin kom fram á síðustu öld og hefur haft vinninginn um langt skeið sem helsti afurðaflokkurinn. Fluttar voru út frystar afurðir fyrir um 120 milljarða árið 2020, sem er um 44% af heildinni.

Útflutningur á ferskum kældum sjávarafurðum hefur verið í mikilli sókn síðustu áratugi. Ferskar afurðir eru reyndar að mestu bundnar við fáeinar botnfisktegundir. Ferskur fiskur, ísaður og óunninn fiskur meðtalinn, nam um 81 milljarði, eða um 30% af heildinni. Ferskar afurðir eru jafnframt sú vinnsluad-



Netaveiðar.

Mynd / Svava Lovísa Aðalsteinsdóttir.



Þorskur ber höfuð og herðar yfir aðrar tegundir. Hann skilaði um 132 milljörðum króna í útflutningstekjur á síðasta ári, sem eru um 49% af útflutningsverðmætum sjávarafurða.

Mynd / Vilundur Hansen.

ferð sem skila einna mestri verðmættaukningu.

Mjöl og lýsi eru sérstakur afurðarflokkurinn og skipa þriðja sætið með 12% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Gamlar vinnsluáferðir eins og söltun og herðing reka lestina. Söltun með 10% af heildarverðmætum og hertar afurðir með 4%. Annað ótiltekið er innan við 1%.

Misjafnt er eftir tegundum hvaða framléiðsluáferð er valin. Stærstur hluti af þorskinum er unninn í ferskar afurðir. Þar skiluðu um 41% af verðmætum þorskaufurða, frysting var með 35% en söltun 17,5%. Grálúðan er hins vegar nær öll flutt út fryst svo annað dæmi sé tekið.

Bretar kaupa mest

Bretar kaupa mest allra þjóða af fiskafurðum frá Íslandi. Útflutningur þangað var um 48,6 milljarðar á síðasta ári sem er um 18% af heildinni. Frakkland kemur þar á eftir með 36,4 milljarða og Bandaríkin eru í þriðja sæti með 23,3 milljarða. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu.

Franski markaðurinn hefur verið í mikilli sókn síðustu árin. Þangað hafa leitað í vaxandi mæli ferskar afurðir, einkum þorskaufurðir. Meira er flutt út af þorski til Frakklands en Bretlands. Frakkar keyptu þorsk fyrir 28,3 milljarða, þar af ferskar afurðir fyrir 23,9 milljarða. Bretar keyptu þorsk fyrir 22,5 milljarða, þar af voru ferskar afurðir einungis 4,1 milljarður.

Sú var tíðin að Bandaríkin voru einna mikilvægust fyrir íslenskar sjávarafurðir. Aðrir markaðir reyndust síðan hag-

Útflutningur sjávarafurða 2020

verðmæti eftir löndum		
Röð	Land	Verðmæti/FOB í þúsundum kr.
1.	Bretland	48.580
2.	Frakkland	36.436
3.	Bandaríkin	23.253
4.	Spánn	19.889
5.	Noregur	17.997
6.	Þýskaland	14.985
7.	Holland	14.334
8.	Portúgal	11.899
9.	Nígíría	8.796
10.	Kína	8.603
Tíu stærstu samtals:		204.772
Öll lönd samtals:		269.916

Heimild: Hagstofa Íslands

Tíu verðmætustu fisktegundir í útflutningi 2020

Röð	Tegund	Verðmæti/FOB í þúsundum kr.
1.	Þorskur	131.877
2.	Ýsa	19.735
3.	Makrill	18.169
4.	Síld	14.379
5.	Karfi	12.922
6.	Ufsi	11.184
7.	Kolmunnir	10.863
8.	Rækja	9.010
9.	Grálúða	7.282
10.	Steinbítur	3.597
Tíu hæstu samtals:		239.018
Allar tegundir samtals:		269.917

Heimild: Hagstofa Íslands

ofarlega á blaði en þangað fer megnið af hertum fiski sem Íslendingar framleiða.

Sveiflur í uppsjávartegundum

Sjávarafurðum er gjarnan skipt eftir því hvort um afurðir sé að ræða sem unnar eru úr botnfiski, flatfiski, uppsjávartegundum eða skelfiski.

Útflutningsverðmæti botn- og flatfiskafurða nam tæplega 207 milljörðum króna á árinu 2020, að því er fram kemur á Radarinn. Útflutningsverðmæti uppsjávartegunda var rúmlega 46 milljarðar króna. Hlutdeild uppsjávartegunda í útflutningsverðmæti sjávarafurða í heild var rétt rúm 17% á árinu 2020. Á þessari öld hefur hlutdeild uppsjávartegunda mest farið í 30% (árið 2013) en lægst í rúm 13% (árið 2004).

Verðmæti skelfiskafurða, það er krabba og skeldýra, var rúmum 10 milljarðar króna á árinu og dróst saman um tæp 21% á milli ára. Vægi þeirra í útflutningsverðmæti sjávarafurða alls var tæp 4%.

Fiskur á pari við álið og iðnaðinn

Á Íslandi er fiskeldi, jafnt í sjókvíum sem landeldi, flokkað með landbúnaðarvörum í opinberum hagtolum eins og nefnt var hér að framan en ekki með verðmætum sjávarafurðum ólíkt því sem gerist í Noregi til dæmis.

Fiskeldi hér á landi hefur verið í örums vexti. Á árinu 2020 var eldisfiskur fluttur út fyrir 29,3 milljarða króna samkvæmt tölum Hagstofunnar, þar af var lax 22,6 milljarðar. Ljóst að laxinn náði því marki að vera annar verðmætasti fiskurinn í útflutningi á síðasta ári og kemur þá næst á eftir þorskinum.

Á síðustu öld voru sjávarafurðir með yfirgnæfandi stöðu sem verðmætasta útflutningsvara landsins. Í lok tíunda áraugar þessarar aldar skákadi álið og annar iðnvarningur fiskinum og hefur æ síðan skilað mestum verðmætum. En ef eldisfisknum er bætt við sjávarafurðir, sem eðlilegt væri að gera, þá skila þau samanlagt um 299,2 milljörðum króna, eða 48% af heildarvöruútflutningi. Fiskurinn, jafnt villtur sem alinn, og annað sjávarfang er því í raun á pari við iðnaðarvörur og álið þegar kemur að útflutningstekjum á árinu 2020.

Stofnmat og ráðgjöf á landsel 2021:

Landselastofninn við sögulegt lágmark

Hafrannsóknastofnun leggur til að beinar veiðar á landsel verði áfram takmarkaðar og að grip-ið verði til frekari aðgerða til að draga úr meðafli landsels við netaveiðar, til að stuðla að því að stofnstærð nái aftur stjórnunarmarkmiðum stjórnvalda.

Jafnframt leggur stofnunin til að reynt verði að takmarka möguleg truflandi áhrif af athöfnum manna á landsel, sérstaklega yfir maí til ágúst þegar kæping og háraskeipti eiga sér stað.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar byggir á mati á stærð landselastofnsins við Ísland sem Hafrannsóknastofnun vann í samvinnu við Selasetur Íslands. Matið byggir á talningum sem fram fóru sumarið 2020.

Þróun landselastofnsins

Fjöldi landsela var metinn um 33 þúsund dýr árið 1980 en ört fækkaði í stofninum fram til 1989 og var þá kominn niður í um 15 þúsund dýr. Mat á stærð stofnsins eftir talningu sem gerð var 2020 er 10.319 dýr og samkvæmt því er stofninn nú 69% minni en árið 1980 og 14% undir stjórnunarmarkmiðum stjórnvalda sem er 12 þúsund dýr.

Benda niðurstöður undanfarinna ára til þess að stærð stofnsins sé nálægt sögulegu lágmarki.

Veiðar háðar leyfi

Samkvæmt reglugerð um bann við selveiði sem var innleidd 2019 eru allar selveiðar óheimilar á íslensku forráðasvæði, í sjó, ám og vötnum, nema að fengnu sérstöku leyfi



Guðni Ágústsson:

Guðni Ágústsson: Aftur ráðherra landbúnaðar

„Þetta er spennandi verkfæri og tækifæri til þess að lyfta íslenskum landbúnaði,“ segir Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, sem er að byrja með hlaðvarpsseríu hjá Mannlífi. Þáttaröðin heitir Landbúnaðarráðherra Mannlífs.

Guðni mun einbeita sér að viðmælendum sem tengjast landbúnaði og framtíð sveitanna.

„Störf bóndans, landbúnaðurinn og öll þau tækifæri sem hann gefur þessari þjóð eru mitt hjartans mál. Viðmælendur mínir munu með þekkingu sinni og hugsjónum marka ný spor,“ segir Guðni.

Fyrsti þátturinn af Landbúnaðarráðherranum verður sendur út á sunnudag á mannlíf.is og vikulega þar eftir. Þátturinn er sendur út sem Vef-TV og einnig sem hlaðvarp á öllum helstu streymisveitum.

frá Fiskistofu til selveiða til eigin nytja. Öll sala og markaðsfærsla á íslenskum sel og selaafurðum er einnig bönnuð.

Afföll vegna óbeinna veiða, til dæmis meðafli við fiskveiðar, eru umtalsverð og líklegt að helsta dánarorsök íslenskra landsela sé vegna þess. Takmörkuð gögn eru til um óbeinar veiðar, en mat sem unnið er úr gögnum sem safnað er



Grásleppuveiðar eru líklega helsta dánarorsök íslenskra landsela.

Mynd / HKr.

af veiðieftirlitsmönnum og úr stofnmælingu með þorskanetum bendir til að á árunum 2014 til 2018 hafi að meðaltali veiðst 1.389 landselir

árlega í grásleppunet.

Metinn meðafli landsels í þorskanet og botnvörpu er mun minni og mun meiri óvissa er í

kringum matið í þau veiðarfæri. Á árunum 2014 til 2018 er áætlað að 15 selir hafi veiðst í þorskanet árlega og landselir í botnvörpu. /VH

BÆNDUR ERU FREMSTIR Í ENDURVINNSLU

Fyrsta skref við endurvinnslu á heyrúlluplasti er að huga að gæðum þess til endurvinnslu við kaup. Þar skiptir litaval máli.

Eftir notkun þarf að ganga vel um heyrúlluplastið og sundurgreina það frá öðrum úrgangi. Minnka umfang þess og gæta að geymslu fyrir hirðu.

Þessi fyrstu skref við meðhöndlun skipta miklu máli við endurvinnslu á heyrúlluplasti.

Hringrásarhagkerfið byrjar á þínu býli.



ÚRVINNSLU
SJÓÐUR

LANDSJÁ

Nýr ráðherra með leiðarvísi

Ríkisstjórnar- og ráðherraskipti boða alltaf nýtt upphaf þótt margt fari öðruvísi en ætlað er áður en varir. Ný pólitísk forysta tekur við málaflökki landbúnaðarins í öðru ráðuneyti **Katrínar Jakobsdóttur**. Lyklaskipti voru í ráðuneytinu við Skúlagötu á mánudaginn, þar sem Svandís Svavarsdóttir tók við lyklavöldum af Kristjáni Þór Júlíussyni. Hún er þekkt fyrir að vera atkvæðamikil sem ráðherra.

Ítarleg aðgerðaáætlun

Það er fagnaðarefni hversu ítarleg aðgerðaráætlun fylgir stjórnarsáttmálanum og því höfum við allnokkurn leiðarvísi um hvert þessi stjórn hyggst stefna í matvæla- og landbúnaðarmálum. Landbúnaðarstefna fyrir Ísland verður lögð fram á fyrri hluta kjörtímabilsins og byggð á grunnnum umræðuskjals sem varð til undir lok síðasta þings. Einnig er það vel að ráðast eigi í heildstæða endurskoðun á fyrirkomulagi matvæla- og heilbrigðiseftirlits. Allir sem hafa komið að landbúnaði og matvælum þekja hversu mótsagnakennt það getur reynst að eiga við opinberar eftirlitsstofnanir sem í grunninn túlka sömu löggjöfina án þess að henni sé beitt á sama hátt í öllum sveitarfélögum. Þetta þarf að samræma. Þá er ljóst að til þess að tryggja fæðuöryggi þarf að stórauka og efla grænmetis- og kornrækt í landinu. Samkvæmt skýrslu um fæðuöryggi sem kom út fyrir á þessu ári er fæðuöryggi Íslands lakast þegar kemur að kornmeti, hvort sem er fyrir menn eða skepnur.

Afkomutrygging í kornrækt

Þó að hnattlega Íslands setji kornframleiðslu ákveðnar skorður eru aðstæður til landbúnaðar á Íslandi mun hagfelldari en ætla má af opinberri umræðu, vaxtartími er langur og framleiðni mikil vegna langrar ljóslotu. Íslenskur jarðvegur er afar frjósamur þótt hann sé einnig viðkvæmur og rofgjarn. Auk þess eru mikil tækifæri til að bæta ræktunarmöguleika með nútímalegum plöntukynbótum, með landbótum, t.d. skjólbeltarækt, og með bættum ræktunaraðferðum. Því er mikilvægt að setja strax af stað vinnu sem hefur það að markmiði að setja fram tillögur um hvernig best megi efla kornrækt. Um það er talað í stjórnarsáttmála, að heildstæð og tímasett aðgerðaráætlun verði mótuð um eflingu akuryrkju. Þar hlýtur að verða kannað hvernig það stuðningskerfi sem er til staðar fyrir landbúnað sé aðlagð að þeim markmiðum að efla kornrækt. Þar er margt sem hægt er að gera, en fyrst og fremst tel ég að huga þurfi að einhvers konar afkomutryggingu fyrir þá sem stunda ræktun á korni. Slíkar fyrirmyndir eru til erlendis frá og þarf að greina hvernig hægt sé að koma þeim á fót hér á landi. Öðrum kosti er ólíklegt að bændur taki þá



Kári Gautason.

áhættu að fara í stórfellda kornrækt ef ekki er tryggt með einhverjum hætti að þeir séu ekki launlausir ef svo illa fer að uppskera spillist.

Lofslagsvænn landbúnaður

Rannsóknunum fleygir fram á mörgum vígstöðvum í baráttunni við að draga úr losun landbúnaðar á gróðurhúsalofttegundum. Til þess að unnt verði að taka nýjustu tækni og nýjustu þekkingu í notkun á íslenskum búum þarf að vera til markviss þekkingarmiðlun. Þar gefur verkefnið loftslagsvænn landbúnaður gott fordæmi. Sams konar metnaðarfull verkefni þyrftu að fara af stað til þess að gera gróffóðuröflun eins skilvirkra og hugsast getur þannig að draga megi úr notkun á áburði og þannig minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Landnýtingarmál í sama ráðuneyti

Þá eru mikil tækifæri í því fólgin að landnýtingarmál séu nú öll í sama ráðuneytinu. Með nýjum áherslum á bindingu kolefnis í gróðri má ætla að mikil tækifæri séu fyrir nýja búgrein í landinu, kolefnisbændur. Útfæra á ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði. Slíkt er forsenda fyrir því að hægt sé að selja þá vöru þeim aðilum sem vilja jafna út þeirri losun sem þeir ekki geta jafnað sjálfir. Hægt er að hugsa sér marga möguleika í þeim efnum. Nokkurs konar samlagsfélag bændu gæti séð um utanumhald, útvegum vottunaraðila og samtengingu kaupenda og seljenda. Þannig gætu kolefnisbændurnir sjálfir lagt fram land og vinnu við að setja niður plöntur. Gróðarlegur vöxtur er í svokölluðum valfrjálsum kolefnismörkuðum um heim allan og því er mikilvægt að hafa hraðar hendur til að grípa þau tækifæri. Annars munu fyrirtæki leita á alþjóðlega markaði og þar með glatast störf sem annars hefðu getað orðið til í íslenskum sveitum.

Kári Gautason
Höfundur er sérfræðingur í úrvinnslu hagtalna hjá Bændasamtökum Íslands.

FRÉTTIR



Fjölmenntur fundur var haldinn í húsaáskynnum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri þann 18. nóvember síðastliðinn. Myndir / Lbhí.

Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst: Nýsköpunar- og þróunarsetur verði byggt upp á Vesturlandi

– Byggi á sjálfbærni og umhverfisvænum landbúnaði og matvælaframleiðslu

Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa tekið höndum saman um að á Vesturlandi byggist upp nýsköpunar- og þróunarsetur á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni, ferðamála og nýtingu náttúrugæða að leiðarljósi.

Þetta er í samræmi við sýn ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur. Hún telur að þörf sé á því að hér á landi verði til öflug stofnun sem styrkir samvinnu og nýsköpun á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu með umhverfis- og loftslagsmál að leiðarljósi.

Mikilvægt að fá alla að borðinu þegar horft er til framtíðar

Fjölmenntur fundur var haldinn í húsaáskynnum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri þann 18. nóvember síðastliðinn með aðilum frá fyrirtækjum og stofnunum sem lýst hafa yfir áhuga á að styðja við uppbyggingu nýsköpunar- og þróunarseturs háskólasamfélagsins á Vesturlandi. Um 30 manns mættu til að ræða um framtíð íslensks landbúnaðar og matvælaframleiðslu með sjálfbærni og umhverfismál að leiðarljósi.

Mikill hugur var í þátttakendum sem allir lýstu yfir áhuga á að vera í öflugu samstarfi við háskólana tvo á Vesturlandi í að móta aðgerðaáætlun og framtíðarsýn fyrir matvælaframleiðslu Ísland með áherslu á landbúnað.

Forsvarsmenn frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Orkustofnun, Landsvirkjun, Bændasamtökum Íslands, Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins, Háskóla Íslands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Borgarbyggð, Breið þróunarfélag, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Hugheima, Orkídeu, Auðnu tæknitorgi og Íslandsstofu tóku þátt í fundinum auk fulltrúa Landbúnaðarháskólans og Bifrastar.

Ísland hefur alla burði til að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar matvælaframleiðslu

Að sögn Áshildar Bragadóttur, nýsköpunar- og þróunarstjóra Landbúnaðarháskóla Íslands, sem meðal annarra hefur unnið að undirbúningi stofnunar nýsköpunar- og þróunarsetursins er framtíð íslensks landbúnaðar og matvælaframleiðslu björt. Tækifærin liggja meðal annars í því að horft sé til þeirra sóknarfæra sem felast í hreinni orku og auðlindum íslenskrar náttúru. Hagnýting nýrrar



Frá vinnufundum á Hvanneyri.

tækni, sjálfvirknivæðing, vöruþróun og nýsköpun í öllu starfsumhverfi landbúnaðar getur skipt greinina miklu máli og haft gróðarleg áhrif á tækifæri Íslands á sviði sjálfbærrar matvælaframleiðslu. Þannig velja neytendur um allan heim matvæli út frá þáttum eins og gæðum og umhverfisvitund og uppruni matvæla skiptir neytendur sífellt meira máli.

Áshildur bendir einnig á að íslensk matvæli séu þekkt á erlendum mörkuðum fyrir að vera fyrsta flokks og áherslan á lúxusferðamennsku hefur gert það

að verkum að fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim með það fyrir augum að njóta þess besta sem landið hefur upp á að bjóða.

„Það var virkilega ánægjulegt að finna að fjölmargir deila þeirri sýn sem við höfum til þessara greina atvinnulífsins, en á sama tíma er mikilvægt að til staðar sé stuðningur við nýsköpun og þróun á þessu sviði. Með stuðningi tveggja öflugra háskóla á Vesturlandi teljum við nýsköpunar- og þróunarsetrinu vel komið fyrir á þessu landsvæði þó setrið muni þjóna landinu öllu,“ segir Áshildur að lokum. /AB/HKR

Bændablaðið

Kemur næst út 16. desember

Laxeldi í sjókvíum:

Rökstuddur grunur um blóðþorra

Veira sem getur valdið sjúkdómum blóðþorra í laxi, **Infectious salmon anaemia**, hefur greinst í eldisfiski úr sjókví Laxar fiskeldis ehf. í Reyðarfirði. Ef greiningin sem nú liggur fyrir reynist rétt er þetta í fyrsta sinn sem sjúkdómsvaldandi afbrigði ISA-veirunnar greinist í laxi hér á landi.

Matvælastofnun hefur í varúðarskyni sett dreifingarbann á starfstöð fyrirtækisins við Gripaldi í Reyðarfirði sem mun gilda þar til slátrað hefur verið úr sjókvíunum og svæðið sett í hvíld.

Stökkbreytt afbrigði

Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að góðkynja afbrigði veirunnar er mun útbreiddara en áður var talið og finnst að öllum líkindum alls staðar í umhverfi laxa, bæði hjá villtum laxi og í eldisumhverfi. Lengi hefur legið fyrir og staðfest að hið góðkynja afbrigði veirunnar er til staðar hér við land og hefur eflaust fylgt laxi frá örófi alda. Þess ber einnig að geta að klínísk einkenni hafa aldrei verið staðfest í villtum laxi á heimsvísu, jafnvel þó hin meinvirka gerð veirunnar hafi verið einangruð úr slíkum fiski.

Sérfræðingum ber saman um að hið meinvirka afbrigði verði til við stökkbreytingu á hinu meinlausa afbrigði. Slíkar stökkbreytingar eru afar sjaldgæfar, en árleg áhætta á sýkingu með stökkbreyttu meinvirku afbrigði hefur verið reiknað til 0,7% fyrir dæmigert sjókvíaeldisvæði.

Tilheyrir influensuveirum

Á heimasíðu Mast segir að ISA-veiran tilheyrir influensuveirum af fjölskyldunni Orthomyxoviridae og búi yfir flestum þeim eiginleikum influensuveira sem við þekkjum frá bæði spendýrum og fuglum og er stundum kölluð laxaflensa. Tvö afbrigði veirunnar eru þekkt. Annað er meinvirkt og veldur misalvarlegri sýkingu og afföllum en hitt er góðkynja afbrigði sem aldrei veldur sjúkdómi eða tjóni.

Vandamál hjá fjölda laxeldisþjóða

Frá því fyrsta tilfelli blóðþorra var staðfest í Noregi árið 1984 hefur veiran einnig valdið klínískum sjúkdómi hjá fjölmörgum öðrum laxeldisþjóðum. Næstu greiningar áttu sér stað í Kanada 1996, Skotlandi 1998, Færeyjum 2000, USA 2001, Síle 2001 og Írlandi 2002. Síðasta tilfelli í Færeyjum átti sér stað 2016/17 þegar klínísk sýking kom upp í stakri kví en allur annar fiskur reyndist heilbrigður og var slátrað til manneldis. Veiran er skaðlaus mönnum og berst ekki með fiskafurðum.

Krufning vegna óútskýrðra affalla

ISA-veiran uppgötvaðist hjá Laxar fiskeldis ehf. í Reyðarfirði við krufningu og sýnatöku í kjölfar

vaxandi óútskýrðra affalla í kví G7. Ákvörðun hefur verið tekin um að aflífa lax úr viðkomandi kví við fyrsta tækifæri og farga úrgangi með tryggum hætti. Lax sem alinn er í öðrum kvíum á eldisvæðinu virkar heilbrigður, fóðrun eðlileg og vöxtur góður. Fiskur í nágrannakvíum verður settur undir hert eftirlit og skimanir af öryggisástæðum.

Unnið að staðfestingu

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum vinnur nú að nánari

staðfestingu og skilgreiningu á arfgerð veirunnar. Í fyrstu verða greind veirusýni send til Leipzig í Þýskalandi til sérstakrar raðgreiningar, en einnig verður unnið í samvinnu við rannsóknastofu Evrópusambandsins í veirusjúkdómum lagardýra í Danmörku.

Greining veirunnar nú ítrekar mikilvægi vöktunar og smitvarna til að viðhalda góðri sjúkdómastöðu héraðs og fyrirbyggja að sjúkdómur á borð við blóðþorra komi upp og nái fótfestu í eldi.

/VH



Sérfræðingum ber saman um að hið meinvirka afbrigði verði til við stökkbreytingu á hinu meinlausa afbrigði. Mynd / fao.org

5. KYNSLÓÐ DRÁTTARVÉLA FRÁ VALTRA

– FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRDUSTU

Valtra er 70 ára og við erum rétt að byrja. Okkar leið til að fagna áfanganum er að tryggja að þín upplifun af Valtra dráttarvél sé sem best. Það er okkar tilgangur.

5. kynslóð hinna margverðlaunuðu A, N og T Series dráttarvéla hafa fengið stórar uppfærslur og eru stútfullar af tækninýjungum til að gera líf þitt auðveldara. Hafðu samband og upplifðu Valtra gæði og þægindi!

A SERIES
75-135 HÖ



if DESIGN AWARD 2021

C SERIES
105-135 HÖ

N SERIES
135-201 HÖ



T SERIES
155-271 HÖ

VALTRA



YOUR WORKING MACHINE

Austurvegur 69 | 800 Selfoss | Sími 480 0400 | aflvelar.is



Bændablaðið

Kemur næst út

16.
desember

Dreift í 32
þúsund eintökum
á yfir 420
dreifingarstaði

FRÉTTASKÝRING

Norðmenn taka upp harðar ráðstafanir vegna fuglaflensu sem komin er upp í alifuglaeldi í landinu:

Fuglaflensa breiðist út í Evrópu og Asíu og hefur smitað fólk í Kína

– Smit hjá mönnum talið mun alvarlegra en af Covid-19 en er samt enn ekki farið að berast manna á milli

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Um miðjan nóvember barst Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE), fjölmargar tilkynningar um alvarleg tilfelli fuglaflensu í Evrópu og Asíu. Þykir það til marks um að fuglaflensuvírusinn sé nú farinn að breiðast hratt út að nýju. Ótti er við að afleiðingin kunni að verða slátrun á milljónum alifugla sem yrði áfall fyrir alifuglaræktina sem og kjötmarkaði víða um lönd.

Útbreiðsla fuglaflensu hefur sett alifuglaiðnaðinn í viðbragðsstöðu eftir að fyrri faraldrar leiddu til þess að tugmilljónum fugla var slátrað. Dæmi um slíkt er hjá frændum okkar Dönnum og nú er fuglaflensan einnig farin að herja á norsk alifuglabú. Í Noregi kom upp smit af H5N1 fuglaflensustofni í 7.000 fugla búi á Rogaland-svæðinu suður af Stafangri.

Smit af H5N6 stofni hefur borist í fólk í Kína


Alþjóðadýraheilbrigðismálastofnunin segir að það hafi vakið athygli faraldsfræðinga að undanfögnu að H5N6 afbrigði fuglaflensuvírussins geti borist í menn. Í Kína hefur greinst sýking í mönnum í 21 tilfelli af H5N6 vírusnum það sem af er ári. Það eru fleiri tilfelli en allt árið 2020. Er talið að í öllum tilvikum hafi fólk smitast við snertingu við fugla. Í það minnsta 10 þessara tilfella var vírusinn erðafraðilega mjög skyldur H5N8 vírusnum sem breiddist á milli alifuglabúa í Evrópu á síðastliðnum vetri. Sérfræðingar telja því líklegt að afbrigðið H5N6 sem hefur orsakað smit í mönnum í Kína sé nýtt afbrigði af H5N8 vírusnum, að því er fram kemur í frétt New York Post.

Á árunum 2013 til 2017 smitaði annað afbrigði fuglaflensu sem nefnt var H7N9 meira en 1.500 manns í Kína. Fólkíð hafði lent í náinni snertingu við sýkt hænsni. Með þá reynslu í farteskinu kom það yfirvöldum ekki á óvart að sjá einstaka tilfelli af ýmsum fuglaflensustofnum berast í menn. Er því fylgst náið með því hvort einhver merki séu um að smit berist á milli manna.

Verður H10N3 að næsta alheimsharmleik?

Í umfjöllun á vefsíðu pharmlive.com þann 8. júní síðastliðinn velta menn fyrir sér hvort fuglaflensuafbrigðið H10N3 sem fannst í 41 árs gömlum manni í Jiangsu héraði í Kína í maí geti orðið að næsta heimsfaraldri sem mannkynið þurfi að glíma við. Maðurinn er talinn hafa fengið vírusinn í sig 23. apríl, en hann var lagður inn á sjúkrahús þann 28. apríl. Það var þó ekki fyrr en mánuði seinna að greint var að maðurinn væri smitaður af fuglaflensuvírus H10N3. Það var svo í byrjun júní sem kínverska heilbrigðiseftirlitið tilkynnti að maðurinn væri tilbúinn til útskrifast af sjúkrahúsi, að því er sagði í umfjöllun The Wall Street Journal. Ekki fengust upplýsingar um hvernig maðurinn smitaðist af H10N3 vírusnum en almenningi var þó ráðlagt að forðast snertingu við sjúka alifugla.

Þessi ráðgjöf var byggð á fyrri uppkomu annarra stofna fuglaflensu – einkum asísku afbrigðin H7N9 og



Fuglaflensusmit í alifuglaeldi í Noregi og Danmörku getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska alifuglabændur ef veiran breiðist frekar út.

H5N1. Smit vegna þeirra afbrigða áttu sér stað eftir nána snertingu við sýkta alifugla, samkvæmt upplýsingum Söttvarnamiðstöðvar Bandaríkjanna (Centers for Disease Control & Prevention - CDC).

Enn sem komið er eru engar vísbendingar um að H10N3-stofninn smitist á milli manna og kínversk stjórnvöld segja að smitakning hafi ekki leitt í ljós önnur tilvik.

Hafa menn borið þessi viðbrögð saman við viðbrögð yfirvalda í Kína þegar þau uppgötvuðu að Covid-19 vírusinn væri að verða að faraldri í Wuhan. Bent er á að sagan sýni að kínversk yfirvöld hafi tilhneigingu til að tala niður mögulega útbreiðslu faraldra.

Bráðsmitandi fuglaflensa tilkynnt í átta Evrópuríkjum í haust

Átta Evrópuríki hafa tilkynnt um bráðsmitandi fuglaflensutilfelli (HPAI) í alifuglum síðan um miðjan október síðastliðinn. Þar eru fyrstu vísbendingar um að veturinn 2021-2022 verði annar erfiði veturinn í alifuglaræktinni í álfunni.

Í heild tilkynnt um smit í 19 Evrópulöndum í alifuglum það sem af er ári

Þann 7. nóvember höfðu alls 1.219 tilfelli HPAI smits í alifuglum verið tilkynnt í 19 Evrópuríkjum það sem af er þessu ári. Þetta er samkvæmt nýjustu uppfærslu dýrasjúkdómaupplýsingakerfis framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hafði þá tilfellum fjölgað um 27 frá 23. október og komu þau upp í Danmörku, Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi og í Póllandi og flest af veirustofni H5N1. Til samanburðar voru alls 442 tilfelli af HPAI veiru í alifuglum skráðar í gegnum kerfi ESB allt árið 2020. Á því ári komu upp smit í 16

ríkjum og varð Ungverjaland þá verst úti með 273 tilfelli.

Smittifelli í villtum fuglum í Evrópu hafa meira en tvöfaldast á milli ára

Í byrjun nóvember var búið að tilkynna um smit í 1.790 villtum fuglum í 29 Evrópulöndum það sem af er ári. Hafði smittifellum þá fjölgað um 57 frá því 23. október. Til samanburðar var samtals tilkynnt um 756 fuglaflensusmit í villtum fuglum í 13 Evrópuríkjum allt árið 2020. Því til viðbótar hefur verið tilkynnt um smit í villtum fuglum á Rostov-svæðinu í Rússlandi.

Smit á búum með tugum þúsunda kalkúna, varphænsna og kjúklinga á Ítalíu

Samkvæmt gögnum OIE þá kom smit upp í fimm kalkúnaeldisbúum í Verona- og Veneto-héruðum á Ítalíu sem hvert um sig var með 15-40 þúsund fugla. Þá kom upp smit

á búi með 184 þúsund varphænum og öðru með 85.000 kjúklinga í eldi. Smittifelli undanfarna þrjá mánuði varða alifuglabú með samtals 646.000 fugla.

Þá hefur einnig verið tilkynnt um fuglaflensusmit í Wales í Bretlandi og í Skotlandi. Þá eru yfirvöld í Frakklandi í viðbragðsstöðu.

Í Danmörku kom upp smit á búi með 27.600 kalkúnum í Slagelse á Sjálandi í haust. Innan nokkurra daga frá því smitið uppgötvaðist hafði fuglahöpur í bakgarði í minna en eins kílómetra fjarlægð einnig smitast. Er þetta dálítið sérstakt í ljósi þess að Danir lýstu því yfir í júlí í sumar að þeir væru lausir við öll fuglaflensusmit í dönsku alifuglaeldi eftir að smit kom upp í landinu fyrravetur.

Fuglaflensusmit berst í alifugla í Noregi

Í Noregi kom upp smit af H5N1 fuglaflensustofni í 7.000 fugla búi á Rogaland-svæðinu sem nær frá

Haugasundi í norðri og niður undir Flekkufjörð í suðri. Í nóvember og í desember 2020 fundust farfluglar á sama svæði sem smitaðir voru af fuglaflensuvírus H5N8. Afbrigðið H5N1 er afbrigði af H5N8. Þó smitið sem nú hefur fundist í Noregi sé talið hafa veikari smiteiginleika en H5N8, þá taka menn þessum tíðindum af fullri alvöru.

Hættusvæði lýst yfir í Jæren í suðvesturhluta Noregs

Smitandi fuglaflensa hefur greinst í alifuglabúi í sveitarfélaginu Klepp í Rogalandi, eða nánar tiltekið á Jæren-svæðinu suður af Stafangri. Smithætta fyrir menn er talin mjög lítil, en norska matvælaeftirlitið hefur lýst hættusvæði í kringum alifuglabú þar sem sannað þykir að sýking hafi komið upp. Því til viðbótar hefur verið tekið upp útgöngubann frá þessu svæði og bannað er að flytja þaðan egg og kjöt að því er fram kemur á vefsíðu Landbrug 24.

Matvælaeftirlit Noregs hefur komið á fót hættusvæði í þriggja km radíus í kringum búið þar sem smit hefur greinst. Þá er varúðarsvæði í 10 km radíus út frá búinu. Auk þess er áhersla lögð á sérstakar reglur fyrir eigendur eldisfugla og annarra fugla eins og páfagauga. Um þá fugla gildir eftirfarandi:

- Allir alifuglar og aðrir fuglar sem eru í haldi verða að vera einangraðir í sínum rýmum. Ef það er ekki mögulegt eða er óafsakanlegt vegna velferðar dýra skal geyma fuglana þar sem þeir komast ekki í snertingu við aðra alifugla eða búfénað eða villta fugla.

Þetta þýðir líka að ekki má vera með hænur eða aðra alifugla í opnu rými í lokuðum netgirðingum utanhúss sem villtir fuglar geta sest á.



Útbreiðsla fuglaflensu vekur auknar áhyggjur víða um heim.

Mynd / FAO

- Á alifuglabúum verður einnig að skrá allar hreyfingar fólks inn og út úr alifuglabúum, ef þörf verður á smitakningu.
- Þá verður að búa til smitgildir og ganga úr skugga um að sótt-hreinsiefni séu notuð við alla innganga og útganga.
- Gangna verður úr skugga um að fólk sem kemur í eða yfirgefur búíð hafi uppi nauðsynlegar smitvarnir til að forðast útbreiðslu fuglaflensu.
- Meðhöndla skal alla dauða alifugla og aðra fugla sem eru í haldi í samræmi við ráðleggingar norska matvælaeftirlitsins.

Þá segir í leiðbeiningum stjórnvalda að hafa eigi tafarlaust samband við Matvælaeftirlit Noregs ef einkenni fuglaflensu koma upp. Einkenni fuglaflensu geta verið:

- Fuglar sem deyja skyndilega.
- Fuglar verpa færri eggjum en venjulega.
- Fuglar éta og drekka minna en venjulega.
- Almenn breyting er á hegðun í hjörðinni.

Á áhættusvæðinu gilda strangar bannreglur:

- Bannað er að flytja af svæðinu alifugla, aðra fugla í haldi, útungunaregg, egg til neyslu eða alifuglaskrokka. Bannið gildir ekki um egg sem keypt eru í verslun eða þess háttar.
- Bannaður er flutningur alifuglakjöts eða á vörum sem innihalda slíkt kjöt frá sláturhúsum, úr kælum eða frystum, nema kjötið eða vörurnar séu:

- a) Framleitt úr alifuglum sem eru upprunnar utan áhættusvæðisins og geymdir og

fluttur aðskildir frá kjöti af alifuglum upprunnin á svæðinu.

- b) Framleitt að minnsta kosti 21 degi áður en líklegt er að smit hafi borist í búfé á áhættusvæði og geymt og flutt aðskilið frá alifuglakjöti sem framleitt er eftir þann tíma.
- c) Meðhöndlað þannig að veirur drepist og séu geymdar og fluttar aðskildar frá kjöti sem getur innihaldið veirur.

Reglur Matvælaeftirlits Noregs eru mjög ítarlegar. Þar er þó tekið fram að bannið nái ekki til húsdýra af spendýraflokki sem eru eingöngu haldin í íbúðarhúsum og komast ekki í snertingu við alifugla.


Eða aðra fugla í haldi og hafa ekki aðgang að svæðum þar sem þeir eru haldnir. Þá segir að:

- Bannað sé að flytja eða dreifa úrgangi eða áburði frá búfé hjá alifuglum eða öðrum fuglum í haldi.
- Bannað sé að skipuleggja markaði, sýningar, keppnir eða aðrar samkomur þar sem alifuglar eða aðrir fuglar eru hafðir í haldi.
- Setja eigi út fuglagildir.

Bann við flutningum á vörum frá sýktum búum gildir þó ekki um flutninga sem þurfa að fara í gegnum hættusvæði án þessa að stoppa. Hægt er að sækja um undanþágu frá bönnunum til matvælaeftirlitsins á staðnum.

Þá gilda einnig sérstakar og ítarlegar reglur um varúðarsvæði sem lýst hefur verið í kringum skilgreint hættusvæði.

Þar er m.a. skylt að ganga úr skugga um að fólk sem kemur að, eða yfirgefur bú, sé með nauðsynlegar smitvarnir til að forðast útbreiðslu fuglaflensu.



Kort FAO af útbreiðslu hinna ýmsu afbrigða fuglaflensuveirunnar.

Dánartíðni vegna fuglaflensu smits hjá mönnum sögð vera yfir 50%

Miðstöð sjúkdómavarna í Bandaríkjunum hefur einnig brugðist við aukinni útbreiðslu fuglaflensunnar og hefur varað fólk við að snerta smitaða fugla. H5N6 afbrigði fuglaflensuvírussins geti þegar borist í menn í Kína. Er fuglaflensa sem smitast í menn sögð sérlega hættuleg þar sem dánartíðni smitaðra er sögð vera yfir 50%.

Til samanburðar er dánartíðni vegna Covid-19 samkvæmt tölum Johns Hopkins háskóla „einungis“ um 0,2% á Íslandi þar sem hún er lægst ásamt Burundi og Laos og upp í 19,4% í Yemen þar sem dánartíðin er langt yfir því sem þekktist annars staðar. Þá hefur dánartíðin vegna Covid-19 verið um 0,4% í Noregi, 0,6% í Danmörku, 0,7% í Finnlandi, 1,3% í Svíþjóð, 1,6% í Bandaríkjunum, 1,6% í Bretlandi og 1,9% í Þýskalandi.

Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (World Health Organization - WHO) hefur af þessu miklar áhyggjur og

kallar eftir frekari rannsóknum. Enn sem komið er hefur þó ekki verið upplýst um nein tilfelli þar sem fuglaflensuafbrigðið H5N6 hafi borist á milli manna.

Berst með farfuglum

Faraldur af þessu tagi kemur yfirleitt upp á haustin og berst þá gjarnan með farfuglum á milli landa. Belgíska ríkisstjórnin lýsti yfir hættustigi vegna fuglaflensu og fyrirskipaði að alifuglum yrði haldið innandyra frá og með mánudeginum 15. nóvember eftir að mjög sjúkdómsvaldandi afbrigði fuglaflensu greindist í villigæs nálægt Antwerpen. Þetta kom í kjölfar svipaðrar upptöku í nágrenni Frakklandi fyrr í mánuðinum og í Hollandi í október.

Útbreiðsla fuglaflensu hefur oft leitt til viðskiptatakmarkana, bæði innanlands þar sem hún hefur komið upp og í milliríkjavíðskiptum.

60 ára kona í lífshættu

Síðasta tilvikið sem greint var frá

í Kína tengdist 60 ára konu sem var komin í lífshættu þegar hún var lögð inn á sjúkrahús í Hunan-héraði 13. október.

„Fjölgun smittifella í fólki í Kína á þessu ári er áhyggjuefni. Þetta er vírus sem veldur hárrí dánartíðni,“ sagði Thijs Kuiken, prófessor í samburðarmeinafræði við Erasmus University Medical Center í Rotterdam, í samtali við Reuters.

Fuglaflensa er samt ekki talin geta borist á milli manna við neyslu á alifuglaafurðum. Er þá væntanlega reiknað með að afurðirnar séu vel eldaðar.

Suður-Kórea greindi frá faraldri á bæ með um 770.000 alifugla í Chungcheongbuk-do, samkvæmt upplýsingum OIE 15. nóvember. Er þar vitnað í skýrslu frá suðurkóreskum yfirvöldum. Var öllum fuglum slátrað.

Þá var í fyrsta sinn á þessu hausti tilkynnt um smit í Japan. Var það í alifuglabúi í norðausturhluta landsins og var það staðfest af landbúnaðarráðuneyti Japans. Var það veiruafrigið H5N8.

SITUR ÞÚ Á? EIGNUM ANNARRA ■

Fiskiker merkt Umbúðamiðlun eru eign félagsins og einungis ætluð undir ferskan fisk og ís.


Öll önnur notkun varðar sektum!

Hægt er að skila kerjum á næsta fiskmarkað, vöruflutningastöð eða til okkar að Korngörðum 5. Einnig er hægt að senda upplýsingar á brynjar@umb.is



UMBÚÐAMIDLUN

555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík



UTAN ÚR HEIMI



Eyðing Amazon skógarins var orðin meiri þann 31. júlí sl. en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt mælingum Brasilísku geimrannsóknarstofnunarinnar var 13.235 ferkílómetrum af svæðinu eytt á tímabilinu 1. ágúst 2020 til 31. júlí sl. Þetta er 22% meiri eyðing en átti sér stað árinu áður. *Myndir / Unsplash*

Skógareyðing í Brasilíu nær nýjum hæðum

Skógareyðing á Amazon svæði Brasilíu hefur aukist frá því í fyrra þrátt fyrir háleit loforð yfirvalda þar í landi um vernd á þessum stærsta regnskógi jarðar. Með undirritun yfirlýsingar um stöðvun skógareyðingar á loftslagsráðstefnunni í Skotlandi er vonast til að alþjóðasamfélagið geti haft einhver áhrif á ákvarðanir hins ófyrirsjáanlega leiðtoga Brasilíu, Jain Bolsonaro.

Eyðing Amazon skógarins var orðin meiri þann 31. júlí sl. en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt mælingum Brasilísku geimrannsóknarstofnunarinnar var 13.235 ferkílómetrum af svæðinu eytt á tímabilinu 1. ágúst 2020 til 31. júlí sl. Þetta er 22% meiri eyðing en átti sér stað árinu áður.

Matið er byggt á mælingum úr gervihnattarmyndum þar sem hægt er að merkja algjöra hnignun megin gróðurþekju svæðis á stuttum tíma, sem bendir augljóslega til eyðingar af mannavöldum.

Amazon skógurinn þekur hluta af ný fylkjum Brasilíu. Mest hefur verið eytt í Pará, næststærsta fylki landsins, en þar voru 5.257 ferkílómetrar af regnskógi afmáðir á einu ári skv. mælingunum. Mun það vera tæp 40% af heildareyðingunni á tímabilinu.

Loforð og kærur

Brasilía var í hópi 124 ríkja sem hétu því að stöðva skógareyðingu fyrir árið 2030 á COP26 loftslagsráðstefnunni í Glasgow í síðasta mánuði. Með lofordinu gætu leiðtogar heims beitt Brasilíu efnahagslegum refsiaðgerðum ef stjórnmálendur í landi standa ekki við skuldbindingar um stöðvun skógareyðingu og aukna uppgræðslu skógarvistkerfa.

Skógareyðing í Brasilíu hefur náð nýjum hæðum eftir að Jair Bolsonaro tók við embætti forseta landsins.

Í orðum og gjörðum hefur hann grafið undan umhverfisvernd með því að takmarka fjárveitingar til slíkra stofnana auk þess sem hann hefur aukið aðgengi hrávöruframleiðenda að skóginum í nafni hagvaxtar.

Sitt sýnist því hverjum um beiðni hans til bandarískra yfirvalda um milljarða dala styrk til að útrýma ólöglegru skógareyðingu í landinu.

Í október lögðu austurrísk baráttusamtök fyrir umhverfismálum, Allrise, fram opinbera kvörtun fyrir Alþjóðaglaðapadómstólinn, þar sem þau sökuðu Bolsonaro um glæpi gegn mannkyninu fyrir meint hlutverk hans í eyðingu Amazon-skógarins.

Frá betrun til Bolsonaro

Brasilía hefur munað fífil sinn

fegurri í aðgerðum gegn skógareyðingu.

Árið 2006 voru undirritaðir fjölþjóðlegir samningar þar sem kaupmenn lofuðu að hætta viðskiptum við sojaframleiðendur sem bendlaðir voru við ólöglega skógareyðingu. Svipaðar skuldbindingar voru gerðar varðandi viðskipti við brasilísk sláturhús og afurðastöðvar nokkru síðar. Umhverfisverndarsamtök ráku áróðursherferðir þar sem stórfyrirtæki sem bendluð voru við ólöglegt skógarhögg beið álitshnekkji. Aðgerðir ríkissaksóknara gegn sömu aðilum jók enn á þrýsting fyrirtækjanna til að takast á við eyðinguna sem þeir höfðu skapað. Þessi samtakamáttur stjórnsvalda, fyrirtækja og hagsmunaaðila leiddu til þess að á milli árána 2009 og 2014 dró verulega úr skógareyðingu.

Þessi samvinna er svo talin hafa rofnað um leið og efnahagskreppa þar í landi skall á árið 2014 og síðan Bolsonaro tók við völdum árið 2019 hefur aukið enn á eyðingu regnskógarins.

Lungu jarðar skornar niður fyrir bithaga

Amazon regnskógurinn hefur oft verið kallaður lungu jarðar, enda verður um 20% af andrúmslofti jarðarinnar þar til. Skógarvæðið er talið vera um 5,5 milljón ferkílómetrar og er stærsti hluti hans innan landsvæðis Brasilíu.

Ástæður eyðingar eru fyrst og fremst ruðningur vistkerfis skógarins fyrir bithaga nautgripa sem ræktaðir eru þar í stórum stíl. Einnig spilar ræktun og framleiðsla hrávöru á borð við soja rullu í eyðingunni. */ghp*



Metangasknúna New Holland T6 dráttarvélin sem kynnt var í Bretlandi fyrir skömmu.

Myndir / New Holland

New Holland T6 Metan, sjálfbærasta dráttarvélin 2022

– Gengur fyrir metangasi og er sögð bylting í baráttu bænda í loftslagsmálum

New Holland dráttarvélaframleiðandinn heldur áfram að sópa að sér verðlaunum og fékk nýlega hin eftirsóknarverðu sjálfbærniverðlaun „Tractor of the Year 2022 Sustainable“. Fær fyrirtækið þau verðlaun fyrir New Holland T6 Metan dráttarvélinna sem vakið hefur töluverðan áhuga meðal breskra sem íslenskra bænda.

Vélin í T6 Metan skilar sama affli og díslútgáfan sem er orðin vel þekkt hér á landi. Þessi metan mótör er sex strokka og skilar 180 hestöflum og er með aflauka. Þetta er jafnframt fyrsta 100% metanknúna dráttarvél í heimi sem ætluð er fyrir almennan markað. Þá hefur verið lokið úttekt á vélinni erlendis undir skilyrðum „Energy Independent Farm“ kerfisins.

Vélin kynnt á sýningu í Basildon í Bretlandi

New Holland Agriculture stóð fyrir sýningu á vélinni fyrir skömmu í verksmiðju sinni í Basildon í Bretlandi. Var það í tengslum við verkefnið „Low Carbon Tractor Project“ (LOCT), sem fékk styrk frá Advanced Propulsion Center (APC). Markmiðið var að gjörbylta búskaparháttum með því að þróa lágkolefnis-dráttarvélaækni sem nýtir lífmetan. Þannig er hugsunin að nýta úrgang frá landbúnaðarframleiðslu til framleiðslu á metangasi til að draga úr losun koltvísýrings í landbúnaði. Um leið er brennt metangasi sem annars færi út í andrúmsloftið.

LOCT verkefnið er afrakstur vinnu New Holland við þróun metantækni fyrir landbúnað, sem hófst með fyrstu frumgerð dráttarvélar sem kynnt var árið 2013. Með þessu verkefni hefur vörumerkið á síðustu fjórum árum lokið þróun á fyrstu metanknúnu dráttarvélinni í heiminum sem tilbúin er til notkunar í landbúnaði. New Holland Methane Power Tractor hóf raðframleiðslu á vélinni í Basildon verksmiðjunni í júní 2021.



Ávinningur fyrir bændur og loftslagsbaráttuna

„Í dag erum við stolt af því að vera tilbúin að setja á markað fyrstu metan-knúnu dráttarvélinna í heiminum og það hefur verið hægt með dýrmætum stuðningi APC, sem hefur hjálpað okkur á leiðinni að þessum árangri. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim fyrir þeirra þátt í að láta þetta gerast.“

Við sjáum mikla möguleika



New Holland T6 Metan úti á akrinum.



Hugsunin er að bændur safni því sem fellur til t.d. við grænmetis-, gras- og kornrækt og nýtist ekki í annað og setji það í gerjunartanka til framleiðslu á metangasi. Gasið nýtist svo til að knýja dráttarvélar búans. Þannig er hægt að auka sjálfbærnina til mikilla muna um leið og kolefnissporið minnkar.

fyrir þessa tækni sem lausn sem færir bændum umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning á sama tíma og hún stuðlar að því að draga úr kolefnisfótspori landbúnaðar,“ sagði Sean Lennon, varaforseti New Holland í Evrópu.

Á sýningunni gáfu verkefnis-

stjórnar frá APC, New Holland og samstarfsfélaga Zircotec og Eminox, yfirlit yfir áætlanir fyrir þessa tækni. Gestir á viðburðinum voru fulltrúar frá bændasamtökum, umhverfis-samtökum, viðskiptasamtökum, iðngreinum og samtökum frumkvöðla. */HK7*



UTAN ÚR HEIMI

Havaíska eyjan Oahu:

Þar sem (bjór)áin rennur í rólegheitunum niður að sjó

Í október síðastliðnum á eyjunni Oahu fékk röskur göngugarpur að upplifa draum sumra er leið hans lá meðfram lítilli á í dalnum Waipi'o.

Fínasta bjórlim lagði af ánni og við frekari eftirgrenslnan kom í ljós að þarna hafði frárennsli frá fyrirtæki Paradise Beverages Inc., einum helsta dreifingaraðila áfengis á Havaí komist í náttúrulegt lindarvatn sem áfram streymdi svo að strandlengju Honolulu.

Áin, þótt lítil sé, rennur í höfn Pearl Harbor á suðurhluta eyjunnar Oahu og þótt hugtakið bjór-á sé

draumur sumra verður að líta til þess að mikil mengun stafar af sem getur raskað nærliggjandi lífríki bæði dýra og gróðurs.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem bjórmagn blandast ánni enda hafa íbúar eyjunnar tekið eftir ilm árinna í áráraðir en látið sér fátt um finnast. Þó hefur verið um tvenns konar lykt að ræða, þá bjórlykt, en einnig af ávaxtapúnsi.

Samkvæmt umfjöllun þarlandu fréttastofunnar, HawaiiNewsNow, var skýringin sú að þegar lykt ávaxtapúnsins fannst þá hefði 0,4%

sykurmagn fundist í vatni árinna. Í kjölfar þess sem á undan var gengið setti göngugarpurinn sig í samband við Caroll Cox, umhverfisverndarsinna og yfirmann sjálfseignarstofnunarinnar EnviroWatch, sem meðal annars er þekkt fyrir baráttu sína gegn umhverfisspjöllum. EnviroWatch kom þeim niðurstöðum á framfæri við embættismenn 8. nóvember síðastliðinn að mengunarvaldurinn væri Paradise Beverages, stærsti birgir ríkisins á áfengum drykkjum.

„Núna höfum við verið í beinu sambandi við bæði samgöngu- og

heilbrigðisráðuneytin, fulltrúar þeirra eru væntanlegir á staðinn og við ætlum að athuga málin.“ sagði Anthony Rowe, rekstrarstjóri Paradise Beverages, sem telur mögulegt að bjór og sykurstreymið gæti verið að koma frá þeim og því vilji þeir koma því á framfæri að þeir séu að vinna með réttum yfirvöldum.

Caroll Cox lét hins vegar hafa eftir sér að þótt margir væru hrifnir af fyrirtækinu Paradise Beverages Inc. þá væri þetta fyrir honum bara enn einn hræðilegur, hræðilegur dagur í paradís. /SP



Áfengismagn árinna er ekki nema 1,2% en þó ættu einhverjir að geta fengið sér þar í aðra tána. Spurning um að vaða yfir? Mynd / Carrol Cox

Hahnemühle:

Frumkvöðull í pappírsgerð

Samkvæmt vefsíðu hemptoday.net, einni fremstu vefsíðu með upplýsingar hampvarnings, hefur þýski pappírframleiðandinn Hahnemühle nýverið þróað pappír úr hampi.

Hugmyndin fór í vinnslu vegna útgáfu bókarinnar „Mikil verðmæti eru fólgin í ræktun og úrvinnslu iðnaðarhamps á Íslandi“ eftir ljósmyndarann og umhverfisverndarsinnann Maren Krings – en áætluð útgáfa þeirrar bókar er næsta vor.

„Þetta er fyrsti pappírinn sem framleiddur er úr sjálfbærum hamptréjum sem ræktaðar eru í Evrópu – einmitt ætluðum við gerð umhverfisvænna prentvara.“ segir Heidmarie Hinger, vöru- og viðskiptaþróunarstjóri hjá Hahnemühle.

Fyrirtæki Hahnemühle, sem var stofnað árið 1584, er leiðandi á heimsmarkaði hvað varðar hágæðapappír og prentun, en fyrirtækið stýrir dótturfyrirtækjum sínum í Bretlandi, Frakklandi, Singapúr og Kína. Hahnemühle, sem er eitt virtasta fyrirtæki þessa geira, hefur alla tíð verið framarlega í umhverfisvænu framleiðsluferli enda vart hægt að framleiða hágæða vörur ef svo væri ekki. Árið 2008 þróaði Hahnemühle pappír úr bambus og undanfarin ár hefur heil vörulína verið gerð í kringum bambusinn sem er undir hatti sjálfbærra tegunda. Í kjölfarið kynnti Hahnemühle „Green Rooster“ verkefnið sem styður ræktun skóglendis, velferð dýra auk umhverfisfræðslu.

Nú árið 2021, samkvæmt fréttatilkynningu, hefur framleiðsla hamppappírs hafist en um er að ræða stafrænan prentpappír, vegan og sýrufrían og helst því vel yfir margra ára skeið. Hreint lindarvatn er notað við gerð pappírins og streymir það frá nærliggjandi á í gegnum lokað vinnsluferli sem er laust við hreinsi- og rotvarnarefni. Einnig kemur orkan sem notuð er við framleiðsluna eingöngu frá 100% endurnýjanlegum orkugjöfum.


Pappírinn er hægt að fá bæði í kápu- og blaðþykkt bóka og kemur hann á ríflega metra rúllum, en mikið er lagt upp úr gæðum, þó með tilliti til umhverfisverndar. /SP



Iðnaðarhampur hefur margvíslegt notagildi og býður lögleiðing á ræktun hans upp á mikla verðmætasköpun, bæði á Íslandi og annars staðar.

STÓRVIRKI UM BÍLA


320 síðna bílabók eftir Örn Sigurðsson með 1200 ljósmyndum sem margar hafa hvergi sést áður.



ÓMISSANDI FYRIR ALLT BÍLAÁHUGA-FÓLKI!

Hér eru bílar almennings, lögreglu og slökkviliðs; trukkar jafnt sem eðalvagnar, jeppar, vörubílar og húsbílar.

Fjallað er um fjölmargt tengt bílum, svo sem bensín- og smurstöðvar, verkstæði, hjólhýsi og leikföng, að ógleymdri vega- og gatnagerð.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17 | www.forlagid.is

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI



Á myndinni má sjá þau Gerði Rósu Sigurðardóttur (Pétur Pan) og Hörð Gylfason (Krók) að berjast um hvor eigi betur heima í Bændablaðinu.

Ævintýrið um Pétur Pan:

Leikflokkur Húnaþings vestra

Saga leiklistar í Húnaþingi vestra spannar allt frá upphafi 20. aldar enda mikið lista- og hæfileikafólk þar á svæðinu.

Samkvæmt „Nýja Dagblaðinu“ í marsbyrjun árið 1934 kemur eftirfarandi fram. „Ungmennafélagið Grettir í Ytri-Torfustafahreppi hefir í vetur æft sjónleikinn Skugga-Svein eftir Matthías Jochumsson, og sýndi hann dagana 17.–21. febrúarmánaðar við ágæta aðsókn og þótti leikurinn takast vel. Leikið var í nýja samkomuhúsi félagsins við Reykjalaug.“

Ungmennafélagið Grettir var annars stofnað árið 1928 og stóð fyrir uppbyggingu félagsheimilisins Ásbyrgis á Laugarbakka sem reist var árið 1933. Verulegt líf færðist í leikstarfseminu á Hvammstanga árið 1969 með tilkomu félagsheimilisins sem var vígt það ár, en þar er eitt af betri leiksviðum landsins, allavega hvað varðar pláss og hljóðvist. Á árunum 1969 og 1970 settu Ungmennafélagið Kormákur og Kvenfélagið Björk upp leikrit í samstarfi félaganna. Árið 1971 sameinuðust þessi tvö félög og stofnuðu Leikfélagið á Hvammstanga.

Í september 2018 sameinuðust svo Leikfélag Hvammstanga og Leikdeild Ungmennafélagsins Grettis

í eitt og ganga nú undir sameiginlegu nafni, Leikflokkur Húnaþings vestra.

Ári seinna vann uppsetning þeirra á verkinu Hárið mikinn leiksigur, var valin athyglisverðasta áhugasýning ársins 2019 og í kjölfarið sýndar tvær sýningar á fjöllum Þjóðleikshússins en í umsögn dómnefndar kemur fram

að mikill metnaður og sterk heild leikhópsins hafi átt stóran þátt í að fanga athygli áhorfenda.

Nú á vetrarmánuðum hefur undirbúningur leiksýningar um Pétur Pan staðið yfir og má búast við afar liflegri og skemmtilegri sýningu á frumsýningunni þann 11. desember en verða sýningar a.m.k. fjórar talsins. Ævintýrið um Pétur Pan fjallar um drenginn sem vildi aldrei verða

fullorðinn en býr í Hvergilandi ásamt öðrum drengjum sem heldur vilja ekki vaxa úr grasi. Dag einn týnir hann skugganum sínum á ferðum sínum um Lundúnir og rekt þá á Vöndu sem kemur honum til aðstoðar. Hann býður henni til Hvergilands ásamt bræðrum hennar og ásamt Skellibjöllu vinkonu hans lenda þau í ótal ævintýrum þar sem sjóræningjar, tifandi króködilar og illmennið Krókur kaftinn koma við sögu.

Leikarar í sýningunni eru 19, þar af 10 krakkar, og gaman er að sjá áhugann hjá þeim aukast með hverju ári að sögn formannsins, Arnars Hrólfssonar. Að sýningunni koma auk þess um 13 manns (miðað við síðustu talningu) en í raun teljast allir í sveitarfélaginu vera í leikflokknum, enda allir tilbúnir til að aðstoða ef þörf er á þeirra hæfileikum eða þekkingu. Fyrirtæki á svæðinu eru að sama skapi opin fyrir því að aðstoða, hvort sem er að hlíðra til vinnutíma vegna æfinga, hjálpa til með efni í leikmynd eða koma með mat á langar æfingar.

Áætlað er að áhorfendur fái að njóta upplifunarinnar um ævintýri Péturs Pan í Félagsheimili Hvammstanga dagana 11.-14. desember næstkomandi. Sýningartímar



Þarna flýta leikendur lokalagið í Hárinu sem valin var besta áhugasýningin árið 2019. Fremst stendur Aldís Olga Jóhannsdóttir, boðberi Íjóss og friðar.

eru klukkan 19 og er miðasala við innganginn. (Til gamans má nefna að Leikflokkur Húnaþings vestra er byrjaður að undirbúa páskaöngleikinn sem stendur til að sýna á því herrans ári 2022. Leikfélagið fékk Ármann Guðmundsson til að skrifa fyrir sig handrit að söngleik með lögum eftir Gunnar Þórðarson. Mikil eftirvænting er fyrir því verkefni og undirbúningur kominn á gott ról!) /SP



Leiksýningin Vínland eftir Helga Þórssón frá Freyvangsleikhúsinu var önnur tveggja í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar. Hér sjást Stefán Guðlaugsson og Ingólfur Þórssón í hlutverkum sínum sem Þórhallur veiðimaður og Eiríkur rauði ... í latexbuxunum margfrægu.



Vala Eiríksdóttir í hlutverki Freydisar og Hallur Örn Guðjónsson eða Tyrkir, þá að aftanverðu má sjá þrælana Haka og Gunnar í höndum Hjalms Arinbjarnarsonar og Daniels Freys Jónssonar ásamt veiðimanninum Stefáni Guðlaugssyni.

Norður-evrópsk áhugaleiklistarsamtök:

NEATA samtökin standa fyrir leiklistarhátíðum annað hvert ár

NEATA samtökin (North European Amateur Theatre Alliance) eru norður-evrópsk áhugaleiklistarsamtök sem stofnuð voru í Noregi árið 1998 er sameining NAR (Norræna áhugaleiklistarráðið) og samtök leiklistaráhugafólks í Eystrasaltslöndunum hófu formlega samstarf sitt.

Við sameiningu varð NEATA eitt af átta samtökum sem eiga aðild að alþjóðsamtökum áhugaleiklistarfólks (AITA/IATA).

Þau lönd sem í NEATA eru, auk Íslands, eru Færeyjar, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Danmörk, Eistland, Lettland og Litháen, en starf samtakanna er meðal annars að samræma og framkvæma sameiginlega hagsmuni áhugaleikhúsa. Fram að stofnun NEATA hafði NAR (Norræna áhugaleiklistarráðið) staðið fyrir alþjóðlegum leiklistarhátíðum annað hvert ár og þá ein haldin í Reykjavík árið 1986.

NEATA samtökin standa fyrir leiklistarhátíðum annað hvert ár og skiptist á milli aðildarlanda hvar hún er haldin hverju sinni. Síðasta NEATA-hátíð hérlendis var haldin á Akureyri árið 2010 undir yfirskriftinni Art of the Heart.

Þá voru valdar, fyrir hönd Íslands, sýningarnar Umbúðalaust í leikstjórn Vigdísar Jakobsdóttur og svo Birtingur og Vínland, báðar í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar leikstjóra en sú síðarnefnda vakti mikla athygli og var valin athyglisverðasta áhugaleik-sýningin af Þjóðleikhúsinu og fór þar á fjárlinnar þann 11. júní árið 2011. Höfundur Vínlands er Helgi Þórssón sem í samstarfi við Beate Stormo konu sína, kom að öllu frá hugmyndavinnu til tónlistar, leikmyndar og búninga sem vöktu mikla athygli enda handgerðir úr smíðu þeirra hjóna.

Mátti til dæmis á líta fagurt perluverk á búningum þeirra er léku skrál-



Birtingur, einnig í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar, frá Leikfélagi Selfoss var í hópi þeirra þriggja sem fóru á leiklistarhátíðina á Akureyri í ágúst 2010. Þessi viðamikla sýning fór því í ferðalag landshorna á milli og þótti með eindæmum skemmtileg. Hér má sjá Brynjólf Ingvarsson í hlutverki Birtings og greifann litrika af Vestfalíu eða Sigurgeir Hilmar Friðþjófsón.

ingja auk þess sem sérstaklega bar á buxum Eiríks rauða gerðum úr rauðu latexi og gáfu fmyndunaraflí áhorfenda lausan tauminn. Hljómsveitin Helgi og Hljóðfærarleikararnir sáu svo um tónlistina, en þeir spiluðu undir af hjartans lyst eins og þeim einum er lagið.

Sýningar á hátíðum NEATA eru sýndar á tungumáli hvers lands fyrir sig, þá ekki þýddar á neinn hátt en tjáningu og sjónrænum þáttum leyft að njóta sín og fá í kjölfarið aukið vægi. Þó almennt séu sýningar áhuga- eða leikhúsa almennt ekki gerðar með það fyrir augum að ekki skiljist textinn, þá er áhugavert að kynnst því hve fagleg listræn gildi sýninga skila sér alltaf óháð tungumáli. Í lok sýninga er svo vaninn að opna fyrir umræður þar sem áhorfendur fá að varpa fram spurningum sínum eða vangaveltum.

NEATA hátíðin má segja að hafi valdið þó nokkrum viðbrigðum í íslensku áhugaleikhúslífi, en í kjölfar hátíða hafa meðlimir leikhópa oftast en ekki fengið boð á aðrar

hátíðir. Hafa meðlimir þannig notið þess að fá að kynnst bæði leikendum áhugaleikhúsa annarra landa svo og fjölbreyttu starfi, þá meðal annars á alþjóðlegum leiklistarhátíðum IATA samtakanna.

Að auki hafa önnur samtök áhugaleikhúsa í Evrópu, svo sem CEC (Central European Committee) og CIFTA (Conseil International des Fédérations de Théâtre Amateur de Culture Latine) fengið boð um að vera með gestasýningar á NEATA og er gaman að nefna að á hátíðinni sem haldin var á Akureyri árið 2010 voru sýningar frá báðum samböndunum, rúmenska stúdentaléikhúsið frá Ludic fyrir hönd CEC og Leikhópurinn L'asse du Coin frá Frakklandi sem gestur frá CIFTA.

NEATA hátíðirnar hafa verið bæði hvatning og innblástur auk þess sem vinabönd og tengingar myndast. Því einstakt tækifæri fyrir áhugafólk um leikhús að láta slíkar hátíðir ekki framhjá sér fara. /SP



Sýningin Umbúðalaust var unnin í samvinnu leikstjórans Vigdísar Jakobsdóttur og Leikfélags Kópavogs, en þar mátti finna óræðar persónur á óljósum stað sem knúnar voru til að taka málin í sínar hendur þegar óvænt atvik ber að garði! Sýningin hlaut mikið lof og var ein þriggja sem valin var á hátíð NEATA er haldin var á Akureyri árið 2010.

Hvað er í gangi?!

✓ **Leikfélag Keflavíkur** býður upp á lífandi tónlist, söng og dans í **Fyrsti kossinn** sem frumsýndur var 22. október síðastliðinn, en síðasta sýning verður sunnudaginn 5. desember næstkomandi.

✓ **Leikfélag Mosfellsbæjar** sýnir nú fjölskyldusöngleikinn Stúart litla, en flestir ættu að kannast við söguna um músina sem heillar svo marga. Sýnt er alla sunnudaga í nóvember og desember kl. 16:00 í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. Miðapantanir í síma 566 7788.

✓ **Leikfélag Húnaþings vestra** býður upp á líflega og skemmtilega sýningu um grallarann Pétur Pan dagana 11.-14. desember næstkomandi. Sýnt verður í Félagsheimili Hvammstanga en sýningartímar eru klukkan 19 og miðasala við innganginn eða á vefsíðunni www.leikflokkurinn.is/midi/petur-pan.

vfs.is

VERKFÆRA- JÓLADAGATÖL OG AÐVENTUGJAFIR



Milwaukee

Milwaukeee jóladagatalið inniheldur fimm glugga, fjóra þeirra til þess að opna á hverjum sunnudegi fram að jólum. Fimmti glugginn er fyrir aðfangadag sem inniheldur "limited edition" verkfæri.

9.990 kr.

Verðmæti verkfæra í dagatalinu er yfir 17.000 kr.



KNIPEX

Jólasett frá Knipec. 120 mm Hightech Cobra vatnspípupöng og hnifur fyrir rafvirkja í hylki með beltisfestingu.

8.990 kr.

**VERKFÆRA
SALAN**

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna

Allt frá fræjum til umbúða




SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

<http://www.samhentir.is/is/thjonusta/gardyrkjudeild>

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ, sími 575 8000, www.samhentir.is, sala@samhentir.is

Íslenska tæknifyrirtækið Alor ehf. og Albufera Energy Storage á Spáni:

Álrafhlöðuframleiðsla í fyrsta sinn á Íslandi

– Eiga að vera umhverfisvænar og endurvinnanlegar og áætlað að verksmiðja verði tilbúin til starfa á árinu 2025

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Íslenska tæknifyrirtækið Alor ehf. var stofnað í þeim tilgangi að vinna að þróun og síðar framleiðslu á sjálfbærum álrafhlöðum sem er ætlað að hraða orkuskiptum m.a. í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og fjölbreyttum iðnaði.

Alor ehf. er í samstarfi við Háskóla Íslands og spænska fyrirtækið Albufera Energy Storage sem er leiðandi í þróun á álrafhlöðum í Evrópu og hefur unnið að þróun tækninnar síðustu átta ár.

Um 95% endurvinnanlegar og engin eld- eða sprengihætta

Álrafhlöður Alor verða um 95% endurvinnanlegar, af þeim stafar hvorki eld- né sprengihætta auk þess sem þær eru hagkvæmar og hafa mikla afkastagetu. Þá eru notkunarmöguleikar álrafhlaðna fjölbreyttir, s.s. sem varaafli í ýmsum iðnaði og aflagjafar sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku. Einnig getur tæknin nýst í farartæki í stað blýsýrueyuma. Þá vinnur Alor einnig að þróun og framleiðslu stórra orkugeymslna úr áli sem verður unnt að nýta til þess að geyma umfram framleidda raforku og stuðla að bættri nýtingu hennar. Þá mun tæknin stuðla að auknu afhendingaröryggi raforku þegar til þess kemur að flutningsleiðir rofna, t.d. sökum óveðurs, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

Umhverfisvæn tækni í stað mengandi orkugjafa

Linda Fanney Valgeirsdóttir, tók nýverið við starfi sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins og segir hún spennandi verkefni fram undan enda ljóst að ákall eftir grænum lausnum hefur aldrei verið háværra. Markmið Íslands er að ná kolefnishlutleysi árið 2040 og að landið verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050. Sjálfbærar lausnir líkt og álrafhlöður munu spila stórt hlutverk á þeirri vegferð. Hún segir að tækifærin á markaði séu gríðarleg og áhugi fyrirtækja og stjórnvalda sé mikill.

Þá bendir Linda Fanney á að mikilvægt sé að framleiðsla rafhlaðna Alor ehf. er umhverfisvæn og unnt er að endurvinna um 95% hverrar álrafhlöðu. Hún segir að leiðarstef Alor sé að innleiða umhverfisvæna tækni sem leysir af hólmi mengandi orkugjafa.



Valgeir Þorvaldsson, einn af stofnendum ALOR, og Linda Fanney Valgeirsdóttir framkvæmdastjóri. Um þessar mundir er verið að skoða ákjósanlegan stað fyrir álrafhlöðuverksmiðju fyrirtækisins hér á landi sem á að geta hafið starfsemi á árinu 2025. Mynd / HKr.



Joaquín Chacón, forstjóri Albufera Energy Storage á Spáni. Hann er einn af meðstofnendum ALOR.

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðili Alor er Albufera Energy Storage sem er með höfuðstöðvar í Madrid á Spáni. Fyrirtækið hefur um árabíl unnið að rannsóknunum og þróun á álrafhlöðutækninni og fengið öflugan stuðning úr Evrópusjóðum.

Rannsóknar- og þróunarfasa tækninnar er að ljúka auk þess sem hún



Álrafgeymar í færanlegum gámum geta nýst sem varaafli. Tækninni er m.a. ætlað að tryggja aukið afhendingaröryggi raforku þegar til þess kemur að flutningsleiðir rofna, t.d. sökum óveðurs, eldgosa eða annarra náttúruhamfara. Slíkar raforkugeymslur eiga að vera auðflytjanlegar og af þeim stafar hvorki eld- né sprengihætta. Mynd / ALOR

hefur farið í gegnum prófanir við erlenda háskóla. Unnið er að því að yfirfæra tækniþekkingu frá spænska fyrirtækinu til Íslands.

Alor er í samstarfi við Háskóla Íslands um að taka við tækninni og vinna að undirbúningi framleiðslu álrafhlaðna á Íslandi.

Linda Fanney segir að mikill áhugi sé á því að framleiðslu Alor verði hraðað og í því sambandi er

unnið að samningum við nokkur öflug fyrirtæki sem munu koma að kostun frumgerðar álrafhlaðna. Slíkir samningar eru mikilvægir til þess að flýta ferlinu í því skyni að mæta þörfum fyrirtækjanna. Sem dæmi um þýðingarmikið samstarf má nefna samstarf Alor og Landsnets sem leggur áherslu á aukið afhendingaröryggi raforku sem hin nýja tækni mun stuðla að.

Valgeir segir að álrafhlöður Alor verði umhverfisvænar og muni gegna lykilhlutverki í orkuskiptunum. Þá segir hann að framleiðsla þeirra muni leiða til aukinnar verðmætasköpunar, fjölda starfa og nýrrar tækniþekkingar hér á landi.

Verksmiðja í undirbúningi

– Hvar er fyrirhugað að hefja framleiðslu?

„Um þessar mundir er verið að skoða ákjósanlegan stað fyrir álrafhlöðuverksmiðju Alor hér á landi. Um verður að ræða verksmiðju sem mun ekki valda mengun í andrúmslofti eða hafa skaðleg áhrif á náttúru. Fyrirhugað er að verksmiðja verði tilbúin á árinu 2025 og framleiðsla geti hafist í kjölfarið,“ segir Valgeir.


Framleiðsla á álrafhlöðum Alor verður því mjög ólík því sem þekktist við framleiðslu Lithium-Ion rafhlaðna sem eru þekktar í margvíslegum raftækjum og rafbílum. Til umfjöllunar hefur verið í erlendum fjölmiðlum eins og BBC að Lithium-Ion rafhlöður innihalda margvísleg eiturefni eins og þungmálmana líþíum, kóbalt, mangan og nikkell, sem auk þess finnast aðeins í mjög takmörkuðu magni á jörðinni. Ál, eða alumíníum, er aftur á móti þriðja algengasta frumefnið á jörðinni á eftir súrefni og kísil og er sagt tólfra algengasta frumefnið í alheiminum.

Frumgerð í apríl 2022

Fyrirhugað er að frumgerð álrafhlaðna verði tilbúin í apríl 2022. Í framhaldinu fara fram prófanir á tækninni í samstarfi við Háskóla Íslands og framtíðarviðskiptavinum Alor, m.a. á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Á árinu 2023 er áætlað að tilraunaframleiðsla hefjist og framleiðslan verði aðlöguð að þörfum markaðarins.

Ætlað að gegna lykilhlutverki í orkuskiptunum

Valgeir Þorvaldsson er einn af stofnendum Alor ehf. Meðstofnendur hans í fyrirtækinu eru Joaquín Chacón, forstjóri Albufera Energy Storage á Spáni, Kanadamaðurinn og frumkvöðullinn Robert C.A. Frederickson sem á fjölda einkaleyfa af margvíslegum toga, m.a. í líftækni og Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur.



Svona sjá menn fyrir sér mögulega orkugeymslusamstæðu álrafhlaðna. Fyrirhugað er að frumgerð álrafhlaðna verði tilbúin í apríl 2022. Í framhaldinu fara fram prófanir á tækninni í samstarfi við Háskóla Íslands og framtíðarviðskiptavinum Alor, m.a. á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Mynd / ALOR

SOLIS

Mest selda dráttarvél in í 3 heimsálfum og rúmlega 60 löndum




SOLIS 26 HST með
stigliausri vökvaskiptingu
VERÐ: 1.865.000+vsk
Með ámoksturstækjum
2.480.000+vsk

SOLIS 90
Væntanleg
SOLIS 50
Væntanleg



Dráttarvélasala 29.11.2021



vallarbraut.is S-4540050

vallarbraut@vallarbraut.is

Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

Okkur tókst að fá aukasendingu og bjóðum sama góða verðið. 1.820.000+vsk 2.256.800 með vsk

Vallarbraut - Toyota Selfossi - Bílanaust Egilsstöðum

- Dráttarvélasráð T3b
- Mótor: 800c/c 60 hestöfl
- Bein innspýting
- Sjálfstæð fjöðrun, stillanlegir demparar
- Diskabremsur
- Hiti í handföngum og bensíngjöf
- Spil að framan
- Dráttarkrókur að aftan
- Dráttargeta 960kg
- Hátt og lágt drif
- Læsanlegt að aftan og framan.
- Mikið úrval fylgihluta



RM



RAUTT



Snjótennur



BLÁTT



Töskur og tankar



vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

LANDBÚNAÐARANNSÓKNIR

Þverfaglegt stórverkefni um sjálfbæra áburðarvinnslu:

Kúamykja kemur best út í samanburði við annan lífrænan áburð

– Fyrstu niðurstöður benda til þess að forvinna þurfi seyru og fiskeldisúrgang til að næringarefni verði plöntum aðgengilegar

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Kúamykja skilar mestri uppskeru samanborið við annan lífrænan áburð samkvæmt fyrstu niðurstöðum úr stóru þverfaglegu verkefni sem ætlað er að þróa leiðir við nýtingu innlendra auðlinda til að framleiða áburð fyrir landbúnað og landgræðslu.

Það er risavaxið verk að ætla að finna lausnir á áburðarvanda íslenskrar jarðræktar. Löngun og þörf bænda til að draga úr notkun tilbúins innflutts áburðar er tvímælalaust til staðar. Engu að síður er notkun á honum enn sem komið er óumflýjanlegur hluti hefðbundins landbúnaðar og matvælaframleiðslu í dag.

„Framleiðsla á tilbúnum áburði er ekki sjálfbær. Nitur er framleitt með jarðefnaeldsneyti. Fosfór og kalí er unnið úr námum sem munu á endanum tæmast. Í búskap hér á landi, sem og annars staðar, er lífrænn áburður nýttur í ræktun. Þörf er á meira magni næringarefna í jarðveginn til þess að tryggja sjálfbæra landnýtingu. Áburðarefni fara nefnilega alltaf burt frá búinu í formi afurða. Þess vegna þarf að endurnýja þessi áburðarefni í ræktuninni,“ segir Friederike Danneil, verkefnastjóri á sviði fóðurjurta hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbHÍ). Hún stýrir verkþáttum Jarðræktarmiðstöðvar LbHÍ í verkefninu Sjálfbær áburðarvinnsla.

Verkefnið er þverfaglegt með aðkomu stofnana og fyrirtækja á sviði landbúnaðar, líf- og efnafræði, verkfræði og matvælafræða. Matís leiðir verkefnið en það er gert í samstarfi við nýsköpunarfyrirtækið Atmonia, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Landgræðsluna og Landsvirkjun auk Landbúnaðarháskólans.

Verkefninu er ætlað að leita bestu leiða til að nýta íslenskar auðlindir, aukaafurðir frá ýmsum iðnaði og þróa framleiðsluferla til að framleiða sjálfbæran áburð fyrir íslenskan landbúnað og landgræðslu. Verkefnið er til tveggja ára og hlaut 150 milljóna króna fjármögnun frá nýjum samkeppnissjóði stjórnvalda, Markáætlun um samfélagslegar áskoranir.

„Aðalmarkmið verkefnis er að finna þessi verðmætu næringarefni í mismunandi tegundum landbúnaðar- og iðnaðarúrgangsefna og gera þau eins aðgengileg plöntum og þau eru í tilbúnum áburði. Við hugum að meðhöndlun og notkun lífræna áburðarins og samhliða prófunum á vörum sprotafyrirtækisins Atmonia vonumst við til að finna viðeigandi, verðmætar áburðarlausnir fyrir íslenska bænda,“ segir Friederike.

Innlendur áburður styrkir sjálfbæran búskap


Næringarefnaástand túna ákvarðar heilbrigði þess, vöxt og uppskeru. Tún þurfa óhjákvæmilega áburðarefni til að viðhalda næringarefnum og sum þessara efna eru hvarfgjörn, s.s. fosfór og nitur.

Í ljósi hækkandi framleiðslukostnaðar á tilbúnum áburði erlendis hafa margir framleiðendur hætt starfsemi. Framboð áburðar hefur því minnkað og verð hækkað úr öllu valdi. Í stað þess að treysta algjörlega á innfluttan áburð er verkefninu því ætlað að finna leiðir til að nýta



Friederike Danneil, verkefnastjóri á sviði fóðurjurta hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbHÍ), stýrir verkþáttum Jarðræktarmiðstöðvar LbHÍ í verkefninu Sjálfbær áburðarvinnsla. Hún er hér í feldi rannsóknarinnar við uppskeru áburðartilraunarinnar. Myndir/ LbHÍ

Áhrif áburðar á heildaruppskeru



Hér má sjá myndrænt fyrstu niðurstöður úr verkefninu. Hér sjást áhrif áburðar á heildaruppskeru, sem er tonn þurrefnis á hektara. Efst línan er viðmið, reitir sem fengu engan áburð. Þeir reitir gáfu að meðaltali 3-4,5 tonn á ha. Fyrir neðan má svo sjá uppskeru reita sem fengu mismunandi áburð. Eins og sjá má varð uppskeran mest á reitum sem voru meðhöndluð með kúamykju (4,5 - 5,5 tonn/ha). Uppskeran varð svo minni og varð minnst uppskeran af reitum sem fengu á sig úrgang úr fiskeldi.



Hlutverk LbHÍ í verkefninu var m.a. að sjá um blöndun áburðarins.



Starfsmenn slógu tilraunareiti tvisvar í sumar, mældu uppskeru og tóku sýni.

næringarefni sem nú þegar eru til staðar í íslensku vistkerfi.

„Bændur endurnýta nú þegar lífræn hráefni með því að dreifa mykju og taði á túnin. En við viljum finna fleiri leiðir til að vinna næringarefni inn í hringrásarhagkerfið. Það að nota staðbundin efni og þróa úr þeim áburð hefur marga grundvallarkosti. Framleiðsla á slíkum áburði gæti skapað störf hér á landi, notkun á innlendum áburði í stað innflutts dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og byggir undir sjálfbæran búskap,“ segir Friederike.

Lífrænn áburður gæti þurft lengri tíma

Hlutverk LbHÍ í verkefninu er að blanda áburð til vettvangsrannsókna, framkvæmd í feldi og mæla áhrif áburðarefna á jarðveg og uppskeru.

Þau lífrænu hráefni sem unnið var með voru kjöttmjöl, molta, kúamykja, úrgangur úr fiskeldi, mannaseyra og hænsnaskítur. Öll áburðarsýni voru efnagreind og sýndu þau



Magn hráfnis var stillt af í samræmi við efnainnhald og þannig fengu allir reitir sambærilega áburðarskammta. Framkvæmd í felti á góðvirkisdegi.



Tilraunareitirnir í vexti. Vinstra megin má sjá rýra reiti með áburði gerðum úr úrgangi úr fiskeldi sem skiluðu litlu sem engu í fyrsta slætti.

fram á að mikið af næringarefnum væru til staðar.

Í framhaldinu var lögð út áburðartilraun í hefðbundið vallarfoxgrastún á Hvanneyri. Starfsmenn fylgdust með vexti og slógu svo tilraunareiti tvisvar í sumar, mældu uppskeruna og tóku sýni sem verða svo efnagreind.

„Niðurstöður fyrsta árs sýna að grösín sýndu bestu svörun við kúamykju. Það kemur ekkert á óvart þar sem kúamykja hefur verið notuð og reynst vel í landbúnaði hér lengi. Við stilltum magni hráfnis í samræmi við efnainnhald og þannig fengu allir reitir sambærilega áburðarskammta. Í ljós kom að plönturnar svöruðu misjafnlega eftir edli áburðarins.“

Fyrstu niðurstöður komu nokkuð á óvart að sögn Friederike.

„Niðurstöðurnar núna benda til þess að hráfnin þurfi frekari forvinnslu svo næringarefni verði aðgengilegri fyrir plönturnar. Þó margir vilji fullyrða að Ísland sé fullt af hráfni, í formi húsdýramykju, úrgangi úr fiskvinnslu og seyr frá sveitarfélögum, þá sé ekki þar með sagt að plönturnar geti notfært sér þessi efni beint,“ segir Friederike og bætir við að það hafi til að mynda

komið á óvart að sjá reiti áborna með úrgang úr fiskeldi koma illa út í tilrauninni. Þeir skiluðu litlu sem engu í fyrsta slætti.

„Í því tilfalli held ég að við þurfum að vinna áburðinn á annan hátt en við gerðum. Ég er hins vegar vongóð um að meira niðurbrot áburðar-efnisins í jarðveginum verði til þess að þeir gefi mun meiri uppskeru á næsta ári og þar með áreiðanlegri niðurstöður.“

Þannig séu þetta þó bara fyrstu niðurstöður og langtímaáhrifin ekki komin fram.

„Þannig vonumst við til að plönturnar muni til lengri tíma lituð geta unnið úr áburðarefnum og gefið betri uppskeru, en auk þess erum við að þróa meðhöndlun hráefnisins þannig að það geti orðið aðgengilegra plöntunum fyrr,“ segir Friederike.

Hún leggur áherslu á að meðhöndla þurfi ræktunarjarðveg af varkárni. „Ef við köstum úrgangi í hann hugsunarlaust, vegna þess að það hljómar vel, getur það haft hörmulegar afleiðingar. Lausnin er því hvorki einföld né augljós. Þær aðferðir sem bændur nota í dag er enn sem komið er besta aðferðin,“ segir Friederike. /ghp



IR Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutabjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



Husqvarna

FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



MHG
VERSLUN

Allt fyrir
atvinnumanninn

Steinsagir - Kjarnaborvélar - Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Vikurhvarfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Dýravelferð og blóðtaka fylfullra hryssna í eldlinunni:

Úrbætur aðkallandi í blóðmerabúskap

– Er ör vöxtur og umfang búgreinarinnar eftirlitinu ofviða?

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Líftækniyrirtækið Ísteka og Matvælastofnun liggja undir ásökunum um vanrækslu við eftirlit á blóðmerabúskap eftir að myndskaið sem sýnir ámælisverð vinnubrögð við blóðtöku fylfullra hryssna fór í dreifingu á vefnum.

Blóðmerahald á sér 40 ára sögu hér á landi en hefur vaxið gríðarlega á undanförmum árum. Myndbandið er til rannsóknar hjá Matvælastofnun og Ísteka hefur hafið vinnu við úrbætur á eftirliti sínu.

Í heimildarmyndinni, sem dýravernndarsamtökin AWF/TSB (Animal Welfare Foundation / Tierschutzbund Zurich) birtu á vefnum þann 19. nóvember sl., sjást viðhöfð vinnubrögð og aðstæður sem virðast augljóslega stangast á við starfsskilyrði Matvælastofnunar um blóðtöku úr fylfullum hryssum samkvæmt reglugerð um velferð hrossa.

Rannsókn hafin

Sigríður Björnsdóttir, sérgreina-dýralæknir hrossa hjá Matvælastofnun (MAST), segir málið enn á rannsóknarstigi hjá stofnuninni þar sem m.a. er unnið að atvikgreiningu.

„Við höfum sent dýravernndarsamtökunum bréf og beðið um meiri gögn frá þeim og kallað eftir óklippum myndböndum.“

Hún segir það skilyrði fyrir starfsemi að blóðtakan sem slík sé ásætlanleg út frá dýravelferð og hún hafi alla jafna reynst vera það í þeirra eftirliti.

„Myndbandið sýnir allt aðra mynd og hefur eðlilega valdið tilfinningalegu uppnámi hjá öllu fólki sem lætur sig dýravelferð varða. Matvælastofnun er að rannsaka myndbandið mjög nákvæmlega til að greina veikleika starfseminnar og eftirlitsins þannig að hægt verði að bæta þar úr.“

Eftirlitshlutverk MAST

Matvælastofnun sér um opinbert eftirlit með starfsemi búgreinarinnar hér á landi. Í frétt stofnunarinnar frá 22. nóvember sl. segir að eftirlitið sé áhættumiðað og í forgangi. Það hafi aukist samhlíða vexti greinarinnar.

Eftirlitið er tvíþætt, annars vegar með sjálfri blóðtökunni en hins vegar með fódruun og umhirðu hryssnanna að vetrarlagi.

„Flesta daga ársins ganga blóðtökuhryssurnar frjálsar, hluta úr ári með afkvæmum sínum, þar sem þær geta sýnt sitt eðlilega atferli,“ segir Sigríður.

MAST heimsækir 40% starfsstöðva á ári, 20% meðan á blóðtöku stendur og önnur 20% fá heimsóknir eftirlitsmanna yfir vetrartímann.

Í leiðbeiningum MAST um skilyrði fyrir blóðtöku úr fylfullum hryssum segir að aldrei megi taka



„Flesta daga ársins ganga blóðtökuhryssurnar frjálsar, hluta úr ári með afkvæmum sínum, þar sem þær geta sýnt sitt eðlilega atferli,“ segir Sigríður Björnsdóttir hjá MAST. Mynd tengist ekki starfsemi blóðmerabúskapar. Mynd/ghp



„Myndbandið hefur eðlilega valdið tilfinningalegu uppnámi hjá öllu fólki sem lætur sig dýravelferð varða,“ segir Sigríður.



Blóðtökubásar og önnur blóðtökuaðstaða er á ábyrgðarsviði bóndans.

Myndir/Skjáskot úr myndbandi AWF/TSB

meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hverri hryssu og að hámarki í 8 vikur, að hver dýralæknir megi ekki hafa fleiri en 4 hryssur í blóðtöku samtímis og ekki skuli vera fleiri en 100 hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi. Einnig segir að ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skuli dýralæknir umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu.

Innt eftir aðbúnaðarkröfum segir Sigríður að sömu kröfur séu gerðar um fódruun og umhirðu blóðtökuhryssna og annarra hrossa í landinu að því undanskildu að ríkari krafa er gerð til ríflegs holdafars við blóðtöku (holdastig 3,5) og eftirlitið er tíðara. Hins vegar eru harðari viðbrögð

við alvarlegum frávikum þar sem ekki má taka blóð úr hjörðum sem ekki hafa verið fódraðar með viðunandi hætti.

Sigríður segir að fódruun og umhirða blóðtökuhrossa hafi batnað mikið á síðustu árum.

„Þar held ég að aukid eftirlit og eftirfylgni skipti máli en einnig betri afkoma í búgreininni. Það skilar sér til hrossanna.“

Blóðtakan sjálf er hins vegar á ábyrgð Ísteka og dýralæknir á þeirra vegum framkvæmir hana. MAST gerir kröfur um virkt innra eftirlit Ísteka með velferð hryssnanna á blóðtökutímabilinu og árlega skýrslu þar að lútandi.

Veikleiki í eftirlitinu

Sigríður segir að eftirlitsmenn MAST hafi ekki séð svo grófa meðferð á hrossum við blóðtöku og sjást í myndbandinu.

„Við höfum alltaf gert okkur grein fyrir því að þrátt fyrir að við mætum í óbodað eftirlit þá geti aðili látið af slæmri háttsemi um leið og hann sér eftirlitsmann mæta. Sá veikleiki opinberast að einhverju leyti í myndbandinu sem við verðum að bregðast við. En einmitt þess vegna hefur mikið verið lagt upp úr innra eftirliti fyrirtækisins, sem á alltaf

Hvað er PMSG?

Lífvirka efnið *equine chorionic gonadotropin*, skammstafað eCG, er í daglegu kallað PMSG sem er skammstöfun á *pregnant mare serum gonadotrophin*. Þetta er hormón sem frumur í fósturhimnu fylfullra mera mynda. Meginhlutverk hormónsins er að hvetja til myndunar gulbúa og stuðla að því að þungun viðhaldist. PMSG mælist í fylfullum hryssum að jafnaði frá um 40. degi meðgöngu og styrkur hans vex fram að degi 60. Eftir það fer hann lækandi fram að degi 120.

Hér á landi er blóðtökutímabil frá síðustu viku júlí fram til 5. október. Frjósemishormónin eru hreinsuð úr blóðinu hjá Ísteka og úr þeim búin til afurð sem seld er úr landi. Efnið er hægt að nota til að stilla gangmál og örva þroska eggbúa í öðrum dýrategundum en hrossum, s.s. í svínunum, nautum og kindum.

að vera til staðar og sem líka hefur verið aukid á síðustu árum með dýravelferðarfulltrúa sem fer milli starfsstöðva.“

Hún vill leiðrétta misskilning um að MAST hafi ekki fjárheimildir til að auka eftirlitið.

„Það er ekki rétt. MAST innheimtir eftirlitsgjöld af eftirlitsþega, sem er Ísteka þegar um blóðtöku er að ræða, annars umráðamaður hryssnanna.“

Vöxtur blóðmerabúskapar

Tilraunir til blóðsöfnunar úr fylfullum hryssum til framleiðslu á PMSG á Íslandi hófst hér á landi á vegum fyrirtækisins G.Ólafssonar árið 1979. Þá var blóð tekið úr um 80 fylfullum hryssum í Skagafirði. Árið 1980 var tekið blóð úr 680 hryssum víðs vegar um landið og árið 1981 voru hryssurnar liðlega 1.000 talsins.

Engar opinberar tölur eru fyrir hendi um línulegan vöxt og umfang starfseminnar frá upphafi. Samkvæmt upplýsingum frá Ísteka hefur meðalársaukning hrossa síðustu 10 ár verið um 16%.

Staðan í dag er þó skýr. Á vefsíðu Ísteka kemur þó fram að árið 2020 hafi fyrirtækið verið í samstarfi við 99 bændur og velta fyrirtækisins

hefði verið 1,7 milljarðar króna. Á vefsíðu Matvælastofnunar kemur fram að í ár hafi 5.383 hryssur verið nýttar í blóðtöku á 119 bæjum.

Afkoma bændu og Ísteka

Í allmörgum tilfellum er blóðmerabúskapur meginafkoma þeirra bændu sem hana stunda. Afkoman byggist á því afurðaverði sem Ísteka greiðir fyrir blóðið.

Töluverðra tekna má vænta af búskap með blóðmerar. Samkvæmt upplýsingum frá Ísteka er samið við bændurna um afurðaverð til langs tíma þar sem verðhækkningar koma fram ár frá ári. Núgildandi verðskrá gildir út árið 2023. Einingaverð (ein blóðgjöf einnar hryssu) á komandi söfnunartímabili er 9.864-13.016 kr. án vsk. Meðalhryssa er því að gefa um 70.000 kr. á ári fyrir blóð, góð hryssa um 100.000 kr. Verðmæti folalds bætist svo við.

Umfang framleiðslu PMSG hér á landi er ekki opinber en samkvæmt starfsleyfisumsókn Ísteka þarf um 600.000 lítra af blóði til að framleiða 20 kg af PMSG. Miðað við fjölda hryssa má þó gróflega áætla að unnið sé úr 150–200.000 lítrum af blóði.

Básar á ábyrgðarsviði bóndans

Blóðtökubásar og önnur blóðtökuaðstaða er á ábyrgðarsviði bóndans samkvæmt gæðahandbók sem bændur í þjónustusamningi við Ísteka fá.

Þar eru tilteknir nokkrir hönnunarpunktar að gerðum sem leiða að blóðtökubásun og finna má teikningu af blóðtökubás til leiðbeiningar og hvernig aðstaða sé æskileg, s.s. að básinn sé hlutfallaréttur og veiti aðhald, fjalir séu settar fyrir aftan hryssu, hún sé með múl og band sé yfir herðakamb. Tiltekið er að bóndi eða annar ábyrgðarmaður eigi að sjá um að mönnum sé nægjanleg til að blóðtakan geti gengið snurðulaust fyrir sig og biðtímar séu ekki óhóflegir.

Arnhórf segir í tilsvörum að smíð bása geti verið ýmiss konar og útlit mismunandi. Blóðtökubás þurfi í öllum tilvikum að halda vel utan um hryssuna. Endurrunnið efni er oft notað og slys í básun séu fátíð.

Alþjóðlega staðla skortir um starfsemina

Í fræðigrein um velferð hrossa sem notuð eru í framleiðslu á PMSG, sem birtist í tímaritinu *Animals* í desember árið 2019, kemur fram að erfitt sé að fylgjast með starfsemi þar sem engir alþjóðlegir staðlar eða reglugerðir liggja fyrir um slíka starfsemi.

Þó sé vitað að blóðsöfnun eigi sér aðallega stað í Úrúgvæ, Argentínu, Íslandi, Rússlandi, Mongólíu og Kína.

Magn blóðs sem safnað er sé mjög breytilegt milli aðila og landa. Til dæmis þekktist það að eyða fóstri hryssunnar á níftugasta degi meðgöngu á sumum stöðum þar sem ekki sé þörf á frekari meðgöngu eftir að PMSG framleiðsla hryssunnar hætti. Það sé gert svo hægt sé að endurtaka þungun sömu hryssu tvisvar á ári og ná þá fram tvöfaldri framleiðslu blóðs. Slík meðhöndlun er bönnuð með öllu hér á landi.

Höfundar greinarinnar benda á að án alþjóðlegra staðla og reglugerða með starfsemi blóðmerabúskapar sé erfitt að móta heilsteipt eftirlitskerfi. Löndin eigi það til að hafa sínar innanlandsreglur en í mörgum tilfellum séu þær ekki bindandi, heldur frekar ráðleggjandi.

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Mikilvægt að nýta búfjáraburðinn sem best

– Bændur ættu ekki að spara tilbúna áburðinn sér til skaða

Blikur eru á lofti varðandi framboð og verð á tilbúnum áburði á næsta ári. Bændur gætu í mörgum tilvikum þurft að sýna útsjónarsemi til að komast hjá sligandi fjárútlátum. Að ýmsu er að hyggja; til dæmis eru áburðaráætlanir taldar nauðsynlegar og svo er mikilvægt að vanda til verka við dreifingu á búfjáraburði.

Næringarefni sem geta nýst til áburðar liggja víða. Samkvæmt nýlegum niðurstöðum Matis úr kortlagningu á magni lífræns hráefnis, sem nota má sem hráefni í áburð, er búfjáraburður langstærsta uppspretta nýtanlegra áburðarefna á Íslandi. Þar kemur fram að hann sé almennt nýttur, en þar séu þó undantekningar. Eiríkur Loftsson, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, segir að miklu máli skipti einnig hvernig hann sé nýttur.

Skráning búfjáraburðar nú hluti skýrsluhalds

Eiríkur segir að fram til þessa árs hafi miðlæg skráning á áburðarnotkun ekki verið skylda. „Á þessu ári varð þó slík skráning hluti af jarðræktarskýrsluhaldi. Gögn um notkun á búfjáraburði munu því batna á næstu árum,“ segir hann þegar hann er spurður um hvort einhver gögn séu til um nýtingu búfjáraburðar á Íslandi.

„Einhverjir sauðfjárbændur hafa notað skráningarkerfið í Jörð til að halda utan um áburðarnotkun í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt. En ég myndi halda að langstærsti hluti þess búfjáraburðar sem fellur til á húsi á nautgripa- og sauðfjárbúum sé nýttur með einhverjum hætti heima á búinu; á tún, í flög við ræktun og í uppgræðslu. Ég þekki ekki til þess hvernig og hvert svína- og alifuglabú losa sig við skóttinn, en í einhverjum mæli er hann nýttur á ræktunarland á búum í nágrenni þeirra,“ segir Eiríkur.

Ýmsir möguleikar í bættri nýtingu

Eiríkur jatar því hins vegar að það séu möguleikar í bættri nýtingu á



Eiríkur Loftsson, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Mynd / Aðsend



Dreifing mykju. Máli skiptir hvernig staðið er að dreifingu búfjáraburðar.

búfjáraburði í mörgum tilvikum en misjafnt sé milli búna í hversu miklum mæli það sé hægt. Eins sé misjafnt hversu miklu þarf að kosta til. „Dreifingartími hefur mikil áhrif á nýtingu næringarefna, þó mestan á

nýtingu niturs. Eins hafa aðstæður við dreifingu og aðferðir við hana áhrif á nýtinguna. Þar sem geymslupláss fyrir búfjáraburðinn er takmarkað getur þurft að dreifa hluta búfjáraburðar á óheppilegum tíma. Þar sem

gripir liggja við opið eða er gefið úti safnast skíturinn ekki í haugkjallara nema stundum, að litlu leyti, en dreifist í kringum gjafasvæði og á það svæði sem gripimir hafa aðgang að. Hann nýtist vissulega sem áburður þar og eykur beitaruppskeru en nýtist sennilega sjaldnar sem áburður á tún.

Það getur verið kostnaðarsamt að ná þessum áburði, ef byggja þarf ný hús sem uppfylla eðlilegar kröfur um vinnuáðstöðu.“

Nauðsynlegar áburðaráætlanir

„Það er nauðsynlegt fyrir alla að gera áburðaráætlun með einhverjum hætti, en misjafnt eftir umfangi og gerð búrekstrar hversu nákvæm hún þarf að vera. Nákvæmni áætlana ræðst af þeim upplýsingum sem fyrir liggja, svo sem um gerð jarðvegs, ræktunarsögu, fyrri áburðargjöf og fleira,“ segir Eiríkur og mælir með því að sýni af búfjáraburði sé send í efna-

greiningu þar sem það hafi sýnt sig að innihald sé ólíkt milli búna. „Það er mikilvægt að sýni úr mykju séu tekin við dreifingu eftir að hrært hefur verið upp í hauggeymslunni svo það fái rétt mæling á þurfnisinnihaldi við dreifingu,“ segir hann.

Eiríkur mælir með því við bændur að allir skoði vel sína möguleika og sínar aðstæður, því þær séu breytilegar milli búna. „Allir ættu hins vegar að reyna að nýta búfjáraburðinn sem best. Þó tilbúinn áburður hækki mega menn ekki spara sér til skaða.

Huga þarf að þáttum sem gera nýtingu áburðar sem besta. Dreifa áburði á góðum tíma, vanda dreifingu og að nota búnað fyrir jaðardreifingu ef hann er í boði. Það ætti að forðast jarðvegsþjöppun með umferð um tún á viðkvæmum tíma og loks má benda á að sýrustig jarðvegs hefur áhrif á nýtingu næringarefna úr áburði og því þarf kalk þar sem sýrustig er of lágt.“ /smh

Landbótasjóður:

Notkun lífræns áburðar og beitarfriðun aukist

Í skýrslu Landbótasjóðs segir að 2020 hafi verið úthlutað tæpum 95 milljónum króna auk fræs, um 13,2 milljónir króna, samtals um 108 milljónum, til landbótaverkefna. Mun það vera hæsta úthlutun sjóðsins frá upphafi.

Styrkir runnu til landbótaverkefna um allt land, en líkt og áður voru flest verkefni á Suður- og Norðausturlandi. Undanfarin ár hefur mikil aukning hefur verið á notkun lífræns áburðar í verkefnum sjóðsins.

4,8 tonn af lífrænum áburði

Árið 2020 voru 4.825 tonn af lífrænum áburði notuð en 887 tonn af tilbúnum áburði. Auk lífræns og

tilbúins áburðar var einnig notast við heyrullur, birkiplöntur og grasfræ.

Stærstur hluti verkefna sjóðsins var á sauðfjárbeittum svæðum og runnu 61,2 milljónir króna til slíkra verkefna en 10,8 milljónir til aðgerða á beitarfriðuðum svæðum. Verkefnum á friðuðum svæðum hefur fjölgað á milli ára.

Landbætur á illa förnunandi

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti 22,5 milljóna aukafjárveitingu til Landgræðslunnar í maí 2020 til átaksverkefna á sviði loftlagsmála. Áhersla var lögð á landbætur á illa förnunandi á eða í jaðri hálendisins.

Landgræðslan lagði fram tillögu til ráðuneytisins þar sem einskjaptis



Uppgræðsla aurskriðu.

Mynd / Landgræðslan

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600


aðgerðir voru settar í forgang þar sem ekki var hægt að ábyrgjast eftirfylgni aðgerða á næstu árum. Því komu aðeins til greina verkefni þar sem notaður var lífrænn áburður nema um væri að ræða svæði þar sem uppgræðsla væri komin vel á veg og ljóst að ein áburðardreifing skilaði verulegum ávinningi. Eingöngu var horft til félagsamtaka, fyrirtækja og sveitarfélaga í þessu átaksverkefni.

Ávinningur verkefnisins var metinn 938 tonn koltvísýringsgilda.


Metfjöldi umsókna

Alls bárust 87 umsóknir í Landbótasjóð árið 2020 og er það mesti fjöldi frá upphafi. Af þeim voru 19 umsóknir nýjar og féllu 13 umsóknir að reglum sjóðsins en 5 hlutu ekki.

Verkefnastjórnin lagði til að 82 verkefni hlytu styrk sem var samþykkt. Til átaksverkefna á illa förnunandi var úthlutað til 13 verkefna og var því úthlutað í heild styrkjum til 97 verkefna árið 2020. Sjóðurinn hefur meðal annars styrkt verkefni þar sem unnið er að stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu molda, rofabarða, mela og sanda. /VH



UTAN ÚR HEIMI



Framfarir í erfðatækni undanfarin ár ættu hæglega að getað bæt heilsu búfjár og gera það ónæmt fyrir fjölda sjúkdóma sem herja á gripina í dag.

Líftækni:

Erfðabreytt búfé

Erfðafræðingar binda vonir við að með aðstoð erfðatækni megi koma í veg fyrir algenga sjúkdóma í búfé, bæta líðan dýranna og spara gríðarlega fjármuni sem annars færu í lyf eða vegna förgunar.

Talsmenn erfðatækninnar viðurkenna að áður en hægt verður að þróa tæknina þurfi að setja strangar reglur sem gert verður að gæta vel ferðar dýranna.

Framfarir í erfðatækni undanfarin ár ættu hæglega að getað bæt

heilsu búfjár og gera það ónæmt fyrir fjölda sjúkdóma sem herja á gripina í dag. Auk þess að draga úr sýkingahættu er hægt með hjálp tækninnar að draga í losun búfjár á metangasi og auka framlegð.

Andstæðingar tækninnar telja aftur á móti að inngríp að þessu tagi geti haft alvarlegar afleiðingar þegar kemur að dýravelferð.

Bretar hafa nú þegar sett lög sem leyfa fyrstu skrefin í átt að erfðabreytingu í búfé með genabreytingum. *NH*

Veðurfar:

Aukin rigning á heimskautunum

Veðurlíkön benda til að í nánustu framtíð muni regna aukast á bæði suður og norðurheimskautinu og að draga muni úr snjókomu. Ástæða þessa er aukin hlýnun.

Afleiðing þessa er aukin bráðnun og hækkanði yfirborð sjávar sem leiðir til breytinga í vistkerfinu og röskunar á búsvæði margra dýrategunda. Á norðurslóðum munu breytingarnar hafa mikil áhrif á búsvæði sela, hreindyra og ísbjarna og á suðurhveli á mörgæsir svo dæmi séu tekin. *NH*



Kóngamörgæsir á Suðurheimskautslandinu. Mynd / Wikipedia

EYJALIND Varahlutir í VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík



FLÓRA
GARÐYRKJUSTÖÐ
JÓLASTJÖRNURNAR
ERU KOMNAR Í VERSLANIR!

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300



líka hægt að lesa á bbl.is og Facebook

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>

limtrevirnet.is

FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol




- Áratugareynsla við íslenskar aðstæður
- Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
- Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is

Limtrevirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Sölueld: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes



Viðáttumiklar framræslur í Bykkvabæ á Suðurland. Mynd Kortavefsjá Lbhí.

Landbúnaðarháskóli Íslands:

Nýr skurðauppráttur

Innan Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) hefur verið unnið að nýju korti yfir framræsluskurði á landinu. Eldri uppráttur er til frá árinu 2009.

Ástæða kortlagningarinnar er þörf fyrir mat á umfangi framræstra svæða í skilum til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Framræst land er sú landgerð sem losar langmest af gróðurhúsalofttegundum og því er afar mikilvægt að hafa góðar upplýsingar um flatarmál framræstra svæða.

Skurðakortin ásamt ýmsum öðrum landfræðilegum gögnum hafa verið nýtt til að áætla hversu stórt framræsta landið er. Tímabært var orðið að uppfæra eldra skurðakort. Bæði hafa loft- og gervihnattamyndir orðið mun betri svo auðveldara er að greina skurðina á myndunum og eins hefur skurðakerfið breyst á þessum tíma. Hægt er að skoða kortið á vefsíðu skólans lbhi.is Kortavefsjá og hlaða því niður af vef Landmælinga Íslands, Skurðakort. /NH



Amaryllis-laukar þrífast best í næringarríku og vel framræstum moldarjarðvegi við 15 til 20 °C.

Riddarastjarna:

Tignarlegt jólablóm

Riddarastjarna, eða amaryllis, eins og þessi glæsilega laukplanta er oft nefnd, er upprunnin í Suður-Ameríku en hefur dreifst þaðan sem pottaplanta vegna þess hversu harðger og auðveld hún er í ræktun, auk þess að vera blómviljug.

Blómin eru í mörgum litum, rauð, hvít og bleik auk þess sem þau geta verið marglit.

Áður en laukurinn er settur í mold er gott að láta neðri hluta hans standa í volgu vatni í nokkra klukkutíma þar sem slíkt hraðar

rótarmyndun. Amaryllis-laukar þrífast best í næringarríku og vel framræstum moldarjarðvegi við 15 til 20 °C.

Þegar lauknum er komið fyrir í potti skal láta helming til einn þriðja af honum standa upp úr moldinni en þrýsta henni þéttingsfast að neðri hlutanum án þess þó að skemma ræturnar séu þar farnar að myndast.

Moldin í pottinum skal alltaf vera rök yfir vaxtartímann en laukurinn þolir nokkurn þurrk á meðan hann er í hvíld. /NH

Samband íslenskra sveitarfélaga:

Skortur á yfirsýn í úrgangs- og loftslagsmálum

Niðurstöður könnunar benda til skorts á yfirsýn í úrgangs- og loftslagsmálum. Samband íslenskra sveitarfélaga framkvæmdi nýlega könnun á ýmsum þáttum tengdum tveimur af sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Annars vegar heimsmarkmið 12, er fjallar um neyslu og úrgang og hins vegar markmið 13 um loftslagsmál.

Heilt yfir má lesa út úr niðurstöðum könnunarinnar að sveitarstjórnir vilja gera vel í úrgangs- og loftslagsmálum og hafa gert það. Þar er þó ekki öll sagan sögð því í ljós kom að víða skortir á yfirsýn í úrgangs- og loftslagsmálum.

Ályktanir út frá niðurstöðum

Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga segir að svo virðist hins vegar að í sumum tilfellum vanti meiri yfirsýn, stuðning og fræðslu um þá ábyrgð sem á sveitarfélögum hvílir og þekkingu



Athygli vekur hversu víða virðist vanta yfirsýn yfir stöðu áætlanagerðar, gerð svæðisáætlana fyrir meðhöndlun úrgangs.

um þær hjargar sem til staðar eru til að ná markmiðum og uppfylla lagakröfur.

Athygli vekur hversu víða virð-

ist vanta yfirsýn yfir stöðu áætlanagerðar, gerð svæðisáætlana fyrir meðhöndlun úrgangs og brunavarnaráætlana. Báðar þessar áætlanir er skylt að vinna samkvæmt lögum og eiga þær að liggja til grundvallar í allri vinnu í málaflökunum. Miklar brotalamir eru á að þessar áætlanir séu gerðar og uppfærðar og leiðir könnunin í ljós ákveðið ofmat meðal svarenda varðandi það að þessar áætlanir séu til og í gildi.

Framkvæmd

Könnunin stóð yfir frá 22. september til 21. október síðastliðinn og var send til allra sveitarfélaga, framkvæmdastjóra sveitarfélaga og tengiliða Samstarfsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmiðin. Óskað var eftir einu svari við könnuninni frá hverju sveitarfélagi og þá helst frá þeim fulltrúa sveitarfélagsins sem þekkir best til viðkomandi málaflokka. Alls svöruðu 48 sveitarfélög og var svarhlutfallið því um 70%. /NH

Blómin um jólin:

Jólastjörnur eru kuldaskræfur

Jólastjörnur eru fyrir löngu orðinn hluti af jólauskreytingum á heimilum Íslendinga yfir skammdegið. Fátt minnr meira á að eftir hátíðarnar fer sólin að hækka á lofti og að halla fari að vori en falleg blóm.

Þegar jólastjarna er keypt skal gæta þess að henni sé pakkað inn og muna að jólastjörnur þola illa kulda og alls ekki að standa lengi í köldum bíl og ráðlegt að stoppa ekki til að versla jólagjafir eða í matinn á leiðinni heim.

Jólastjörnur þrífast best við 12 til 21 °C og endast best við lægri mörkin. Best er að vökva þær lítið í einu en oft og með volgu vatni. Moldin má aldrei þorna alveg en það má heldur ekki standa í vatni pottinum. Best er að láta pottinn standa í djúpri pottahlíf sem fyllt er í botninn með vikri. Þannig stendur jólastjarnan ekki í vatni en nýtur góðs af uppgufun og loftraki leikur um hana.

Jólastjörnur þurfa góða birtu og þrífast best í björtu herbergi eða í austur- eða vesturglugga.

Ólíkt því sem ýmsir telja eru það ekki blóm sem gefa jólastjörnunni sinn fallega lit heldur svokölluð háblöð.

Jólastjörnur eiga rætur sínar að rekja til Mexíkó. Nánar tiltekið til héraðsins Taxco þar sem hún vex sem þéttur runni eða lítið tré og getur náð þriggja til fjögurra metra hæð.

Löngu fyrir komu Evrópumanna til Vesturheims ræktuðu innfæddir þar jólastjörnur vegna litadýrðarinnar og var lítið á þær sem tákni um hreinleika.

Jólastjörnur hafa verið í ræktun



Jólastjörnur hafa verið í ræktun á Íslandi frá því skömmu fyrir 1960. Í dag eru þær ræktaðar og seldar í miklu magni fyrir jólin enda sannkölluð jólablóm.

á Íslandi frá því skömmu fyrir 1960. Í dag eru þær ræktaðar og seldar í miklu magni fyrir jólin enda sannkölluð jólablóm. Í dag er hægt að fá rauðar, förlauðar og hvítar jólastjörnur.

Þjóðverjinn Albert Ecke, sem settist að í Hollywood árið 1902, var gríðarlega heillaður af jólastjörnunni og hóf ræktun

hennar í stórum stíl og seldi greinar á adventunni. Árið 1920 tókst syni hans að framrækta dvergafbrigði af jólastjörnu þannig að hægt var að rækta hana í potti. Hann lagði mikla alúð í að kynna hana og tengja rauða litinn jólunum. Það má því segja að Ecke yngri sé faðir jólastjörnunnar eins og við þekkjum hana í dag. /NH

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



líka hægt að lesa á [bbl.is](https://www.bbl.is) og [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>

Bláðinu er dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og ögbylí á Íslandi

LÍF & STARF



Jón í Skálholti. Jón Bjarnason með viðurkenninguna sem hann fékk á SASS þinginu, em hann hefur með eljusemi, dugnaði og áhuga vakið verðskuldaða athygli á menningarviðburðum og gefið jákvæða mynd af Suðurlandi.

Mynd / Aðsend

Menntaverðlaun Suðurlands fóru til Jóns í Skálholti

Á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), sem haldið var á Hótel Stracta á Hellu 28. og 29. október, var Jóni Bjarnasyni veitt Menningarverðlaun Suðurlands 2021 en verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi.

Jón er starfandi organisti í Skálholti og hefur bæði í starfi sínu og af áhuga og frumkvæði staðið fyrir ýmsum menningartengdum viðburðum í Skálholti og

uppsveitum Árnessýslu. Jón spilar allar tegundir tónlistar og nær þannig til breiðs hóps íbúa og gesta. Hann hefur til að mynda haldið rokktonleika og spilar gjarnan Rolling Stones og Queen lög á orgelið í Skálholtskirkju. Jón hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum, t.d. „Tómatar og tangó“, sem eru tónleikar sem haldnir voru í Friðheimum. Nýjasti viðburðurinn sem Jón stendur fyrir í Skálholti er „Óskalögin við orgelið“. /MHH

ELDVARNIR BORG SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Dæmi um þetta eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

Byggðasaga Skagafjarðar

heildarútgáfa 1.-10. bindi.



Tíunda bindið kostar kr. 15.000.

Eldri bækur kr. 7.500.

Ef nýja bókin er keypt fást eldri bindi með 25% afslætti eða kr. 6.000 hver bók.

Tilboðsverð, öll bindin 1-10 á aðeins 60.000 kr.

Pantanir í s. 453 6261 / 897 8646 eða á saga@skagafjordur.is

Frí heimsending ef keyptar eru tvær bækur eða fleiri.



SÖGUFÉLAG SKAGAFJARÐINGA
STOFNAD 1937

SÖKNARÁÆTLUN NÖRÐURLANDS VESTRA

BYKO

STEINULL

Lely Center Ísland



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ

John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Bændablaðið Kemur næst út 16. desember



ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is





Rafn Arnbjörnsson hefur starfað sem frjótæknir í hálfra öld, en hann hóf störf í þessu fagi haustið 1971. Hér er Rafn við höfuðstöðvar Búgarðs á Akureyri.

Mynd / MPP.

Rafn Arnbjörnsson á Dalvík hefur starfað sem frjótæknir í 50 ár:

Fann mína ástríðu í þessu starfi

– Nauðsynlegt fyrir kynbótastarfið að litið sé á sæðingastarfsemi sem mikilvægan þátt

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Ég er þakklátur fyrir að hafa kynnst öllu þessu fólki í sveitunum, notið gestrisni þess og góðra stunda, þeir eru ófáir kaffibollarnir sem bornir hafa verið að mér um tíðina og gaman að hafa kynnst gömlu íslensku gestrisninni.“

Allt það bændafólk sem ég hef um árin átt samskipti við hefur sýnt mér mikil elskulegheit, boðið upp á mat og kaffi og sýnt mér mikla vináttu. Mér þykir líka vænt um að hafa verið treyst til þess að sinna störfum fyrir bændur í Eyjafirði,“ segir Rafn Arnbjörnsson, sem fyrr í haust fagnaði hálftrar aldar starfsafmæli sínu sem frjótæknir.

Hann hóf störf haustið 1971 og er enn í fullu fjöri 50 árum síðar. Rafn er einn af stofnendum Frjótæknifélagsins, sem bæði er fag- og stéttarfélag.

Fæddur og uppalinn á Dalvík

Rafn fæddist á Dalvík, ólst þar upp og býr þar enn. Hann segir áhuga sinn á landbúnaði hafa kviknað snemma, en í hans uppvexti tíðkaðist að halda nokkrar skepnur við nánast hvert heimili, eina kú og nokkrar kindur. Svo var einnig á hans heimili, foreldrar hans voru með kú og um 20 kindur þannig að hann fór snemma að stússast í kringum skepnur.



Andri Már Sigurðsson, formaður Frjótæknifélagsins, veitir Rafni viðurkenningu fyrir störf sín á aðalfundi félagsins.

Fyrsta hestinn eignaðist hann 13 ára gamall og notaði í þá fjárfestingu sumarkaupið sitt í sinni fyrstu

vinnu. Hann á móti öðrum strák á svipuðu reki fengu starf við að tína upp það smágrjót sem féll af



Með góðum félögum að halda upp á 50 ára starfsamælið. Mynd / Úr einkasafni

Reyna að ná sambærilegu fanghlutfalli við sæðingar og Rabbi

„Það hefur einkennt störf Rafns að þau eru leyst af samviskusemi og nákvæmni. Það er mikið lán að hafa starfsmann sem er tilbúinn að ganga í öll þau störf sem á þarf að halda hverju sinni.“

Meðal þess sem honum hefur verið falið má nefna bókhald og frágang á skattaskýrslum, ómskoðun á lömbum, vinna við kynbótasýningar hrossa auk jarðvegs- og heysýnatöku. Í hans aðalstarfi er árangur eins og best gerist á landinu og oft verið markmið þeirra sem á eftir hafa komið að ná sambærilegu fanghlutfalli við sæðingar og Rabbi. Það er einstakt lán fyrir eyfirska bændur að hafa fengið að njóta starfskrafta Rafns Arnbjörnssonar í hálfra öld.“ Þetta segir Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, um starfsfélaga sinn, Rafn Arnbjörnsson.

vörubílunum þegar verið var að koma upp syðri grjótgarðinum við Dalvíkurhöfn.

„Ég fékk 2.500 krónur fyrir þetta sumarstarf og þær nægðu til að kaupa hest,“ segir hann.

Imba var heilmikill örlagavaldur

Rafn var mörg sumur í sveit á Jarðbrú í Svarfaðardal hjá Halldóri Jónssyni og Ingibjörgu Helgadóttur sem þar ráku myndarþú og segir hann að sú dvöl hafi aukið áhuga hans enn frekar á landbúnaði og störfum honum tengdum.

„Mér leið vel á Jarðbrú, féll vel inn í hópinn sem þar var, svo vel kannski að margir héldu að ég væri einn úr systkinahópnum. Mér þótti vænt um það,“ segir hann og bætir við að óbeint megi rekja það að hann hóf störf við sæðingar til Ingibjargar á Jarðbrú. Hún hafði á fundi nautgripaættarfélagi í Svarfaðardal stungið upp á að prófa hann í starfið þegar sá sem því sinni lét af störfum.

„Hún var heilmikill örlagavaldur í því að ég fór í þetta.“

Rafn stundaði búfræðinám við Bændaskólann á Hólum á árunum 1969 til 1971. Hann sótti um nám í framhaldsdeildinni á Hvanneyri að því loknu og var á leið suður þá um haustið þegar tilboð um starf barst frá Félagi nautgripaættenda í Eyjafirði. Velti hann málum aðeins fyrir sér og var niðurstaðan sú að fresta náminu, enda hægt að hefja það eitt-hvað annað haust og þiggja starfið.

„Það gerði nú útslagið í þessum vangaveltum mínum að ég var kominn með kærustu upp á arminn og við áttum von á barni. Þannig að ég ákvað að vera heima og prófa þetta nýja starf,“ segir hann.

Ljóst var að Rafn myndi í sínu starfi vera í búfræðingum og því byrjaði hann á að sækja námskeið syðra áður en hann hélt út á akurinn og hóf sín störf í eyfirskum sveitum.

Farið á mun færri bæi en áður

„Eðli starfsins hefur ekki breyst, það er enn hið sama, tækni og áhöldin svipuð en það sem aftur á móti hefur breyst og það mikið eru samgöngurnar hér á svæðinu, samskiptatæknin og eins fjöldi bæja sem farið er á,“ segir Rafn en í fyrstu sinni hann svæði kringum Dalvík, Svarfaðardal og Árskógsströnd inn að Rauðvík auk þess að fara í Ólafsfjörð.

„Þetta var mitt starfs-svæði á fyrstu árunum, og alls voru 74 bæir á mínu svæði með kúr auk þess sem kúr voru á 12 bæjum í Ólafsfirði. Það hefur aldeilis orðið breyting á hvað fjöldinn varðar, bæjunum hefur snarfækkað með árunum, en kúrnar eru líklega álfka margar og var. Nú eru á þessu svæði 13 bæir með kúr þannig að yfirferðin er allt önnur en var í fyrri tíð.“

Þá nefnir hann að vegir hafi víðast hvar ekki verið upp á marga fiska og vetrarsamgöngur oft og tíðum erfiðar, enda var í þá daga ekki endilega mikið kapp lagt á að halda vegum opnum alltaf.

„Þetta var nú þannig að ef snjóaði og vegir urðu ófærir þá var það bara þannig. Og fólk var ekki að kvarta mikið yfir því, þetta var staðan og menn bara biðu þess að aftur yrði fært,“ segir Rafn sem iðulega var á ferðinni í vöskuveðri og jafnvel stórhriðum. Það var bara farið af stað þegar kallið kom.



Á góðri stundu með Þorsteini Ólafssyni dýralækni heima í Öldugötu á Dalvík.

Mynd / Ur einkasafni.

út úr auga. Kemst hann heim að Hálsi og reynir að fá vaska menn á Dalvík til að sækja sig á vélsleða en veður þótti ekki fýsilegt til þannig ferða. Úr varð að Rafn gekk heim til Dalvíkur, nokkurra kílómetra leið.

Snjóflóð í Múlanum

Í annað skipti komst hann í hann krappan í Ólafsfjarðarmúla, en hann hafði farið þangað til að sinna sínu starfi. Þetta var á Þorláksmessu og var bróðir hans með í för, þeir áttu systur í Ólafsfirði sem þeir heilsuðu upp á þennan dag. Þegar þeir höfðu lokið sínum erindum var haldið heim á leið.

„Það gerist svo að við keyrum inn í snjóflóð sem var að falla yfir veginn, ég var nokkrar sekúndur að átta mig á að þetta væri flóð, það kom mikill slinkur á bílinn og snjórinna náði upp fyrir vélarhlífina og aðeins upp á framrúðuna. Ég náði að bakka út úr þessu og komast fyrir flóðið, en var ekki kominn langt þegar annað flóð fellur og nú á afturhluta bílsins. Hann kastaðist svolítið til en ég gaf vel í og komst sem betur fer út úr þessu líka. Þegar við skoðuðum aðstæður sáum við að þetta voru tvær litlar spýjur, en við vorum fegnir að sleppa þetta vel frá þeim. Ég hugsa að þetta sé nú það mesta sem ég hef lent í á mínum starfsferli,“ segir Rafn.

Beint inn í fjós og út aftur

Nú hin síðari ár eru tveir frjótæknaar að störfum hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og skipta svæðinu á milli sín. Rafn tekur norðurhlutann, byrjar á Akureyri og heldur heim á Dalvík með viðkomu á þeim bæjum sem óskað hafa eftir honum. Hann fer einnig út með ströndinni austanmegin og byrjar gjarnan þar, en hinn sinnir Eyjafjarðarsveit þar sem flest kúabú eru. Bændur panta frjótækni í símatíma snemma á morgnana eða eftir öðrum leiðum og gefa upp númer á þeirri kú sem þarf að sæða og hvar hana sé að finna í fjósinu. Frjótæknaar finna til heppilegt sæði og lesa sér til í gagnabanka frá Bændasamtökum Íslands eða velja naut í gegnum Tarf sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins heldur úti. Rafn segir að þegar sé búið að velja sæði fyrir þær kúr sem farið hafi í gegnum kynbótamat.

„Við tökum okkur til og græjum okkur og höldum svo út í sveitirnar,“ segir hann. Og bætir við að nú heyri til undantekninga að rekast

Rauða veifan

Rafn og Hjörtur á Tjörn komu sér upp ákveðnu merkjamáli, enda ekki alltaf gott að ná á sæðingamanni á ferð um dalinn þegar símar voru ekki í hverjum vasa. Þegar Rafn ók fram hjá heimreiðinni að Tjörn og rauð veifa blakti við úti á brúsapalli þýddi það að hann ættri að koma við.

„Þetta var merkið sem hann gaf mér ef á sæðingamanni þurfti að halda á Tjörn þann daginn. Gárungarnir í sveitinni göntuðust með það að Hjörtur hefði notað rauðan náttkjól af Sigríði konu sinni sem veifu,“ segir hann.



Rafn Arnbjörnsson með skíðin hans Hjartar á Tjörn.

á bændur og búalið heima á bæjunum, „við förum bara beint inn í fjós og vinnum okkar vinnu og svo er haldið áfram,“ segir hann. Af sem áður var að staldrad var við og drukkið kaffi á hverjum bæ.“

Má ekki slaka á kröfum

Rafn segir að þegar hann líti yfir farinn veg sé hann ánægður með að hafa valið sér þennan starfsveitvang. Hann hafi alla tíð lagt metnað í starfið og sinnt því af vandvirkni.

„Ég hef verið heppinn að starfa hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar þar sem stjórnendur hafa skilning og metnað fyrir því að sæðingastarfsemi gangi sem best. Það hefur alltaf verið vel að okkur frjótæknum búið, við höfum góða vinnuáðstöðu og þess gætt að bílakostur sé

Æi, það er Rabbi bara

Rafn kom einu sinni sem oftast heim að Bakka í Svarfaðardal, sat þar í eldhúsi og gæddi sér á veitingum. Móðir Helgu, Engilráð, var í herbergi sínu, heyrir umgang og spyr hver sé á ferðinni. Æi, það er Rabbi bara, svarar Helga móður sinni. Eftir drykklanga stund heyrir í þeirri gömlu: Nú varð hann ekki ónýtur í frostinu í haust?

Einhverju sinni var Rafn á ferð hjá Jónasi í Koti í Svarfaðardal að sinna vinnu sinni og fékk þá þessi skilaboð sem komið hafði verið fyrir á bréfsnepli við mjólkurtankinn:

*Hún herjar víða þessi þrá,
það fer að nálgast æði,
Helga á Bakka hún vill fá,
heilan skammt af sæði.*

eins og best verður á kosið,“ segir hann. Einnig hafi hann átt því láni að fagna að starfa með frábæru fólki á góðum vinnustað, þar sem jákvæðni, léttleiki og gleði hafi verið í fyrirrúmi.

Rafn er enn að störfum og segir að lífinu sé langt í frá lokið þó menn nái því að verða sjötugir, að halda áfram að vinna gefi sér aukin tækifæri á samveru og samskiptum sem geri lífið enn skemmtilegra.

„Það er nauðsynlegt að mínu mati fyrir kynbótastarfið í nautgripaætt að lítið sé á sæðingastarfseminu sem mikilvægan þátt og að ekki verði slakað á kröfum til að árangur verði sem bestur. Ég fann mína ástríðu í þessu starfi og hef alltaf haft að leiðarljósi að þeir bestu geti alltaf gert betur ef áhugi og metnaður er fyrir hendi til að halda merkinu á lofti.“



Við skafi á hlaðinu á Steindyrum.

Rennt yfir sögu stórfyrirtækis Levi Strauss:

Með koparstungu á rassvasanum

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Í Bandaríkjunum, þann 20. maí árið 1873, urðu straumhvörf í heimi tískunnar þó ekki áttuðu sig allir á því akkúrat þann dag. Í hringiðu iðnbyltingar þessa tíma höfðu ýmsar þarfir mannanna breyst og meðal þess sem almenning virtist vanhaga um voru sterk og endingargóð vinnuföt.


Á árunum milli 1820 og 1860 var þó nokkuð um straum innflytjenda frá Norður- og Vestur-Evrópu til Bandaríkjanna, þá meðal annars vegna byltinga í Þýskalandi varð töluvert um brottflutning þaðan til fyrirheitna landsins.

Einn þeirra er lögðu land undir fót var Levi Strauss, (1829–1902) frá Bæjaralandi, en árið 1847 lá leið hans yfir hafði eins og svo margra. Rúmlega tvítugur að aldri hafði hann skapað sér sess sem kaupmaður í borginni San Francisco, en árið 1852 kom honum það snjallræði til hugar að láta sauma buxur úr slitsterkum striga sem honum hafði áskotnast, til að selja þeim er unnu erfiðisvinnu úti við. (Sumir vilja jafnvel meina að striginn hafi verið gerður úr hamplöntunni sem þá var enn nýtt á sem fjölbreyttasta vegu, áður en hún var talin hafa fleiri neikvæða eiginleika en jákvæða, verkfæri djöfulsins jafnvel.)

Nú, buxumar slitsterku runnu út eins og heitar lummur, námuverkamenn, gullgrafarar og kúrekar voru meðal þeirra er jusu þeim lof og prís og þar með var sigurganga Levi's buxna hafin.

Um það bil tuttugu árum síðar hafði klæðskeri nokkur, Jacob Davis að nafni, samband við Levi Strauss – þá bréfleiddis – og benti á að styrkja mætti helstu álagpunkta buxnanna með koparfestingum. Í kjölfar bréfaskriftanna bundust þeir venskap, lögðu saman krafta sína og fengu einkaleyfi á vinnubuxunum frá þærnu með koparfestingunum. Með árunum urðu buxurnar æ vinsælli og þótti jafnvel almenningi mikið sport að spóka sig í einum slíkum. Eitthvað var efnið þó ekki nægilega mjúkt og sveigjanlegt fannst fólki, auk þess sem námugraftarmenn kvörtuðu jafnvel undan því að efnið rispaði þá. Levi og félagi hans, hr. Davis, tóku umkvartanir þessar alvarlega og ákváðu að leita fanga í vefnaðarvöruborgum heimsins. Þeim bárust upplýsingar frá þekktu vefnaðarvöruborgum Suður-Frakklands að í borginni Nîmes væri mögulega hægt að fá bæði sterkt, þolgot og mjúkt bómullarefni sem var kallað serge. Þeir félagar hófust því handa við kaup og innflutning, en varð brenglun orða til þess að efnið, sem kallað var serge de Nîmes eða serge-efnið frá Nîmes – varð Denimes, eða denim upp á enska máttann. Gallaeftni á íslensku.

Það var þó ekki fyrr en árið 1934, rúmum sextíu árum eftir að ævintýrið hófst, að framleiðsla hófst á gallabuxum sem ætlaðar voru konum, eða Lady Levi's®. Yfir árin höfðu vestrænar konur (aðallega) fengið til láns



Burt Reynolds situr hér í makindum sínum, íklæddur Levi's skyrtu úr gallaeftni.

gallabuxur eiginmanns síns eða bróður og þó tæki nokkra áratugi í viðbót að samþykkja gallabuxur sem víðeigandi búning kvenna sá fyrirtæki Levis þarna þörf og hóf því framleiðsluna. Þetta voru í raun kröftug skilaboð til almennings þess efnis að fyrirtæki Levi Strauss teldi konur til jafns við karlmenn þegar kom að stöðu þeirra, getu og sjálfstæði í heiminum. Þær þóttu heldur ögrandi og kjarkmiklar konurnar þarna sem klæddust gallabuxum, enda voru stétta- og menningarskil afar stíf á á þriðja og fjórða áratugnum. Að auki voru gallabuxur þessa tíma ekki til með rennilás heldur hnöppum sem jók enn fremur á ímynd hinnar frjálslegra konu. Ein þeirra kvenna er hrifnar voru af gallabuxunum var leikkonan þekkt, Marilyn Monroe. Hún fór gjarnan á nytjamaðkaði og fann sér gamlar Levi's buxur og var fyrst kvenna til að bera þær á hvíta tjaldinu. Árið 1961 klæddist hún Lady Levi's® í flestum lykilsenum kvikmyndarinnar The Misfits. Talið er að þokkafullar línur hennar í gallabuxunum hafi kveikt löngun kvenfólks til þess að

versla sér einar slíkar – ef ekki nema til að vera í við garðvinnu eins og ein senan sýnir.

Levi Strauss fékk hana svo sem andlit herferðar sinnar, einnar nokkurra árið 1968 þar sem hún, ásamt James Dean, leikara nokkrum (og öðru helsta kyntákni þessa tíma), sitja fyrir með leikmynd myndarinnar River of No Return (1954) í forgrunni.

Í dag er Levi Strauss & Co. eitt stærsta fyrirtæki heims og leiðandi á heimsvísu í gallabuxum. Um það bil 500 verslanir má finna víðs vegar um heiminn og vörur þeirra fáanlegar í meira en 100 löndum. Enda þekktu þú nær allir gleði þess að ganga um í Levi's buxum.

En svo, eins og kemur fyrir besta fólk, er hjólið fundið upp oftar en einu sinni – sérstaklega ef er að finna sannleikskorn í grein vísindavefsins þar sem álitid er að hampur hafi verið upprunalegt efni gallabuxanna frágu. Á vefsíðu Forbes nú fyrir stuttu kemur nefnilega fram að stórveldi Levi's buxnanna hafi nýverið hafið framleiðslu buxna sem eru að hluta



Marilyn Monroe ... í Levi's.

til úr efni unnu úr hampi. (Mögulega svipuðu og unnið var með fyrir 168 árum). Sem stendur er hlutfalls hamps á móti bómullarþráða ekki nema frá 23-28% en þó er þetta skref fram á við. Skulum við meina.

Í samstarfi við fatafyrirtækið Outerknown – sem getur stært sig af því að yfir 90% af vörum þess eru framleiddar úr lífrænum, endurunnum eða endurnýjuðum efnum – hafa fyrirtækin tvö unnið að framleiðslu gallafatnaðar sem inniheldur þessa blöndu af bómull og iðnaðarhampi. Unnið var með sérfræðingum í trefjatækni er sáu meðal annars um að efnið yrði sem mýkst þar sem hampefni á það til að verða heldur gróft – og að sem minnst orka og ólífræn efni kæmu að gerð þess.

Þess má geta að ræktun iðnaðarhamps, sem nú hefur verið lögleidd í Bandaríkjunum er spád mikilli velgengni en telur fjárfestingafyrirtækið New Frontier að hampiðnaðurinn muni ná um 6 milljörðum dala fyrir en varir ...

En fyrirtæki Levi Strauss, notandi hamps eða ekki, hefur ávallt haft nýtni og endingarvæna vöru í sinni framtíðarsýn. Auk þess að hafa, sem stendur, fingurna í vinnslu hampsklæðis er sjálfbærni þeim eðlislæg. Á vefsíðunni levi.com má meðal annars finna ábendingu þess efnis að ef allir keyptu einn notaðan hlut árlega í stað þess að kaupa nýjan, myndi það spara rúmlega 200 milljónir kílóa af úrgangi. Með stefnu þeirra, kallaðri Levi's® SecondHand, er fólki boðið að taka þátt í sjálfbærari framtíð. Þar er m.a. lítið til þess að halda lífi í fatnaði er kemur frá fyrirtækinu með því að skila inn gömlum Levi's fötum til endurvinnslu, líta við á saumastofunni og láta laga fatnað eða jafnvel kaupa gamalt sem aðrir hafa skilað inn.

Talin eru upp þrjú skref til að betra heiminn og eru þau eftirfarandi:

Skref 1

Finndu þér tíma til að skila gömlu Levi's gallabuxunum þínum, gallajökkum eða öðrum Levi's flikum í verslunum sem taka þátt. Þú færð gjafakort fyrir framtíðarkaup.

Skref 2

Við hreinsum, flokkum, lagfærum og skráum fót á SecondHand.levi.com, höldum þar með flikum í notkun og frá urðunarstöðum.

Skref 3

Verslaðu á ábyrgan hátt og finndu þér eitthvað sem fer þér vel hjá Levi's® SecondHand. Þú munt hjálpa plánetunni, eitt endurborið stykki í einu og skapa þér persónulegan stíl.

Það er því um að gera að hika ekki við að kaupa notaðar vörur, láta lagfæra ef viðkomandi er ekki flinkur á saumavélina sjálfur og skemmta sér jafnvel við að finna sinn eigin persónulega vintage stíl – hvort sem um ræðir 90's grunge eða útviðar buxur hippaáranna. Mæta svo með bunka af gömlu gallabuxunum undir hendinni, ef leið liggur í Levi's búðina í miðborg San Francisco og gera með því jörðina okkar aðeins glaðbeittari.




Levi Strauss hóf fyrstur manna framleiðslu á gallabuxum ætluðum konum. Merkið Lady Levi's® naut mikilla vinsælda og þótti framúrstefnulegt.



Upprunalega útgáfa Levi's merkisins sýndi tvo hesta sem reyna þolgaði gallabuxanna. Þessi mynd án leturs var merki um gæði sem kúrekar, gullgrafarar og aðrir neytendur þekktu þótt ólæsir væru.



Levi Strauss auk nokkurra annarra klæðskera fengu einkaleyfi á hneppum, bláum buxum árið 1873 og í kjölfarið var það talið upprunár gallabuxna ef svo má að orði komast. Gallabuxurnar sem slíkar, úr denim-efninu, urðu þó ekki til fyrr en síðar. Í dag vinna hjá fyrirtækinu tæplega 15.000 manns samkvæmt tölum frá 29. nóvember 2020.



UTAN ÚR HEIMI

Niðurstaða hjá Evrópuþinginu eftir þriggja ára flóknar samningaviðræður:

Samþykkt stuðning við CAP, landbúnaðarstefnu ESB, fyrir árin 2023 til 2027

Eftir þriggja ára flóknar samningaviðræður hefur Evrópuþingið nú samþykkt stuðning sinn við nýja Sameiginlega landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, CAP, fyrir 2023-2027, með þeim skilyrðum að leysa þurfi ákveðna óvissuþætti sem snúa að samræmingu og framkvæmd.

Atkvæðagreiðsla sem fór fram í vor um málaáhrif stefnunnar sneru helst að nýjum umhverfis-, loftslags- og félagslegum kröfum við tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Umhverfismálin eru ofarlega á baugi sem mun skapa mikla áskorun fyrir bændur í Evrópu. Nú þurfa aðildarríkin að hanna hagnýtar, auðskiljanlegar og ekki minnst framkvæmanlegar aðgerðir til að hjálpa bændum við að ná þeim krefjandi markmiðum sem í stefnunni felast.

Tæki til að halda áfram í átt að aukinni sjálfbærri framleiðslu

„Nú hefur Evrópuþingið rétt evrópskum bændum og samvinnu-



félögum stefnumótandi tæki til að halda áfram í átt að aukinni sjálfbærri framleiðslu. Nýju loftslags-,

félagslegu- og umhverfiskröfurnar eru tákun um þá þróun sem bændur verða að skuldbinda sig til með því

að framleiða sínar vörur á sjálfbærari hátt. Það mun krefjast umtalsverðs átaks á tímum þegar skammtíma-áskoranir og óvissa eru miklar og geta sett samkeppnishæfni greinarinnar í hættu.

Við treystum nú á að stjórnvöld aðildarlandanna ásamt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykki sem fyrst þessa nýju stefnu- og markandi áætlun landbúnaðarstefnunnar,“ segir Christiane Lambert, forseti Evrópusamtaka bænda, Copa.

/ehg – Copa Cogeca

Evrópa bjó sjálf til orkukreppu, segir Llewellyn King: Nánast allt sem gat farið úrskeiðis hefur farið úrskeiðis

Það sem getur farið úrskeiðis mun fara úrskeiðis, samkvæmt lögmáli Murphys. LeikhúSORÐATILTÆKIÐ lítur aðeins öðruvísi á hlutina en þar segir: „Það verður allt í lagi á kvöldin.“ Þetta síðara er reyndar ekki ólíkt hinum þekktu íslenska hugsunarháttinum, „þetta reddast“.

Llewellyn King er stofnandi, framkvæmdastjóri og stjórnandi „White House Chronicle“, sem er vikulegur frétt- og málefnaþáttur og er sýndur um öll Bandaríkin, vitnaði einmitt í fyrirnefnd lögmál í grein í Forbes á dögunum. Hann vísar reyndar ekki í íslenska hugsunarháttinn en segir að Evrópa hafi ákveðið að taka upp leikhúSORÐATILTÆKIÐ í orkumálum, nefnilega „Það verður allt í lagi á kvöldin“. Þar hafi Evrópa horft til stöðunnar í framboði á jarðgasi og niðurstaðan hafi ekki verið góð.

Lögmál Murphys sigradi

„Evrópsk lönd veðjuðu á að bráðabirgðaverð á jarðgasi yrði lágt og að þau gætu valið og haldið í skefjum hvers kyns slæmum viðskiptasiðum frá birgjum í Rússlandi í skjóli samanlagðs markaðsstyrks Evrópu. Í stuttu máli sögðu þau, „það verður allt í lagi á kvöldin“, en lögmál Murphys hafa sigradi.

Nú er Evrópa, frá Miðjarðarhafi upp að heimskaupsbaug, að velta því fyrir sér hvernig allt hafi getað farið svona hratt úrskeiðis og hvers vegna Evrópulönd standa frammi fyrir hæsta verði á gasi og raforku í sögunni. Verði sem leiðir til efnahagslegs tjóns, og mögulegs rafmagnsleysis og frystingar á starfsemi fyrirtækja og heimila í vetur.

Rússum kennt um stöðuna

Freistingin felst í því að kenna Rússum um að nota framboð á gasi sem vopn í samskiptum við ESB. Því spyr Llewellyn King: „En vissi Evrópa ekki hvað myndi gerast? Rússar eru ekki þekktir fyrir að vera velviljuð þjóð.“ King heldur svo áfram og segir:



Llewellyn King.

„Gaskaupendur Evrópu og pólitískir herrar þeirra veðjuðu á að Rússland þyrfti meira á markaðnum í Evrópu að halda en Evrópa þyrfti á gasi að halda frá Rússlandi.“

Áhættuspil sem Evrópa tapaði

„Þetta var fjárhættuspil og Evrópa tapaði. Rússland vann og hefur dregið úr gasflæði til Evrópu, stundum um tvo þriðju; síðan, á dutlungafullan hátt, að auka framboðið eftir að skaðinn var skeður. Auka þá aðeins nægilega til að halda markaðinum óstöðugum og verðinu og framtíðinni óstöðugri.“

Kjarninn í þessu slæma veðmáli var trú margra gaskaupenda á því að þeir gætu gert betur á skyndimarkaði en ef þeir væru bundnir við fasta langtímasamninga. Nú eru kaupendurnir sem eru með fasta langtímasamninga öruggir, en hafa um leið áhyggjur af því hvort birgjar þeirra muni telja aðstæðurnar óviðráðanlegar og skerða birgðir.“

King segir að allt hafi lagst á neikvæðu hliðina í orkumálum Evrópu, vandræði vegna Covid-19 og síðan hafi vindur til að snúa vindorkuverunum verið með minnsta móti og hafi ekki verið minni í 60 ár.

Evrópa hefur veðjað rangt á uppboðsmarkaðinn, Rússland og vindinn. Nánast allt sem gat farið úrskeiðis hefur farið úrskeiðis.“ segir Llewellyn King. /HKr.

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

PRONAR

Fjölplógar

í stærðum frá 1.35m til 4.0m



AFLVÉLAR

Plógur á mynd:

3.3m með 3p festingu og stjórnborði

Verð **1.290.000** kr. án/vsk

Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ | Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími 480 0000 | sala@afvelar.is | afvelar.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Lely Center Ísland

ZETOR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Efst á baugi hjá kúabændum

Umhverfismál, afurðaverð og búgreinaþing voru þau mál sem brunnu helst á bændum á haustfundum kúabændadeildar BÍ sem haldnir voru í liðinni viku. Fundirnir voru 4 talsins og mættu rúmlega 100 bændur til að hlýða á og taka þátt í umræðum. Enn þurfum við að notast við fjarfundarbúnað og þó það sé farið að venjast vel þá kemur slíkt fundarhald aldrei í stað þess að hittast í persónu, en fundirnir gengu vel og mátti greina keimlíkar áherslur bænda um allt land.


Framleiðsla og sala

Líkt og venja er var farið yfir framleiðslu og sölu mjólkur og nautakjöts. Innvigtun mjólkur undanfarna 12 mánuði stendur í 148,5 milljónum lítra og framleiðsluspá gerir ráð fyrir að árið 2021 endi í 149,1 milljón lítra, sem yrði samdráttur um 1,4% frá árinu 2020.

Greiðslumark hefur haldist óbreytt í 145 milljónum lítra nú í nokkur ár og var rætt um möguleika til að stækka kókuna. Úr ferðapjónustugeiranum hefur heyrst að það muni taka nokkur ár að ná upp þeim ferðamannafjölda sem við vorum að sjá þegar mest var og því byggist stækkun markaðarins um þessar mundir fyrst og fremst á fjölgun Íslendinga. Vonandi förum við að sjá fjölgun ferðamanna með tilheyndar aukningu á neyslu innan skamms.

Þann 1. desember mun svo lágmarksverð til bændu hækka um 3,38%, úr 101,53 kr./ltr. í 104,96 kr./ltr. og er verðhækkunin til komin vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og vinnslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun 1. apríl 2021.

Framleiðsla á nautakjöti hefur aukist um 5% sl. 12 mánuði og er nú um 4.875 tonn. Þrátt fyrir að sala hafi einnig aukist um 5% og að bændur séu að skila inn betri og þyngri gripum, hefur afurðaverð til bændu lækkað og töluverð umræða var um að bændur væru fyrir nokkru komnir að þölmörkum hvað það varðar. Líkt og nýleg skýrsla RML um rekstrarafkomu nautakjötsframleiðenda sýndi þá




Herdís Magna Gunnarsdóttir.

var afurðaverð komið undir framleiðslukostnað árið 2019 og hefur lækkað síðan þá. Það er því ljóst að þar þarf að bregðast hratt við ef halda á í framleiðsluvilja bændu til lengri tíma.

Hækkun aðfanga

Það hefur ekki farið fram hjá bændum frekar en öðrum að verulegt hökt hefur komið í aðfangakeðju heimsins vegna heimsfaraldurs. Þetta hefur áhrif á verð og framboð á mikilvægum aðföngum til innlendirar matvælaframleiðslu s.s. olíu, kjarnfóðri og áburði. Við höfum séð Noreg bregðast við vandanum með því að auka stuðning við landbúnað og sænsku bændasamtökin benda á að við stöndum með annan fótinn í miðri loftslagskreppu á meðan við erum á leið í alþjóðlega matvælakreppu. Stjórnvöld þar í landi verði því að auka stuðning við bændur til þess að gera þeim kleift að framleiða áfram úrvalsmatvæli fyrir landa sína án þess að of mikill kostnaður falli á neytendur.

Áherslur okkar hljóta að vera þær sömu. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja bændum viðunandi starfsskilyrði og afkomu án þess að verð til neytenda fari upp úr öllu valdi. Liðsmenn BÍ hafa fylgst vel með málum og leggja áherslu á að eiga náð samband við stjórnvöld í þessum málum sem öðrum.



Innvigtun á mjólk og sala

Mjólk	Milljón lítrar
Innvigtun sl. 12 mánuði (nóv-okt)	148,5
Sala á fitugrunni	143,7
Sala á próteingrunni	122,6
Framleiðsluspá 2021	149,1

Nautakjötsframleiðsla og sala

Nautakjöt	Tonn
Framleiðsla sl. 12 mánuði	4.875
Sala	4.859
Innflutningur (leiðr. f. beini)	1.292

Loftslagsaðgerðir í hendur bændu

Umhverfismál af ýmsum toga voru bændum einnig ofarlega í huga. Fyrir liggur að bæta á í fjármagn til loftslagsstengdra aðgerða í landbúnaði á næstu árum og var samhljómur um að því væri best varið í beinar aðgerðir á búum, t.a.m. í gegnum verkefni Loftslagsvænan landbúnað og Kolefnisbrúna. Það var áhugavert að heyra frá bændum sem nú þegar eru þátttakendur í Loftslagsvænum landbúnaði og deildu reynslu sinni, sem er jákvæð og áhrifamikil og hvöttu þeir aðra bændur til að sækja um í verkefnið í framtíðinni.

Árið 2020 var gefin út aðgerðaáætlun um loftslagsmál í nautgripærkt þar sem lagt var upp með 7 verk-

efni sem lagt var til að ráðist yrði í nú þegar og þeim lokið fyrir árslok 2022. Nú þegar eru 5 af þeim 7 aðgerðum lokið eða komnar vel á veg. Þar á meðal eru kaup á búnaði til að styðja við rannsóknir á metanlosun íslenskra nautgripa, en hann ætti að koma til landsins í marsmánuði nk. og verður staðsettur í kennslufjósínu á Hvanneyri. Þá er RML að vinna stöðumat varðandi geymslugetu og gerð hauggeymslna, en það er mikilvægt fyrir okkur að vita hver staðan er þar, enda leynast þar líklega mikil tækifæri til að gera betur.

Bændur ósáttir með sjálfbærniþinggerð

Drög að sjálfbærniþinggerð, sem kynnt voru á samráðsgátt stjórnvalda fyrir í haust, voru áberandi í umræðum og ljóst að bændur eru áhyggjufullir yfir þeirri stefnu sem þar birtist. Miðað við drögin yrðu nýtingarmöguleikar margra jarða skertir til muna og framleiðslukostnaður búvara gæti hækkað nokkuð. Nú hafa fjölmargar umsóknir borist frá bændum til viðbótar við umsögn

Bændasamtaka Íslands og fleiri og næstu skref eru þau að ráðuneytið tekur reglugerðina aftur til skoðunar með hliðsjón af þeim umsögnum. BÍ mun funda með nýjum ráðherrum þegar þeir eru komnir í sín ráðuneyti og er reglugerðin hluti af áhersluatriðum okkar þegar kemur að því samtali.

Erfðamengisúrval

Fyrirhugað er að hefja DNA-sýnatöku úr öllum kvígum um næstu áramót og verður sýnataka í höndum bændu sjálfrá. RML er að útbúa leiðbeiningarmyndband fyrir bændur og verða kassar undir sýnatökuglösin send á alla mjólkurframleiðendur á næstu vikum. Við minnum bændur á að hinkra með að panta kálfamerki eða halda pöntunum í lágmarki þar sem ný merki munu koma innan skamms, en sýnataka mun fara fram um leið og merkið er sett í kálfinn sem kallar á aðra gerð merkja. Fyrst um sinn er það ekki skylda að taka þátt í verkefniinu en við hvetjum bændur til þess, enda verður sameiginlegur ávinningur okkar meiri eftir því sem þátttakan er meiri.

Búgreinaþing

Búgreinaþing er helsta samkoma kúabændu og kemur í stað aðalfunda LK. Þar verða mál sem snúa að greininni lögð fram og afgreidd, kosið í stjórn og búnaðarþingsfulltrúa greinarinnar. Stefnt er á að búgreinaþingið verði haldið í byrjun mars og mun fjöldi fulltrúa vera svipaður og hefur verið á aðalfundum LK, eða um 30 manns. Tryggja skal landfræðilega dreifingu fulltrúa og munu kjördeildir miðast að miklu leyti við félagssvæði gömlu aðildarfélaga LK. Fyrirkomulagið er í vinnslu hjá stjórn deildarinnar og verður kynnt nánar þegar nær dregur. Skráning kúabændu í BÍ hefur gengið með ágætum en við hvetjum ykkur sem eigið eftir að skrá veltuna að gera það hið fyrsta inni á Bændatorgi, þar sem fulltrúafjöldi kúabændu inn á Búnaðarþing mun taka mið af fjölda félagsmanna.

Með félagskveðju,
Herdís Magna Gunnarsdóttir,
formaður kúabændu

Skógræktin og Yggdrasil Carbon í samstarf

Skógræktin og nýsköpunarfyrirtækið Yggdrasil Carbon ehf. (YGG) hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um fyrirhugaða samvinnu varðandi skógræktarverkefni til kolefnisbindingar. Skógræktarstjóri segir mikla þörf fyrir þekkingarfyrirtæki á þessu sviði á Íslandi.

Yggdrasil Carbon ehf. (YGG) hefur á síðustu árum unnið að verkefnum á sviði kolefnisbindingar með áherslu á raunverulega kolefnisbindingu sem er mælanleg og í samræmi við viðurkennda staðla. Félagið er með þrenns konar tilraunaverkefni í gangi á sviði skógræktar sem styðjast við mismunandi staðla sem að mati félagsins hafa þegar eða eru líklegir til að öðlast viðurkenningu héraðs og á alþjóðavísu. Er félagið þannig að vinna að kolefnisbindingu í gegnum Skógarkolefnisstaðal Skógræktarinnar, en á einnig í samstarfi við alþjóðlegu staðlana VERRA og Gold Standard. Auk áherslu á samstarf um Skógarkolefni og aðra staðla á sviði nýskógræktar



Við undirritun viljayfirlýsingarinnar. Standandi frá vinstri: Hilmar Gunnlaugsson lögmaður, stjórnarformaður YGG, og Ingibjörg Jónsdóttir land- og umhverfisfræðingur, verkefnisstjóri hjá YGG. Sitjandi: Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Björgvin Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri YGG.

stefna Skógræktin og YGG á að leita leiða til að nýta megi með ábyrgum

hætti kolefni sem myndast í eldri skógum ef og þegar möguleikar

skapast til þess. Þá stefna aðilar á samstarf á sviði fræðslu og ráðgjafar svo unnt sé að nýta þann mikla áhuga sem er til staðar á vottuðum kolefnisbindingarverkefnum til góða fyrir íslenska hagsmunum. Framkvæmdastjóri YGG er Björgvin Stefán Pétursson, en hjá félaginu starfa auk hans reynslumiklir sérfræðingar á sviði skógræktar, umhverfisfræða og landnotkunar.

Skógræktin er öflug þekkingarstofnun á sviði skógræktar og kolefnisbindingar sem fer með eftirlit og framkvæmd laga um skóga og skógrækt á Íslandi og hefur m.a. það verkefni að leiðbeina um vernd, endurheimt, ræktun, meðferð og sjálfbæra nýtingu skóga, vinna að og hvetja til þátttöku í skógrækt, afla og miðla upplýsingum um skóga og skógrækt og hafa yfirsýn og eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í skógrækt. Skógræktin hafði frumkvæði að gerð íslenska vottunarstaðalsins Skógarkolefnis fyrir nokkru árum og hefur unnið að þróun hans.

Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri segir gleðiefni að skrifa undir þessa viljayfirlýsingu og formfesta þannig samstarf Skógræktarinnar við YGG. „Við höfum átt í miklum samskiptum við YGG síðustu árin, fyrst eigendur og nú síðustu misseri starfsfólkið, og sjáum að félagið er að leggja áherslu á langtímahugsun og vönduð vinnubrögð. Það er mikil þörf fyrir þekkingarfyrirtæki á þessu sviði á Íslandi og tækifærin eru spennandi,“ segir Þröstur.

Undir þetta tekur Björgvin Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri YGG. Mikil ánægja sé með þróun þess góða samstarfs sem fyrirtækið hefur átt við Skógræktina og það öfluga fólk sem vinnur hjá stofnuninni um land allt. „YGG ætlar sér að vera leiðandi fyrirtæki þegar kemur að kolefnisbindingarverkefnum, hvort sem það er á sviði landnýtingar, tækniframfara eða með öðrum hætti,“ segir Björgvin. „Skógrækt skipar þar mjög stóran sess, enda tækifæri á því sviði mikil á Íslandi og hliðaráhrif slíkrar starfsemi almennt mjög jákvæð.“

LÍF & STARF

Aðalheiður er bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2022

Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar hefur samþykkt að útnefna Aðalheiði S. Eysteinsdóttur sem bæjarlistamann Fjallabyggðar fyrir árið 2022.

Aðalheiður fæddist á Siglufirði 23. júní 1963 og bjó þar til 1986, þá fluttist hún til Akureyrar.

Hún hefur sett upp rúmlega 200 einkasýningar í 14 löndum og verk eftir hana má finna í einkasöfnunum víða um heim. Þá hefur hún sýnt á öllum stærstu listasöfnum landsins og er félagi í SÍM og Myndhöggvarafélaginu.

Einnig hefur hún fengist við kennslu á öllum skólastigum undanfarin 25 ár.

Í desember 2011 keypti Aðalheiður Alþýðuhúsið á Siglufirði og hefur komið upp vinnustofu, heimili og viðburðastað þar. Frá árinu 2012 hefur hún staðið fyrir margþættu menningarstarfi í Alþýðuhúsinu á Siglufirði og endurvakið Kompuna þar í litlu rými. „Aðalheiður hefur kappkostað að sýna fjölbreytta nútíma-myndlist með því markmiði að opna hurð inn í heim myndlistar fyrir almenning.

Aðalheiði er þakkað hið gríðarlega mikla og góða starf sem hún



Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, bæjarlistamaður Fjallabyggðar árið 2022. Mynd / Aðsend

hefur gefið til samfélagsins á síðastliðnum 10 árum og með stolti óskum við henni innilega til hamingju með nafnbótina Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2022,“ segir m.a. í tilkynningu frá sveitarfélaginu. /MHH

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í desember bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á: Akureyri, Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Selfossi og Vestmannaeyjum



Tímabókanir í síma 568 6880

Heyrnartækni | 20 ára

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Heyrnartækni.is | 568 6880



- Iðnaður
- Aukahlutir
- Verkstæði
- Þjónusta

RAFVER síðan 1956



HDS Gufudælur Öflugar hreinsivélur



NT Ryksugur fyrir blautt & þurrt Margar stærðir


KÄRCHER



HD Háþrýstidælur

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

Bændablaðið Næsta blað kemur út 16. desember




Margar nýjar bifreiðar eru búnar ljósum sem kvikna þegar bíllinn er ræstur og í fyrstu má halda að um sé að ræða ökuljós en sú er ekki raunin. Viða má sjá í umferðinni ökumenn nýrra bíla sem gera sér ekki grein fyrir þessu og aka um með takmörkuð ljós og eru jafnvel ljóslausir að aftan.

Ertu með ökuréttindi?

– ef svo er áttu að vita, að lögum samkvæmt eiga full ökuljós alltaf að vera kveikt í akstri, **lika afturljós**

- **Veistu** að ef lögboðin ökuljós eru ekki kveikt er lögreglu heimilt að sekta þig um 20.000 krónur fyrir hvert ljós sem slökkt er á.
- **Veistu** að ljósin eru ekki skraut, heldur öryggisbúnaður til að láta aðra vegfarendur vita af þér í umferðinni.
- **Veistu** að þegar skyggja tekur, svo ekki sé talað um versnandi skyggni vegna rigningar eða snjókomu, skiptir gríðarlegu máli að afturljósín séu kveikt til að koma í veg fyrir alvarleg slys.
- **Veistu** að ef þú ert ekki með afturljósín kveikt stóreykst hættan á að það verði keyrt aftan á þig.
- **Veistu** að stefnuljós eru heldur ekki til skrauts. Þau eru öryggistæki til að láta aðra ökumenn vita **tímanlega** hvert þú ætlar að beygja.
- **Mundu** að þú ert ekki eini ökumaðurinn í umferðinni og samferðafólk þitt þarf að geta treyst á þína hegðun.
- *Megi gæfan vera með ykkur í umferðinni, **Bændablaðið***

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Rafn Arnar Guðjónsson, framkvæmdastjóri og eigandi RAG import – export og umboðsmaður Fliegl á Íslandi við grind af Flatvagni sem er svipaður þeim sem komu til Íslands í sumar. Myndir / VH

Fliegl í Þýskalandi fagnar 30 ára afmælinu:

Framleiðir fimm þúsund vagna á ári

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is




Fliegl í Þýskalandi fagnaði 30 ára afmæli á árinu sem er að líða. Í tilefni þess heimsótti Bændablaðið verksmiðju fyrirtækisins sem er staðsett rétt við Triptis í suðausturluta Þýskalands, skammt frá landamærum Tékklands.

Upphaf fyrirtækisins má rekja til þess að árið 1970 keypti Josef Fliegl eldri land í Kastl í Bæjaralandi í Suður-Þýskalandi. Draumur hans var að vinna að hönnun og smíði landbúnaðartækja. Í dag er Fliegl samsteypan með starfsemi í mörgum löndum og selur framleiðslu sína víða um heim og þar á meðal á Íslandi. Þekktasta framleiðsla Fliegl hér á landi eru vélavagnar, flatvagnar og beislisvagnar svo eitthvað sé nefnt, einnig hefur fyrirtækið sérsmiðað vagna fyrir íslenskan markað.

Landbúnaðartæki

Miðstöð landbúnaðartækjahluta Fliegl, Fliegl Agro-Center, er í Kastl í Bæjaralandi en auk þess er fyrirtækið með framleiðslu í Ungverjalandi og á Spáni. Í dag starfa hátt í þúsund manns hjá hinum ólíku deildum samsteypannar.



Vagnarnir eru álags- og hallaprófaðir.

Meðal landbúnaðartækja sem fyrirtækið framleiðir eru Push-Off vagnar sem njóta mikilla vinsælda í Evrópu og hafa selst vel til Bandaríkjna Norður-Ameríku, Kína og fleiri landa. Vinsælustu Push-Off vagnarnir á Íslandi eru Gigat heyyagnar auk þess sem AS100 skítadreifarar, mykjudreifarar og annar búnaður fyrir landbúnað og skógrækt selst einnig vel. Auk þess framleiðir Fliegl götusópa fyrir bæjarfélög, búnað tengdum timburframleiðslu og flutningsvagna fyrir þýska herinn. Fliegl samsteypan hefur frá

upphafi stefnt að því að hafa framleiðslu sína eins umhverfisvæna og kostur er. Viðleitni í þá átt er meðal annars á þökum verksmiðju- og skrifstofuhúsnæðis fyrirtækisins í Triptis, sólarcellur sem framleiða nægt rafmagn til allrar starfseminnar, auk þess sem umfram rafmagn er selt inn á veitukerfi sveitarfélagsins.

RAG import - export

Rafn Arnar Guðjónsson, framkvæmdastjóri og eigandi RAG import – export og umboðsmaður



Framleiðslusalurinn.

Fliegl á Íslandi, segist hafa átt í viðskiptum við Fliegl í um 20 ár og flutt inn yfir 100 vagna frá þeim.

„Viðskiptin hófust eftir að ég sendi um tíu erlendum fyrirtækjum sem ég fann í truckatímariti fyrirspurn um hvort þau gætu framleitt gámagrind, þriggja öxla fyrir tvöföld dekk fyrir íslenskar aðstæður og Fliegl var eina fyrirtækið sem svaraði mér. Ég man vel þegar ég kom fyrst til Triptis þar sem grindurnar voru framleiddar. Eiginlega var ekki neitt þar nema nokkur hús og það sem í dag er kölluð gamla smiðjan. Okkur tókst að ná

samningi og höfum átt í farsælum viðskiptum síðan þá.“

Hröð uppbygging

Eftir fall Berlínarmúrsins og sameiningu Þýskalands leitaði fyrirtækið nýrra markaða og keypti gamla járnsmiðju í Triptis og hóf framleiðslu á vélavögnum, gámagrindum og flatvögnum. Í dag eru aðallega smíðaðir minni vagnar og vagnar með sérútbúnaði í gömlu smiðjunni auk þess sem þar er að finna skrifstofur.



Nánast allar gámagrindur sem fluttar eru til Íslands eru sérsmiðaðar eftir íslenskum teikningum.



Þriggja öxla StoneMaster malarflutningavagn.

Mynd / Fliegl



Ljósinn sett á og prófuð.



Á næsta ári stendur til að setja upp alsjálfvirkan sprautuklefa í verksmiðjunni í Triptis þannig að róbótar munu sjá um verkið í stað manna.



Fullsmíðaðar gámagrindur tilbúnir til flutnings til nýrra eigenda.



Sérsmíðaðir tengivagnar fyrir þýska herinn.

Ekki leið á löngu áður en starfsemin spengdi húsnæðið utan af sér og byggt var nýtt 120.000 fermetra framleiðslu- og geymsluhúsnæði og á sama tíma tók Helmut Fliegl, sonur Josef, við sem framkvæmdastjóri og starfar hann enn sem slíkur í dag.

Með tilkomu nýju smiðjunnar fylgdi tug milljóna evra fjárfesting í nýjum tækjum, störfum og rannsóknastarfi. Fyrirtækið leggur einnig áherslu á tækninýjungar eins og leysiskurðarvél til að skera út málmhluti af mikilli nákvæmni og í dag eru róbótar smám saman að taka við logsuðu við samsetningu vagnanna.

Rafn segir að fyrirtækið hafi frá upphafi lagt áherslu á að vinna með viðskiptavinum sínum og hlustað á hugmyndir þeirra og nýtt þær til að bæta framleiðslu sína.

5000 vagnar á ári

Árleg framleiðsla á festi- og tengivögnum í Triptis er um 5000 á ári og er hver vagn smíðaður eftir þörfum hvers kaupanda fyrir sig þótt grunnhönnunin sé sú sama.

Sem dæmi um framleiðsluna eru festivagnar með Push-off tækni sem felur í sér að hlassinu er ýtt af vagninum en ekki sturtað, beislisvagnar til vélavogninga, festivagnar til gámaflutninga og vagnar til malarflutninga. Burðargeta vagnanna er mismunandi og í samræmi við reglur í löndunum sem vagninn er ætlaður fyrir og geta þeir verið á einum til þremur öxlum eftir ætlaðri burðargetu.

Rafn segir að nánast allir vagnar sem fluttir eru til Íslands séu sérsmíðaðir eftir íslenskum teikningum og galvaniseraðar til að auka gæði þeirra.

Nokkrir vagnar í farvatninu

„Vegna mikillar eftirspurnar er allt að átta mánaða biðtími eftir Fliegl vélavögnum. Í dag er búið að ganga frá sölu á tveimur vélavögnum sem væntanlegir eru til landsins í vor og fleiri pantanir í farvatninu,“ segir Rafn Arnar Guðjónsson, framkvæmdastjóri og eigandi RAG import – export og umboðsmaður Fliegl á Íslandi.

SANDBLÁSTURSKASSI
VERÐ 74.990 kr

SANDBLÁSTURSKASSI
VERÐ 37.690 kr

SANDBLÁSTURSSANDUR

- Glerperlur
- Garnet
- Soda
- Plastkúlur
- Járnsandur
- Stálsandur
- Álsandur
- Hnetuskeljar

- ✓ HREINSIEFNI - Íslensk
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ SANDBLÁSTURSKASSAR
- ✓ SANDBLÁSTURSKÚTAR
- ✓ SANDBLÁSTURBYSSUR
- ✓ KERAMIKSPISSAR
- ✓ ÞVOTTAKÖR
- ✓ ULTRASONIC CLEANER
- ✓ O.m.fl.

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.

Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
SÍÐAN 1985

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is

Þjónusta við lðnaðinn

Trésmiðavélar, Járnsmiðavélar, Borar, Sporjárn, Rennijárn, Útskurðarhnifar.

Jólagjafirnar í ár fyrir handlagið fólk

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Jólagjafirnar færðu á dynjandi.is

HEYRNARHLÍFAR

HÁPRÝSTIDÆLUR

HÖFUÐLJÓS

SKOTHLÍFAR

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h II Sími: 588 5080 II dynjandi.is

Georgía:

Perla Kákasusfjalla

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Landið Georgía liggur við austurmörk Evrópu eða vesturhluta Asíu í fjallendi milli Svarta- og Kaspíahafs sem kallast Kákasus. Landamæri Georgíu liggja að Rússlandi, Armeníu, Aserbaidsjan og Tyrklandi.

Georgía er um 63.000 ferkílómetrar og svipað á stærð og Írland. Íbúafjöldi landsins er rúmlega 3,9 milljónir og þar af býr einn fjórði þjóðarinnar, rúm ein milljón, í höfuðborginni Tbilísi. Borgin er staðsett í miðju landsins og greitt þaðan til allra landsluta. Heitið Tbilísi þýðir heitur staður og vísar til þess að í borginni og umhverfis hana er mikið um heitar brennisteinslaugar.

Gott útsýni er yfir gömlu borgina frá Naríkala, sem er virki sem var upphaflega reist á 4. öld. Virkið var endurbyggt á 13. öld eftir að hafa brunnið til grunna og gerðar á því miklar endurbætur árið 1997.

Eftir að hafa skoðað virkið, kirkjuna því tengdu og garðinn umhverfis var farið í skoðunarferð um gamla bæinn sem óneitanlega er mjög tilkomumikill. Í miðjum bænum er gil og við enda þess er fallegur foss og um gilið lítill á sem fellur í Mtkvari-ána sem rennur um Tbilísi.

Jósep Stalín fæddist í borginni Gori og samstarfsmaður hans, Lavrenriy Bería, er einnig Georgíumaður og tónskáldið Aram Khachaturian fæddist í Tbilísi.

Grasagarðurinn í Tbilísi

Staðarleiðsögumanni til talsverðrar mæðu ákvað ég að slíta mig frá hópnum sem ég var með og var á leið að skoða helstu menningarmiðstöðvar borgarinnar, þinghúsið, óperuna, Anchiskhati-kirkjuna og íkonana þar, og fara í grasagarðinn í Tbilísi.

Garðurinn er í gamla hluta Tbilísi og var upphaflega hluti af lendum Naríkala-virkisins. Hans er fyrst getið í ferðasögu Frakkans Jean Chardin frá 1625 en það var ekki fyrr en árið 1845 sem hann var formlega gerður að grasagarði.

Lægsti punktur garðsins er í 417 metra hæð yfir sjávarmáli en sá hæsti í 714 metra hæð. Ganga frá aðalinnganginum í gömlu borginni um garðinn er talsvert upp á við og tekur í þegar lítill tími er í boði og ætlunin er að komast yfir sem mest, en garðurinn er í heild yfir 100 hektarar að stærð.

Samkvæmt opinberum tölum er að finna um 40 þúsund plöntur í garðinum og yfir 4.500 tegundir plantna sem upprunnar eru í Kákasuslöndunum og víðar í



Svipmynd frá grasagarðinum í Tbilísi og fáni Georgíu.

Myndir / VH

heiminum. Á ólíkum sýningarsvæðum í garðinum er meðal annars að finna safn af sjaldgæfum plöntum í útrýmingarhættu frá Kákasus, lækninga- og nytjajurtum og safn trjáa og runna víða að úr heiminum. Í garðinum er einnig að finna sýnishorn af japönskum garði sem tákn um vináttu Japan og Georgíu og var hannaður sem samvinnuverkefni japanska sendiráðsins í Georgíu og ráðhússins í Tbilísi.

Nálægð við guð

Í næsta áfanga ferðarinnar var haldið frá Tbilísi og í norðaustur í átt að Jvari-klaustrinu frá 6. öld. Klaustrið er

eitt af mörgum slíkum og kirkjum í Georgíu sem eru á

Heimsmínjaskrá UNESCO. Jvari er byggt á fjalli í 2.150 metra hæð yfir sjávarmáli og því drjúgur spölur þangað á bíl. Á leiðinni er gaman að sjá hvernig gróðurfarið breytist úr graslendi yfir í þéttar breiður af hafþyrni og svo greni og furu en aftur graslendi þar sem klaustrið stendur.

Eins og flestar kirkjur og klaustur í Georgíu er Jvari hluti af trúarhefð sem kallast rétttrúnaðarkirkjan í Georgíu og er hluti af Austurkirkjunni. Yfir 80% landsmanna tilheyra rétttrúnaðarkirkjunni, tæp 11% eru

múslimar, 3% tilheyra armensku postulakirkjunni, 0,5% játat kaþólsku kirkjunni og páfanum í Róm en 2,5% öðrum eða engum trúarbrögðum.

Rétttrúnaðarkirkjan í Georgíu er ein af elstu kristnu trúarhreyfingum í heimi og rakin til 4. aldar eftir Krist og trúboðs heilagrar Nino, þjóðardýrlings Georgíu. Vínviðarkrossinn, sem er tákn Nino, er með eilítið slútandi þverslá. Sagan segir að Nino hafi bundið fyrsta vínviðarkrossinn saman úr greinum vínviðar og hári sínu.

Ef mark er takandi á goðsögunni um staðsetningu Jvari var klaustrið reist á grunni heiðins hofs þar sem heilög Nino reisti einn af vínviðarkrossum sínum. Vesturhlíð klaustursins stendur nánast á blábrún og um tveimur kílómetrum ofan við bæinn Mtskheta.

Á Sovétárunum, þegar kristni og önnur trúarbrögð voru bönnuð í Sovétríkjunum, var Jvari breytt í safn. Til að auðvelda fólki aðgang að safninu var settur upp kláfur til að ferja fólk frá Mtskheta í safnið. Kláfurinn náði aldrei að uppfylla tilgang sinn þar sem bilanir í honum voru tíðar. Sagt er að heimafolk hafi aldrei sætt sig við að leiðin að klaustrinu væri auðveld og því reglulega unnið skemmdarverk á gangverki kláfsins. Leiðin að helgidóminum átti að vera píslarganga og erfið og að lokum var kláfurinn tekinn niður.

Of langt mál yrði að segja frá öllum þeim fallettu, bæði að utan og innan, og sögu þeirra guðshúsa sem heimsótt voru á ferðalagi mínu um Georgíu. Staðaleiðsögumaðurinn naut þess greinilega að fræða mig og samferðafólk mitt um gildi trúarinnar í sögu landsins og hvernig hún er þjóðinni haldreipi enn í dag.

Persónulega þótti guðfræðingnum í ferðinni reyndar nóg um og hugsaði stundum með sér: „Ó nei, ekki önnur kirkja,“ þegar líða tók á ferðina.

Matur í Georgíu

Georgíumenn eru stoltir af innlendi matarhefð og innlendum vínnum og mega vera það því hvort tveggja er afskaplega gott. Landsmenn gefa sér

góðan tíma til að borða enda iðulega margir réttir í boði og sjálfsagt þykir að hafa vín með öllum mat.

Brauð er borið fram með nánast öllum mat og yfirleitt er það nýbakað og heitt. Réttur sem kallast khachapuri adjaruli samanstendur af bátлага brauði, bræddum osti og eggjum. Framreiðslan er ólík eftir héruðum og sums staðar er rétturinn borinn fram með baunum, grænmeti eða kjöti.

Churchkhela er búið til með því að þræða hnetur, oft valhnetur, á

þráð þannig að það líkist talnabandi. Bandinu er síðan dýft í þykkar vínberja- og vínviðarlaufslög nokkrum sinnum. Smám saman storknar lögurinn utan á hnetubandinu og verður eins og pylsa í laginu. Útkoman er afskaplega góð og seld sem sælgæti.

Kninkala svipar til þess sem almennt kallast dumplings hér heima og er vinsælt sem smáréttur í Georgíu, bæði eitt og sér eða með öðrum mat. Inni í hveitiböggglunum sem rétturinn líktist í mínum augum



Kross heilagrar Nino.



Michaela Krejčova, fararstjóri í Georgíu.



Kokgleypt churchkhela.

Mynd / Michaela Krejčova



Narikala-virkið í Tbilisi, höfuðborg Georgíu. Virkið var upphaflega reist á 4. öld og þaðan er gott útsýni yfir gamla hluta borgarinnar.



Meira en 500 ólík vínberjarkjör eru ræktuð í Georgíu og er allt georgískt vín unnið úr innlendum yrkjum.



Georgía er í Kákasusfjöllum og á mörkum Evrópu og Asíu.



Jvari-klaustrið. Bygging þess er sögð hafa hafist á 6. öld.

var súpa eða gums með fyllingu sem á að gleypa um leið og bitið er gat á pokann. Ekki skemmir fyrir að pípa böggjana fyrir neyslu.

Af öðrum vinsælum réttum er lobio, sem er að stofni til nýrnabaunir með lauk, chili og ediki og góður prumpumatur. Mtsvadi er aftur á móti kjöt sem er steikt á þrjóni.

Vín í Georgíu

Almennt er viðurkennt að víngerð í Georgíu sé ein sú elsta í heimi og er hefðbundin víngerð í landinu á Heimsmínjaskrá UNESCO um sameiginlegan óefnislegan menningararf alls mannkyns.

Vegna hagstæðs veðurfars þrífst vínviður vel víða í landinu og talið að hann hafi verið ræktaður og berin notuð til víngerðar allt frá því 6000 fyrir Krist. Í dag finnast meira en 500 ólík vínberjarkjör í landinu og er allt georgískt vín unnið úr innlendum yrkjum.

Annað sem gerir georgískt vín, bæði hvít og raut, góð í framleiðslu er gerjunaraðferðin. Ólík vínnum frá Suður-Evrópu sem eru látin gerjast í viðartunnum eru vín í Kákasuslöndunum gerjuð í belgmiklum leirkrúsum sem grafin eru í jörð. Gerjunaraðferðin veður því að vínið heldur áfram að gerjast þar til allur sykurlaumur er horfinn úr því. Vínin eru því öll þurr og alkóhólprósantan stundum hærra en í hefðbundnum létvínnum.

Algengt er að leirkrúkkur sem notaðar hafa verið til að gerja vín finnast við fornleifarannsóknir og jarðvinnslu í landinu og þykir það sýna að víngerð hefur verið almenn þar lengi.

Rósabyltingin

Landfræðileg staðsetning Georgíu hefur verið landinu bæði blessun og bölvun í gegnum aldirnar. Vegna landkosta hafa Georgíumenn mátt þola innrásir og yfirráð stórvelda bæði úr austri og vestri og landið var lengi leppríki rússneska keisaraveldisins og síðar hluti af Sovétríkjunum.

Skömmu fyrir fall Sovétríkjanna lýsti Georgía yfir sjálfstæði landsins. Í kjölfarið óx pólitískur órói í Georgíu og um tíma geisaði borgarastyrjöld í hluta landsins.

Spilling fór vaxandi og endaði með miklum mótmælum árið 2003 sem stóðu í tuttugu daga og því sem kallað hefur verið rósabyltingin vegna þess hversu friðsamleg mótmælin voru.

Upp á margt að bjóða

Miklar framfarir hafa átt sér stað í Georgíu undanfarin ár og áratugi. Auk innviðaupbyggingar er rík áhersla lögð á að auka vinsældir landsins sem áfangastaðar fyrir ferðamenn enda hefur landið upp á margt að bjóða, eins og mikla náttúrufegurð, góðan mat og vín og mikla gestrisni.

Hópurinn sem ég ferðaðist með heimsótti landið í september síðastliðnum og því fremur fáir ferðamenn þar á ferð. Móttökurnar í landinu voru í alla staði góðar og

þjónustan til fyrirmyndar. Georgía er eini staðurinn í heimi þar sem landamæravörðurinn við brottfararhliðið úr landinu spurði mig hvort heimsóknin hafi ekki verið ánægjuleg og bauð mig velkominn aftur sem fyrst.

Fararstjóri okkar, Michaela Krejcová, sem lærði íslensku við Háskóla Íslands en er nú búsett í Georgíu, var eins og himnasending og gerði allt sem í hennar valdi var til að gera ferðina ferðina sem ánægjulegasta.



Georgískt vín eru gerjuð í stórum leirkrúkkum sem grafin eru í jörðina.

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K970
15,5 cm sögunardýpt



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

LESENDARÝNI


Fasafóðrun á próteini í byrjun mjaltaskeiðsins hjá mjólkurkúm

Undirritaður hefur nýlengið meistaranámi í búvísindum við Háskólann í Árósum í Danmörku en lokaverkefnið fjallaði um próteinfóðrun mjólkurkúa í byrjun mjaltaskeiðsins. Með aukinni áherslu á umhverfismál hefur krafan um bættu nýtingu á aðföngum og minnkun losunar umhverfismengandi efna út í umhverfið aukist. Umframfóðrun á próteini leiðir af sér aukna losun á köfnunarefni út í umhverfið og því mikilvægt að próteinfóðra í hæfilegu magni. Köfnunarefni í náttúrunni getur við ákveðnar aðstæður breyst í hláturgas sem er öflug gróðurhúsalofttegund.

Við burð hefst mjólkurframleiðsla hjá kúm sem eykur gífurlega orku- og próteinþarfir þeirra. Kýrnar ná ekki að innbyrða nægt fóður til að uppfylla næringarþarfirnar og þurfa að reida sig á fitu- og vöðvaförða eigin líkama til að viðhalda mjólkurframleiðslunni. Þetta ástand reynir á kýrnar og er kallað neikvætt orku- og próteinjafnvægi.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að rannsaka neikvæða orkujafnvægið en nýlegar rannsóknir benda til þess að neikvæða próteinjafnvægið hafi jafnvel meiri neikvæð áhrif á kýrnar en neikvæða orkujafnvægið. Skýringin er talin vera sú að kýrnar eigi auðveldara með að ná sér í orku með því að brjóta niður fituvef frekar en prótein úr vöðvavef. Rannsóknir benda til þess að aukin próteinfóðrun fyrstu vikur mjaltaskeiðsins skili meiri mjólk en auki ekki við efna-skriptasjúkdóma.

Í lokaverkefni mínu voru notað gögn úr tilraun sem var framkvæmd við Háskólann í Reading í Englandi. Tilraunin byggði á þremur tilraunahópum með mismunandi próteinfóðrun en til einföldunar verður í þessari grein einungis rætt um tvo þeirra. Annar hópurinn var viðmiðunahópur og fékk hann sama fóðrið alla tilraunina sem innihélt það próteinmagn sem oftast er notað á dönsnum búum (17 g AAT/MJ NEL (amínósýrur frásogaðar í mjólgirni á nettóorku fyrir mjólkurframleiðslu)). Hinn hópurinn hafði þrjú fasa yfir tilraunatímann með



Mynd 1. Meðalnyt kúna í tilrauninni með öryggismörkum.


mismunandi próteinmagn. Fyrsti fasinn, sem hófst fjórum dögum eftir burð, var í fjórar vikur með háum próteinstyrk (20 g AAT/MJ NEL), síðan sex vikna fasi í sama styrk og viðmiðunarahópurinn (17 g AAT/MJ NEL) og svo loks fimm vikna fasi með próteinið í lágum styrk (15 g AAT/MJ NEL).

Niðurstöðurnar voru ekki afgerandi en gefa vísendingar um jákvæð áhrif af meiri próteingjöf í byrjun mjaltaskeiðsins. Mikil próteinfóðrun skilaði marktækt meiri mjólk samanborið við viðmiðunarahópinn í fyrsta fasanum og í öðrum fasanum þegar allar kýrnar fengu sama próteinmagn þá hafði tilraunahópurinn tilhneigingu til að mjólka meira. Í þriðja fasa þar sem tilraunahópurinn fékk fóður með minna prótein en viðmiðunahópurinn mjólkuðu þær samt jafn mikið (þær mjólkuðu tölulega meira en munurinn var ekki tölfærðilega marktækur). Það sást enginn munur á hlutfalli verðefna né fitumagn milli hópa en próteinmagn hafði tilhneigingu til að verða hærra í fyrsta fasa hjá tilraunahópnum sem fékk þá próteinríkt fóður en í hinum fösunum fannst enginn munur á milli meðferða. Það fannst ekki marktækur munur milli hópa á orkuleiðréttri mjólk (OLM) í þessari tilraun og skýringin kannski sú að fjöldi mælinga í uppgjöri hafi verið of fáar. Einn galli á framkvæmd tilraunar-



Baldur Örn Samúelsson.

innar var sá að það liðu fjórir til fimm dagar frá burði þangað til að kýrnar fengu tilraunafóðrið en margt bendir til þess að kýrnar þurfi að fá þetta aukna prótein strax eftir burð. Það gæti skýrt af hverju við fengum ekki eins afgerandi niðurstöður og búist var við. Í byrjun mjaltaskeiðsins getur amínósýrusamsetning fóðursins einnig verið mikilvæg. Fóðrið sem tilraunahópurinn fékk var með heldur minna af amínósýrunni lýsini en viðmiðunarahópur-



Mynd 2. Meðal próteinframleiðsla kúna í tilrauninni með öryggismörkum.

inn. Rannsóknir benda til þess að við niðurbrot á vöðvavef í amínósýrur, til að uppfylla próteinþarfir mjólkurkúna vanti oft lýsín, sé miðað við amínósýrusamsetningu mjólkur. Íslenska fiskimjölið kemur sterkt hér inn sem góður lýsínjafi.

Að fóðra kýr með því að gefa mikið prótein fyrsta mánuðinn eftir burð og trappa síðan niður próteinstyrk fóðursins í þremur bendir til að nýting próteins verði betri. Hægt sé að komast upp með að gefa minna prótein út mjaltaskeiðið með tilheyrandi minni losun á köfnunarefni út í umhverfið. Prótein er oftast dýrara fóðurefni en orka og ætti þessi aðferð að skila meiri mjólk og ódýrari fóðrun en flóknari umönnun fyrir nýbætur. Þær eru einn viðkvæmasti hópurinn í hjörðinni og því mikilvægt að fylgjast vel með þessum gripum.

Allar tilraunir með fasafóðrun á próteini hafa verið framkvæmdar með hópaskiptingu og heilfóðrun. Þetta er erfitt í framkvæmd á Íslandi vegna smæðar bóa auk þess sem heilfóðrun er ekki algeng fóðrunaraðferð á Íslandi. Hins vegar er mjög algengt að kýr fái kjarnfóður í kjarnfóðurbásum eða mjaltþjónum og þar er vel hægt að útfæra mismunandi próteinfóðrun með mismunandi kjarnfóðurböndum. Í nútíma fóðrunarbúnaði er hægt að setja upp sjálfvirkar fóðurtöflur sem opnar góða möguleika á að finna

útfærslu fyrir fasafóðrun á próteini. Fasafóðrun kallar á að hafa að lágmarki tvö kjarnfóðursfló, annað undir hápróteinblöndu og hitt undir lágróteinblöndu. Í miðjupróteinfasanum má gefa báðar tegundir samtímis til að ná réttu próteinmagn. Mikill fjárhagslegur ávinningur er af því að hafa möguleika á að gefa tvær kjarnfóðurtegundir þar sem hægt er að hafa próteinríkari (hátt AAT) og gæðameiri blöndu fyrir nýbætur og hámjólka kýr en ódýra grunnblöndu fyrir kýr komnar lengra fram á mjaltaskeiðið sem í flestum tilvikum er meirihluti hjarðarinnar.

Á tímabilinu um og eftir burð eru kýr einstaklega viðkvæmar. Það er mikið álag á þeim að byrja mjólkurframleiðsluna og jafna sig eftir burðinn. Það þarf því að gera vel við þær á þessum tíma til þess að tryggja að þær fari sem best inn í mjaltaskeiðið, en fóðrun og aðbúnaður er þar lykilatriði. Erlendis er töluvert verið að rannsaka þetta tímabil varðandi próteinþarfirnar til að auka skilninginn á þörfum kúna á þessu viðkvæma tímabili. Kröfur um betri nýtingu á köfnunarefni vegna umhverfissjónarmiða munu fyrr en síðar einnig aukast töluvert og er því mikilvægt að huga strax að bættri nýtingu á próteini í fóðri.

Baldur Örn Samúelsson
fóðurfraeðingur.

Magnús Leópolðsson, löggr. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is

Norðtunga og Norðtunga II í Borgarfirði

Til sölu jörðin Norðtunga og Norðtunga II í Borgarfirði, en þar eru tvö lögbýli auk kirkjustaðar sem talinn er vera frá árinu 1200. Um er að ræða sögufræga hlunnindajörð, vel uppbyggða með góðum húsakosti og umtalsverðum veiðihlunnindum.

Helstu upplýsingar

Heitt vatn frá samveitu. Ljósleiðari og briggja fasa rafmagn. Á jörðinni er nú rekið stórt bú með á fjórða hundrad nautgripum til kjötfraðslu, þar af 40 holdakýr. Norðtunga og Norðtunga II eru taldar vera rúm 320 hektarar, allt vel nýtanlegt land. Heynytjar eru af um 140 hektörum. Bærinn stendur á norðurbakka Þverár, við Berghyl. Allmikill sveigur er á ánni innan við bæinn. Norður frá bænum er flatlend myri, kölluð Norðtungufлага, inn að Norðtunguskógi. Þetta land var ræst fram fyrir allmörgum árum og er nú þvrt. Ræktunarlend er mjög gott og túnin samfeld og þægileg í norðvestur frá bænum. Austanvert við Þverár eru sléttur, uppgrónar eyrar sem áður voru nýttar til slægna. Upprekstraréttur á Þverárlíðarafreitt. Norðtunga er mikil hlunnindajörð af laxveiðum í Þverá og Litlu Þverá, því landið liggur í tungu á milli ána og að ármótum þeirra. Varanlegt slitlag verður komið alla leið úr Reykjavík á næsta ári ef allt gengur eftir. Norðtunga er þekktur sögustaður, þar er elsta hengibrú landsins byggð um 1900 og er nú friðuð. Í landi jarðarinnar er Kirkjustrengur, sem er einn af frægustu veiðistöðum landsins. Jarðirnar eru til sölu í fullum rekstri ásamt bústöfni, vélakosti og heyrkjöllum. Til greina kemur að selja Norðtunga II sér, eða báðar jarðirnar saman án bústöfns og véla.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópolðsson í síma 892 6000 eða magnus@fasteignamidstodin.is

NYTJAR HAFSINS

Krókaafلامarkshlutdeild:

Samþjöppun veiðiheimilda

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, vakti athygli á áframhaldandi samþjöppun veiðiheimilda í krókaafلامarkinu á aðalfundi LS sem haldinn var fyrir skömmu.

Að sögn Arnar er ekkert lát á samþjöppuninni og er nú svo komið að 50 stærstu bátar í krókaafلامarkinu eru með 91% heildarúthlutunar þorskígilda í kerfinu og hefur hlutdeild þeirra hefði vaxið jafnt og þétt á undanföllum árum.

Jafnframt kom fram að 202 bátar



Örn Pálsson.

hefðu fengið úthlutað meiru en 10 þorskígildum, þannig að 152 bátar skipta með sér 9% hennar.

Fjölmargir eigendur krókaafلامarksbáta hefðu kosið að bæta við sig veiðiheimildum, en því miður ekki haft árangur sem erfiði. Nánast útilokað að keppa við stórar útgerðir sem jafnframt hafa vinnslu á bakvið sig.

Grunnur ehf. er með mestu krókaafلامarkshlutdeildina 4,66% en hámarkið er 5%. Tíu stærstu eru með 38,6%.

AVH

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

líka hægt að lesa á **bbl.is** og **Facebook**

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>

HLAÐAN

NYTJAR HAFSINS



Flateyri við Öndarfjörð.

Mynd / HKr.

Eldi á regnbogasilungi og bleikju í Öndarfirði:

Mast fellir úr gildi synjun á rekstrarleyfi sjókvíaeldis

Þann 10. nóvember 2021 felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þann úrskurð að fella skyldi niður ákvörðun Matvælastofnunar um að hafna endurnýjun á rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf.

Ákvörðun Matvælastofnunar byggði á 14. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Samkvæmt ákvæðinu skal rekstrarleyfishafi sækja um endurnýjun rekstrarleyfis til fiskeldis 7 mánuðum áður en gildandi rekstrarleyfi rennur út. Þar sem umsókn um endurnýjun barst ekki innan þessara tímarmarka tók stofnunin umsókn rekstraraðila ekki til efnislegrar meðferðar.

Í úrskurði úrskurðarnefndarinnar segir að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skuli leggja mat á hvort umsækjandi um endurnýjun rekstrarleyfis uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til rekstursins skv. 2. mgr. sama ákvæðis. Segir svo áfram í úrskurðinum:

„Telja verður ljóst að tilgangur 14. gr. reglugerðarinnar sé m.a. sá að gefa stofnuninni svigrúm til að framkvæma fyrrgreint mat áður en gildistími rekstrarleyfis renni út. Hins vegar verður ekki talið að reglan afnemi með fortaklausum hætti skyldu Matvælastofnunar til að framkvæma matið, enda gengur tímamark nefndrar 14. gr. reglugerðarinnar lengra en 3. mgr. 7. gr. laganna. Í ljósi þess að fyrirsjáanlegt var að túlkun Matvælastofnunar á 14. gr. reglugerðarinnar myndi leiða til íþyngjandi niðurstöðu gagnvart kæranda bar stofnuninni að kanna hvort umsókn hans hefði borist henni nægilega tímanlega til að

hún gæti afgreitt umsóknina með lögformlega réttum hætti. Í máli þessu verður ekki ráðið hvort umsókn kæranda, sem barst rúmum sex mánuðum áður en þágildandi rekstrarleyfi rann út, hafi borist það seint að afgreiðsla hennar hefði verið vandkvæðum háð af þeim sökum og hefur stofnunin heldur ekki haldið því fram. Viðhafði stofnunin því ekki það skyldubundna mat sem 3. mgr. 7. gr. laganna kveður á um.“

Málavextir

Hinn 19. júlí 2011 var gefið út rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á regnbogasilungi og bleikju í Öndarfirði með heimild til framleiðslu á allt að 200 tonnum árlega. Gildistími leyfisins var í 10 ár, eða til 19. júlí 2021. Var leyfið framselt til kæranda á árinu 2016. Hinn 27. janúar 2020 tilkynnti Matvælastofnun kæranda um afturköllun rekstrarleyfisins með vísan til þess að rekstrarleyfið hefði ekki verið í notkun, sbr. 15. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Með bréfi, dags. 21. febrúar 2020, var ákvörðun stofnunarinnar frá 27. janúar s.á. afturkölluð. Kom m.a. fram að veittur yrði frestur til 21. febrúar 2021 til að hefja starfsemi samkvæmt leyfinu. Yrði starfsemi ekki hafin fyrir þann tíma myndi stofnunin hefja ferli við afturköllun rekstrarleyfisins. Hinn 15. maí 2020 tilkynnti Matvælastofnun kæranda að stofnunin hefði ákveðið að aðhafast ekki frekar á grundvelli 15. gr. laga nr. 71/2008 þar sem stutt væri í að rekstrarleyfið rynni sitt skeið. Kærandi sótti um endurnýjun rekstrarleyfisins 20. janúar 2021 og 10. mars s.á. afhenti kærandi að beiðni

Matvælastofnunar greinargerð um rekstur og framtíðaráform félagsins. Hinn 8. apríl s.á. óskaði kærandi eftir svörum við því hvort gögn með umsókn um endurnýjun hefðu verið nægjanleg og hvenær vænta mætti endurnýjunar. Með bréfi til stofnunarinnar, dags. 18. maí s.á., benti kærandi á að hvorki væri gætt að málshraðareglum stjórnvæla um afgreiðslu umsóknarinnar né ákvæðis 1. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, sem kvæði á um að tilkynna skyldi umsækjanda innan mánaðar frá því að umsókn bærist hvort hún teldist fullnægjandi. Með bréfi Matvælastofnunar, dags. 30. júní 2021, var umsókn kæranda hafnað með vísan til þess að ekki hefði verið sótt um endurnýjun rekstrarleyfisins sjö mánuðum áður en þágildandi rekstrarleyfi hefði runnið út, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020.

Málsrök kæranda:

Af hálfu kæranda er vísað til þess að ákvörðun Matvælastofnunar, um að hafna umsókn kæranda um endurútgáfu rekstrarleyfis, sé íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun. Hún hafi verulega neikvæð áhrif á atvinnufrelsi kæranda auk þess að hafa gríðarlega miklar fjárhagslegar afleiðingar fyrir hann. Við töku jafn íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar séu gerðar auknar kröfur til þess að lagastöð ákvörðunar sé ótvíræð. Lagatúlkun stjórnvalds þurfi að vera hafin yfir vafa og grundvöllur málsmeðferðar, ákvarðanatöku og niðurstöðu stjórnvalds þurfi að vera eins traustur og mögulegt sé. Á alla þessa grunnþætti skorti verulega í hinni kærðu ákvörðun, sem leiði til ógildingar hennar. /HKr.

KJARNAGLUGGAR


GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

ALMANAK HÍ ER KOMIÐ Í VERSLANIR!



Hér er að finna yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja og tímann í höfuðborgum þeirra. Af nýju efni má nefna grein um útþenslu alheimsins og grein um lengingu dagsins eftir vetrarsólvörf. Háskólaútgáfan sér um dreifingu.

www.almanak.is
www.haskolautgafan.is

HÁSKÓLA ÚTGÁFAN

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300



EYJALIND

Varahlutir í lyftara



- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



REKSTRARLAND ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælar, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og oliur á vélarnar, Ecolab lágþrýstipvottatæki ásamt hreinsiefnum, sóttthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og jógur.



ECOLAB

Nilfisk



ECOLAB

TEXACO



LESENDARÝNI

Stafafura – reynsla Skota

Í undirbúningi er stórfellt áttak í ræktun stafafuru hér á landi á vegum Skógræktarinnar og hefur almenningur verið hvattur til að safna fræði í þetta verkefni. Því fylgir hins vegar mikil áhætta með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og fjölbættum öðrum hagsmunum sem taka þarf tillit til.

Dvínandi vinsældir stafafuru

Margt er hægt að læra af reynslu annarra þjóða og í heimsókn fyrri höfundar þessarar greinar til Skotlands í haust notaði hann tækifærið til að kynna sér gróðursetningu, vöxt og nýtingu stafafuru þar í landi. Eftirfarandi upplýsingar bærust síðan frá umhverfisskógræðingi stofnunar sem hefur umsjón með þjóðskógum Skotlands, með þeim fyrirvara að við slíkum spurningum væri ekki til neitt einfalt svar.

Áður fyrr tókast það í Skotlandi að gróðursetja stafafuruna í lífrænan jarðveg, einkum mýrar. Algengt var að planta sitkagreni með því. Það var gert í þeirri trú að stafafuran myndi næra sitkagreni með köfnunarefni en síðan lúta í lægra haldi þegar grenið færi að yfirskyggja furuna.

Á öðrum svæðum var stafafuran gróðursett í einræktun, en það var einkum gert þar sem jarðvegur var ófrjór og sömuleiðis í djúpar mýrar þar sem bæði þurfti framræslu og umfangsmikla jarðvinnslu. Stafafuran óx illa í slíkum jarðvegi, og nú er verið að fella hana til að endurheimta lífríki þessara búsvæða.

Það er aðeins á örfáum svæðum í Skotlandi sem stafafura hefur verið gróðursett í góðan jarðveg sem megintegund til viðurframléiðslu. Gert var ráð fyrir að við slíkar aðstæður gætu þessi tré vaxið vel og gefið af sér nógu gilda boli fyrir timbur. Þar kemur þó til mikill munur eftir kvæmum. Best löguðu trén eiga uppruna sinn í Alaska eða á svæðinu með Skeena ánni, en fljótvegnustu trén eru frá strandhéruðum. Þau vaxa hratt en eru illa löguð, þannig að þótt stofninn geti orðið nógu gildur verður hann sjaldan nógu beinn til að vera sögunarhæfur til framleiðslu á timbri. Vindskemmdir spilla einnig notagildi stafafurunnar.

Annað stórt vandamál sem nú hefur komið í ljós í Skotlandi er að stafafuran er mjög viðkvæm fyrir sveppasjúkdómnum *Dothistroma Septisporum* sem getur eyðilagt barrið og drepið trén (Mynd 1). Þetta getur einnig haft áhrif á aðliggjandi tré og þar með skaðað upprunalega skoska furuskóga, en þeir eru undir sérstökum verndunarárætlunum vegna mikilvægi þeirra fyrir líffræðilegra fjölbreytni. Meðal annars þess vegna er verið að fjarlægja stafafurur úr skoskum skógum í stórum stíl. Enn fremur er lögð mikil áhersla á endurheimt þarlandra trjátegunda og fjölbreytt vistkerfi. Vaxandi umræða er einnig um sjálfsáningu sitkagrenis sem hefur mikil áhrif á lífríki og landslag. (Mynd 2).

Þessi tengiliður okkar bætti því við að á Írlandi væri enn verið að gróðursetja stafafuru til að rækta lífmassa til framleiðslu á viðareldsneyti. Slík ræktun væri hins vegar orðin mjög umdeild.

Reynsla Skotlands og íslenskur veruleiki

Í hnotskurn sýnir reynslan frá Skotlandi að stafafura getur vaxið nánast hvar sem er. Hún nær hins vegar óvída góðum vexti og er næstum alltaf notuð sem efniviður fyrir þilplötugerð, sem er rýr



Mynd 1. Í hnotskurn sýnir reynslan frá Skotlandi að sjálfsáning stafafuru getur haft mikil áhrif á lífríki og landslag. Hún nær hins vegar óvída góðum vexti og er einna helst notuð sem efniviður fyrir þilplötugerð, sem er rýr tekjulind.

Mynd / Sveinn Runólfsson



Sveinn Runólfsson.



Andrés Arnalds.



Mynd 2. Stafafurusjúkdómur sem varð sveppasjúkingunni að bráð. Hver yrðu örlög íslenskra furuskóga ef slík sýking bærist til landsins?

Mynd / Roger Crofts

tekjulind (Mynd 1). Vandamál með sjúkdóma og ásókn inn í náttúruleg skóglendi hafa leitt til þess að víða er verið að fjarlægja stafafuruna og það er orðið sjaldgæft að hún sé gróðursett þar. Sömu sögu er að segja frá fleiri löndum, til dæmis Nýja-Sjálendi sem við fjölluðum um nýverið hér í Bændablaðinu.

Það er full ástæða til að fara með gát í notkun stafafuru hér á landi. Það blasir raunar við víða um land að með hlýnandi loftslagi

og auknum fjölda kynþroska trjáa fer geta hennar til sjálfsáningar hraðvaxandi (Myndir 3 og 4).


Áætlanir um stórfellda ræktun stafafuru, sem fela í sér aukna útbreiðslu hennar, þurfa því að byggja á heildrænu mati á langtímaáhrifum hennar á náttúru Íslands. Á meðan slíkt mat er ekki fyrir hendi verður varúðarreglan að gilda.

Sveinn Runólfsson og Andrés Arnalds



Mynd 3. Sjálfsáð stafafura í Austur-Skaftafellssýslu. Ef ekki er höfð stjórna á útbreiðslu stafafuru er hætt við að í stað fjölskrúðugra vistkerfa vaxi víða upp fábreytnari barrskógar, til mikils tjóns fyrir líffræðilega fjölbreytni.

Mynd / Pawel Wasowicz



Mynd 4. Sjálfsáð stafafura að vaxa upp meðfram veginum í Grafningi.

Mynd / Sveinn / Runólfsson

LÍF & STARF

Ljóð: Orðinn að vissu

Hverfa mun flest sem fáum við gert, fjúka og týnast í geiminn. Aðeins að blessa andartak hvert er erindi manns við heiminn.

Svipur Viðmótið sem þú sýnir börnunum sem verða á vegi þínum,

mun birtast þér í andlitum starfsfólksins á elliheimilinu sem þú dvelur á,

ef þú nærð þeim aldri og stöðu (að þurfa að njóta slíkar þjónustu).

Spurt er Einn daginn meðan smit Kórónuveirunnar greindust eitt af öðru nam ég hvísl Jarðarinnar:

Mér mun borgið, en hvað um ykkur?



Sigurður Kristjánsson með nýju bókina. Mynd / HKr.

Sigurður Kristjánsson sendi nýlega frá sér ljóðabókina **Orðinn að vissu** sem er safn 75 ljóða auk lausavísna sem Sigurður hefur samið á undanförunum árum.

Sigurður starfar við skýrsluhald hjá Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins en hefur auk þess verið bóndi, starfað við grjóthleðslur, prófarkalestur og fleira auk þess að hafa áhuga á andlegum málum sem

leiddi til þess að hann hefur m.a. aflað sér réttinda til jógakennslu.

Hann hefur fengist við kveðskap og ljóðagerð með einum eða öðrum hætti frá barnsaldri og hefur áður sent frá sér eina ljóðabók, sem ber heitið „Hinn óljósi grunur“.

Útgefandi er bókaútgáfan Sæmundur. /NH



Góðtemplarareglan IOGT

Áskorun um vímuefnalaus jól

Góðtemplarareglan IOGT á Íslandi hóf átakið „Hvít jól“, sem er samfélagsátak í desember þar sem markmið verkefnisins er að stuðla að öruggu og hamingjusömu umhverfi fyrir börn með ákvörðun foreldra um að vera allsgáð yfir jólin í jólamánuðinum og yfir jólin.

Ástæðan er sú að mörg börn upplifa sig óörugg og út undan þegar foreldrar nota áfengi. „Átakið gengur út á að fá fleiri fullorðna til að draga úr neyslu áfengis á hátíðardögum. Við hvetjum alla til að skrifa undir undirskriftasöfnunina á hvítjól.is og fagna jólu- um vímuefnalaus með athyglina á fjölskylduna,“ segir Aðalsteinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi. /MHH



Upplýsingar um átakið er að finna á vefnum www.hvitjol.is

DRONEFLY

VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA

SETTU DRÓNA Í JÓLAPAKKANN

ECOFLOW RAFSTÖÐVAR

DRONEFLY VERSLUN
JÓFURSBÁS 4, 112 RVK
S: 566-6666
& DRONEFLY.IS

Magnús Leópoldsson, löggr. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is

Tunga í Skaftárhreppi

Til sölu lögbýlið **Tunga** í Skaftárhreppi ásamt tilheyrandi lóðar og sameignarréttindum. Landstærð Tungu er 71 hektarar og er jörðin staðsett örstutt frá Kirkjubæjarklaustri þar sem hefur verið rekin fiskeldisstöð. Einnig kemur til greina að leigja fiskeldisstöðina eða að fara í samstarf um rekstur hennar.

Helstu upplýsingar

1. Fyrir fiskeldi: Sjálfrennandi ísaldarvatn, rannsóknir liggja fyrir. (mjög steinefnafríkt).
2. Um 60m² þriggja herbergja starfsmannabúð með öllu, tengd fiskeldinu.
3. Nýlega búið að bora fyrir vatni við hlíðina á fiskeldisstöðinni til þess að tryggja fullkomið hitastig til ræktunar.
4. Bleikju og seiðaeldisstöð, stærð 450m² öll tölvustýrð og ein sú fullkomiðasta og öruggasta á landinu. Fjórðungi ára starfsreynsla, stöðin getur annað 1,2 milljón af bleikju- eða laxaseiða á ári. Mögulegt að fá allt að 300 tonna framleiðsluleyfi, sýklalyf hafa aldrei verið notuð í stöðinni, vottorð til staðar frá dýralækni.
5. Núverandi útiker geta framleitt 30 tonn á ári. Stækkun var fyrirhuguð. Teikningar og samþykki sveitarfélagsins liggja fyrir.
6. Skólastofa 89m² og er útbúin eins og íbúðarhús.
7. Flokkunarbúnaður er til staðar fyrir seiði.
8. Tölvustýrt fóðurkerfi með innbyggðu viðvörðunarkerfi og súrefnismælingu og kerfið byggt er fyrir u.þ.b. helmingi stækkun.
9. Stöðin var meira og minna öll endurnýjuð árið 2006.
10. Frekari uppbygging vel möguleg. Miklir framtíðarmöguleikar. Veidiréttur til stangveiði Hæðarlæk og Tunguvatni er til staðar, lax, sjóbirtingur, bleikja og urriði.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000 eða magnus@fasteignamidstodin.is

Lely Center Ísland

Landbúnaðarleikföng

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Æ sispennandi lokahnykkur!

B

bókabeitan.is

LESENDARÝNI

Danir hafa háleit markmið í lífrænni ræktun

Nýafstaðið er málþing sem bar yfirskriftina „Lífræn ræktun í framkvæmd“ en undanfari þess var að RML fékk nýverið ráðunaut í garðyrkju, Richard de Visser frá Danmörku, til að skoða aðstæður hér á landi í samstarfi við VOR. Richard de Visser miðlaði í framhaldi þekkingu sinni á málþingi á Selfossi en hann hefur um árabil starfað hjá ráðgjafaryrirtækinu Horti Advice DK.

Jafnframt töluðu þau Eiríkur Loftsson, ráðunautur RML, um nýtingu búfjáraburðar og Þórey Gylfadóttir, sömuleiðis ráðunautur hjá RML, um nýtingu belgjurta í akuryrkju.

Ekki verða praktísk atriði rakin hér í löngu máli en koma ráðgjafa líkt og de Visser er viss speglun á íslenskar aðstæður, stöðu ræktunar hér á landi og þá þróun sem er að eiga sér stað í lífrænni matjurtaræktun í heiminum. Um það langar mig að fjalla í þessari grein.

Nýjasta tækni og vísindi

De Visser var með fróðlega yfirferð yfir nýjustu tækni sem ræktendur þar í landi nýta sér í viðhaldi ræktunarlands s.s. illgresiseyðingu. Sá nákvæmnisbúskapur sem þar er nú stundaður í lífrænni ræktun með aðstoð háþróaðra tæknilausna er að því er virðist að færa lífræna matjurtaræktun í Danmörku upp á annað stig. Nú eru t.a.m. komin fram tæki sem vinna skv gps staðsetningartækni, s.s. sjálfvirkir róbótar knúðir áfram af sólarrafhlöðum. Slík tæki sá fræinu og skrá staðsetningu þess, viðhalda síðan ræktunarsvæðinu reglulega með því að fjarlægja illgresi í allt að 1 cm fjarlægð frá plöntunni skv minni.

Um þessar mundir eru Danir að ná þeirri stöðu að verða útflytjandi til landa hvaðan þeir hafa hingað til flutt inn afurðir. Danir hafa náð miklum slagkrafti í lífrænum landbúnaði en nú eru rúm 11% af öllu ræktarlandi þeirra vottað lífrænt og 35% af útiræktuðu grænmeti er lífrænt vottað og eru



Danmörk - Lífrænar gulrætur svo langt sem augað eygir.

þau gæði nú að verða ráðandi í mörgum vöruflokkum. Nær 60% af öllum dönskum rauðrófum eru nú lífrænar og nær helmingur af öllum gulrófum, nær 50% af spergilkáli, 70% af selleri og rúm 80% af öllum næpum framleiddar í DK eru nú lífrænar. Lífræn framleiðsla stefnir því í mörgum flokkum að vera meginstraums gæði þegar kemur að grænmeti.

Aðföng og þjónusta við lífræna framleiðendur

Mikil þróun er auk þess að eiga sér stað í framleiðslu á lífrænum áburði og standa framleiðendur í Danmörku frammi fyrir vali um kornaáburð, perlur, fljótandi áburð, hálfhljótandi og slóg s.s. frá lífildsneytisverksmiðjum. Fjöldi valkosta af áburði sem getur hvort sem er verið úr jurta- eða dýraríkinu.

Auk þess er mikil áhersla lögð á ræktun belgjurta sem draga á úr áburðarþörf og þá sér í lagi köfnun-

arefni. Danir stefna að markmiði langt undir viðmiðum sem núverandi reglur í lífrænum landbúnaði miða við (100 kg af N á ha í stað 170 kg) á næstu árum. Þessi þróun er studd með miklu rannsóknarstarfi og ráðgjöf undanfarna áratugi.

Frá því að fyrsta aðgerðaráætlunin fyrir lífræna framleiðslu var sett í Danmörku árið 1995 hafa ræktendur notið stuðnings í formi ýmissar sérþekkingar s.s. við nýsköpun og vöruþróun. Í aðgerðaráætlun hefur sérstök áhersla verið lögð á að auka framleiðslugetu ræktenda eftir því sem eftirspurn hefur aukist.



Nákvæmnisbúskapur – sjálfvirkur, sólarrafhlöðuknúinn róbóti sér um að reyta illgresi samkvæmt gps tækni.

Stuðningsumhverfið

Formlegt stuðningsumhverfi framleiðenda í Danmörku er byggt upp á rausnarlegum jarðræktarstyrkjum fyrir hvern ha vottaðs lands. Alfarið hefur verið horfið frá framleiðslu- styrkjum sem binda stuðninginn við ákveðnar fæðutegundir. Lífrænni framleiðendur fá 20-25% meiri jarðræktarstuðning á ha frá Evrópusambandinu, um 33.000 kr. á ha á núverandi gengi, auk þess sem danska ríkið bætir við viðbótarstuðningi fyrir lífrænt vottað land sem nemur 18.000 íslenskum krónum á ha.

Vottunarkerfið er rekið af hinu opinbera og framleiðendur greiða ekki fyrir vottunina líkt og raunin er hér á landi. Tækjastuðningur er auk þess 45% af skilgreindum tækjakaupum sem eru á óskalista yfirvalda á hverjum tíma.

Stefnumótun – rannsóknir og þróun

De Visser fjallaði vissulega um Organic Denmark verkefnið sem er margþætt, opinbert verkefni sem hefur haft það hlutverk að byggja upp markað fyrir lífræna framleiðslu þar í landi. Á vegum Organic Denmark fer fram margvíslegt kynningar- og fræðslustarf fyrir lífrænar afurðir, á þeirra vegum eru keyrð útflutningsverkefni og danskar, vottaðar vörur (ferskar sem unnar) eru áberandi á vörusýningum erlendis undir hatti Organic Denmark.

Danir hafa sett lífrænan landbúnað á dagskrá sem sérstakt markmið í landbúnaðarstefnu sinni og gegnir geirinn þar mikilvægu hlutverki í að bæta framlag landbúnaðarins til umhverfis- og loftslagsmála. Um

þessar mundir eru 300.000 ha lands í lífrænni ræktun en stefnan er tekin á 500.000 ha árið 2030. Talið er að sú aukning muni draga úr losun CO₂ frá dönskum landbúnaði um 500.000 tonn á ári.

Ísland 1 – Danmörk 11

Hér á landi er hlutfall ræktaðs lands í lífrænni ræktun 1-2% en í Danmörku er það rúm 11%. Upphafsstef beggja landa var í raun það sama þótt Danir hafi byrjað um 10 árum fyrr með sitt regluverk. Í báðum löndum settust nokkrir framleiðendur að borði (sjó í tilfelli Íslands, 15 í tilfelli Danmerkur) og bjuggu til félagsskap (á Íslandi heitir það VOR) sem knúðu á um mótun reglna og tilurð vottunarkerfis. Danir hafa með opnu hugarfari og samtali, opinberu vottunarkerfi, þróunarstarfi og samstarfi ýmissa ólíkra aðila, tekist að búa til atvinnugrein sem fyrir löngu er komin með slagkraft og skapar landbúnaðinum efnahagsleg tækifæri um leið og hún leggur eitthvað til bættis umhverfis og betra loftslags.

Fullt tilefni er til aðgerðaráætlunar á þessu sviði hér á landi, líkt og nú er kveðið á um í nýjum stjórnsáttmála. Tækifærin í lífrænni ræktun matjurta liggja víða, í landnáði sem nýta þarf betur, köldum gróðurhúsum sem öðrum, í allri akuryrkju og í hvers kyns fullvinnslu. Aukin útbreiðsla lífræns landbúnaðar og aukin framleiðsla blasir því við sem viðfangsefni sem stuðla beri að.

Eygló Björk Ólafsdóttir,
formaður Verndun og ræktun
– VOR, félag framleiðenda
í lífrænum búskap

GRIPABURSTAR

EasySwing®

Easy Swing gripaburstar fyrir velferð dýranna

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótor. Burstarnir henta gripum allt frá ungum kálfum upp í fullorðin naut. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdryfnir kúaburstar.

Hafðu samband:
bondi@byko.is

Til á
lager

25%
afsláttur
til 9. des



byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Strand Jamestowns úti fyrir Höfnum á Reykjanesi árið 1881

– Risaskip þess tíma sem var fulllestað af unnum eðalvið



Halldór Svavarsson rithöfundur.

Strand seglskipisins Jamestowns við Hafnir á Reykjanesi árið 1881 og eftirmál þess er stórmerkileg saga sem allt of fáir þekkja. Halldór Svavarsson, seglasaumari og áhugamaður um sögu, hefur undanfarið fjögur ár safnað að sér heimildum um Jamestown og er útkoman einkar áhugaverð bók.

Á bókarkápu segir að varla sé hægt að ímynda sér hvílíkur hvalreki strand þessa 4.000 tonna risastóra skips var fyrir Reyknesinga en það var fulllestað af unnum eðalvið sem átti að fara undir járnbrautarteina á Englandi. Lengd Jamestowns var 110 metrar og hafði enginn á strandstað augum borið jafnstórt skip.


Hér rekur Halldór söguna allt frá smíði skipisins í Bandaríkjunum til nútímans. Hvers vegna var skipið mannlaut? Hvað varð um áhöfnina? Hver átti skipið? Hvaðan kom það? Hvers konar skip var þetta? Hvað varð um timbrið úr skipinu og hvert er þekktasta húsið sem smíðað var úr því? Svörin er að finna í þessari glæsilegu bók Halldórs Svavarssonar.

Jónatan Garðarsson segir í um-sögn um bókina að sögusagnir af strandi Jamestowns hafi fylgt afkomendum þeirra sem mundu þennan atburð.

„Smám saman fentti yfir sagnirnar. Þessi fróðlega bók varpar skýru ljósi á sögu skipisins og verðmætan farmi þess sem átti stóran þátt í því að hægt var að byggja betri og heilsusamlegri hús hér á landi.“

Tómas Knúttsson, kafari og áhugamaður um Jamestown, segir:

„Eftir lestur bókarinnar er ég kominn á þá skoðun að þetta strand hafi verið með stærstu atburðum 19. aldar á Íslandi. Ótrúlegt er að ekki hafi verið fjallað meira um þennan atburð í sögubókum. Stórmerkileg saga frá öllum sjónarhornum.“



Smíðað í borginni Richmond

Í bókinni er kafli um uppruna og útgerð seglskipisins Jamestown, en þar segir:



Ekki virðast vera til myndir af seglskipinu Jamestown sem strandaði við Reykjanes árið 1881. Hins vegar eru birtar í bókinni myndir af skipinu Tree Brothers sem gefur hugmynd um hverslags risaskip þetta voru, en það var sagt stærsta skip heims á sínum tíma, eða 2.972 tonn.

„Seglskipið Jamestown var smíðað í borginni Richmond í Sagadahoc-sýslu í Maine-ríki í Bandaríkjunum árið 1869. Bærinn stóð sunnarlega við hið mikla Kennebec-fljót en á svæðinu næst ársunum standa einnig bæirnir Bath, Arrowsic, Georgetown og Phippsburg, þar sem margir skipasmíðir bjuggu og stórar útgerðir störfuðu. Það var reyndar engin tilviljun. Í Maine og nágrenni er mikið af góðum málum til skipasmíða og stórir skógar af góðum trjávið var allt um kring. Skipasmíðir og útgerðarmenn þar um slóðir voru nær undantekningarlaust komnir af innflytjendum frá Bretlandseyjum á 17. og 18. öld og þaðan kom þekking þeirra upphaflega. Vel tókst til með smíðarnar og stóru klipperarnir frá Maine þóttu svo vandaðir og fallegir að talað var um að þeir væru dómkirkjur hafsins.“

Jamestown var í eigu farskipaútgærdar lögfræðingsins J. M. Hagar (1822–1897) en hann bjó og starfaði þar í bæ ásamt nokkrum ættingjum sínum, meðal annars við millilanda-verslun. Á þessum árum voru mörg skip smíðuð á vegum eldri bróður hans, Marshalls S. Hagar (1810–1862), sem var virtur lögfræðingur, eigandi skipasmíðastöðvar og útgerðar. James M. Hagar lét smíða fjögur skip eftir að Jamestown komst á flot og var eitt þeirra, Hagarstown (1874), eilítið lengra og breiðara en Jamestown. Það virðist þó hafa verið hannað mjög svipað. Jamestown var því annað af tveimur stærstu skipunum í flota James M. Hagar & Co þegar það hélt í hinstu ferð sína í nóvember 1880.

James Munroe Hagar fæddist í bænum Waltham í Middlesex í Massachusetts hinn 25. júlí 1822 samkvæmt bandarískum manntalskrám. Hann var af virðulegum ættum en forfaðir hans, William Hagar frá

Shropskíri á Englandi, hafði siglt vestur til Massachusetts 1645. Faðir hans, Uriah (1776–1841), var læknir en margir virtir borgarar komu úr Hagar-ættinni, þeirra á meðal skip-

stjórar, sæfarendur og stríðshetja úr frelsisstríði Bandaríkjanna. Báðir foreldrar James létust í upphafi fimmta áratugar og fluttist hann í kjölfarið til bæjarins Richmond í Maine þar

sem hann kvæntist Henriettu Lilly árið 1848. Þau eignuðust sjö börn sem öll nema eitt komust á legg, lengst lifði þó dóttirin Fanny sem fæddist sama ár og smíði Jamestowns lauk og lést árið 1960. Í manntalsskrám og öðrum heimildum kemur í ljós að ekkert skorti upp á efni og aðbúnað fjölskyldunnar.

Seglskipið Jamestown fór víða á þeim ellefu árum sem það sigldi um höfin og kom mikil burðargeta skipisins sér vel í löngum ferðum. Flest stærri þriggjastra millilanda-skip voru hönnuð og smíðuð til að vera hraðskreið og kölluðust klipperar (e. clippers). Hraðinn skipti þó minna máli fyrir klippera sem sigldu um Atlantshaf þar sem meira máli skipti að geta borið þungan varning og staðið af sér ógnir úthafsins. Það átti einmitt við um Jamestown. Hraðskreiðari skipin sigldu hins vegar lengri vegalengdir eins og suður fyrir Afríku og til Indlands og Kína og fluttu léttari varning eins og te, ópíum, postulín, krydd og ýmsar nýlenduvörur á milli staða. Frá Englandi og Bandaríkjunum var löng leið til helstu hafnarborga Indlands og Kína svo að miklu skipti að farmur skipa væri verðmætur og siglingin tæki sem skemmstan tíma. Mikill metingur var á milli útgerða og skipshafna þessara skipa um hvert þeirra gæti farið hraðast milli heimsálfa enda var tími jafngildi peninga þá eins og nú.“ /HK/

Áramóta-
tilboð
KUBOTA





Áramótatilboð KUBOTA

Verðlistinn yfir heyrinnutækni frá KUBOTA er eingöngu rafrænn í ár. Honum er hægt að hlaða niður á slóðinni www.thor.is/KUBOTA2022 eða á Facebook síðu okkar, Þór hf. - Landbúnaður

Eins er hægt að nálgast hann með því að taka mynd af QR kóðanum hér að ofan.

Viljir þú fá útprentað eintak sent heim biðjum við þig að hafa samband og við sendum þér KUBOTA verðlistann 2022 um hæl.



REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Agnar Þór Magnússon og Birna Thorlacius Tryggvadóttir á Aðalheiði og Afróðitu frá Garðshorni á Pelamörk, sem voru meðal þriggja efstu fjögurra vetra hryssa í ár.

Mynd/ Gisli Guðjónsson / Eišfaxi

Kynbótasýningar árið 2021:

Hæstu hross ársins

Halla Eygló Sveinsdóttir
ráðunautur, búffárræktar-
og þjónustusvið
halla@rml.is



Elsa Albertsdóttir
ráðunautur, búffárræktar-
og þjónustusvið
elsa@rml.is



Alls voru sýndar 56 fjögurra vetra hryssur í fullnaðardóm á árinu og voru þær um 6% sýndra hrossa. Efstu þrjár hryssur í hverjum aldursflokkum voru eftirfarandi:

Með þriðju hæstu einkunn ársins eða 8,24 var Aðalheiður frá Garðshorni á Pelamörk, ræktendur hennar eru Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Agnar Þór Magnússon en eigandi er SportheSTAR ehf. Aðalheiður er dóttir Ölnis frá Akranesi og Garúnar frá Garðshorni á Pelamörk. Ræktendur hennar eru Helgi Gíslason og Gunnhildur Sveinbjarnardóttir. Kolbrún er undan Hrannari frá Flugumýri II og heiðursverðlaunahryssunni Væntingu frá Hruna. Kolbrún er viljug og þjál alhliðagæðingur. Hún hlaut 9,0 fyrir bak og lend enda bakið vel vöðvað og lendin jöfn og öflug. Einnig fékk hún 9,0 fyrir skeið og samstarfsvilja.

Með hæstu einkunn ársins í fjögurra vetra flokki hryssa í ár var Afróðita frá Garðshorni á Pelamörk með 8,33 í aðaleinkunn. Hún stóð efst fjögurra vetra hryssa á Landssýningunni. Ræktendur hennar eru Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Agnar Þór Magnússon en eigandi er SportheSTAR ehf. Afróðita er undan Grími frá Garðshorni á Pelamörk og heiðursverðlauna hryssunni Eldingu frá Lambanesi. Hún er fríð og vel gerð hryssa með 8,5 fyrir flesta þætti sköpulags og 9,0 fyrir fótagerð. Hún er skrefmikil, viljug og þjál alhliðahryssa með 8,5 fyrir tölt og brokk og 9,0 fyrir samstarfsvilja. Það er athyglisverður árangur að tvær af þremur efstu hryssunum í þessum flokki eru frá Garðshorni á Pelamörk og ræktaðar af þeim Birnu og Agnari.

140 hryssur í fimm vetra flokki

Í fimm vetra flokki hryssa voru sýndar 140 hryssur og voru þær 16% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins eða 8,45 var Hending frá Fákshólum. Ræktandi hennar er Helga Una Björnsdóttir sem á hana ásamt Jakobi Svavari Sigurðssyni, Flemming Fast og Gitte Lambertsen. Hending er undan Konsert frá Hofi og gæðingshryssunni Sendingu frá Þorlákshöfn. Hún hlaut 8,16 fyrir sköpulag með afar sterka yfirlínu í baki. Þá hlaut hún 8,60 fyrir hæfileika með 9,0 fyrir sitt rúma og örugga skeið og þjála og yfirvegaða samstarfsvilja.

Með aðra hæstu einkunn ársins er Gleði frá Hólalög með 8,49 í aðaleinkunn. Gleði stóð hæst í sínu flokki á Landssýningunni. Ræktendur hennar eru Ingimar Baldvinsson og Emilia Staffansdóttir og eigandi Hólalög ehf. Gleði er undan Forseta

Fimmtán feður sem feðra flest sýnd afkvæmi

	Sköpulagsdómar	Reiðdómar	Dætur	Synir	Meðalaldur
Konsert frá Hofi	56	51	28	28	5,1
Skýr frá Skálakoti	43	37	24	19	5,3
Spuni frá Vesturkoti	44	37	27	17	6,8
Stáli frá Kjarri	37	35	27	10	6,7
Ölnir frá Akranesi	39	34	24	15	5,4
Ómur frá Kvistum	34	33	24	10	6,4
Hrannar frá Flugumýri II	37	30	20	17	5,6
Arion frá Eystra-Fróðholti	31	29	12	19	5,8
Álfur frá Selfossi	31	27	18	13	7,2
Hnokki frá Fells koti	24	23	16	8	5,5
Sjóður frá Kirkjubæ	21	20	14	7	6,3
Loki frá Selfossi	21	18	11	10	6,8
Trymbill frá Stóra-Ási	16	16	12	4	5,9
Óskasteinn frá Íbishóli	20	16	16	4	6,6

frá Vorsabæ II og Hamingju frá Hæli. Hún er afar vel gerð með 8,45 fyrir sköpulag þar af 9,0 fyrir höfuð og háls, herðar og bóga. Gleði hlaut 8,51 fyrir hæfileika þar sem hest ber 9,0 fyrir sitt fjaðrandi skrefgöða brokk og fegurð í reið en hún er fasmikil og háheng.

Með hæstu einkunn ársins eða 8,58 var svo Valdís frá Auðsholtshjáleigu. Ræktendur hennar eru Gunnar Arnarson og Kristbjörg Eyvindsdóttir en eigendur eru Anja Egger-Meier og Kronshof GbR. Valdís er undan Skaganum frá Skipaskaga og Þrýði frá Auðsholtshjáleigu. Hún er mjög vel gerð og létþbyggð hryssa með 8,47 fyrir sköpulag. Hún er einkar falleg á höfuð og hlaut þá fágætu einkunn 10 fyrir höfuð. Þá er hún mjög framfalleg og hlaut 9,0 fyrir sinn reista, hátt setta, langa og granna háls. Valdís er léttleikandi og flink alhliðahryssa sem fer afar vel í reið og hlaut m.a. 9,0 fyrir tölt, skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið.

209 hryssur í fullnaðardóm

Í flokki sex vetra hryssa voru sýndar 209 hryssur í fullnaðardóm og voru þær 23% sýndra hrossa.

Með þriðju hæstu einkunn ársins var Kamma frá Sauðárkróki en hún hlaut í aðaleinkunn 8,64. Hún stóð efst á Landssýningunni í sínum flokki. Ræktandi er Sauðárkróks-Hestar og eigendur eru Guðmundur Ólafsson og Svala Guðmundsdóttir. Kamma er undan Aðli frá Nýjabæ og Kómetu frá Sauðárkróki. Kamma er með 8,38 fyrir sköpulag þar sem hest ber 9,0 fyrir háls, herðar og bóga en hálsinn er grannur og hátt settur með vel aðgreinda bóga sem bjóða upp á góðar hreyfingar. Þá er hún með 8,5 fyrir bak og lend og samræmi. Kamma hlaut 8,78 fyrir hæfileika og er úrvalsalhliðahryssa með frábært brokk og mikinn og þjálan samstarfsvilja. Kamma fer afskaplega vel í reið með háum og löngum hreyfingum og afar góðri líkamsbeitingu.

Með aðra hæstu einkunn ársins í flokki sex vetra hryssa var gæðingurinn Frigg frá Hólshúsum með 8,70 í aðaleinkunn. Ræktendur og eigendur eru Dagný Linda Kristjánsdóttir, Valur Ásmundsson og Kolbrún Ingólfsdóttir. Frigg er undan Kambi frá Akureyri og Finndís-Fjólu frá Meiri-Tungu 3. Hún hlaut 8,34 fyrir sköpulag þar sem hest ber 9,0 fyrir hófa. Þá hlaut Frigg 8,89 fyrir hæfileika og þar af 9,0 fyrir alla kosti utan stökks og hægs stökks. Framganga Friggjar einkennist af fasi og léttleika, miklum fótaborði, rými og afar góðum gangskilum. Viljinn er mikill en yfirvegaður og er Frigg afar öflug og mögnuð alhliðahryssa.

Með hæstu einkunn ársins eða 8,71, í sex vetra flokki hryssa var Silfurskotta frá Sauðanesi. Ræktandi hennar er Ágúst Marinó Ágústsson og er hann einnig eigandi ásamt Reyni Erni Pálmasyri. Silfurskotta er undan

LÍF & STARF

Ólni frá Akranesi og Sunnu frá Sauðanesi. Silfurkotta hlaut 8,38 fyrir sköpulag, hún er framfallæg og fótahá með afar góða yfir-línu í baki en þar hlaut hún 9,0. Hæfileikaeinkunn hennar er 8,88 þar sem hest fékk hún 9,5 fyrir frábæran samstarfsvilja þar sem hvort tveggja í senn fer mikil framhugsun og þjálfni. Hún er gæðingur á gangi og hlaut 9,0 fyrir tölt, skeið og fegurð í reið en að öðrum kostum óupptöldum hlaut hún einkunnina 8,5.

238 hryssur komu til dóms í elsta flokki hryssna

Í elsta flokki hryssna, 7 vetra og eldri, komu 238 hryssur til dóms eða um 27% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu einkunn ársins eða 8,54 hlaut Hávör frá Ragnheiðarstöðum. Ræktandi hennar er Helgi Jón Harðarson en eigendur eru Fanndís Helgadóttir og HJH Eignarhaldsfélag ehf. Hávör er undan Hrannari frá Flugumýri II og gæðingamóðurinni Hátíð frá Úlfstöðum. Hávör er reist, fótahá með langa og öflugla lend. Þá er hún gæðingur á gangi með 8,72 fyrir hæfileika, þar sem hest ber 9,0 fyrir tölt, brokk og samstarfsvilja, 8,5 fyrir skeið, greitt stökk, fet og fegurð í reið.

Næsthæstu einkunn ársins 8,65 hlaut Þrá frá Prestsbæ. Ræktendur hennar og eigendur eru Inga og Ingar Jensen. Þrá er undan Arion frá Eystra-Fróðholti og heiðursverðlauna hryssunni Þóru frá Prestsbæ. Þrá er glæsileg hryssa á velli enda með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og samræmi. Fyrir hæfileika hlaut hún 8,71 og ber þar hest 10 fyrir samstarfsvilja, 9,5 fyrir tölt, greitt stökk og fegurð í reið.

Hæstu einkunn ársins 8,77 hlaut Katla frá Hemlu II og er það jafnfram hæsta aldursleiðréttá aðaleinkunn ársins. Ræktendur hennar eru Anna Kristín Geirsdóttir og Vignir Siggeirsson en eigandi hennar er Anja Egger-Meier. Katla er undan Skýr frá Skálakoti og Spyrnu frá Síðu. Katla er frábær alhliða gæðingur með 8,56 fyrir sköpulag, m.a. með 9,0 fyrir höfuð, háls, herðar og bóga, samræmi og þróleika. Hæfileikaeinkunn hennar er 8,88 en hún er með 9,5 fyrir samstarfsvilja, 9,0 fyrir tölt, skeið og fegurð í reið og 8,5 fyrir aðra eiginleika.

Efstu þrjár stóðhestar í hverjum aldursflokki

Í flokki fjögurra vetra stóðhesta voru sýndir 45 hestar eða um 5% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Drangur frá Steinnesi en hann hlaut 8,33 í aðaleinkunn. Ræktandi hans og eigandi er Magnús Jósefsson. Drangur er undan Draupni frá Stuðlum og Ólgu frá Steinnesi. Drangur er skrefmikill myndargripur, með 8,41 fyrir sköpulag. Hann er með 8,5 fyrir flesta þætti sköpulags og 9,0 fyrir hófa. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,28, þar ber hest 9,0 fyrir tölt.

Næsthæstu aðaleinkunn ársins hlaut Tappi frá Höskuldstöðum, en hann hlaut 8,33 í aðaleinkunn eins og Drangur en á milli skilja nokkrir aukastafir. Ræktandi og eigandi hans er Snæbjörn Sigurðsson. Tappi er undan Kolskeggi frá Kjarnholtum I og Tígn frá Höskuldstöðum. Tappi er framhár og léttbyggður gæðingur með 8,35 fyrir sköpulag, 9,0 fyrir samræmi og 8,5 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend og hófa. Tappi er með 8,32 fyrir hæfileika, þar af 9,0 fyrir tölt og samstarfsvilja.

Hæstu einkunn ársins í flokki fjögurra vetra stóðhesta hlaut Fróði frá Flugumýri, með aðaleinkunn 8,36. Ræktendur hans eru Eyrún Ýr Pálsdóttir og Teitur Árnason en eigandi er Eyrún Ýr Pálsdóttir. Fróði er undan Hring frá Gunnarsstöðum I og Fýsn frá Feti. Fróði hlaut 8,45

fyrir sköpulag en hest hlaut hann 9,0 fyrir háls, herðar, bóga og samræmi. Þá fékk hann 8,31 fyrir hæfileika þar sem hest ber 9,0 fyrir tölt, brokk, greitt stökk, samstarfsvilja og fegurð í reið. Fróði er úrvals klárhestur, hágegur, skrefmikill og samstarfsfús.



Katla frá Hemlu II hlaut hæstu einkunn ársins, 8,77. Knapi er Árni Björn Pálsson. Mynd/Anja Egger-Meier



Guðmundur Björgvinsson á Ganda frá Rauðalæk. Mynd/ Gísli Guðjónsson / Eiofaxi



Daniel Jónsson á Glampa frá Kjarrhólum. Mynd/ Gísli Guðjónsson / Eiofaxi

80 fimm vetra stóðhestar í fullnaðardóm

Í flokki fimm vetra stóðhesta komu fram 80 hestar í fullnaðardóm eða 9% sýndra hrossa. Þriðju hæstu einkunn ársins í þessum flokki hlaut Sóli frá Þúfu í Landeyjum með 8,43 í aðaleinkunn. Ræktendur og eigendur hans eru Anna Berglind Indriðadóttir og Guðni Þór Guðmundsson. Sóli er undan Sólun frá Skáney og Þöll frá Þúfu í Landeyjum. Sóli er ágætlega

gerður með 8,0 fyrir háls, herðar og bóga, þá hlaut hann 9,0 fyrir bak og lend og þróleika og úrvalseinkunnina 9,5 fyrir hófa. Fyrir hæfileika hlaut Sóli 8,35, þar af 9,0 fyrir tölt og 8,5 fyrir brokk, hægt og greitt stökk, samstarfsvilja og fegurð í reið. Næsthæstu einkunn ársins hlaut

Hæstu einkunn í þessum flokki hlaut Magni frá Stuðlum eða 8,52 í aðaleinkunn. Ræktendur hans eru Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson en eigendur eru Páll Stefánsson, Hrafnkell Áki Pálsson og Ólafur Tryggvi Pálsson. Magni er undan Konsert frá Hofi og Stöku frá Stuðlum. Magni er glæsilegur hestur með 8,74 fyrir sköpulag, hest hlaut hann 9,0 fyrir bak og lend, samræmi, hófa og þróleika. Fyrir hæfileika hlaut Magni 8,40, mjúkur og takt-hreinn á tölti og skeiðið ferðmikið og öruggt, enda fékk hann 9,0 fyrir skeið og samstarfsvilja.

78 hestar í flokki 6 vetra stóðhesta

Í flokki 6 vetra stóðhesta voru sýndir 78 hestar í fullnaðardóm eða um 9% sýndra hrossa.

Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Pensill frá Hvolsvelli með 8,55 í aðaleinkunn. Ræktendur og eigendur hans eru Ásmundur Þór Þórisson og Helga Friðgeirsdóttir. Pensill er undan Ólni frá Akranesi og Hörpu Sjöfn frá Hvolsvelli. Pensill er stórglæsilegur hestur með sköpulagseinkunn upp á 8,98. Hann hlaut 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og 9,5 fyrir bak og lend og samræmi. Pensill er rúmur, léttstígur og þjáll gæðingur en hann fékk 8,32 fyrir hæfileika, þar ber hest 9,0 fyrir tölt, brokk, samstarfsvilja og fegurð í reið.

Næst hæstu einkunn ársins hlaut Gandi frá Rauðalæk, 8,57 í aðaleinkunn. Ræktandi og eigandi er Elisabet Norderup Midhelson. Gandi er undan Konsert frá Hofi og Garúnu frá Árbæ. Gandi er glæsilegur hestur með 8,79 fyrir sköpulag, þar af 9,5 fyrir samræmi og 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og hófa. Hann er alhliða gæðingur með 9,0 fyrir brokk og fegurð í reið. Brokkið er rúmt og svifmikið.

Hæstu einkunn ársins í þessum flokki hlaut Seðill frá Árbæ, með aðaleinkunn 8,68. Ræktandi og eigandi hans er María Gunnarsdóttir. Seðill er undan Sjóð frá Kirkjubæ og Veronu frá Árbæ. Seðill er stórglæsilegur alhliða gæðingur, fyrir sköpulag hlaut hann 8,79, þar af 9,0 fyrir háls, herðar og bóga, bak og lend, samræmi og hófa. Seðill hlaut fyrir hæfileika 8,62, þar ber hest 9,0 fyrir greitt stökk, samstarfsvilja og fet. Seðill er fjölhæfur á gangi og með ljúfa lund.

44 hestar í elsta flokki stóðhesta

Í elsta flokki stóðhesta voru sýndir 44 hestar eða um 5% sýndra hrossa. Þriðju hæstu einkunn ársins hlaut Nökkvi frá Hrisakoti, með aðaleinkunn 8,52. Ræktandi og eigandi hans er Sif Matthíasdóttir. Nökkvi er undan Ramma frá Búlandi og Hugrónu frá Strönd II. Nökkvi er vel gerður alhliðagæðingur með 8,39 fyrir sköpulag en hann er með 8,0 eða 8,5 fyrir alla þætti sköpulags. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,58, þar ber hest 9,5 fyrir skeið og 9,0 fyrir samstarfsvilja.

Næsthæstu einkunn ársins hlaut Huginn frá Bergi, með aðaleinkunn 8,55. Ræktandi hans og jafnframt eigandi er Anna Dóra Markúsdóttir. Huginn er undan Króki frá Ytra-Dalsgerði og heiðursverðlaunahryssunni Hildu frá Bjarnarhöfn. Huginn er ákaflega þróður og velgerður alhliða gæðingur með 8,45 fyrir sköpulag. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,60, en hann hlaut 9,0 fyrir skeið og samstarfsvilja.

Hæstu einkunn ársins í elsta flokki stóðhesta hlaut Glampi frá Kjarrhólum með 8,68 í aðaleinkunn. Ræktendur hans eru Axel Davíðsson og Bragi Sverrisson en eigandi er Gæðingar ehf. Glampi er undan Arion frá Eystra-Fróðholti og Gígju frá Árbæ. Glampi hlaut 8,59 fyrir sköpulag, þar af fjórir níur, fyrir bak og lend, samræmi, fótagerð og hófa. Glampi er reistur og afar fótahár. Fyrir hæfileika hlaut hann 8,72, enda fjölhæfur á gangi en hann hlaut m.a. 9,0 fyrir tölt, skeið, samstarfsvilja og fegurð í reið.



Hilltip Icestriker 900-1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbílur og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380-550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbílur. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélur m/öflugum efnisskömmunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplogur fyrir pallbílur, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185-240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbílur, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 165-240 cm breidd.



Hilltip Fjölplogur MVP
Fjölplogur fyrir ameríska pallbílur t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

BÆKUR & MENNING

Spennu- og ævintýrabók fyrir ungmenni:

Gaman að sjá ævintýrið sitt verða að veruleika

„Ég hef lengi átt mér þann draum að skrifa bók og nú hefur sá draumur ræst,“ segir **Hrund Hlökkversdóttir**, starfandi skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit, en hún hefur sent frá sér spennu- og ævintýrabókina **ÓGN**, ráðgátan um Dísar-Svan. Grund er frá Akureyri en hefur búið hin síðari ári í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit með fjölskyldu sinni. Hún á tvö börn, 17 og 23 ára. Tómstundir sínar notar hún til að skrifa, syngja í kór, spila á harmoniku og nýtur umhverfið í sveitinni til að stunda útivist, hlaupa, fara í sund og ganga á fjöll.

Hún segist hafa setið við skrifin með hléum síðastliðin tvö ár, tekið bókina upp margoft og endurskrifað, lagfært og endurbætt eftir ábendingum sem hún fékk frá „fólki sem var svo elskulegt að lesa bókina og gefa mér góð ráð,“ segir hún. „Ég er afskaplega þakklát fyrir það og svo er ég ótrúlega spennt að þetta ævintýri mitt sé nú að verða að veruleika. Bókin mín fær að öðlast eigið líf meðal lesenda.“

Heill ævintýraheimur við Hraunsvatni

Hrund segir að töluvert sé um liðið frá því hugmyndin kviknaði, eða sjö ár. „Ég gekk þá ásamt nemendum og starfsfólki Hrafnagilsskóla upp að Hraunsvatni í Óxnadal. Við vatnið er heill ævintýraheimur og mikil náttúrufegurð þar sem Hraundrangar tróna yfir manni, tignarlegir og ægífagrir,“ segir hún. „Ég var uppunin af staðnum, en á þessum tíma hafði ég verið að kynna mér þjóðsögur og lesið um álfa, huldufólk, skrimslu og aðrar kynjaverur.“

Eftir ferðina að Hraunsvatni fékk Grund þá hugmynd að skrifa ungmennabók sem gerist í þessu ævintýralega umhverfi. Hún vildi nýta þjóðsagnaarfinn, ævintýraheiminn sem gengið hefur mann fram af manni og tengja hann við nútímann.



Tengir saman raun- og hulduheima

Bókin fjallar um Svandís, fjórtán ára stelpu sem flytur úr borginni norður í land. Þar eignast hún vinina Brján og Sylvíu en saknar vinkonu sinnar, Láru, og getur ekki beðið eftir að hún komi í heimsókn í jólafríinu.

Margt er einkennilegt á kreiki í kringum Svandís. Köttur með rauð augu, dularfullir hestar og fólk sem ef til vill er annað en það sýnist vera. Svandís flækist inn í baráttu góðs og ills, kynnist ástinni og þarf ásamt vinum sínum að glíma við ógurlegar kynjaskepnur. Grund segir söguna byggða á þjóðsagnaarfi Íslendinga og tengja saman tvo heima, raunheima sem við þekkjum öll og hulduheima sem færri þekkjja.

Hrund segist hafa fengið gott fólk í lið með sér við útgáfuna, Guðjón Inga Eiríksson, útgefanda í bókaútgáfunni Hólum og hans fólk. Íris Auður Jónsdóttir listamaður málaði mynd á bókakápu og hún ásamt börnum sínum, Emil Loga og Agnesi Lóu Heimisbörnum, teiknuðu myndir í bókina.

/MPP




Hrund Hlökkversdóttir, starfandi skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit, en hún hefur sent frá sér spennu- og ævintýrabókina **ÓGN**, ráðgátan um Dísar-Svan. Hún fékk hugmyndina að sögunni eftir gönguferð upp að Hraunsvatni í Óxnadal með nemendum og starfsfólki í Hrafnagilsskóla fyrir nokkrum árum.

Bókin Bestu kleinur í heimi komin út:

Kleinan lifir góðu lífi í íslensku samfélagi



Kleinubakstur er ofur einfaldur og skemmtilegur að mati höfundar bókarinnar.



Fátt jafnast á við nýsteiktar kleinur og ískalt mjólkurglas.



„Ég fékk þessa skrytnu hugmynd að gefa út bók um kleinur fyrir þremur árum en á þeim tíma hafði ég sjálf aldrei steikt kleinur en var eins og flestir Íslendingar mikill aðdáandi kleina,“ segir **Ingunn Bráinsdóttir**, höfundur bókarinnar **Bestu kleinur í heimi**.

Ingunn, sem er myndlistarkona og grafískur hönnuður á Egilsstöðum, hefur safnað kleinuuppskriftum um land allt og nú fyrir jólin er bók með öllum herlegheitunum væntanleg. Alls eru 57 uppskriftir í bókinni, gott sýnishorn af heimagerðum íslenskum kleinum. Auk uppskriftanna, sem eru hver annarrar gírnilegri, er að finna í bókinni ýmsan skemmtilegan fróðleik um kleinur. Bókin verður prentuð í Héraðsprenti á Egilsstöðum.



Ingunn Bráinsdóttir, myndlistarkona og grafískur hönnuður á Egilsstöðum, er höfundur bókarinnar um bestu kleinur í heimi.

Kleinur úr eldhúsi mömmu og ömmu gleymast seint

Ingunn segir að kleinan lifi góðu lífi í íslensku samfélagi og í flestum matvöruverslunum sé hægt að næla sér í poka af fjöldaframleiddum kleinum, auk þess sem bakarar um land allt bjóði upp á ágætiskleinur. „Þrátt fyrir að framboðið sé ágætt þá gleymast seint kleinurnar sem urðu til í eldhúsinu hjá mömmu og ömmu,“ segir Ingunn.

„Það eru til alls konar uppskriftir og sérvískur ef þannig má komast að orði. Þannig að ég ákvað að auglýsa eftir uppskriftum og það stóð ekki á svörum, fólk um land allt deildi með mér uppskriftum, sögum, bröndurum, samfélagsmiðlaskilaboðum og myndum. Það var algjörlega yndisleg upplifun að sjá áhugann og ástríðuna,“ segir hún og bætir við að hver og ein uppskrift hafi að sjálfsögðu verið talin besta uppskrift að kleinum sem til er.

Uppáhaldið með Royal karamellubúðingi

Í bókinni má einnig finna ýmislegt um sögu kleinnunnar, aðferð og áhöld. „Eftir að vinnuferli bókarinnar hófst tók ég mig til við að prófa að steikja kleinur en hef reyndar ekki enn prófað allar uppskriftir sem finna má í bókinni, en upphaldsuppskriftin er líklega þessi með Royal karamellubúðingnum,“ segir Ingunn.

Hún segir kleinubakstur ofur einfaldan og skemmtilegan, „ég tala nú ekki um þegar börnin á heimilinu taka þátt, spennan við að smakka nýsteiktar kleinur er alltaf jafnmikil og eins gott að hafa ískalt mjólkurglasíð klárt á kantinum.“

/MPP

Sprenglægileg og spennandi:

Nú er nóg komið!

Nú er nóg komið! er sprenglægileg og spennandi bók eftir þær **Hildi Knútsdóttir** og **Þórdís Gísladóttir**, en bókin er sjálfstætt framhald bókarinnar **Hingað og ekki lengra!** sem gefin var út árið 2020 og hlaut afar góðar viðtökur.

Nú er nóg komið! fjallar um vinkonurnar Vigdís Fríði, Geirlaugu og Rebekku sem allar eru í áttunda bekk en neyðast til að halda sig heima við vegna Covid-19 veirunnar. Þær láta sér þó ekki leiðast og deyja ekki ráðalausar þótt þessi nýi raunveruleiki sé ekki efstur á óskalistanum – því

ýmislegt er jú hægt að bralla heima við. Dularfullir nágrannar, sjoppurekstur og annað er meðal þess sem þær taka sér fyrir hendur enda með eindæmum vel vakandi stúlkur. Og stundum þurfa stelpur einfaldlega sjálfar að ganga í málin.

Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir, sem auk Hingað og ekki lengra! hafa áður skrifað saman bækurnar um Dodda. Sú fyrri, Doddi – Bók sannleikans!, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, Fjöruverðlaunanna og Barnabókaverðlauna Reykjavíkur. /SP



Helga Valdís Árnadóttir sá um myndskreytingu bókarinnar.

LESENDARÝNI

Sjálfbær landnýting og vinna við drög að reglugerð

Lög um landgræðslu nr. 155/2018 voru samþykkt 14. desember 2018 með 60 atkvæðum (þrjú fjarstaddir). Í lögnum er grunntónn sjálfbær landnýting.

Í niundu grein laganna segir: „nýting lands skal vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni, sbr. 11. gr.“

Í 11. greininni segir að ráðherra skuli setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, „m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju. Landgræðslan gerir tillögur að slíkum leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Ráðherra birtir opinberlega drög að leiðbeiningum og viðmiðum og skal frestur til að skila athugasemdum vera að lágmarki fjórar vikur.“

Reglugerðardrögin voru til umsagnar í 6 vikur og er því lokið. Alls bárust 88 umsagnir og margar gagnlegar ábendingar en greinilegt er að munur er á því hvað fólk telur að eigi að leggja til grundvallar þegar meta á hvað teljist sjálfbær nýting.

Byggt á alþjóðlegri vinnu

Þegar vinna við drög að reglugerð hófst var rætt við fjölmarga aðila um aðstoð og ábendingar en fljótt kom í ljós að leita yrði fyrirmynda erlendis. Sjálfbær landnýting hefur hins vegar verið í umræðunni og rannsóknir stundaðar um áratuga skeið víða um heim. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna FAO og Global Soil Partnership hafa t.d. fjallað um málefnið á aðildarríkjafundum og gefið út fjölda leiðbeiningarrita.

Landgræðslan skoðaði fyrst hvort við gætum tekið upp það fyrirkomulag sem Norðmenn leggja til grundvallar í sínu mati á landnýtingu, en það var ljóst að beitolönd sem við teljum í ásættanlegu ástandi hefðu kolfallið með beitingu norsku reglnanna. Því var nauðsynlegt að innleiða staðfærslu á reglum sem tækju meira tillit til ástands lands og aðstæðna á Íslandi.

Reglugerðardrögin byggja því á staðfærslu sérfræðivinnu FAO – Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP sem lagt hefur grunninn að þeirri aðferðafræði sem notuð er og hefur verið aðlöguð að aðstæðum um allan heim og er notuð í mörgum Evrópulöndum, Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Bandaríkjunum og hefur verið



Arni Bragason.

kennd í áratug í Landgræðsluskóla SP á Íslandi. Nemendur sem stundað hafa nám í Landgræðsluskólanum vinna nú að innleiðingu sjálfbærni-reglna í sínum heimalöndum byggða á þessari aðferðafræði.

Jarðræktar- og akuryrkjukafllinn byggir á faglegru vinnu FAO og Evrópusambandsins og á þeim reglugerðum sem í gildi eru í Evrópusambandinu. Ástæða er til að leiðrétta misskilning sem hefur farið hátt undanfarnar vikur og áretta að jarðræktar/ akuryrkjuhluti draganna, sjöunda grein og viðauki tvö, eru aðeins leiðbeinandi viðmið um betri búskaparhætti; tilraun til þess að stuðla að betri og loftslagsvænni landbúnaði. Aukin akuryrkja kallar á innleiðingu nýrra vinnubragða og vandi okkar á Íslandi er stuttur vaxtartími. Bændur í Evrópu standa frammi fyrir svipuðum vanda og íslenskir bændur því þar er sífellt verið að innleiða ræktun suðrænni afbrigða og tegunda og því eru áskoranir þeirra þær sömu og okkar. Við getum því lagt til grundvallar þær reglur sem notaðar eru í Evrópu og byggja þar á áratuga hefðum, reynslu og rannsóknum. Ég treysti bændum landsins vel til að takast á við þessar áskoranir og sem betur fer eru þeir færri og færri akrarnir sem opinir eru á veturna með tilheyrandi foki og tapi á næringarefnum og jarðvegi.

Samráð

Landgræðslan hafði samráð við fjölmarga aðila við gerð reglugerðardraganna og átti m.a. nokkra formlega vinnufundi með Bændasamtökum Íslands og Landssamtökum sauðfjárbænda og fékk þar fjölda mjög gagnlegra ábendinga.

Í vinnuferlinu sendi stofnunin helstu beitarsérfræðingum landsins einnig drögin til skoðunar og óskaði

eftir athugasemdum og ábendingum. Flestir brugðust vel við og eru þeim þakkaðir gagnlegar ábendingar.

Drög að reglugerð – grundvallarmunur á viðmiðum

Það var ljóst af samtölum við hagsmunaaðila að grundvallarmunur er á hugmyndum um skilgreiningu á sjálfbærri landnýtingu. Landgræðslan hefur lagt til grundvallar aðferðafræði sem notuð er og lögð er til grundvallar í alþjóðlegu starfi FAO og þeim löndum sem við kjósum að bera okkur saman við. Samkvæmt þessari aðferðafræði telst landnýting ekki sjálfbær ef jarðvegs-, vatns- og næringaefnaferlar eru skertir eða ekki til staðar. Það að land sé í framför er vissulega frábært en ef allan grunn vantar er áfallalop landsins ekkert og stutt í landeyðinguna. Þetta á sérstaklega við um land sem nýlega hefur verið grætt upp því þótt gróðurþekja hafi myndast á skömmum tíma á það sama ekki við um jarðvegin. Nýting á slíku landi verður þá undir þeim formerkjum að hún sé ósjálfbær. Ef land ber ekki merki hnignunar og virkni jarðvegs er til staðar skal nýtingin teljast sjálfbær.

Beit á landi í yfir 700 metra hæð yfir sjó getur með engu móti talist sjálfbær því við slíkar aðstæður er vaxtartími beitarpantna vart meiri en 5-6 vikur því hiti lækkar um 0,6 °C til 0,7 °C við hverja hundrað metra. Grös og blómjurtir byrja að vaxa við 4-6 °C. Slíkir dagar eru fáir í 700 metra hæð og ef gróður við þær aðstæður er bitinn í lok vaxtartíma er enginn tími til að safna orku, hann drepst líklega eða skrimtir veturinn.

Skrif Bændablaðsins og umfjöllun í fjölmiðlum

Bændablaðið hefur birt greinar um drögin og aðallega fjallað um ómöguleika þess að innleiða þær reglur sem þykja orðið sjálfsagðar víða um heim. Í þessum umfjöllunum er þess vandlega gætt að nefna ekki að þegar um er að ræða land í miklum halla sem ekki er rofið skal það metið sérstaklega eða að jarðræktarhluti draganna er leiðbeinandi. Upphrópanir benda til þess að sumir virðast ekki hafa lesið drögin en velja að tjá sig með stórum orðum. Þær upphrópanir minna helst á umfjöllun Bændablaðsins um endurheimt votlendis þar sem skrif andstæðinga endurheimtar eru lögð að jöfnu við rannsóknandiurstöður vísindamanna.

Arni Bragason,
landgræðslustjóri.

Skortur á vísindalegum gögnum

Að gefnu tilefni skal tekið fram að Bændablaðið hefur í mörg ár óskað eftir að fá í hendur vísindagögn og mælingar sem staðfesta hver raunveruleg losun er úr framræstu landi á Íslandi með hliðsjón af mismunandi jarðvegsgerð. Þessi gögn hafa enn ekki fengið.

Fyrirspurn Bændablaðsins er sprottin af umfjöllun virtra vísindamanna í þessum fræðum, eins og dr. Þorsteins Guðmundssonar og dr. Guðna Þorvaldssonar og fleiri. Þeir hafa gagnrýnt fullyrðingar sem byggja ekki á vísindalegum gögnum og mælingum á Íslandi. Einnig málatilbúnað í kringum mokstur í framræsluskurði sem byggja upphaflega á rannsóknum á mýrum í Brandenburg í nágrenni Berlínar þar sem meðalhiti er 9 gráður á C en ekki 4 °C eins og á Íslandi. Hitastig hefur einmitt

veruleg áhrif á örverumyndun í jarðvegi og losun gróðurhúsalofttegunda.

Meira að segja mælingar á skurðakerfinu hafa verið byggðar á ágiskunum þar til að nýverið er farið að hnitasetja skurði. Þar hafa því verið settar fram ýmsar tölur um skurðalengd og lengi var miðað við 34.000 kílómetra og að áhrifsvæði losunar á gróðurhúsalofttegundum næði 200 metra beggja vegna skurða. Á þessum forsendum var m.a. fullt af umhverfisráðuneyti, ráðherra þess, umhverfisverndarsamtökum og fulltrúum Votlendissjóðs að losun frá framræstu landi á Íslandi væri um 70% af heildarlosun Íslendinga á CO₂. Þegar farið var í framhaldinu að áætla frekar skurðalengdina fór hún í 32.500 km, síðan í 31.610 km og loks í 29.700 km. Enn heyrir þá samt haldið fram að 70% af

heildarlosun Íslendinga á CO₂ stafi af framræstu landi.

Eftir skrif vísindamanna og umfjöllun Bændablaðsins þar sem fullyrðingar án sannana voru gagnrýndar, fjarlægð umhverfisráðuneytið ófaglegar fullyrðingar um 70% losunina af vefsíðu sinni og í staðinn var farið að tala um 60% án þess að rökstyðja það nánar með vísindalegum gögnum.

Þorsteinn og Guðni sýndu líka fram á að áhrifsvæði framræsluskurða sem miðað var við stæðist ekki í veruleikanum og munaði þar miklu. Bændablaðið óskaði því sérstaklega eftir vísindagögnum og gasmælingum á landi áður en mokað hefur verið í skurði og eftir mokstur til að sýna raunhæfan samanburð. Þau gögn hafa enn ekki verið lögð fram.

Hörður Kristjánsson,
ritstjóri Bændablaðsins



PERLUBYGG FRÁ
MÓÐUR JÖRD
ER LÍFRÆNT
RÆKTAD Á ÍSLANDI

Úrvals grjón í fína matseld.
WWW.MODIRJORD.IS



MÓÐIR JÖRD - LÍFRÆN RÆKTUN Í VALLANESI

Sérniðin þjónusta
að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

BÓKABEITAN.IS

TÓFRANHEIMUR BARNABÓKANA



bókabeitan.is



Skemmtileg mynd af Auði og hestum á góðri stundu.

Myndir / Úr einkasafni.

Auður Sigurðardóttir, hestauddari á Blönduósi:

Gefur út lita- og verkefnabók um líkama hestsins

„Hesturinn er að mínu mati ígildi hins fullkomna íspróttamanns, er magnaður, ekki bara krafturinn heldur einnig geta hestsins til að bera knapa og um leið hafa getu til að sýna ótrúlega fimi og styrk,“ segir Auður Sigurðardóttir hestauddari.

Hún býr og starfar á Blönduósi og er búin að vera með í smíðum undanfarna mánuði lita- og verkefnabók um líkama hestsins. Nú stendur yfir söfnun á Karolina fund til að aðstoða Auði við útgáfu bókarinnar.

Efni bókarinnar er, eins og nafnið gefur til kynna, um líkama hestsins, fróðleikur um vöðva, staðsetningu þeirra, beinagrindina, hlutverk þeirra og ýmis annar fróðleikur. Bókin er samsett af fróðleik sem Auður hefur sett upp á einfaldan hátt, myndum sem má lita og skrifa inn á og svo spurningar og púsl sem lesandinn getur unnið með. Allt efni bókarinnar hefur hún unnið sjálf, myndir, texta og verkefni. Bókin er hugsuð fyrir allt hestaáhugafólk, á öllum aldri, börn og fullorðna. Blaðamaður settist

niður með Auði til að spyrja hana út í bókina, hestauddið og áhuga hennar á íslenska hestinum.

Áhuginn er klárlega til staðar

– Um hvað snýst verkefnið sem er í gangi hjá þér núna með bókina og hver er tilgangur og markmið bókarinnar?

„Hugmyndin kviknaði aðallega þegar ég byrjaði að búa til netnámskeið þar sem notandinn getur keypt aðgang að námsgrunni þar sem hann

hefur aðgang að ýmsu efni, til dæmis hvernig á að byrja að þjálfa hest með brokkspírum, hvernig það á að bera sig að við teygjuæfingar fyrir hestinn og ýmislegt fleira. Þá áttaði ég mig á því að efni af þessu tagi er af mjög skornum skammti á íslensku. Einnig byrjaði ég að halda námskeið fyrir hestamannafélögin og fann að það var einmitt sama vandamálið og oft spurð hvar fólk gæti fundið upplýsingar á íslensku.

Það er vaxandi áhugi á því að læra meira um líkama hestsins, vöðva- byggingu, hvernig hann hreyfir sig og þess háttar. Oft er það í tengslum við vandamál sem upp geta komið hjá hestinum annaðhvort í þjálfun eða hjá hinum almenna hestamanni sem nýtur þess að ríða út. Flestir vilja að hestinum líði eins og best verði á kosið og fólk vill læra meira um hvernig það getur búið þannig um. Einnig hélt ég nokkur námskeið fyrir börn og ungmenni og komst að því að á hefðbundnum reiðnámskeiðum er ekki lögð mikil áhersla á þennan þátt og kannski er það bæði vegna þess að efnið er af skornum skammti og kannski vegna þess að þau eru ekki þannig uppsett. En áhuginn er klárlega til staðar,“ segir Auður.

Kemur út í desember

Bókin á að ná til breiðs aldurshóps og því valdi Auður að hafa hana í formi lita- og verkefnabókar. Hún segir að bókin muni snerta á mörgum þáttum og upplýsingarnar verði aðgengilegar, auðskiljanlegar og vonandi kveikja meiri áhuga hjá lesendum að vita meira og læra meira um líkama hestsins. Bókin er á lokametrunum og kemur væntanlega út nú í desember.

Þakklát fyrir stuðninginn

– Það er dýrt að gefa út svona bók og þú hefur verið að safna fyrir henni á Karolina fund, hvernig hefur það gengið og er enn hægt að styrkja þig þar?

„Staðan er vonum framfar, þetta er alveg að hafast. Fresturinn til að styrkja verkefnið fer að renna út en þá ætti ég að geta byrjað ferlið og senda bókina í prentun. Ég er afar þakklát öllum þeim sem lögðu hönd á plögin og hjálpuðu mér og hestafólki almennu á Íslandi að gera þetta að veruleika. Ég er afar spennt að heyra hvað fólk finnst og ef allt gengur upp er aldrei að vita nema ég fari í frekari bóka/efnisútgáfur af þessu tagi, það væri allavega draumurinn,“ segir Auður hlæjandi.

– Þú hefur mikinn áhuga á hestum og starfar m.a. sem hestauddari. Af hverju hefur þú svona mikinn áhuga á hestum og hvað er svona heillandi við íslenska hestinn?

„Já, þegar stórt er spurt. Áhugi minn á hestum hefur verið til staðar síðan ég man eftir mér. Ég var svo heppin að geta fengið að vera í sveit sem stelpa og ást á dýrum og náttúrunni fékk svo sannarlega byr undir báða vængi við þá lífsreynslu. Ég fékk mér þó ekki minn eigin hest fyrr en á fullorðinsaldri þegar ég kynntist manningnum mínum og við sameinuðumst í áhuga okkar á hestum og reiðmennsku. Hestamennska getur þó birst í svo ótal myndum.

Ég elska að fara á hestbak og fara í ferðir með góðu fólki en ég unni mér afar vel að stússast í kringum hestana, spá í hegðun, hreyfingar, eðli þeirra og persónuleika hvers og eins. Þegar við fluttum til Noregs 2015, maðurinn minn var að temja þar, vissi ég



Auður hefur haft meira en nóg að gera í hestauddinu og náð góðum árangri í starfi sínu.

ÞríhöfðavöðviLatneska heitið: *m. Triceps brachii***Hlutverk:**

- Réttir úr olnbogalið
- Beygir herðablaðslið

Æfingar:

- Almennar styrktaræfingar
- Hægt niður brekkur
- Hægt yfir hindranir
- Brokk yfir hindranir
- Teygja á framfæti fram



Höfuðhlutverk vöðvanna, úr nýju bókinni.

ekki alveg hvað ég ætlaði að gera. Ég er með Bsc í sálfræði frá HÍ og var jafnvel að spá í meistaranám, og rakst svo á auglýsingu frá Nordisk heste- og hundeterapískolen og áður en ég vissi var ég búin að skrá mig í þriggja ára nám í hestanuddi og sjúkrahjálfun. Það var skemmtilegasta nám sem ég hef farið í, engin spurning,“ segir Auður og heldur áfram:

„Þar meðhöndlaði ég alla mögulegar tegundir af hestum, og við Íslendingar erum afar stolt af íslenska hestinum okkar og það er mjög skiljanlegt, hann er svo samofin menningu okkar og uppruna. Það lærði ég fljótt þegar ég fór að meðhöndla aðrar tegundir hesta og ræða við hestaeigendur sem rækta, þjálfá og ríða út á öðrum hestategundum. Það skilja ekki allir þessa sérstöku tengingu sem við Íslendingar eigum við hestinn okkar. Það hjálpar líka að íslenski hesturinn er mjög meðfærilegur í umgengni sem hjálpar alltaf þegar maður þarf að meðhöndla hesta á þennan hátt. Enda þekktur fyrir einstaklega gott geðslag og yfirvegun.“

Hestanuddari, ekki dýralæknir

– Hestanuddari, hvað gerir hann og hvernig gengur hjá þér að vinna við það og hvað ertu aðallega að gera í því sambandi?

„Hestanuddari byrjar á því að greina, skoða og veita svo meðhöndlun eftir þörfum. Fyrsti tíminn fer yfirleitt í það að ég byrja á því að fara með eiganda/þjálfara yfir heilsu-sögu hestsins. Einnig er farið yfir hvert vandamálið eða vandamálin eru en stundum vill eigandinn bara fá ástandsskoðun á hestinn. Líkamleg skoðun fylgir yfirleitt þar á eftir sem og stundum hreyfigreining. Stundum

tel ég þörf á að fara yfir reiðtygi, járnringar, tannheilsu, knapann sjálfan eða annað sem getur haft áhrif. Meðferðina svo framkvæmi ég eftir því hvað kemur úr greiningu og skoðun.

Meðferðin sjálf tekur yfirleitt um 45-60 mínútur. Stundum getur eitt skipti gert mikið en stundum þarf fleiri skipti og/eða reglulegir tímar eins og bara hjá okkur þegar við förum til sjúkrahjálfa. Þetta fer alveg eftir því hvað við erum að eiga við hverju sinni. Stundum vísa ég líka beint á dýralækni ef mig grunar að eitthvað sé í gangi sem ég ræð ekki við eða það er einhver óvissa með heilsu hestsins. Sem nuddari má ég aldrei sjúkdómsgreina, ég er ekki dýralæknir, en ég vísa á dýralækni ef mér finnst ástæða til. Í lokin útbý ég nákvæma skýrslu yfir hvað var farið yfir og ráðlegg eiganda t.d. æfingar sem hann getur gert til að hjálpa ferlinu, oftast en ekki er það sú vinna sem skilar mestu.“

Frábær viðbrögð

– Hvernig hefur þér verið tekið sem hestanuddari og hvernig gengur starfið?

„Við hjónin fluttum aftur heim 2019 og fann ég mér þá vinnu. Ég var með stóra drauma um að geta kannski unnið sem hestanuddari í fullu starfi, en gallinn er sá að það krefst mikillar líkamlegrar vinnu og markaðurinn ekki nógu stór til að vera með tekjur allt árið af því. Þannig að ég ákvað að reyna að hafa þetta sem aukavinnu með annarri vinnu, helgar og í fríum.

Viðbrögðin hér heima hafa verið frábær. Og ég er búin að vera svo lánsöm að geta ferðast um landið, fengið að meðhöndla hesta á öllum

aldri, á öllum stigum þjálfunar og hitt yndislega hestaeigendur unga sem aldna. En svo veiktist ég og síðan hefur það verið erfitt fyrir mig líkamlega að sinna þessu eins og ég hefði viljað, en ég reyni að fara t.d. á höfuðborgarsvæðið eða Suðurlandið reglulega og sinna fastakúnum og þeim sem ég kemst yfir.

Ég hef líka lagt áherslu á að fólk getur bókað mig til að halda stutt nuddnámskeið sem eru hönnuð fyrir alla sem hafa áhuga á að sinna hestinum sínum á þennan hátt og þau hafa fengið afar góðar undirtektir. Bæði hestamannafélögin hafa sýnt því mikinn áhuga sem og hópar sem hafa tekið sig saman og fengið mig til sín,“ segir Auður.


Mjög ánægð með hestaeigendur

– Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?

„Já, ég er afar ánægð að upplifa það að hestaeigendur hér á landi, og þá sérstaklega unga fólk okkar, er mjög duglegt að huga að öllum þáttum sem koma að velferð hestanna okkar. Viljinn til að læra meira um líkama hestsins og t.d. skilja hvernig hann hreyfir sig getur ekki annað en skilað sér í enn betri skilning á hvernig við getum búið þannig um hnútana að við getum haft gaman saman, og er það ekki akkúrat það sem hestamennskan snýst um?

Hesturinn er að mínu mati hinn fullkomni íþróttamaður, líkami hestsins er magnaður, ekki bara krafturinn heldur einnig geta hestsins til að bera knapa og um leið hafa getu til að sýna ótrúlega fimi og styrk,“ segir Auður um leið og hún gerir sig klára í að fara að nudda næsta hest og ljúka við bókina sína.

/MHH



Nýja bókin verður lita- og verkefnabók.

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is

ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (efgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17

Hús Blindrafélagsins

Sími • 552-2002

OPTIC

REYKJAVÍK

SJÓNTÆKJAVERSLUN

Bændablaðið

á bbl.is og líka á Facebook

Æðardúnn

Það hefur verið mjög góð sala á æðardún í haust.

Óska ég því enn eftir æðardúni til útflutnings.

Hátt nettóverð.

Hafið samband í síma: 8938554

Tölvupóstur: leifm@simnet.is

Leifs Æðardúnn

Útflutningur síðan 2001

Reformin Plus

Vítamín- og steinefnablanda fyrir hross

Algengt er að það vanti verulega uppá vítamín- og steinefnainnihald í daglega fóðrun hrossa

Höveler

REFORMINPLUS

Höveler

REFORMINPLUS

Upplýsingar og verð á www.kb.is

BÚREKSTRARDEILD

Boraarnes | Sími: 430 5500 | kb@kb.is | www.kb.is



Fallegir kransar tilheyra íslensku jólahandverki.

Garðyrkjan og jólin

Aðventan er sérstakur tími. Tilhlökkunin til jóllanna endurspeglar á ýmsan hátt í daglega lífinu. Nýr blær fær-ist yfir mannlífið, jóljós eru hvarvetna og annar taktur yfir samfélaginu, hraður eða hægur eftir atvikum. En hvað hefur það með garðyrkjuna að gera? Jú, heilmikið.

Fagurlega skreyttir aðventu-kransar, kertaskreytingar og ýmislegt annað jólskráur byggja á kunnáttu og listfengi blómaskreytingafólks úr garðyrkjugeiranum. Blómaverslanirnar fyllast af þeirra handverki, búðargluggar, kirkjur og stofnanir nýta sér það aldrei eins og á aðventu og jólum.

Íslensk blóm eru notuð til að gleðja augað í hífýlum landsmanna, bæði afskorin blóm og pottaplöntur sem á einn eða annan hátt vísa til hátíðarinnar sem í vöndum er.

Rauðu jólatúlipanarnir fara að birtast, hinar fallegu hýasintur fylla húsin ilmi sem flestir tengja aðventu og jólum, margvísleg pottablóm eins og jólastjörnur, glæsilegur amaryllis, begonfur og jólakaktusar prýða heimili, fyrirtæki, veitingahús og stofnanir. Blómabændur hafa staðið í ströngu frá því síðsumars við að reka þessi blóm, sum jafnvel allt frá fræi eða litlum græðlingum.

Skógurinn og jólin

Stafafuran ber höfuð og herðar yfir önnur íslensk jólatré, þau eru í sífellt auknum mæli höggvin í nágrenni þéttbýlis og skilja ekki eftir sig sótspor líkt og innflutt tré gera, svo ekki sé minnst á plastjólatré. Nú heyrir það næstum sögunni til að hávaxin jólatré sem notuð eru á torgum eða til að fegra stærri byggingar séu flutt hingað frá öðrum löndum. Í skógum okkar er nægilegt framboð af jólatrjúm í öllum stærðum.

Margar fjölskyldur gera það til hátíðarbrigða að sækja sitt eigið jólatré í skóga þar sem sú þjónusta er veitt. Sumir nota sérstök tröpputré eða þá greinar af sígrænum trjúm til að skreyta, bæði utanhúss og innan. Greni- og furukönglar, viðarplattar, börkur og birkigreinar eru einnig dæmi um skógarafurðir sem íslenskir framleiðendur útvega í auknum mæli. Skógræktarfélag

og skógarbændur víða um land stunda þessa iðju og færa þannig tekjur heim í hérað sem annars færi í erlenda vöru.

Margvíslegar aðrar skógarafurðir eru notaðar til skreytinga um hátíðirnar. Garðplöntuframleiðendur koma að þessari ræktun með kunnáttu sinni við framleiðslu ungu plantanna sem eru gróðursettar í upphafi. Svo skulum við ekki gleyma því að hangikjötið er oft reykt við eld frá íslenskum skógartrjúm.

Skrúðgarðyrkjan og jólin

Skrúðgarðyrkjumenn bjóða þjónustu sína við að fegra garða



Stafafura er eitt vinsælasta íslenska jólatré.

og torg. Sumir þeirra hafa sérkunnáttu í garðaskreytingum og eiga sinn hlut í að setja upp hinar flóknustu ljósaseriur í runnum, trjúm og um víðan völl. Sum þessara ljósa munu vonandi lýsa okkur veginn fram eftir vetri.

Jólamaturinn

Grænmetisbændur hafa líka margt fram að færa sem tengist hátíðunum. Ylræktarbændur bjóða fram sitt besta grænmeti úr gróðurhúsum, tómata í ýmsum gerðum, gúrkur, sveppi, papriku, fjölbreytt úrval laufsalsats auk kryddjurtu sem auka á hátíðleik matargerðarinnar og margt annað má finna hjá þeim. Útiræktað grænmeti eins og rauðkál, rauðrófur, hvítkál, kínakál, gulrófur og kartöflur eru í boði frá íslenskum matjurtuframleiðendum. Þeir heppnu ná jafnvel í íslensk jarðarber um jólin.

Áhugasamir garðeigendur geta líka lagt fram eigin framleiðslu úr heimilisgarðinum á veisluborð jóllanna. Þar má nefna heimafengnar gulrætur og aðra rótarávxeti, grænkál, kryddjurtir og hver vill ekki bjóða íslenskar kartöflur úr eigin garði með hangikjötinu?

Ingólfur Guðnason.



Með tilkomu PCR greiningartækni hefur skilvirknin við greiningar á sýkingarvöldum aukist verulega. Mynd / Lactnet

Júgurheilbrigðisáætlun ætti að vera til á hverju kúabúi

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Það eru væntanlega ekki nein tíðindi fyrir kúabændur að með því að bæta júgurheilbrigðið á búum sínum hefur það bein jákvæð áhrif á reksturinn.

Það vefst þó fyrir mörgum hvernig eigi að ná raunverulegum tókum á ástandinu, hvernig eigi að standa að því að bæta júgurheilbrigðið skref fyrir skref þar til ásettalegru niðurstöðu er náð. Það eru þó til allgóðar „þumalputtareglur“ sem hægt er að fylgja og komast þannig vel af stað á þessari leið.

Hvenær er ástandið gott?

Kúabændur hafa í áratugi notað frumutölu sem mælikvarða á júgurheilbrigði kúnna og þó svo að hægt sé að nota aðrar mæliaðferðir þá er þetta ágætis aðferð við að meta heildarástand búanna. Tankfrumutala, sérstaklega þegar horft er til lengri tíma t.d. eins árs, gefur ágæta mynd af stöðu búsin og þumalputtareglan hér er að ef frumutalan er yfir 120.000 frumur/ml þá má bæta úr ástandinu með þekktum aðferðum.

Það er þó svo að til þess að ná frumutölunni niður þarf markvissar aðgerðir og aðferðir. Mín reynsla er að því lægri sem maður vill ná frumutölunni því erfiðara er það.

Þannig hefur flestum bændum reynst allauðvelt og fljótlegt að ná henni úr 300.000 í 200.000 og flestum reynist ekki mjög erfitt að ná henni úr 200.000 í 150.000 með skilvirkni. Það hefur svo reynst mörgum allerfitt að fara úr 150.000 í 120.000, svo ekki sé talað um lægra en það, en þeim snarfjölgar þó í þeim hópi sem eru með stórar hjarðir kúa en frumutölu í tank um eða undir 100.000.

130 smitvaldar þekktir

Júgurbólgu valda ótal smitvaldar og alls hafa verið greindir 130 í heiminum til þessa en við horfum þó aðallega á tiltölulega fáar bakteríur sem meginorsakavalda tilfellanna sem kýrnar lenda í. Þetta eru mikið til sömu tegundir af bakteríum í öllum helstu framleiðslulöndum mjólkur og í dag eru til markvissar og þrautreyndar aðferðir til þess að útrýma þessum bakteríum úr fjósum. Það er þó oftast þannig að í hverju fjósi er ein ákveðin tegund af bakteríu sem er algengust og mesti skaðvaldurinn. Fyrst þarf s.s. að komast að því hver hinn raunverulegi óvinur er og því þarf að taka sýni úr sýktum kirtlum og senda í PCR greiningu.

Ekki er nóg að nota einungis eitt PCR sýni til þess að búa til „hernaðaráætlun“ búsin, heldur hef ég miðað við að hafa a.m.k. 5 kýrsýni til grundvallar auk þess að hafa PCR tanksýni líka. Ef þetta liggur ekki fyrir, er ekki hægt að setja út góða áætlun að mínu mati.

Hvert bú er einstakt

Það er annað sem er mikilvægt að gera sér grein fyrir en það er að hvert kúabú er einstakt og því er ekki hægt að færa leiðbeiningar svo auðveldlega á milli búa. Þetta er vegna þess að hver flokkur smitvalda er einstakur og þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að „útrýma“ þessum smitvaldi. Hér áður fyrr, áður en hægt var að fá nákvæma greiningu á bakteríum, voru ráð okkar til bændu að hlúa að öllum þekktum þáttum á viðkomandi kúabúi, þ.e. þeim þáttum sem sneru að því að bæta úr júgurheilbrigði.


Þetta gátu verið þættir eins og að meðhöndla frumuhár kýr, halda nærumhverfi kúnna hreinu, mjólka kýrnar með ákveðnum hætti og nota sótthreinsiefni. Í dag, þegar vitað er hver hinn raunverulegi skaðvaldur er, getum við aftur á móti sett upp mun einfaldari og skilvirkari aðgerðaráætlun sem þá einblínir á þau atriði sem vitað er að virka í baráttunni gegn viðkomandi smitvaldi.

Skrifborðsgreining kúabús

Ég hef oft kallað þessar greiningar „skrifborðsgreiningar“ þ.e. ef til eru nógu góð gögn þá er hægt að mynda sér allgóða sýn á stöðu búsin og hvað þurfi að gera án þess svo mikið að koma í heimsókn á viðkomandi kúabúi! Auðvitað er alltaf betra að ráðgjafi mæti á staðinn, fari yfir vinnubrögðin og skoði aðstæður.



Það er komin afar góð reynsla með júgurheilbrigðisáætlanir í nágrannalöndum okkar og mögulega líka á Íslandi. Best er að gera skriflega áætlun fyrir búið, skrifa niður hvaða smitvaldar eru „óvinurinn“ og vinna svo markvissar að því að uppræta hann. Fylgja því svo eftir með reglulegu eftirliti og a.m.k. mánaðarlegum PCR prófum á tankmjólkinni.



Júgurbólgu valda ótal smitvaldar og alls hafa verið greindir 130 í heiminum til þessa en við horfum þó aðallega á tiltölulega fáar bakteríur sem meginorsakavaldar tilfellinganna sem kýrnar lenda í.

Tilfellið er að ótrúlega nákvæma greiningu má gera á heilsufarsstöðu kúabús út frá því einu að rýna í PCR niðurstöður frá viðkomandi kúabúi og út frá slíkri greiningu má svo setja upp drög að júgurheilbrigðisáætlun sem tekur á þeim þáttum sem vitað er að hafa áhrif á megin smitvaldinn

Þannig má t.d. geta sér nokkuð vel til um ástand fjósanna og má nefna sem dæmi að ef megin orsakavaldurinn er Uberis, þá eru miklar líkur á því að fara þurfi yfir það hvernig viðkomandi bóndi vinnur í fjósinu, en ef megin smitvaldurinn er t.d. Aureus myndi ég ekki nota mikinn tíma í að ræða vinnubrögðin í fjósinu en þess í stað horfa meira á mjaltírnar.

Sé E. coli megin vandamálið (sem ætti ekki að vera algengt) þarf að fara yfir almennt heilsufar kúnna og fóðrun en sé Dysgalactiae vandamálið þarf að skoða vel hvernig húðhirðu er háttáð svo nokkur dæmi séu tekin.

Smitefnið

Þegar framangreind gögn liggja fyrir og gerð hefur verið almennileg úttekt á aðstöðu og vinnubrögðum á kúabúinu er svo tiltölulega einfalt mál að setja upp júgurheilbrigðisáætlun búsins. Slík áætlun leggur línurnar varðandi helstu forvarnir til þess að draga úr líkum á því að algengustu smitvaldar viðkomandi bús nái að hafa veruleg áhrif, í raun má líta á þetta eins og inngríp í lífshringrás smitvaldanna.

Allir hafa þeir ákveðin einkenni og þurfa ákveðið umhverfi til þess að lifa af og áætlunin snýst um að rjúfa þessa hringrás og koma þannig í veg fyrir útbreiðslu smitefnanna. Algengustu atriðin í lífshringrás

smitefnanna, sem reynt er að grípa inn í, eru næringarskilyrðin, hitastigið, rakastigið og sýrustigið. Með því að fjarlægja einn þessara þátta úr hringrás smitefnanna lifa þau ekki af. Þannig er í raun óþarfi að ráðast á alla þættina í einu, mun skilvirkara að reyna að taka einn þeirra fyrir og gera það almennilega!

Snýst um bóndann

Það eru engar töfralausnir til og t.d. notkun á alls konar sóthreinsiefnum er klárlega ekki leiðin til þess að ná tökum á ástandinu, en getur þó í ákveðnum tilfellum hjálpað til, eins og t.d. með því að nota rétta spenadyfu eftir mjaltir.

Langoftast er þó megin skýringarþátturinn fölginn í því hvernig staðið er að vinnu og hvernig vinnulagið er á búinu. Það getur stundum snert bændurna þegar þessi liður er gagnrýndur en hjá því verður ekki komist að líta í eigin barm og skoða með opnum huga hvort eitthvað við vinnulagið megi gera öðruvísi. Þetta geta verið atriði eins og hvernig umhverfi kúnna er haldið þannig að smitefni eigi erfitt með að fjölga sér eða t.d. hvernig hlúð er að sjúkdómavörnum kúnna.

Krefst vinnu

Ég held að ég geti fullyrt að flestir bændur sem ég hef unnið með, bæði hérlandis og erlendis, hafi allra helst viljað fá það svar að hægt sé að ná árangri hratt og auðveldlega, en reynslan sýnir að til þess að ná góðum árangri þarf að leggja á sig töluverða vinnu. Margir hafa sagt við mig að þeirra fjós sé svo gamalt og illa hannað að það sé ekki hægt

að ná árangri eða að mjaltakerfið sé ekki nógu gott og þar fram eftir götunum.

Tilfellið er að aðstaðan sjálf, þótt hún sé gömul og slitin, ætti ekki að vera nein hindrun fyrir því að ná árangri enda snýst málið oftar en ekki um bóndann sjálfan. Það sem reynist nefnilega langerfiðast er að breyta vinnulaginu sjálfu. Að breyta því hvernig við gerum ákveðna hluti og stöndum að vinnu er ekki eitthvað sem hægt er að gera svo auðveldlega, en það geta samt allir náð árangri í alls konar fjósum, sé einbeittur vilji til staðar.

Að koma í veg fyrir eldinn

Það er komin afar góð reynsla með júgurheilbrigðisáætlanir í nágrannalöndum okkar og mögulega líka á Íslandi. Best er að gera skriflega áætlun fyrir búið, skrifa niður hvaða smitvaldar eru „óvinurinn“ og vinna svo markvisst að því að uppræta hann. Fylgja því svo eftir með reglulegu eftirliti og a.m.k. mánaðarlegum PCR prófum á tankmjólkinni.

Með því er hægt að fylgjast með þróun smitefnanna í fjósinu og þá hvernig innbyrðis hlutfall þeirra sé að þróast auk þess sem tíðni þeirra mælist um leið. Þegar svo líður á baráttuna gerist það iðulega að aðrar bakteríur ná sér á strik þ.e. verða meira áberandi í sýnunum og þá þarf að aðlaga áætlunina að þeim aðstæðum. Með öðrum orðum þá er markviss júgurheilbrigðisáætlun breytileg og á að þróast með búinu enda er hlutverk hennar á hverjum tíma að hjálpa bóndanum að koma í veg fyrir að eldurinn kvikni í stað þess að hann/hún þurfi að standa í slökkvistarfi.

Lely Center Ísland Grammer sæti



Reykjavík Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

SKEMMUR



Stærðir frá 40 m², fást með og án einangrunar. Erum að bóka hús og uppsetningu fyrir vor og sumar 2022.

BOGAHÚS



Boghusin fást óeinangruð og nú einnig einangruð. Breiddir frá 12m og upp í 20m. Erum að bóka hús og uppsetningu fyrir vor og sumar 2022.

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is



SNOWEX VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðataeki sem endast.



Víkurbær 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Útrýmum vöðvasullsbandorminum á Íslandi!

Árið 2017 birtist grein í Náttúrufræðingnum þar sem farið er yfir árangursríka útrýmingarsögu fjögurra bandormstegunda hér á landi, bandorma sem lifðu allir á fullorðinsstigi í hundum. Þrjár þessara tegunda eru ígulbandormurinn, netjusullsbandormurinn og höfuðsóttarbandormurinn.

Lirfustig þeirra, svonefndir sullir, lifðu aðallega í sauðfé en sumir líka í geitum, nautgripum og svínun en aldrei í hrossum. Sullstig ígulbandormsins gat auk þess lifað í fólki sem orsakaði hina illræmdu sullaveiki sem um fimmti hver landsmaður var smitaður af fyrir hálfri annarri öld. Sullaveiki var hræðilegur sjúkdómur sem dró fólk iðulega til dauða á kvalafullan hátt. Mannafló hýsti lirfustig fjórðu tegundarinnar, flóarbandormsins svonefnda, en sá hvarf þegar flónni var útrýmt í hóbýlum fólks um miðja síðustu öld. Þeim sem vilja fræðast nánar um þessa bandorma er bent á að áður nefnd grein (Bandormafána landspendýra á Íslandi að fornu og nýju) er aðgengileg í opnum aðgangi á netinu og er hún auðfundin með því að gúgla greinarheitið.

Fimmta tegundin sem fundist hefur í hundum hér á landi – vöðvasullsbandormurinn *Taenia ovis* – er umfjöllunarefni þessarar samantektar. Hann lifir nefnilega enn í landinu og honum verður ekki útrýmt á Íslandi nema með samstilltu átaki þar sem þekking, vilji og virk bandormalyf þurfa að vinna saman. Greinin er ætlað að stuðla að því að vöðvasullsbandorminum verði útrýmt hér sem allra fyrst og árangursríkast er talið að gera það með staðgöða þekkingu í vopnabúrinu:


Um vöðvasullsbandorminn

Lífsferill vöðvasullsbandormsins er sýndur á mynd 1. Lirfustigið, litlar blöðrur í vefjum sauðfjár, var fyrst greint hér á landi við kjötskoðun í sláturhúsi haustið 1983. Í framhaldinu fóru dýralæknar að leita skipulega að vöðvasullum í kjöti og ákveðnum líffærum (einkum hjarta og þind). Árangurinn lét ekki á sér standa því eftir haustslátrun 1985, tveimur árum síðar, hafði vöðvasullur fundist í sláturfé frá 40 sauðfjábýlum í átta varnarhólfum um vestan- og norðavert landið.


Þessi víðtæka dreifing hefur vakið sérstaka athygli. Það að ná svo víðfeðmi útbreiðslu hlýtur að hafa tekið sníkjudýrið marga áratugi. Á yfirlitskortinu sem hér er birt (2. mynd) er útbreiðslusvæðið árið 1985 skýgt með fölgulum lit. Öllum sem þekkjá hömlurnar sem voru á fjárflutningum milli sauðfjárveikivarnarhólfa innanlands áratuginna þar á undan má vera ljóst að vöðvasullur hafði árið 1985 dultist mönnum á þessu svæði áratugum saman. Þar að baki liggja sjálfsgát ymsar ástæður, ekki hvað síst sú staðreynd að sullblöðrurnar eru oft lítt áberandi (þunnveggja litlar, vökvafylltar blöðrur, um 5 mm í þvermál, sjá 1. mynd), ekki hvað síst þegar sullblöðrurnar eru fáar.

Um lífsferilinn

Hér skal áréttað að bandormurinn lifir ekki í mönnum. Skoðum sullstigið aðeins betur. Sullirnir geta sest víða að í líkama sauðfjárins, oft eru blöðrurnar mest áberandi í blóðþurftarmiklum líffærum eins og hjarta og þind. Og lifran, ein í hverri blöðru, nær fullum þroska á 6-8 vikum berist hún niður í hund og í honum getur fullorðni bandormurinn lifað árum saman. Frysting á kjöti við mínus 10 gráður í viku tíma drepur vöðvasull sem kunna að leynast í sauðfjárafurðum. Kalk sest fljótlega í sullveggina. Þá hverfur



Mynd 1. Lífsferill vöðvasullsbandormsins *Taenia ovis*. Bandormurinn getur orðið hálf annars metra langur í iðrum hundsins, egginn dreifast út frá hundaskít yfir á beitarlandið og berast með gróörinum niður í sauðféð. Bandormurinn getur lifað árum saman í hundinum, egg hans lifa mánuðum saman, stundum í allt að ár, á beitarlandinu.



Mynd 2. Staðsetning sauðfjábýla þar sem vöðvasullur hefur verið staðfestur á Íslandi frá árinu 2014 en þá jókst útbreiðslan allt í einu eftir áralangt hlé. Hvert býli er stjórnumerkt. Útbreiðslusvæði vöðvasullis á 9. áratug 20. aldar er gullitað en þá fannst vöðvasullur á 40 sauðfjábýlum í átta aðskildum sauðfjárveikivarnarhólfum.

blaðran og verður að lítilli, harðri örðu í kjötinu. Líklegt er að ymsir hafi orðið varir við þessa litlu hnúta án þess að gera mikið veður út af þeim, sérstaklega þó meðan ekki var vitað að þarna gátu verið kalkaðir vöðvasullir á ferðinni.

Hvenær barst vöðvasullsbandormurinn til Íslands?

Eftir á að hyggja er helst talið að bandormurinn hafi borist hingað til lands með platinurefum frá Bandaríkjunum í byrjun seinni heimtyrjaldarinnar, fyrst 1939. Þessir alirefir (stökkbreytt afbrigði af rauðref sem eru vel þekktir lokahýslar tegundarinnar) voru í framhaldinu fluttir yfir á loðdýrabú víðs vegar um landið (3. mynd). Þegar loðdýrabúin voru hreinsuð var refaskitur og annar úrgangur, sem þar hafði safnast upp, gjarnan borinn á völl eins og hver annar áburður þannig að væru egg vöðvasullsbandormsins í skítinum gátu þau borist yfir á gróður sem sauðfé náði síðan að bíta í námunda við loðdýrabúin. Þannig gat smitíð fljótlega hafa borist í sauðfé og svo áfram frá smituðu fé yfir í heimilishunda. Og þar sem engin höft hafa í gegnum tíðina verið á flutningi hunda milli landshluta gat vöðvasullsbandormurinn borist hratt og örugglega með hundum um langa vegu innanlands, þar með yfir sauðfjárveikivarnarlínur.

Gífurlegt smitmagn

Hver bandormur framleiðir gjarnan um 250.000 egg á degi hverjum og dreifast egginn næstu vikur og mánuði yfir á beitarlandið í námunda við skítinn, jafnvel tugi metra frá skítinum. Við hagstæðustu skilyrði, raka og lágt hitastig, geta eggin lifað þar í allt að 10 mánuði. Og þar sem bandormurinn er langlífur í göm smitaðra hunda



Mynd 2. Staðsetning sauðfjábýla þar sem vöðvasullur hefur verið staðfestur á Íslandi frá árinu 2014 en þá jókst útbreiðslan allt í einu eftir áralangt hlé. Hvert býli er stjórnumerkt. Útbreiðslusvæði vöðvasullis á 9. áratug 20. aldar er gullitað en þá fannst vöðvasullur á 40 sauðfjábýlum í átta aðskildum sauðfjárveikivarnarhólfum.

og hundurinn fær um að skíta víða á langri ævi, getur gífurlegt eggjasmít magnast upp þar sem smitaðir hundar halda sig.

Þáttur villta refsins enginn?

Á 9. áratug síðustu aldar, fljótlega eftir að vöðvasullurinn greindist hér fyrst í sauðfé, skoðuðu Karl Skírnisson og Matthías Eydal á Keldum 50 villta refi (melrakka) sem felldir höfðu verið á útbreiðslusvæði bandormsins frá Hvalfirði norður á Svalbarðsströnd með það í huga að leita sérstaklega að þessum bandormi. Enginn þessara refa reyndist vera með vöðvasullsbandorm. Áframhaldandi rannsóknir Matthíasar á tugum refa til viðbótar nú síðasta áratuginn sýndu sömu niðurstöðu, íslenski melrakkinn hefur sem sagt aldrei fundist smitaður af vöðvasullsbandormi. Hundar eru því greinilega mikilvirkastir í því að dreifa eggjum bandormsins hér á landi og dreifingin verður fyrst og fremst í námunda við sauðfjábýlin þar sem hundarnir halda sig mest.

Áskorun um auknið eftirlit og forvarnir

Í mars 2019 sendi Félag Sauðfjábændna í Skagafirði Landsambandi Sauðfjábændna og Matvælastofnun áskorun þess efnis að beita sér fyrir auknu eftirliti og forvörnum vegna vöðvasullis í sauðfé. Í greinargerð með áskoruninni kom fram að vöðvasullur fundist ekki í sauðfé á árabílinu frá 2001 fram til 2013 en árið 2014 og næstu ár þar á eftir hafi vöðvasullur fundist á fjölda býla, 6 býlum árið 2016, fjórum 2017 og hvorki meira né minna en á 16 búum árið 2018 (2. mynd).

Vöðvasullsbandormurinn 2021

Staðsetning sauðfjábýla þar sem smit hefur verið staðfest undangengin 7 ár er sýnd á 2. mynd. Þar vekur sérstaka athygli að smit hefur verið að greinast á nýjum slóðum, á þremur sauðfjábýlum á Vestfjörðum, þremur býlum á Norðausturlandi og tveimur á Austurlandi. Eðlilega spyrja menn sig hvað þarna hafi verið að gerast. Svárið er augljóst, þarna hafa hundar smitaðir af vöðvasullsbandormi verið að dreifa eggjum yfir bithaga sauðfjárins sem vöðvasullur fundust síðan í við kjötskoðun í sláturhúsi. Hundarnir hafa greinilega ekki verið meðhöndlaðir með lyfi sem drepur í þeim bandorma. Þetta eru ótrúlega margir bair.

Þótt engin vöðvasullssýni hafi verið send að Keldum þetta haustið (2021), né heldur tvö undangengin haust, þá er ekki þar með sagt að bandormurinn sé ekki um þessar mundir einhvers staðar enn til staðar í hundum þannig að sauðfé sé enn að smitast. Mestar líkur eru á því að þetta geti gerst á bæjum þar sem trassað hefur verið að gefa bandormalyf sem sannarlega drepur *Taenia* bandorma, á bæjum þar sem hundar hafa komist í hráar sauðfjárafurðir eða jafnvel verið fóðraðir á ófrosnu kjöti.

Um lögbundna bandormahreinsun á hundum

Í grein 57 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti er kveðið á um að fyrirbyggja skuli sýkingar af völdum bandorma og spóluorma í hundum með því að gefa hundum sem náð hafa fjögurra mánaða aldri árlega inn ormaryf, lyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

Sérstakur kafla er um hunda þar sem búrekstur er stundaður. Þar skulu hundar ormahreinsaðir að liðinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert, nema að annað komi fram í samþykkt hlut- aðeigandi sveitarfélags. Enn fremur, setji sveitarfélag sér samþykkt um

hundahald, skal í henni kveða á um hreinsun hunda.

Lyf til að útrýma þráðormum drepa ekki endilega bandorma

Hunda eigendur og dýralæknar sem gefa hundum ormaryf þurfa að hafa það í huga að nota þarf lyf með virkni gegn bandormum svo sem praziquantel. Á lista Lyfjastofnunar eru nokkur lyf sem ætluð eru til ormahreinsunar í hundum, lyf sem innihalda praziquantel en einnig annars konar lyf sem drepa þráðorma. Bandormalyf eru til að mynda „Prazitel Plus“, „Drontaste í hunda“ og „Zantel“ og öll fást þessi lyf á töfluformi hjá dýralæknum.

Til eru svokallaðar blettunarlausnir (spot on lyf). Um er að ræða lyf á vökvaformi sem ætluð eru til útvortis notkunar gegn þráðormum eins og spóluormum sem og ytri sníkjudýrum (mítlum, lúsam og flóm). Lyfinu er dreypt á húðina. Þær blettunarlausnir sem fáanlegar eru hér á landi til notkunar á hunda drepa ekki bandorma! Mikilvægt er að átta sig á því þegar ætlunin er að meðhöndla hunda gegn bandormum í lögbundinni árlegri ormahreinsun allra hunda hér á landi.

Vöðvasullur í nágrannalöndunum – markaðsvara

Vöðvasullur er viðvarandi vandamál í flestum stærri sauðfjárræktarlöndum heims, svo sem í Asíu, Kanada, Norður-Evrópu og í Wales. Auk fjárhunda geta til dæmis rauðrefir og úlfar hýst bandorminn og dreift eggjum yfir beitarlönd sauðfjár og geita. Þar er sums staðar mælt með því að varðhundur hjarðanna séu meðhöndlaðir með bandormalyfi á fjögurra til sex vikna fresti. Erlendis er vöðvasullssmitað kjöt ekki markaðsvara fyrir fólk, sama er upp á teningnum hér á landi þannig að það að vera með smitaða hjörð hefur vissulega neikvæð áhrif á afkomu.

Lokaorð

Við hvetjum hunda- og sauðfjäreigendur sem og dýralækna til þess að taka höndum saman og freista þess að útrýma vöðvasullsbandorminum hér á landi sem allra fyrst. Regluleg ormahreinsun sem beinist að því að drepa bandorma í hundum. Til að ná árangri þarf algjörlega að koma í veg fyrir að hundar á sauðfjábýlum séu fóðraðir á hrámeti. Sé ætlunin að nota hráar sauðfjárafurðir til fóðurs þurfa þær að hafa verið frystar það lengi (í amk. tíu stiga frosti í viku) að vöðvasullir í fóðrinu (þeir geta verið í öllum vefjum í líkama sauðfjárins) séu ekki enn lifandi og þar með smitshæfir fyrir hundana. Til sveita er ráðlegt að bandormahreinsna alla hunda áður en þeir eru fluttir milli bæja eða svæða. Þá eru seljendur hunda, ungra sem gamalla, ekki hvað síst fjárhunda, hvattir til að gefa ormaryf áður en hundarnir eru afhentir nýjum eigendum. Rétt er að gefa ormaryf oftar á svæðum þar sem vöðvasullssmit hefur orðið vart á undanförunum árum og brýnt er að engir hundar sleppi við meðhöndlun.

Höfundar þakka Hákonni Hanssyni, dýralækni á Breiðdalsvík, fyrir gagnlegar ábendingar í tengslum við ritun greinarinnar.

Karl Skírnisson og Kristbjörg Sara Thorarensen, sníkjudýradeild, Tilraunastöðinni á Keldum.


Á FAGLEGUM NÓTUM

Staða á hrávöru og afurðamarkaði landbúnaðarins í heiminum

Þann 11. nóvember sl. stóð norskri áburðarframleiðandinn YARA fyrir ráðstefnu um stöðu á hrávöru- og orkumarkaði í heiminum og áhrif þess á landbúnað. Á henni voru m.a. saman komnir sérfræðingar frá YARA auk þátttakenda víðs vegar úr norsku samfélagi. Þar má nefna formann atvinnuveganeftir Stórþingsins, fulltrúa frá FAO og framkvæmdastjóra frá Agrianalyse sem er í eigu Samvinnufélaga bænda og Bændasamtakanna í Noregi.

Í panelumræðum í lok dags voru svo þrjú þátttakendur þar á meðal varaformaður norsku bændasamtakanna, fulltrúi frá Tine, stærsta mjólkursamlagi Noregs og frá landbúnaðardeild Felleskjöpet, hins norska „SÍS“. Þessi upptalning sýnir svo ekki verður um villst að í Noregi, öðru EES landi, eru engin boð og bönn við því að hagaðilar eins og þessir komi saman á fundi ásamt forsvarsmönnum löggjafarþingsins til að ræða þá alvarlegu stöðu sem uppi er.

Á fundinum var farið ítarlega yfir þær sviptingar sem nú eru á þessum mörkuðum og þróun matvælavæðs á heimsmarkaði. Verð á jurtaolium er nú í hæstu hæðum. Skýrist það ekki aðeins af hækkingu aðfangaverði heldur líka af spurn eftir þeim sem eldsneyti, sem hefur hækkað gífurlega undanfarna mánuði. Önnur matvæli hafa einnig hækkað hratt undanfarin misseri og er matvælavæðsvísitala FAO nú hærri en nokkru



Erna Bjarnadóttir.

sinni fyrir. Myndin sýnir þróun vísitalunnar (FPI) og undirlíða hennar síðustu 14 mánuði.

Orsakir verðhækkana

Ástæður hækkingu matvælavæðs má að miklu leyti rekja til ört hækkingu verðs á helstu aðföngum. Þær má ekki síst rekja til hækkingu orkuverðs. En önnur aðföng hafa einnig hækkað í verði og aðfangaverðsvísitala FAO er nú nærri því sem hún var fyrir 10 árum. Það sem hins vegar hefur gerst síðustu mánuði er að aðfangaverð hefur hækkað umfram afurðaverð til bænda í heiminum og tekjur af landbúnaðarstarfsemi því dregist saman.

Þeir hópar sem verða verst úti í þessari stöðu eru fátækir íbúar heimsins. Samkvæmt skýrslum Alþjóðabankans þurfa íbúar 30 landa í heiminum að verja sem

nemur 60% eða meira af útgjöldum heimilanna til kaupa á mat, húsnæði, vatni og orku. Höllustum fæti standa íbúar Gineu Bissau þar sem þetta hlutfall nemur rétt tæpum 90% útgjalda heimilanna, þar af um 85% til matvælaokaupa. Til samanburðar má geta þess að vægi matvöru og drykkja í Vísitölu neysluverðs á Íslandi er 14,4%.

Áburðarverð hefur verið hátt frá upphafi þessa árs

Fulltrúi YARA á ráðstefnunni fór ítarlega yfir þróun áburðarverðs undanfarin ár og helstu orsakabætti. Verð á þvagefni (urea) var í lágmarki á heimsmarkaði vorið 2020. Síðan hefur það stigið nokkuð jafnt og þétt. Einn stór áhrifavaldur þar eru aðgerðir sem Kína beitir eftir því hvernig staða á markaðnum er hverju sinni. Framleiðsla þess dróst hratt saman er leið á árið 2020. Til að bregðast við því settu stjórnvöld takmarkanir á útflutning til að tryggja innlendum notendum nægt framboð. Útflutningur Kína á þvagefni árið 2020 var þannig innan við helmingur þess sem var árin 2014-2015. Vegna umfangs Kína á heimsmarkaði á þetta þátt í þeim hækkingum sem þar hafa orðið auk hás verðs á gasi og mikillar eftirspurnar.

Ammóníumframleiðsla hefur á sama tíma haldist nokkuð stöðug í Evrópu fram á árið 2020. Yngsta verksmiðjan í álfunni er hins vegar orðin 35 ára gömul. Undanfarna

mánuði hafa hins vegar borist fréttir af lokunum og ástandið verður því að teljast ótryggt að þessu leyti.

Áhrif yfirstandandi verðhækkana/orkukreppu

Ljóst er að virðisbætur er löng og breytingar t.d. á mörkuðum fyrir korn taka mörg ár að skila sér í gegn. Sem dæmi var nefnt að mikinn útflutning Kína á þvagefni á árunum 2014-2015 megi rekja til hás kornverðs 2011.

Í lokaorðum eins fyrirlesara ráðstefnunnar komu fram eftirtektarverðar áminningar, s.s. eins og það að markaðurinn ræður ekki við að bregðast við tilteknum neyðaradstæðum s.s. fjármálakreppum, innflytjendakrísunum, kreppum af völdum COVID-19 faraldursins og aðfangakreppum svo eitthvað sé nefnt. Markaðurinn getur heldur ekki gert áætlanir né gert landsáætlun af neinu tagi. Í þeim aðstæðum sem nú eru uppi á hrávöru- og matvælamarkaði í heiminum er þörf á ákveðnum viðbúnaði og að tryggja aðföng til matvælaframleiðslu.

Hér á landi heyrur við þetta enduróma t.d. í ákalli um að álögur verði lækkaðar t.d. á innflutt eldsneyti. Hér þurfa því margir að koma að og kortleggja stöðuna svipað og grannar okkar í Noregi hafa gert. Það er bábilja sem þá stjórnvöld verða að taka í taumana á að hindra samtala hagaðila um stöðuna.

Erna Bjarnadóttir
verkefnisstjóri MS

LANDBÚNAÐUR & MARKAÐSMÁL

Íslenskt upprunamerki matvöru



Hafliði Halldórsson.

Vaxandi hluti neytenda telur mikilvægt að geta valið íslenskar vörur og leggja sig fram um að styðja íslenska framleiðslu og verslun, en eitt helsta umkvörtunarefni neytenda er um skort á skýrum merkingum matvöru. Úrbætur eru því nauðsyn og fela jafnframt í sér tækifæri fyrir þá sem bregðast við.

Tæp 90% svarenda í markaðskönnun segja upprunamerkingar matvöru skipta miklu máli í verslunum, um 80% óska upprunamerkinga á veitingahúsum og um 60% óska þess sama í matstofum.

Undirbúningur íslensks búvörumerkis stendur yfir. Niðurstaða starfshóps hagaðila á neytendamarkaði, fyrir atvinnuvegaráðuneytið 2020, var sú að Bændasamtökin skyldu stofna og reka slíkt merki. Að því er unnið og bestu fánalegu fordæmi frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi nýtt, með 40 ára samanlagða reynslu. Þau byggja öll á sama samræmda regluverkinu. Íslenska merkið gengur inn í samstarfið og nýtt þá ómetanlegu þekkingu sem okkur býðst. Notkun merkjanna er valfrjál, fyrirtæki sem þau nota gangast undir skýra notkunarskilmála. Norrænu merkin hafa haft jákvæð áhrif á viðhorf neytenda, aukið traust



Norrænu upprunamerkin.



á innlendra matvælaframleiðslu og upplýsingagjöf í verslunum. Grundvöllur trúverðugra upprunamerkinga er gagnsæi, því munu neytendur hafa aðgengi að regluverki merkisins, sem fylgt verður eftir með úttektum hjá notendum merkisins. En hvað mun íslenska merkið standa fyrir? Það má nota á umbúðir íslenskra matvara, blóma og matjurta samkvæmt einfaldri skilgreiningu, rétt eins og í áður nefndum fordæmum.

- Kjöt, egg, mjólk og fiskur skal ávallt vera 100% íslenskt.
- Ræktun matjurta og blóma fer fram á Íslandi.
- Öll vinnsla og þökkun fer fram á Íslandi.

Undantekning gildir fyrir samsettar matvörur sem skulu vera að lágmarki úr 75% íslensku hráefni, t.d. ávaxtajógúrt og pylsur.

Í samsettum matvörum skal kjöt, fiskur, egg og mjólk ávallt vera 100% íslenskt hráefni.

En er nóg að Bændasamtökin haldi merkinu á lofti? Síður en svo enda ekki líklegt til árangurs, við stefnum að víðtæku samstarfi eins og hjá norrænu merkjunum. Þar nær notkunin til bænda og annarra

frumframleiðenda, smáframleiðenda, matvælavinnsla og afurðastöðva, smásöluverslunarinnar og síðast en ekki síst neytendum sem treysta merkjunum. Í Noregi er merkið notað af 110 fyrirtækjum á 4.500 vörunúmer, 93% neytenda þekkja það, 60% leita að því við innkaup og 63% segja það auka traust til norskrar framleiðslu.

Uppbygging upprunamerkis er vandaverk sem þarf tíma til þroska, hér er ekki um átaksverkefni að ræða heldur langhlaup til framtíðar. Með samvinnu við norrænu merkin og fordæmum fylgt að fullu er stigið nauðsynlegt gæfuskref fyrir íslenska matvælaframleiðslu, verslun og neytendavernd.

Hafliði Halldórsson
Verkefnastjóri á markaðssviði BÍ

Heimildir:
Skýrsla samráðshóps, atvinnuvegaráðuneytið 2020: Betri merkingar matvæla.

ÍSFELL

SNJÓKEÐJUR

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 5200 500 Þekking og þjónusta

Lely Center Ísland

KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

VÉLABÁSINN

100% rafmagnsdrifinn Benz Sprinter



Helstu mál og upplýsingar

Hæð	2.610 mm
Breidd	2.345 mm
Lengd	4.325 mm

Benz Sprinter 312 rafmagnsbíll.

Myndir / HLJ.

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Í gegnum árin hafa margir Íslendingar verið hrifnir af Mercedes-Benz Sprinter sem sendibílum, pallbílum og húsbílum. Sjálfur á ég einn slíkan, 18 ára öðling sem ég nota nánast daglega sem sendibíl, farartæki sem kemur mér í og úr vinnu og húsbíl.

Alltaf hefur mér líkað vel við Sprinter að flestu leyti fyrir utan að aldrei hef ég verið að fullu sáttur við ökumannssætið fyrir en mér bauðst að prófa nýjasta útspil Benz af Sprinter sem er 100% rafdrifinn sendibíll.

Framhjóladrifinn með 47 kWh rafhlöðu

Þegar ég fékk bílinn var aðeins búið að keyra hann 25 km og daginn áður hafði hann verið settur á ónegld vetrardekk þannig að ég taldi mig vera í nokkuð góðum málum. Bíllinn fullhlaðinn, þegar ég kveikti á honum sagði mælaborðið mér að drægnin væri 98 km. Mér fannst í fyrstu þetta vera fulltílit drægni, en í mjög mörgum tilfellum ætti þessi drægni að duga fyrir daglega notkun og sérstaklega fyrir sendibílaakstur með léttar vörur á milli staða hjá mörgum fyrirtækjum sem eru mest í borgarakstri einum.


Eins og flestir aðrir rafmagnsbílar má sjá í mælaborðinu við alla rafmagnsnotkun hvað drægnin stýttist við aðra notkun á rafmagnni en drifmótor. Það rafmagn sem „stelar“ mest af drægninni er nánast undantekningarlaust miðstöðin í bílnum, en bara við það að stilla miðstöðina á 22 gráðu innihita og blásturinn á 3 af 7 sýndi mælaborðið að þetta mundi minnka drægnina úr 98 km í 86 km, en þar sem ég var ágætlega klæddur ákvað ég að spara rafmagnnið og drap á miðstöðinni í byrjun og prófaði bílinn á möl, í hálfku og hávaðamældi bílinn á 90.

Hávaðamælingin kom vel út, en rak mig á hættu í mikilli hálfku

Hávaðamælingin var alveg ásættanleg, 71,2 db., en til samanburðar þá mældist Maxus sendibíllinn 74,1 db., en hann er eini samanburðurinn sem



Vörulyftan fór létt með mann og hjól sem er um 350 kg.



Rafhlaðan er undir bílnum endilöngum og því þyngdarpunktur neðarlega.

ég hef í rafmagnssendibíl. Á malarvegi var fjöðrunin alveg í lagi, framhjóladrifið er jafnvel aðeins betra á þessum í samanburði við hefðbundnu afturhjóladrifnu Sprinter-ðísilbíla gömlu.

ABS bremsuferfið var að virka fínt á möl og í hálfku, en á flughálum kafla varð ég var við hættu sem eflaust innflytjandinn og framleiðandinn hafa sennilega ekki áttað sig á.

Flestir rafmagnsbílar eru þannig að þegar slegið er af þá hleður bíllinn inn á rafhlöðuna, en það er mismikið hvað þessi hleðsla bremsar bíla mikili við að slá af. Þegar ég sló af á flughálum vegi á ónegldum dekkjunum læstust framhjól og bíllinn byrjaði að leita út í kant. Ég náði því ekki fullri stjórn á bílnum fyrir en ég hafði sett hægri fótinn aðeins á gjöfina, en þá hætti bremsunin og ég náði að stýra bílnum eðlilega. Þarna hefði sennilega verið betra að hafa nagladekk til að gefa betra grip.


Frekar þungur bíll sem minnkar hleðslugetuna

Bíllinn er frekar þungur og 116 hestafla vélin frekar „letileg“ að koma bílnum áfram, aksturskerfin eru þrjú, E, E+ og C, en mér fannst bíllinn snarpastur í C stillingunni, en þá eyðir hann meira rafmagnni (minnst virtist mér hann vera að eyða, eða telja niður kílómetra í mælaborðinu með stillt á E+ stillinguna á). Flestir Sprinter bílar eru með hleðslu og burðargetu upp á 1.000 til 1.300 kg, en þar sem rafhlaðan er þung undir endilöngum bílnum og í ofanálag búið að setja vörulyftu aftan á bílinn sem var prófaður er burðargetan á „rafmagns-Sprinterum“ ekki nema á bilinu 600-700 kg. Vörulyftan aftan á bílnum stelur smá þyngd til að hlaða bílinn, en er auðveld í notkun og léttir eflaust mörg handtökin og burðinn (kostar nálægt 1.000.000 aukalega ofan á innkaupsverð bílsins).

Í lokin var ég sáttur við bílinn fyrir



Vörulyftan snryrtilega sett á bílinn.



Pínulítill bakkmyndavél er í baksýnisspeglinum.



Hálkustundin óþægilega þegar hleðslubremsurarnar læstu framhjólunum.



Fín hljóðmæling miðað við sendibíl.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hugsaðu áður en þú framkvæmir!



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Fyrripart árs var gott hvað lága slysátíðni í umferðinni varðar og virtist stefna í óvenju fá dauðaslys. Svo kom nóvember með sínum myrkvudu dögum og vondum birtuskilyrðum.

Mörg alvarleg slys urðu í þessum mánuði sem öll átta sér stað í myrkri eða við léleg birtuskilyrði og launhálku sem ekki var fyrirsjáanleg. Í nóvember létu þrjár einstaklingar lífið í umferðinni og nokkrir slösuðust alvarlega.

Eins og margoft hefur komið fram hér í þessum pistlum um vetrardekk, þá á enginn að segja sjálfum sér það eða öðrum að vera að þvælast um í vetrarumferð nema með góð dekk sem ætluð eru til aksturs í vetrarfærð.

Minningardagur fórnarlamba umferðarslysa

Sunnudaginn 21. nóvember var minningardagur fórnarlamba umferðarslysa og þann sama dag kom fram í samantekt að alls hefðu tæplega 1.600 manns látist í umferðarslysum frá 1915. Á svona degi minnst maður vina og kunningja sem hafa látið lífið í umferðinni með söknuði og sorg, en á sama tíma hugsar maður til þess



Hér vannst verkið hættulaust í skjóli lögreglu.



Hér hrelltu símasjúklingar mig mikið.

hvað maður getur gert til að bæta umferðina og fækka slysum, eða koma í veg fyrir þau.

Á þessum minningardegi kom einnig fram að um 25.000 Íslendingar nota ekki öryggisbelti við akstur bíla. Þetta er náttúrulega óþolegt og ættu allir að hjálpast að til þess að venja þessa 25.000 af þessum ósoma því það er staðreynd að beltin bjarga.

Lög og reglur vísuðandi brotnar

Síðastliðið vor tók ég rafskutlu í prufuakstur, en við það tækifæri sagði söluaður rafskutlunnar mér það að rafskutlur mætti aldrei keyra hraðar en á 25 km hraða. Hann sagði einnig að ef rafskutla lenti í umferðarslysi væri farið yfir hvort búið væri að „eiga við skutluna“ til að komast yfir leyfilegan hámarkshraða. Ef svo væri, þá falla allar tryggingabætur úr gildi og ábyrgðin væri þess sem breytti rafskutlunni. Því er umhugsunarefni hvort viðkomandi sé borgunarmaður fyrir hugsanlegu tjóni eða

dánarbótum sem gætu hlotist af miklum hraða á rafskutlu.

Fyrir nokkru las ég frétt á Vísi um dóm yfir hestakonu sem dæmd var til að taka á sig helmingshlut af tjóni sem hún varð fyrir er hún féll drukkin af hestbaki. Konan mældist með 2,38 vínanda í blóðinu (Sem þýðir á góðri íslensku að vera „blind-full“). Hefði ég verið dómari þarna hefði konan ekki fengið neinar bætur og hefði ég frekar viljað sekta hana fyrir að vera ölvuð á hestbaki. Samkvæmt áströlskum lögum hefði viðkomandi bæði misst ökuréttindi og verið ákærð fyrir dýraníð.

Sums staðar er umferðin svo hættuleg að hjálp er nauðsynleg

Vinnu minnar vegna síðastliðin sex ár hef ég lent í mörgum vafasömum aðstæðum við að aðstoða bílstjóra sem hafa stoppað úti í vegkanti ýmist með rangt eldsneyti á bílnum eða sprungið dekk. Þegar ég kem að svona aðstæðum, þá er það mitt fyrsta verk að meta aðstæður út frá áhættu hvort hægt sé að vinna verkið á staðnum eða hvort það sé lífshættulegt. Oftast hef ég leitað til lögreglu til að fá blá

blikkandi ljós fyrir aftan mig til að tryggja vinnusvæðið svo ég verði einfaldlega ekki drepinn. Aldrei hefur lögreglan neitað mér um aðstoð og alltaf bregðast þeir fljótt við. Meira að segja þegar kanslari Þýskalands var hér á landinu með allri sinni öryggisgæslu, var hægt að senda mér tvo lögregluþjóna á mótörhjólum til að passa „karlrafilinn“ í 10 mínútur. Það besta við aðstoð lögreglunnar er að þeir þekkja vinnubíla sem ég er á. Ef þeir sjá mig í vegkanti að vinna, koma þeir óumbeðið og stoppa hjá mér með blá blikkandi ljós þar til ég hef lokið vinnu í vegkantinum.

Símasjúklingurinn í umferðinni er mér hættulegastur

Stundum met ég aðstæður rangt og bið ekki um aðstoð, en það gerðist í síðustu viku að ég mætti í vegkant til að dæla

röngu eldsneyti af bíl. Í fyrstu virtist þetta ætla að sleppa þar sem úti var bjart og útsýni gott. Vinnubíllinn var vel sjáanlegur með gul blikkandi ljósin. Verkið dróst samt fram í ljósaskiptin og umferðin þyngdist. Það var svo sem í lagi nema hjá þessum 5-7 bílstjórum sem voru í símanum. Það munaði bara örfáum sentímetrum nokkrum sinnum að keyrt hefði verið á bílinn sem verið var að aðstoða. Þar voru að verki öku-menn sem voru uppteknir í símanum við aksturinn. Umferðin er ekki leikvöllur fyrir „símasjúklinga“. Hættið þessari símanotkun við aksturinn!

Maður sem ég átti spjall við fyrir nokkru síðan sagði mér að hann ætti erfitt með að fyrirgefa sjálfum sér þegar hann klessti nýja bílinn sinn. Hann var í símanum, en hann bætti við: „... ég þakka samt fyrir að enginn slasaðist, það hefði verið ófyrirgefanlegt með öllu.“

LAUFABRAUÐS-VÖRURNAR

ÓMISSANDI Í JÓLAHALDIÐ

dúkar, viskastykki, bakkar o.fl.

ISLENSK.IS

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	165	ILLFYGLI	ÁLAG	SKRAPI	FÉLAGI	SLAGA	ARMA	UMBER	VEISLA
	MANG	BURÐAST							
	HVIÐA				ÁLÍTA				
	KK NAFN				EIN-HVERJIR				
	ÁTT		ÆÐA						
	LEID		DÁLKAR					SYNJA	
MÖGLA	↓	VÆTA	GLÖGG		ÁLITINN		SKÓLI		
			Í RÖÐ				HINDRA		
VISTA				HIRDA			ÓVISSA		
				RÓTLEYSI			LOK		
TVEIR EINS			ÁVINNA		EINSAMALL				
SKYNSSEMI			FLEKKUR		REYTA				
			HÍM			ÚT			
			LANGAR			FJÁÐ			
		DÆLD			JARDEIGN				TÓNLIST
		MEST			KVK NAFN				
ANDÚÐ				FÖLNI				BÝLI	
SKAÐI				PREYTA				SMÁBITI	
				HJÁLP		YAPP			
				TVEIR EINS		NÓTA			
ÓREIDA									
ERGI-LEGUR			BRÚSKUR			HAFGOLA			
					EINUNGIS				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	164	FÓTMÁL	GRYFJA	G	SKOLLANS	HEGNI	R	ÁFORM	Æ	TULDUR	ÖRLÆTI			
	BÖK-FÆRÐUR	S	K	R	Á	S	E	T	T	U	R			
	KOSNING VINNUVÉL	K	J	Ö	R		PATA	F	Á	L	M	A		
		G	R	A	F	A	MEGA TIL VIBUR-EIGNA	S	K	U	L	U		
	HVORT UPPLJÚKA	E	F		KÆR	N	Á	I	N	N	SKAMMIR	S		
		O	F	T	A	S	MYKIR	U	ÓTAN GRÓBI	Á	N			
BYSN	↓	KIDDA	VENJU-LEGAST											
	Ö	S	K	Ö	P	TVÍHLÖVI VEDEL	A	U	NIBUR-FELLING	A	F	N	Á	M
ENKJELNA	V	I	S	N	A	SAGGI FITA	R	A	K	I	FIGL MEG-UBUM	G	Æ	S
STAFUR	E	Ð	A	U	M	ARMA	R	A	N	G	Ó	L	A	
MYNDUN	Ö	R	A	R	M	ÓFÁ FROSKUR	Ö	R	G	NABI NADRA	N	Á	Ð	I
	Ð	A	K	U	R	REKTAR-LAND AS	HROKI GÖTU	R	O	S	T	I	SVEIFLA	D
HÖLS BLANDAR	H	Æ	Ð	A	R	DVELDU UPPTÖK	V	E	R	T	U	STÓÐUFT SARG	S	Í
	L	A	G	A	R	ÞVENGUR	R	E	I	M	GIN ÁTT	M	U	N
FERNI	L	I	S	T	HÖTUN	Ó	G	N	U	N	RÝJA	R	Ú	A
SJAST	B	I	R	T	A	S	T	VOFUR	D	R	A	U	G	A

Bændablaðið

kemur næst út 16. desember

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Sigurður flytur á Sléttu ásamt foreldrum sínum og systkinum frá Nesi í Loðmundarfirði árið 1953. Síðan féll faðir hans skyndilega frá árið 1974 og tók Sigurður þá við búinu á Sléttu að fullu.

Dagbjört flytur á Sléttu 1975 og hefjast þau þá handa við að byggja upp jörðina þar sem húskostur var lífill og lélegur. Þuríður og Guðjón byggðu annað einbýlishús á jörðinni 2019 og eru smám saman að taka við búinu.

Býli: Slétta.

Staðsett í sveit: Reyðarfjörður, Fjarðabyggð.

Ábúendur: Sigurður Baldursson og Dagbjört Briem Gísladóttir, Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Guðjón Már Jónsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Sigurður og Dagbjört eiga saman 2 börn, Þuríði Lillý og Róbert Marinó, fyrir á Sigurður einn son, Brynjar Síndra. Þuríður og Guðjón eiga svo saman eina dóttur, Dagbjörtu Ósk. Á Sléttu eru svo fjórir hundar og einn köttur, svo telur fiðurfénaðurinn 19 stykki sem eru óttaleg gæludýr.

Stærð jarðar? Um 3.000 hektarar en þar af er mikið fjallendi.

Gerð búis? Sauðfjárbú með sölu jarðefna sem auka tekjur.

Fjöldi búfjár og tegundir? Á Sléttu eru 520 gripir á vetrarfóðrum.



Við framleiddum 12,5 tonn af lambakjöti 2021 og settum á 90 lömb. Einnig erum við með 11 hross okkur til yndisauka.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Þuríður og Sigurður gefa fénu á morgnana, sinna tilfallandi störfum á daginn eftir árstíma og gefa aftur seinni partinn. Guðjón vinnur sem verkstjóri á vélaverkstæði VHE á Reyðarfirði og Dagbjört vinnur í Lyfju Reyðarfirði.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegustu bústörfin eru klárlega smalamennskur, sauðburður og heyskapur. Leiðinlegasta bústarfið er skítmokstur.



Slétta

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Við höfum hug á því að bæta við búgrein sem vonandi kemur í gagnið á næstu tveimur árum. Fjárhúsin eru full og höfum við ekki hug á að byggja við þau eða fjölga fénu eins og staðan er í dag. Við höldum þó áfram að efla stofninn hjá okkur og auka við framleiðsluna.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Við teljum helstu sóknarfærin í sauðfjárrækt vera að bjóða upp á ferskt lambakjöt fleiri mánuði ársins.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Á báðum heimilum er alltaf til þorskalýsi, mjólk, ostur og smjör.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakótleittur í raspi og ýmsir réttir úr ærhakki.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar Guðjón var að dreifa skít og fór inn í skíthúsið til að opna næsta hólf.

Það fór ekki betur en svo að hann sat fastur upp að mitti í miðjum skítahaugnum, í svarta myrkri og engu símsambandi. Hann greip á það ráð að grafa sig upp með höndunum og komst þannig út, fór niður að á til að skola gallann og mætti Sigurði þegar hann kom til baka.

Sigurði fannst þetta frekar hlægilegt en benti Guðjóni á að taka með sér planku til að leggja ofan á skítinn og gátu þeir þá loks opnað án vandræða.

MATARKRÓKURINN

Hugmyndir að huggulegri aðventu

Bjarni Gunnar Kristinnson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com



Aðventan er nú gengin í garð og við hæfi að gefa svolítinn forsmekk að jólnum.

Laxkrans

- › 400 g sneiddur grafinn eða reyktur lax
- › Extra virgin ólífuoía, til að setja yfir
- › Sýrður rjómi eða graflaxsósa
- › Glútenlaust kex eða skorpulaust þunnt ristað brauð, til að bera fram

Það getur verið einföld lausn að skera lax þunnt og raða saman í jólakrans og svo skreyta með jurtum og salati til að borða í jólaundirbúningnum.

Jólabrauðsneiðar

Notaðu afganga af einhverjum jólalegum mat eða keyptu niðursneitt álegg til að komast í aðventuandann og til að búa til fullkomnar samlokur eða smurbrauð.

Setjið majónes, í stað smjors, á brauðið og steikið á þeirri hlið í stað þess að rista. Raðið skinku, osti eins og brie, sýrðum rjóma með piparrót eða sósu að eigin val og skreytið með jólalegu meðlæti.

- › 4 sneiðar hvítt brauð eða flatkökur (ef það er hangikjöt á veisluborðinu)
- › 4 msk. majónes
- › Skinka eða hangikjöt
- › (soðin egg)
- › 8 brie ostasneiðar
- › 3 msk. fint skorið hvítkál eða ferskt rauðkál



Skreytt kex og cookies

Hægt er að skreyta fleira en piparkökur og því er gaman að baka cookies og skreyta í anda jóla.

Svo er líka hægt að kaupa kex og orkustangir fyrir fullorðna og gera jólaleg hreindýr og jólabjöllur.

- › 20 litlar saltkringlur

- › 10 rauðar M&M
- › 20 sælgætisaugu
- › 50 g dökkt súkkulaði, brætt, kælt

Setjið kexið og súkkulaðikökurnar inn í ísskáp áður en þið skreytið.

Það hjálpar til við að flýta fyrir bráðnun á súkkulaðinu.



- › 1 bolli púðursykur
- › 1 bolli sykur
- › ½ bolli smjör
- › ½ bolli olía
- › 2 egg
- › 1 tsk. matarsódi
- › 1 tsk. salt
- › 1 tsk. lyftiduft
- › 1 tsk. vanilla
- › 3 bollar hveiti
- › ½ bolli smá súkkulaðibitar
- › 1 bolli M&M

Jólasmakökur fjölskyldunnar

Við vonum að þið hafið gaman af hátíðarundirbúningi og skemmtun við bakstur á þessu tímabili. Þetta eru uppáhalds jólasmakökkuuppskrift fjölskyldunnar okkar! Þær eru ekki bara ljúffengar heldur líka frábærar til að gefa fjölskyldu, vinum og nágroñnum eða setja í glugga fyrir jólasveininn.

Hitið ofninn í 350 gráður. Hrærið saman smjör, olíu og sykur.

Bætið eggjum út í og þeytið þar til það er ljóst.

Bætið matarsóða, salti, dufti, vanillu og hveiti út í. Blandið vel saman.

Notið kókuskeið til að setja deigið á smurðan kókubakkann. Skreytið efst með 4-5 stk M&M.

Bakið við 170 gráður í 7-8 mínútur.

HANNYRÐAHORNID



Hlýtt, mjúkt og slitsterkt ullargarn í sokka.

Dvergaskokkar eru 100 m/100 gr
 Huldusokkar eru 250m/ca 145gr
 Hægt er að panta sokkagarn með því að senda póst á hulda@uppspuni.is eða hringja í s. 846-7199
 Uppskriftin að sokkunum hér til hliðar er ekki háð höfundarrétti. Hún er tekin saman úr mörgum uppskriftum og hefur reynst vel við að þrjóna ullarsokka.
 Oft notast fólk við þumalputtareglur þegar það þrjónar mörgum sinnum það sama. Í þessari samantekt má finna þumalputtareglur frá ýmsum - oftast mæðrum eða ömmum.
 Nota má aðrar uppskriftir til að þrjóna ullarsokka úr þessu garni, en best er að nota þá án þess að vera í öðrum innanundir - þannig nýtist íslenska ullin best til að veita yl og vellíðan.
 Dvergaskokkar eru góðir í útivinnu og slark. Huldusokkar eru yndislegar innan dyra og undir sæng á köldum vetrarnóttum.
 Sokkana skal þvo í höndum og gott að þvo þá öðru hvoru - ef þið tímið að fara úr þeim.



Ullarsokkar Huldu Brynjólfsdóttur

Samantekt: Hulda Brynjólfsdóttir

Efni:
 Huldusokkar 250 m ca. 140 gr
 (Dvergaskokkar 200 m ca 200 gr)
 Sokkaprjónar nr 3,5 eða 4,0 mm
 (Sokkaprjónar nr 5,0)
Uppskrift:
 Fitjið upp 40 lykkjur á þrjóna nr 4,0 (36 lykkjur á þrjóna nr 5,0)
 Bætið við 4 lykkjum fyrir herrastærð og fækkið eftir þörfum fyrir barnastærðir.
 Tengid í hring og þrjónid stroff 2 sl, 2 br. allan hringinn.
 Þrjónid þar til stroffid er orðið eins langt og óskað er eftir. Magnid í pakkningunum dugar í um 20 cm stroff.
 Þrjónid 10 umferðir slétt.
 Þrjónid nú hæl.



Halldóruhæll:
 Skiptið lykkjunum í tvennt og þrjónid annan helminginn fram og til baka 14-18 umferðir. (12-16) Matsatriði er hvort þrjónað er slétt í báðar áttir og þannig búið til garðaprjón, eða slétt á réttunni og brugðið á röngunni og þannig verður hællinn sléttur.
 Þegar hæll er nógu langur: (þumalputtaregla er að þrjóna u.þ.b. jafnmargar umferðir og lykkjurnar eru á þrjóninum ef lykkjur eru 20, þrjónid 16-20

umferðir), er tekið saman á eftirfarandi hátt: Þrjónid þar til 6 lykkjur eru eftir, þrj. 2 sl. saman, snúid við, þrjónid þr þar til 6 lykkjur eru eftir þrj. 2 br. saman, snúid við. Þrjónid fram og til baka og takið alltaf saman 2 lykkjur áður en snúid er við þar til einungis miðjulykkjurnar 10 (8) eru eftir. Þá er hællinn kominn.
 Takið upp lykkjurnar í hliðunum og þrjónid í hring. Heppilegt er að taka upp um 10 - 13 lykkjur hvoru megin.
 Þrjónid eina umferð í hring.
 Athugið: Nú er ristin tekin niður þannig: Þrjónid saman tvær lykkjur við ristina hvoru megin í hverri umferð, þar til aftur er sami lykkjufjöldi samtals á þrjóninum og þið byrjuðuð með fyrir ofan hæl. Þannig að á þrjóninum eru nú 40 (36) lykkjur. Fallegra er að taka tvær lykkjur saman hægra megin á sokkunum og vinstra megin að taka eina óþrjónaða lykkju fram af, þrjóna næstu og steypa þeirri óþrjónuðu framyfir.
 Þrjónid framleistann. Góð regla er að „mæla á“ sem kallað er, en það er að þrjóna stytta umferð á ilinni, það gerir betra lag á sokkinn. Stytt umferð er þegar snúid er við í hliðinni og ilin þrjónuð fram og til baka einu sinni og svo þrjónað áfram í hring. Góðar útskýringar má finna fyrir það á youtube með því að slá German short rows í leitargluggann. (Þegar komið er að ristinni er snúid við. Fyrsta lykkjan tekin óþrjónuð fram af, bandið sett fram fyrir og togað í þar til lykkjan verður tvöföld, þrjónað brugðið að hinni hlið ilinnar og snúid við að

nýju. Fyrsta lykkjan tekin óþrjónuð fram af, bandið tekið fram fyrir þrjóninn og togað í þar til lykkjan verður tvöföld. Þá er þrjónað áfram í hring og þessar tvær lykkjur sem eru tvöfaldar þrjónaðar sem ein.
Affelling:
 Þegar litla táin er að hverfa í sokkinn, er passlegt að byrja að fella af.
 Góð regla er að fella af með því að í hvorri hlið eru teknar 2 l saman; Fyrstu 2 þannig; takið eina óþrjónaða fram af, þrjónid næstu, steypið óþrjónuðu lykkjunni yfir, þrjónid að hinni hliðinni slétt þar til 2 lykkjur eru eftir, þrjónid 2 sl saman, þrjónid 2 lykkjur saman eins og í byrjun og þrjónid síðan að fyrri jaðri og þrjónid þar líka saman 2 l sl. Nú hefur lykkjunum fækkað samtals um 4 því þið takið af í byrjun og enda hliðar báðum megin. Þrjónid 2 umferðir án úrtöku og endurtakið síðan úrtökuna.
 Þrjónid 1 umf. án úrtöku og takið svo úr aftur eins og áður og endurtakið þetta tvisvar.
 Síðan er tekið úr í hverri umferð, þar til 8 lykkjur eru eftir. Klippið þá frá og dragið í gegnum allar lykkjurnar og gangið frá lausum endum.
 Skolið og leggið til þerris.
Dvergaskokkar eru þykkari og slitsterkari en huldusokkar, en báðar tegundirnar eru 100% íslensk ull og ekki blandaðar með plasti (nyloni) eins og algengt er með sokkagarn til að styrkja það. Íslenska ullin hefur náttúrulega styrkingu í löngu og öflugtu togi og það er nýtt til að gera sokkagarnið svona slitsterkt.

Létt

2	8			9		7
	1	6		2		4 9
5			7 6 3			
9				4 1 2 5		
		2 6 9 1 7				
1 8 3 2						4
			1 5 6			7
3 7			4	6 9		
	4	9		2	8	

Miðlungs

1 7 9				5 8 6	
4			6 1		3
		6		8 7	
		1 6			2
	9	4	7	5	
8			3 9		
		4 1		3	
9			5 2		8
5 1 2				4 7 9	

Pung

			9	3	7
		2			4
	1		5		
		9 1			5
2		1	4	8	9
	6			8 7	
				3 8	
7				6	
9	4		2		

Þyngst

				7		
7			5 1			
2		8				1
		3		4		1
		6 3		1 4		
8				2	9	
	6				2 8	
				6 5		4
			9			

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Íslandsmeistari í golfi

Brynhildur Ylfa er 9 ára Mosfellingur. Hún á tvo eldri bræður og labradorhund sem heitir Dimma. Hún er mikil keppnismanneskja og æfir golf og fimleika af fullum krafti.
 Henni þykir mjög skemmtilegt að fara á skíði og í vetur ætlar hún að prófa snjóbretti líka.



Nafn: Brynhildur Ylfa Þórodds-dóttir.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Tvífburi.

Búseta: Mosfellsbær.

Skóli: Krikaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Smíðjur, íþróttir og stærðfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur. Ég á labrador sem er að verða 5 ára og heitir Dimma.

Uppáhaldsmatur: Sushi.

Uppáhaldshljómsevit: Veit ekki.

Uppáhaldskvikmynd: Engin sérstök.

Fyrsta minning þín? Þegar ég og

frænka mín, Sara Hlín, vorum í hláturskasti.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Æfi golf og fimleika.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Hárgreiðslukona eða Íslandsmeistari í golfi.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Hoppað í sjóinn af bryggjunni á Bíldudal.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt um jólin? Hafa kósí með fjölskyldunni minni.

Næst » Ég skora á Söru Hlín Sigurðardóttur að svara næst.

Fugladagbókin 2021:

Fuglar á Íslandi og árstíðirnar fjórar

Séra Sigurður Ægisson fuglaáhugamaður sendi nýlega frá sér nýstárlega bók sem er upplýsingarit um fimmtíu og tvær tegundir fugla sem sést hafa hér á landi og dagbók.

Í bókina getur áhugafólk um fugla skráð hjá sér hvaða dag það sér hvaða fuglategund og annað sem tengist fuglum. Sigurður hefur áður sent frá sér tvær áhugaverðar bækur um fugla, Ísfyrgla og Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin. Fuglar á Íslandi og árstíðirnar fjórar er skipt eftir vikum og í upphafi hverrar viku er að finna fróðleik um einn fugl af þeim rúmlega fjögur hundruð sem sést hafa hér frá því að skráning fugla hófst.



Auk þess að segja frá útbreiðslu valdra fugla er meðal annars sagt frá kjörlendi þeirra, stærð og lit og tínd eru til ýmis alþýðleg heiti fuglanna. Útgefandi er Bókaútgáfan Hólar. /NH

dökkbrúnn á baki, en ljósrauð-brúnn að neðan. Grár á hnacka. Vængir eru blásvartir með hvítum axlarskellum. Nefið er afar stórt, gráblátt á vorin, en í ljósum hornlit á veturna. Svart er um augu, við nefrótt og á framhálsi. Stélið, hvítt í endann, er fremur stutt. Fætur eru bleiklitir og lithimna augna brún. Útlitmunur kynja er óverulegur, helstur sá, að karlfuglinn er ívið sterklitaðri.

Kjarnbíturinn hefst einkum við í lauf- og blendingsskógum, sem og gömlum trjá- og aldingörðum, og felur sig þá gjarnan í krónum trjánna, enda er hann dulur og þögull, en utan varptíma leitar hann á opnari svæði, einkum þar sem runnagróður er að finna, og leitar sér þá fæðu á jörðu niðri. Hann gengur kjagandi og fattur, en hoppar líka rösklega.

Karlfuglinn syngur venjulega á trjátoppum

Kjarnbíturinn verpir oft í smáum dreifbyggðum og gerir sér hreiður í trjám, á lágum greinum eða inni við stofn, í allt að 14 m hæð. Bæði kynin annast smiðina.

Eggjinn eru 3–5 talsins. Kvenfuglinn sér um áleguna, sem tekur 11–13 daga, en bæði foreldrin mata ungana, sem verða fleggir 12–13 daga gamlir og ná fullu sjálfstæði um hálfum mánuði eftir það. Ungfuglarnir eru einsleitari en hinir fullorönu, með brúnum þverrákum og gulri á kverk.

Vöðvarnir sem loka goggnum



– en hann er þykkur og mikill – er eitt helsta einkenni kjarnbítsins, ná í kringum hausjúpuna. Þess vegna reynist honum auðvelt að brjóta grjótharða steina úr hinum margvislegustu aldinum, en tveir hrynishnúðar eru í efri gómi og tveir í þeim neðri, sem gerir það að verkum, að kjálkavöðvarnir geta þrýst fast á allt sem í munninn kemur.

Fyrir vikið er eins og hann sé með útblásnar kinnar. Sem dæmi má nefna, að hann ræður við ólífukjarna, sem lætur ekki undan fyrr en við 50 kg þrýsting.

Annars er aðalæðan hans helst brumhnappar og trjáfræ,

eins og álms, beykis, hlyns og fleiri, og á varptíma auk þess aldinbori (Melolontha melolontha), sem er bjalla af ýflaætt, og fiðrildalirfur. Á vorin og sumrin er kjarnbíturinn ýmist einn á ferð í matarleit sinni, eða þá í þörmum eða smáhópum, lauslega tengdum, en á haustin og veturna má sjá allt að 300 við slíka iðju og reyndar er metið 1,200 fuglar.

Kjarnbítur sást fyrst á Íslandi í apríl 1975, en á síðari árum hefur komum fjölgað og er 31 nú skráður, miðað við áramót 2011/2012. Eldra heiti er kirsiberjafugl / kirsu-berjafugl.

Kjarnbítur (Coccothraustes coccothraustes)

Kjarnbítur er af ætt bálki spörfugla og af finkuætt. Með honum í Coccothraustes-ættkvíslinni eru einungis kolbítur (C. abeillei) og kvöldbítur (C. vespertinus).

Sumarheimkynninn eru víða í Evrópu, Norður-Afríku og Asíu, allt austur til Japans. Vetrarheimkynninn eru sömuleiðis í Evrópu, þó ekki nyrst, og farfugla þar af

í löndum við Miðjarðarhaf og í Norður-Afríku, sem og í Mið- og Suðaustur-Asíu.

Deilitegundir eru fimm


Kjarnbítur er 16–18 cm að lengd, 46–72 grömm að þyngd og með 29–33 cm vænghaf. Þetta er hálsdígur fugl, gulbrúnn á höfði,

Margslungin og grípanði:

Skáldsagan Djúpið

Sögusvið skáldsögunnar Djúpið gerist árið 1975 í heimavistar-skóla þar sem veruleikinn býður upp á að hlutverk kvenfólks sé að léttu undir og stjarna við karlmenn sem á móti bera þá ábyrgð að taka allar ákvarðanir.

Líffræðineminn Valborg kynnist þessu lífsmunstri er hún




tekur að sér sumarstarf á vegum Búseturöskunar ríkisins sem hefur það fyrir augum að efla mannlíf og atvinnutækifæri í brothættir byggð í Djúpinu.

Valborg er eldklár en langt frá því að dúxa í mannlegum samskiptum og tilveran með samstarfsfólkinu í heimavistarskóla Djúpmanna reynist henni erfið. Djúpið er margslungin og grípanði saga sem fær lesendur til að velja fyrir sér viðkvæmni mannskepnunnar til jafns við byggðina þar sem ólgandi tilfinningar krauma undir yfirborðinu og lesendur geta vart annað en hrifist með.

Höfundurinn, Benny Sif Ísleifsdóttir, hefur getið sér góðan orðstír og er lesendum að góðu kunn fyrir skáldsögur sínar sem segja frá örlagasögum fólks úr íslenskum veruleika.

Bók hennar Hansdætur sem gefin var út árið 2020 var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Evrópusambandsins og Gríma, sem kom út árið 2018, hlaut Íslensku hljóðbókaverðlaunin. /SP



Tímalaust stórvirki Dickens:

Glæstar vonir

Skáldsagan Glæstar vonir eftir Charles Dickens var skrifuð á árunum 1860–1861, ein af síðustu skáldsögum höfundar og af mörgum talin ein sú besta.

Sagan, sem má kalla tímalaust stórvirki, gerist snemma á 19. öld og fjallar um munadarleysingjann Pip, þroska hans og löngun til að brjótast frá umhverfi sínu og upplifa heiminn. Strokufangi nokkur er Pip á samskipti við í æsku hefur mikil áhrif á líf hans – í raun án hans vitneskju framan af. Ástin verður á vegi hans oftast en einu sinni í mynd hinnar fögru og dramsömu Estellu og Pip

verður að gera upp við sig hvar í þjóðfélagsstíganum hann stendur í raun.

Grípanði og stórvirki gerð skáldsaga þar sem máluð er lifandi mynd af Englandi Viktoríutímans, fléttuð glæpum, refsingum, ást og söknuði. Hér er um að ræða margslungna og litríka fléttu örlaganna sem lesendum gefst færi á að njóta í sníllarlegri þýðingu Jóns. St. Kristjánssonar. Þess má geta að Jón hefur hlotið Íslensku þýðingarverðlaunin auk þess að hafa verið verið tilnefndur til þeirra hvorki meira né minna en fjórum sinnum. /SP

Raunsönn mynd af kúguðu samfélagi:

Skáldleg afbrotafræði

Ríthöfundurinn Einar Már Guðmundsson hefur frá upphafi ferils síns verið meðal helstu og virtustu höfundar íslensku þjóðarinnar.

Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir verk sín hér heima og erlendis, sent frá sér tugi skáldverka á liðnum áratugum og hlotið fyrir það ýmis verðlaun. Bækur Einars hafa verið gefnar út víða um lönd en sérstakra vinsælda nýtur hann í Danmörku, þar sem bækur hans koma nú út samtímis útgáfu hér heima.

Eftir hann hefur nú komið bókinn Skáldleg afbrotafræði er fjallar um litríka mynd samfélags og tíðaranda í byrjun 19. aldar.

Mögnum persónusköpun, og mis-

fagurlega þenkjandi persónur í bland við yfirskilvitleg fyrirbæri leika í höndum höfundar sem skapar þéttan og margslunginn vef er kitlar allar taugar lesandans. Einar Már ber á borð heim, þar sem upplýsingastefnan er að ryðja sér rúms og almenningur farinn að átta sig á því ógnarvaldi er prestar og hreppstjórar hafa þegar kemur að smælingjunum. Skuggar eru á lofti, nýjar hugmyndir vakna og styttest í að verkin séu látin tala.

Raunsönn mynd af kúguðu samfélagi sem er að vakna til lífsins, gleði og sorg í bland við sögulegan fróðleik. /SP



Lely Center Ísland

SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Tokvam®

Styrkur og gæði frá Noregi
- Mikið úrval á lager -



Fjölplogur VT320
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm
Fjölplogur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fánlegir með
flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- & sanddreifari
Verð frá: 649.500 kr + vsk
SMA510 / 150 cm / 3p tengi
SMA800 / 200 cm / 3p tengi
SMA1100 / 200 cm / 3p tengi
SMA1600 / 230 cm / 3p tengi



Snjóblásari F130H
Glussadrifinn, fyrir 1-3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubreidd 240 cm
Þyngd 1.000 kg, 3p tengi.
Túða, drifskaft (f/ framan á vél)
Fyrir +70 hp vél.
Hægt að hafa að framan og aftan
á vélinni.
Fjöldi aukahluta í boði
Verð frá: 1.850.000 kr + vsk



Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir 256-299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.
260 THS MONSTER
Einn sá öflugasti með vinnslu-
getu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260-275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160-300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aftvelar.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Grænu velferðargólfín. Næsta sending í febrúar. Upplýsingar hjá Grétari Hrafn, dýralækni á Hellu, í s. 892-1480 eða á netfanginu: gretarhrafn@simnet.is



Plastfötur með loki (20ltr) fást gefins hjá Mjólkurvinnslunni Örnú í Bolungarvík gegn því að vera sóttar. Fötur eru undan ávaxtasultu og falla til í hverri viku. Arna ehf. s. 456-5600. pantanir@arna.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. s. 894-5111. Opíó 13-16.30 - www.brimco.is



Háþrýstidælur fyrir verkataka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



Fjölplogar, ýmsar stærðir. Verð frá kr. 615.000 +vsk. vallarbraut.is. s-454-0050.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbílur og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf., s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. s. 894-5111. Opíó kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Rúlluvagn / flatvagn. Lengd á palli 9 m. Verð kr. 2.460.000 m/vsk (kr. 1.984.000 án/vsk). H. Hauksson ehf. s. 588-1130.




Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjöt. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Snjótennur á bíla. Verð frá kr. 442.000 +vsk. vallarbraut.is. s. 454-0050.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 m. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. s. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Verð frá kr. 1.590.000 m/vsk. Gæðakerrur - góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 opíó 13-16.30 www.brimco.is

VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplogar f/ smærri vélar
Breidd 1,5m, m/ 3p tengi
Verð: 586.000 kr.*
Breidd 2m, m/ 3p tengi
Verð: 690.000 kr.*



Fjölplogur PUV3300
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
Breidd 3,3m, án festiplötu
Verð: 875.000 kr.*



Fjölplogur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 983.000 kr.*
3,3m Verð: 1.130.000 kr.*



Fjölplogur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.390.000 kr.*
4,0m Verð: 1.490.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 55.000 kr.*
Stétt plata 3-punkta
EURU/SMS EURO stór
JCB 3CX hrað CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin,
með klumpabrytót og tjakk
Verð: 1.590.000 kr.*



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.450.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aftvelar.is

Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600








Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Ég bið Guð
Drottins vors Jesú Krists,
föður dýrðarinnar, að gefa yður
anda speki og opinberunar,
svo að þér fáið þekkt hann.
Ég bið hann að upplýsa
sálarsjón yðar,
svo að þér skiljið, hver sú von er,
sem hann hefur kallað oss til,
hver ríkdómur hans
dýrlegu arfleifðar er, sem hann
ætlar oss meðal hinna heilögu
Efesusbréfið 1:17-18 bíbílan.is



Weckman sturtuvagnur. 9 tonna: verð kr. 1.700.000 m/vsk. 11 tonna: verð kr. 1.870.000 m/vsk. 13 tonna: verð kr. 2.240.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m, með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. s. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Dagatal Búsögu 2022. Fallegar myndir af Fordson og Ford dráttarvélum og fræðandi texti. Verð kr. 2.500. Sendingarkostnaður bara frimerkið. Tilvalin jólagjöf. Busaga@simnet.is s. 894-9330.



Ford Fokus, árgerð 2006. Ekin: 150.000 km „Dekurbíll“, Glænytt þústkerfi. Nýleg sumardekk á álfelgum. Bremsuklossar, allir nýlegir. Vetrardekk á stálfelgum. Verð kr. 430.000. Uppl. í s. 662-1798.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfrír
neysluvatnshitarar
með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest annað
til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem
viðkemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Afgjafar: Rafmagn, bensín/dísel, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dísel hitarar 12 eða 24 volt. 5 eða 8 kílóvött. Samsettur með eldsneytisgeymi og ósamsettur. 2ja ára ábyrgð, góð reynsla. Verð frá: kr. 48.900.-orkubaendur.com, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 662-1444.



Isuzu D-Max 2006. Keyrður 270.000 km. Pallhús og góð dekk. Nýskoðaður. Nýir handbremsubarkar, búið að fara í spindla. Verð kr. 1.490.000. s. 749-1177-4344.



Tólf rúmmetra taðdreifari til sölu. Danskur af gerðinni DKR-20, árgerð 2010. Dekk 710/45x26,5. Tvö hraðastíllanleg færribönd í botninum. Tvær dreifiskífur að aftan, líka hraðastíllanlegar. Dreifarinn er vökvadrifinn með eigin vökvadælu og vökvatank. Tengdur með K80 kúlutengi við dráttarvélina (fyrir 80 mm kúlu). Afturhásing stýrð og stýring tengd með 50 mm kúlu tengi. Dreifarinn hefur verið lítið notaður undanfarin ár. Verð kr. 2.600.000 +vsk. Uppl. í s. 822-8612. Get sent margar myndir ef óskað er. Dreifarinn er staðsettur á Kjalarnesi.



Taðgreipar - Breidd 1,8 m. Verð kr. 255.000 m/vsk. (kr.206.000 án/vsk.) H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp og mjög óhrein vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smuróluförnggi. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjö tonna Weckman sturtuvagnur. Verð kr. 1.427.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.327.000 m/vsk. (kr. 1.071.000 án/vsk.) H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Innihærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðlettingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Haltu þér í formi í allan vetur. Öflugt hlaupabretti / göngubraut: kr. 159.000. topphól.is, s. 661-1902. Sendum fritt um allt land til áramóta.



Gámarampar á lager. Fyrir vöruflutninga og frystigáma. Burðargeta: 8.000 kg. og 10.000 kg. Heitgalvanhúðaðir. Stærð: 125 cm x 210 cm x 16 cm. Stærð: 176 cm x 210 cm x 20 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Op fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Til sölu ferða-súrefnistæki, Inogen-One G5. Uppl. í s. 822-7112.



Viltu að beljan þín líti vel út? Boxxle er falleg umgjörð um þriggja lítra kassavín. Söluastaðir: Útilegumaðurinn, Víkurverk og á pyrit.is



Glussadrifnar gölfhræur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrófu: 48 cm. Rotor: 12 kw. Glussaflæði: 75 L/ mín. 20 m. af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Hi cube frystigámur til sölu. Lítið notaður, eins og nýr. Uppl á netfangið. elvar@ektafiskur.is



Mercedes-benz Atego 1540, árg 2013, ek 334 þús. (langkeysla). Verð kr. 4.800.000 +vsk. Uppl. í s. 892-8348, Villi.



Toyota Land Cruiser 150 Series 33 tommu breyttir, bakkmyndavél. Nýir bílar. Verð: kr. 11.990.000. Skoðum öll skipti. Einnig til: svartur, hvítur og steingrár. BÍlfang, s. 567-2000.



Timbur í fjárhúsgólf. 32 x 100 mm L = 5,1/5,4 m, verð kr. 430 lm m/vsk. 38 x 100 mm L = 4,5/5,1 m, verð kr. 510 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130. haukur@hauksson.is



Viltu æfa heima? Til sölu mjög vel með farið árs gamalt róðrartæki (cardiostrong). Verð kr. 95.000 Uppl. í s. 861-4412.

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
5630300

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



YAMAHA

ÁREIDANLEIKI KRAFTUR GÆÐI



GRIZZLY EPS 700

Árgerð 2021. 700cc fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing. Rafmagnsstýri, spil og dráttarkúla.

Verð **2.410.000 kr. m/vsk**



Aukasæti fyrir fjórhjól með rúmgóðu hölfaskiptu farangursboxi.

Verð **89.890 kr. m/vsk**



Framrúða fyrir fjórhjól - hátt gler sem gefur góða vörn gegn vindi, úrkomu og óhræindum.

Verð **49.890 kr. m/vsk**



Farangursbox fyrir fjórhjól á afturgrind.

Verð **59.900 kr. m/vsk**



Farangursbox fyrir fjórhjól á framgrind.

Verð **54.950 kr. m/vsk**



Festingar fyrir verkfæri eða byssur fyrir fjórhjól og Buggy.

Verð **14.950 kr. m/vsk**



Dekk og felgur fyrir fjórhjól í úrvali.

www.yamaha.is
info@yamaha.is
S: 540 4980



Til sölu Överaasen kasttönn DH-285í toppástandi. Verð kr. 2.000.000 +vsk. Upplýsingar í s. 893-4424.



Toyota Dyna 12/09 ek. 270.000 km, minnþrófsbíll. Verð kr. 1.390.000 +vsk. s. 894-8620.



Rafstöðvar með original Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eignum einnig hjóðlátarstöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Toyota Landcruiser 120 GX 8 manna '03 ek 383.000 km. Verð kr. 1.590.000. s. 894-8620



Landcruiser 100 dísel, árg 01 ek 409p. 35". Verð kr. 2.350.000. s. 894-8620



Landcruiser 150 GX árgerð 2019, ek 99.000. Verð kr. 9.490.000. s. 894-8620.



Bensindrifnir stauraborar á lager. Óflugur tveggja hestafla Hyundai 2 stroke mótör. Borar sem fylgja: 100 mm 150 mm og 200 mm. Bordýpt: 730 mm. Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang : hak@hak.is



Hilux árg 12/15 ek 84.000, beinsk. Verð kr. 4.950.000. s. 894-8620.



ÓSKAST til kaups: Toyota Hiace-Hilux-Corolla-RAV4-Avensis. Mega vera í ýmsu ástandi. Vinsamlegast senda á dagbjartur80@gmail.com eða í s. 896-5001.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélur. Lengdir : 2, 2,5, 3, 3,5 og 4 m. Burður fyrir par: 1,5 - 12 tonn. Til á lager í Póllandi. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



Til sölu Ssangyong Rexton, árg 2016, sjálfskiptur, ekinn aðeins 66.500 km. Hiti í sætum og stýri, rafdrifnar rúður, bakkmyndavél og dráttarkrókur. Upplýsingar í s. 695-1940.



Volvo F10 búkkabíll, árg. 1978. Verð kr. 800.000. Upplýsingar í s. 891-9438.



Vatnsþrýstisett fyrir neysluvatn. Eignum á lager fyrir : 230 V, 24 V og 12 V. Mjög óflug dæla, dæluhjól og óxull úr SS stáli, 24 l tankur úr SS stáli. Þrýstingur 4 bar. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is

HURBAUR

HA 752513 KV

HA

TECHNICAL DATA	
Model	HA 752513 KV
Overall dimensions	3.960 x 1.732 x 1.962
Weight	2.500 kg (GVW 2.500)
Capacity	750 kg
Max. height	11,000 mm
Max. width	1.732 mm
Max. length	3.960 mm
Max. speed	12 km/h
Max. torque	130 Nm

Verð kr:295.000,-

Kerrur frá Humbaer þýskalandi. Þær hafa margsannað styrk og endingu. Eignum á lager 750 kg, 1300 kg og 2000 kg. Eignum varahluti og gerum við kerrur. Topplausnir. Smíðjuvegi 12, græn gata. 200 Kópavogi. s. 517-7718. www.topplausnir.is

Leiktæki - Gervigras - Fallvörn - Girðingar - Íþróttabúnaður



Leiktæki & Sport ehf Austurmörk 19 - 810 Hveragerði sími 8650077 - Lts@Lts.is

www.Leiktæki.is



McCAULEY - Sturtuvagn

- 10 tonna sturtuvagn
- Galvaniseruð skjólbörð
- Upphækkarir
- Kornlúga
- Framlenging og stoppari fyrir rúllur, með ljósum. 1,2m
- Fjaðrir á öxlum



McCAULEY - Malarvagn

- 14 tonna malarvagn
- Loft- og vökvabremsur
- 550/45x22.5 dekk
- 8mm hardox í botni
- LED ljós
- Fjaðrandi beisli



HISPEC - TD-R 3000

- Dekk 750/60 R30.5
- Beygur á aftari hásingu
- Dæla, 11.000l
- Stærð tanks 13.636l
- Loft- og vökvabremsur
- Sjónrör
- Sjálfvirkur áfyllibúnaður
- Festingar fyrir niðurfellingar-búnað



STORTH- Haugdælur

- 6" dælur með þrítengi
- Stillanlegar lengdir
- Að fullu galvaniseraðar



STORTH- Haughræur

- 4,6 metrar
- 650mm skrúfa



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



HECHT Rafmagnsfórhjól

Götuskráð. Verð 650.000 kr.



HECHT Rafskutla

Verð 420.000 kr.



HECHT Jarðvegspjöppur

Frá 63 kg til 117 kg.



HECHT JEEP WRANGLER RUBICON

Rafmagnsbíll fyrir börn 3-8 ára. Verð 51.000 kr.



HECHT Rafmagnsfórhjól fyrir börn, allt að 65 kg. Verð 128.000 kr.



HECHT 9666 Snjóblásari á beltum

Verð 319.000 kr.



HECHT 9040 Snjóblásari, þráðlaus

Verð með battery og hleðslutæki 158.000 kr.

RAG
import - export

Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 562 2727 & 892 7502



Bökunarplötur. Smíðum eftir máli. www.blikkras.is



Pessi frábæra kerra til sölu. Upplýsingar í s. 898-4880 eða á netfanginu adall@adall.is



Einstakt jólatilboð á þessum 2 diskum saman á aðeins kr. 2.000. Fjölbreytt efnisval. Þjóðþekktir flytjendur. Uppl. Halldór s. 846-5446.



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrárrí duftúð (pólyhúð). Til á lager. Verð kr. 149.000 +vsk. Hákonarson ehf. Hafð samband á hak@hak.is eða í s. 892-4163.



Helluskeifur.is auglýsa íslenskar reiðhestaskeifur, þær heitustu á markaðnum, bæði pottaðar og ópottaðar. Sendum um allt land. Veljum íslenska framleiðslu á hagstæðu verði. Seljum líka skafla og höfjadrir. Sjá heimasíðu helluskeifur.is s. 847-6616 eða run@simnet.is



Hagasláttuvél 175 cm kr. 295.000+vsk. Meira en 20 sortir af slátturvélum fyrir þig svo þú getir slegið í gegn á nýju ári. www.hardskafi.is s. 555-6520.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magnþælingu á vatni, skolpi, sjó og olíu. Háþrýstidælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" 3" 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn og bensín/dísel, glussaknunar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Stubbatætti 15hp kr. 220.000 +vsk. Úrval tækja fyrir skógarbóndann á www.hardskafi.is s. 555-6520



Hlaupahjólalandur einfaldur, frá kr. 68.900 og tvöfaldur frá kr. 82.700. Frí heimsending www.Leiktæki.is s. 865-0077.



Abbey haugsuga 2500 gallon, árgerð 2008 (11300 lítrar), fjaðrandi beisli, staðsetning, Norðurland. Verð kr. 1.700.000 +vsk. Uppl. í s. 895-3366.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð kr. 9.900 m/vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. s. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu Caterpillar árgerð 2015. Kr. 6.500.000 +vsk • VST 3.300 tíma, aukabúnaður, sanddreifari sem nýr, vængjaskófla, snjóþönn, CAT skófla og keðjur • Er á Akureyri Leó s. 897-5300.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Mitsubishi L200, 2008 árgerð, ekin ca 158.000, sjálfskiptur. Ásett verð kr. 1.200.000. Upplýsingar í s. 847-6635.



Salt/sand og áburðardreifarar. 300 ltr. dragtengdir eða beislistengdir. Tilboðsverð kr. 180.000 +vsk vallarbraut.is s. 454-0050.



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótora staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu og baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is



Kalksaltið frá Flateyri fæst hjá okkur. Íslensk framleiðsla. Búvis, s. 465-1332, buvis@buvis.is



Rúllugreip á þritengi. Verð kr. 83.000 m/vsk. (67.000 kr. án/vsk). H. Hauks-son ehf. s. 588-1130.



Brynningartæki. Úrval af brynningar-tækjum frá kr. 6.980 m/vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Stórbaggagreip. Verð kr. 245.000 m/vsk. H. Hauks-son ehf. s. 588-1130.



Nú er eigendum skylt að skrá í ökutækjaskrá þær vinnuvélar sem ætlaðar eru til aksturs í almennri umferð. Nánari upplýsingar á vinnu-eftirlitid.is.



Háþrýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

HÁ
VERSLUN

HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun ehf., Víkurharfi 4, 203 Kópavogi. S. 588-0028 & 897-3650 Netfang: haverslun@haverslun.is Við erum líka á Facebook!



Trúss flutningar um allt land. Búslóða-flutningar og aðrir flutningar. Bílarnir passa fyrir meðal-stórar eða stórar búslóðir. Bíll með kælikerfi. Bílaflutninga kerra sem má bera 2,8 tonn. Fáðu tilboð í pinn flutning. Bókið tímanlega og tryggðu hagstætt verð. S.861-5959 tölvupóstur mg@eldhorn.is Trúss flutningar um allt land.

Til sölu

Timbur 6 stk. 50 x 200 mm L= 4,2 m. kr. 1.066 lm. 34 stk. 50 x 150 mm L= 4,5 m. kr. 800 lm. H. Hauksson ehf, s. 588-1130.

Til sölu mjög góður 20 feta búslóðagámur staddur í Grímsnesi. Verð kr. 550.000. s. 898-1505 & 867-3296.

20 feta gámur til sölu á mjög góðu verði. Þarfnast smá lagfæringar. Er í Reykjavík. Uppl. í s. 893-2048 eða 863-2048.

Toyota Rav, árg. '99 með dráttarkrök, á negldum, ekinn 245.000. Bill í góðu standi, tilbúinn í veturinn. Er í Rvk. Ásett v. kr. 250.000. s. 849-1813.

Til sölu New Holland T6 165 með ámoksturtækjum, árg. 2015, keyrður 6000 tíma, verð 8millj. +vsk. Til sölu McHale fusion 3, árg. 2018 notuð tæplega 6000 rúllur, verð 9millj. +vsk. Uppl. í s. 862-4968.

Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl, má þarfnast lagfæringar. Skoða líka bíla í lagi á góðu verði. Skoða allt. Endilega hafið samband í s. 774-4441 sms eða hringja.

Óska eftir notuðum gufukatli. Gylfi, uppl. í s. 617-5192.

Sumar 2022, Skagafjörður. Óska eftir að kaupa lítið einbýlishús eða heilsárs sumarhústað 50-70 fm. Helst á hitaveituvæði. Varmahlíð eða nágrenni væri góður kostur. Nánari uppl. í s. 767-0041.

Átt þú gamlan Subaru sem er hættur að þjóna sínum tilgangi? Óska eftir Subaru um árg. 1980-1993. Skoða allt. Endilega hafa samband í tölvu-póstfangið; velamadurinn@gmail.com

Vantar tvær fjaðrir fyrir keru, sennilega úr Land Rover eða með sömu mál. Lengd gat í gat ca. 115 cm.

Atvinna

Tökum að okkur upptekt á dælum móturum og almenna vélavinnu. Hafið samband á velstjornsilf@gmail.com.

Leiga

Íbúð miðsvæðis í Rvk til leigu. Fullbúin húsgögnum. Hentar fyrir einstakling eða par, er í göngufæri við háskólana. Nánari upplýsingar í s. 820-8628.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Dýrahald

Vantar þig hunda- eða kattamat? Skrautfiska- eða fiskamat? Skoðuðu úrvalið á www.skeldyr.com

BÆKUR & MENNING

miSter einSam



Verðlaunahöfundurinn Ragnheiður Eyjólfsson gaf nýverið út bókina miSter einSam en hún hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2015 fyrir þá fyrsta verk sitt, skáldsöguna Skuggasögu – Arftakann auk þess að hafa verið tilnefnd til bæði Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir önnur verk síðastliðin ár.

Ragnheiður kynnir nú til leiks ungmennasöguna miSter einSam, sem fjallar um Samma, son Hákarlsins, sem er afar umdeildur maður. Sammi sem glímur við einmanaleika og óryggi vegna föður síns er kominn í stutt vetrarfrí til Íslands þar sem

hann fer ásamt tveimur vinum sínum í glæsibústað fjölskyldu sinnar sem kallaður er Örendi. Systir annars vinar hans slést í hópin og svo hún Sigrún, stelpa sem Sammi ber tilfinningar til. Þegar eitt þeirra hverfur sporlaust út í vetrarmyrkrið og óhugnanleg atvik eiga sér stað rennur það upp fyrir Samma að vandamál fortíðarinnar hverfa ekki og spurning um hvemig eigi að leysa þau.

Hörkuspenandi lesning sem heldur lesendum svo sannarlega við efnið.

Hitinn á vax-myndasafninu

Nýtkomin bók Ísaks Harðarssonar býður upp á lesningu sjö nútímakraftaverkasagna, snjallar og gáskafullar sögur um leitina að sannleikanum og hamingjunni þar sem kraftaverk nútímans leika stórt hlutverk.

Þó láta kraftaverkin ekki endilega mikið yfir sér heldur fléttast hversdagslegar aðstæður saman við yfirskilvitleg ævintýri. Óvæntar atburðarásir í bland við óútskýrð atvik kynna til leiks ný sjónarhorn og samhengi sem umturna lífi persónanna. Ljód og sögur Ísaks hafa frá fyrstu tíð vakið athygli og fengið mikið lof, en fyrsta bók hans, ljóðabókin Þrígga orða nafn, var gefin út 1982. Síðan þá hefur hann hlotið verðlaun úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins og árið 2011 var



tíunda ljóðabók hans, Rennur upp um nótt, sem kom út 2009, tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Ísak, sem einkum er þekktur sem ljóðskáld og þýðandi, hefur ekki sent frá sér smásagnasafn síðan árið 1989, Snæfellsjökull í garðinum. Nú snýr hann sér að smásagnaforminu á ný og skrifar af djúphygli og hlýju um furður tilverunnar.

Íslenskar gjafagrindur

Bendum á söluaðila okkar um land allt, www.vig.is

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í 20 ÁR.



Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. Vatnsenda Flóahreppi
vig.is - vig@vig.is - S: 486 1810



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson Parft þú að selja fasteign?
Löggiltur fasteignasali
s. 896 9565
loftur@fasteignasalan.is
Persónuleg þjónusta
Fagleg vinnubrögð

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 512 3400 • www.fasteignasalan.is

EYJALIND



Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

RÉTTUR



- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350



Vefverslun: Khvinnufot.is

Frábærir kuldagallar frá Elka Rainwear! Mjög góð vatnsvörn, öndun og vindvörn.

Gallinn er á tilboðsverði fram að jólum.

Frábær jólagjöf!



Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Tilboðsverð: 19.900 kr.



Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarstærtingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startklapar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hjólmnemas fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V / 12V. truflanabættar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálvvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Sjálfvirkur fyrir Landrover. Snúrusett fyrir Bassakakur. Bassakakur. Övullhósur. Spennustíllar. Döður. Rafgeymstakir. Jarðbeamband. Döðubryr. Blámskúfur fyrir alternatora. Væðingstæki. Stærðar. Lega í alternatora. Koll í alternatora. Væðingstæki. Övullhósur. Snúrusett fyrir Landrover.



Glærárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN

Nú getur þú pantað fóður þegar þér hentar!



FÁANLEGT Í:



App Store



Google Play